



# Árbók kirkjunnar 2015-2016



# Árbók kirkjunnar 2015-2016

1. júní 2015 – 31. maí 2016

**Forsíðumynd: Hólar í Hjaltadal á fallegu  
sumarkvöldi í júlí**

**Ljósmynd: Magnea Sverrisdóttir**

**Árbók kirkjunnar 2015-2016** 1. júní 2015 - 30. júní 2016

**Nóvember 2016**

**Útgefandi: Biskupsstofa, Laugavegi 31, 150 Reykjavík, s. 528 4000**

**Umsjón: Guðrún Finnbjarnardóttir og Þorvaldur Víðisson (ábm.)**

**Umbrot: Guðrún Finnbjarnardóttir**



# Efnisyfirlit

<b>Prestastefna Íslands 2016</b> .....	<b>7</b>
Setningarræða biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur .....	7
<b>Kirkjuþing 2015</b> .....	<b>14</b>
Ávarp forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar .....	14
Ávarp forsætisráðherra, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar .....	18
Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur .....	22
<b>Kirkjuþing unga fólksins 2016</b> .....	<b>27</b>
<b>Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar 2016</b> .....	<b>31</b>
<b>Vígslubiskup Skálholtsstiftis</b> .....	<b>40</b>
<b>Vígslubiskup Hólastiftis</b> .....	<b>38</b>
<b>Fjármálasvið Biskupsstofu</b> .....	<b>42</b>
<b>Störf kirkjuráðs</b> .....	<b>46</b>
<b>Starfið á árinu 2015-2016</b> .....	<b>50</b>
Fræðslumál – Kærleikspjónusta – Fjölskyldupjónusta kirkjunnar – Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga	
<b>Stofnanir, nefndir, ráð og félög</b> .....	<b>63</b>
Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar – Fagráð um meðferð kynferðisbrota – Hjálparstarf kirkjunnar – Hópslysanefnd – Kirkjugarðaráð – Kirkjuhúsið Skálholtsútgáfan – Kirkjumíðstöð Austurlands við Eiðavatn – Fræðslusetur Þjóðkirkjunnar að Löngumýri – Holt í Önundafirði-Friðarsetur – Nefnd Þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf – Samband íslenskra kristniboðsfélaga – Samkirkjunefnd – Tónskóli Þjóðkirkjunnar – Verkefnisstjóri kirkjutónlistar – Þjóðmálanefnd	
<b>Sérþjónustuprestar</b> .....	<b>103</b>
Fangaprestur Þjóðkirkjunnar – Prestur fatlaðra – Kirkja heyrnarlausra – Prestur innflytjenda – Prestspjónusta á Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði – Trúarleg þjónusta á Sjúkrahúsinu á Akureyri – Prestur á sviði helgihalds og þjóðmenningar – Prestur Íslendinga í Noregi – Prestur Íslendinga í Svíþjóð og Danmörku	
<b>Starfið í prófastsdæmunum</b> .....	<b>146</b>
Suðurprófastsdæmi – Kjalarnessprófastsdæmi – Reykjavíkurprófastsdæmi eystra – Reykjavíkurprófastsdæmi vestra – Vesturlandsprófastsdæmi – Vestfjarðaprófastsdæmi – Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi – Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi – Austurlandsprófastsdæmi	

<b>Mannfjöldi eftir trúfélögum .....</b>	<b>181</b>
<b>Prófastsdæmi, prestaköll og sóknir .....</b>	<b>183</b>
<b>Prestar í sérþjónustu .....</b>	<b>198</b>
<b>Djáknar í sérþjónustu .....</b>	<b>199</b>
<b>Félög og stofnanir .....</b>	<b>200</b>
<b>Stjórnir og starfsnefndir .....</b>	<b>202</b>
<b>Biskupsstofa og aðrar stofnanir .....</b>	<b>204</b>

# Prestastefna Íslands 2016

## *Setningarræða biskups*

Vígslubiskupar, prestar, djáknar, gestir. Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin til setningar prestastefnunnar. Ég þakka fólkinu hér í Digraneskirkju fyrir fundaraðstöðuna og allan undirbúninginn. Einnig þakka ég synodusnefndinni samstarfið, sr. Steinunni Arnþrúði Björnsdóttur fyrir prédikunina við guðsþjónustuna og þeim er þjónuðu með einum eða öðrum hætti við guðsþjónustuna. Einnig vil ég þakka starfsfólki biskupsstofu fyrir þeirra framlag við undirbúninginn og handbókarnefnd og sálmaðbókarnefnd fyrir þeirra ómetanlegu vinnu undanfarin ár sem og þeim er hafa lagt hönd á plóg með einum eða öðrum hætti.

### **Efni stefnunnar – „Öll veröldin fagni fyrir Drottni“ (Sl. 100:1)**

Við slit prestastefnunnar fyrir ári tilkynnti ég að efni stefnunnar í ár yrði helgihald. Helgihald fer fram með margvíslegum hætti eins og kunnugt er og helgar verða stundirnar vegna þess að Guð er þar nálægur. Á prestastefnum fer helgihaldið fram í morgun- og kvöldbænum, guðsþjónustum, biblíulestrum og sálmasöng.

Undanfarin mörg ár hefur farið fram vinna við nýja sálmaðbók og nýja handbók fyrir kirkjuna. Báðar þessar bækur eru tæki sem notuð eru til helgihaldsins í kirkjunni. Starfandi eru handbókarnefnd og sálmaðbókarnefnd sem eru undirnefndir helgisíðanefndar og hafa þær undirbúið það efni er kynnt verður á þessari prestastefnu. Einnig er starfandi perikópunefnd.

Meginefni þessarar prestastefnu er að leggja fram til umræðu tillögur að nýrri sálmaðbók og handbók. Synodus hefur tillögu og umsagnarrétt og viðmið og drög að sálmaðbók þarf að samþykkja. Tillaga að handbókinni hefur verið lögð fram á vef prestastefnunnar, sem er að finna á ytra svæði innri vefs þjóðkirkjunnar. Þar er hægt að koma með ábendingar til 1. júní n.k. Eftir það er stefnt að því að ganga frá endanlegri útgáfu og kynna og samþykkja á prestastefnu 2017 og á kirkjuþingi 2017. Auk þess verða perikópunar, textaraðirnar ræddar á þessari prestastefnu sem og sálmaðbókin sem einnig er fyrirhugað að út komi á næsta ári. Þetta verður mikil vinnustefna, en áður en hópar hefja störf verða flutt stutt erindi um áskoranir og möguleika í helgihaldi, málfar og guðfræði handbókar, sagt frá nýrri rannsókn um nýsköpun í helgihaldi, auk þess sem við fáum að heyra um endurskoðun handbókar frænda okkar í Svíþjóð og yfirlit yfir handbókarvinnuna sem fram hefur farið undanfarin ár.

Allt eru þetta atriði sem skipta okkur og kirkjuna okkar miklu máli, því kirkjan er samfélag þar sem orð Guðs er boðað og sakramentunum veitt þjónusta. Það gerist í og með helgihaldi og eru handbók og sálmaðbók mikilvæg tæki í þeirri boðun og þjónustu.

## Innri samþykktir

Þegar losnaði um samskipti ríkis og kirkju var þörf á að skýra hvað og hver innri málefni kirkjunnar eru. Lögin um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar vísa til innri mála kirkjunnar, játninga og helgisiða og fela skipan þeirra mála kirkjunni sjálfri. Samþykktir um innri málefni kirkjunnar voru staðfestar á kirkjuþingi árið 2009 og í þeim birtist sjálfsmynd kirkjunnar og vera. Það er því nauðsynlegt að hafa þessar samþykktir í huga. Þar er t.d. kafli um helgihald þar sem það er skilgreint og annar um hlutverk handbókar og sálmaabókar.

Þar stendur um „Hlutverk handbókar og sálmaabókar.

Handbók kirkjunnar er einingarband og vitnisburður um samstöðu í tjáningu trúar og siðar á grundvelli játninga evangelísk-lúterskrar kirkju. Handbók kirkjunnar veitir leiðbeiningar um guðspjónustu og helgihald.“

„Sálmaabók kirkjunnar geymir í senn sálma og bænamál guðspjónustunnar og trúarlífs einstaklinga og fjölskyldna. Í sálmu og bænum Sálmaabókarinnar er fjársjóður trúararfsins. Þar er að finna reynsluheim trúarinnar, reynslu einstaklinga og safnaðar af samleið sinni með Guði.“

## Kirkjan

Kirkjan er samfélag þeirra sem játa trú á Krist. Hér á landi eru hátt í 90% landsmanna kristinnar trúar samkvæmt tölum frá þjóðskrá. Þjóðkirkjan er þeirra fjölmennust og segja síðustu tölur að um 71% landsmanna tilheyri þjóðkirkjunni. Önnur skráð kristin trúfélög á landinu eru yfir 20. Úrsagnir úr þjóðkirkjunni eru nokkrar eins og kunnugt er og eru ástæður þess rannsóknarefni. Á síðustu prestastefnu var því fagnað að kirkjuþing hefði skipað starfshóp sem legði fram tillögur um nýliðun í þjóðkirkjunni. Sá hópur skilaði skýrslu á kirkjuþinginu í haust. Þar kemur m.a. fram að í greiningu Rúnars Vilhjálmssonar prófessors felist tækifæri fyrir kirkjuna þrátt fyrir vissan mótbyr. Tækifærin felist m.a. í því að mikill meirihluti þjóðarinnar tilheyri þjóðkirkjunni, að trú á Guð er almenn meðal landsmanna, að meirihluti telur að trú sé mikilvæg í sínu lífi, meirihluti lætur fermast, að mikill meirihluti telur enn að kirkjulegar athafnir við fæðingu og dauða séu mikilvægar og að skírinn sé almenn og mikil þátttaka sé í útfararþjónustu kirkjunnar. Starfshópurinn bendir einnig á að tónlistarstarfsemi á vegum safnaða er öflug og starf kirkjukóra þróttmikið um allt land og að Hjálparstarf kirkjunnar njóti viðurkenningar og virðingar.

Það er einnig ánægjulegt að ungt fólk tekur þátt í starfi kirkjunnar um land allt. Fjölmennasti kirkjulegi atburðurinn á ári hverju er landsmót æskulýðsfélaganna. Þar safnast saman ungmenni sem eru þátttakendur í æskulýðsstarfi sóknar sinnar og hefur fjöldinn verið um 600 manns undanfarin ár. Barna- og unglingsstarf kirkjunnar er mikilvægt og faglegt. Nú er sunnudagaskólinn ekki eini vettvangur barna til að taka þátt í kirkjulegu starfi og margt nýtt hefur verið gert til að efla og glæða það sem og auka fræðslu til barna og foreldra um kristna trú. Ungu fólkið í kirkjunni okkar hefur einnig sinn vettvang, kirkjuþingið, til að koma fram með skoðanir sínar og leggja gott til málanna. Allt er þetta mikilvægt þegar horft er til kirkjunnar sem þjónar öllum. Á það má líka benda að samfélagið nýtir helgidagakerfi kristinna manna til að afmarka hvíldar- og frídaga.

Þjóðkirkjan hefur mikilvægu hlutverki að gegna í lífi einstaklings og samfélags. Við skulum ekki festa hugann um of við það sem farið hefur úrskaiðis og láta það draga úr okkur kjark og kraft,



Prósessía á prestastefnu 2016

heldur líta á styrkleikana og þann mikilvæga boðskap sem kirkjan flytur. Þjóðkirkjan er stærsta fjöldahreyfing í landinu ef frá er talið sjálft þjóðfélagið. Þar af leiðandi er ábyrgð hennar ekki smá. Ég veit að öll viljum við leggja okkur fram í þjónustunni með Guðs hjálp og góðra manna.

Brugðist var við tilmælum prestastefnunnar 2015 varðandi tónlist við útfarir með því að halda málþing um efnið. Það fór fram nýverið og var því varpað út um leið og það var haldið. Þannig gafst fleirum kostur á að fylgjast með. Þátttaka var góð og voru prestar, organistar og úrfararstjórar sammála um að samtalið væri af hinu góða.

Víða er öflugt tónlistarlíf í kirkjum landsins. Með aukinni menntun organista hefur starfið eflst og kröfurnar orðið meiri, bæði hjá flytjendum og áheyrendum. Unnið hefur verið að því að efla tónlistarlífið í kirkjum landsins og hefur verkefnisstjóri kirkjutónlistarinnar lagt þar mikið af mörkum. Ekki er lengur starfandi skólaráð tónskólans heldur hefur starfsreglum verið breytt og kirkjutónlistarráð verið skipað sem er fagráð um kirkjutónlistina.

## Samvinna

Stjórnsýsla þjóðkirkjunnar er flókin og býður upp á árekstra ef fólk hefur ekki sömu sýn á verkaskiptingu og valdmörk hvers aðila fyrir sig. Þannig var um biskup, forseta kirkjuráðs og kjörna fulltrúa í kirkjuráði og því voru fengnir þrír lögfræðingar til aðgreina, skýra og gefa álit á ábyrgð biskups Íslands annars vegar og kirkjuráðs hins vegar. Það álit liggur nú fyrir og er að finna á vefsíðu þjóðkirkjunnar, kirkjan.is. Ég hvet presta til að kynna sér efni álitins.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem lögfræðingar eru fengnir til að veita slíkt álit því í kjölfar lagasetningar árið 1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og umfjöllunar kirkjubings um hin nýju lög voru fengnir lögfræðingar til að gefa álit á því hvert væri valdsvið



Máttarstólpar prestastefnu; Rúna Gunnarsdóttir og Hanna Sampsted

og verkefni kirkjuþings íslensku þjóðkirkjunnar annars vegar og kirkjuráðs hins vegar. Hefur sú álitserð verið stjórnvöldum kirkjunnar mikilvægur leiðarvísir á umliðnum árum.

## **Synodusárið 2015-2016**

### ***Nývígðir prestar***

Mag. theol. Halla Rut Stefánsdóttir var vígð 16. ágúst 2015, sem skipuð hefur verið sóknarprestur í Hofsóss- og Hólaprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.

Cand. theol. Eva Björk Valdimarsdóttir, var vígð 20. september 2015, sem skipuð hefur verið prestur í Keflavíkurprestakall, Kjalarnessprófastsdæmi.

Mag. theol. Jóhanna Gísladóttir, var vígð 20. september 2015 til prestsþjónustu í Langholtssókn, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Cand. theol. Jóhanna Magnúsdóttir, var vígð 15. nóvember 2015 til prestsþjónustu á Sólheimum í Skálholtsprestakalli, Suðurprófastsdæmi.

Mag. theol. Hildur Björk Hörpudóttir, var vígð 7. febrúar 2016, sem skipuð hefur verið sóknarprestur í Reykhólaprestakalli, Vestfjarðarprófastsdæmi frá 1. febrúar 2016.

### ***Nývígðir djáknar***

Hrafnhildur Eyþórsdóttir var vígð 20. september 2015, til djáknaþjónustu í Laugarnessókn, Hátúni 10 og 12, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Áslaug Helga Hálfðánardóttir, var vígð 7. febrúar 2016, til djáknaþjónustu í Lindaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.





Við setningu prestastefnu 2016; Sólvieg Sigríður Einarsdóttir stjórnar kór Digraneskirkju

### ***Skipanir í embætti***

Séra Erla Guðmundsdóttir var skipuð sóknarprestur í Keflavíkurprestakalli, Kjalarness-prófastsdæmi frá 15. maí 2015.

Séra Guðbjörg Arnardóttir var skipuð sóknarprestur í Selfossprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 1. ágúst 2015.

Séra Ninna Sif Svavarsdóttir var skipuð prestur í Selfossprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 1. ágúst 2015.

Séra Petrína Mjöll Jóhannesdóttir var skipuð prestur í Árbæjarprestakalli, Reykjavíkur-prófastsdæmi eystra frá 1. ágúst 2015.

Séra Sigurður Grétar Helgason var skipaður prestur í Grafarvogsprestakalli, Reykjavíkur-prófastsdæmi eystra frá 1. ágúst 2015.

Séra Karl Valgarð Matthíasson var skipaður sóknarprestur í Grafarholtsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. september 2015.

Séra Elína Hrund Kristjánsdóttir var skipuð sóknarprestur í Oddaprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 1. október 2015.

Sk. Skírínir Garðarsson var skipaður héraðsprestur í fjórum prófastsdæmum, Reykjavíkur-prófastsdæmi vestra og eystra, Kjalarnessprófastsdæmi og Suðurprófastsdæmi þann 1. janúar 2016.

Séra Skúli Sigurður Ólafsson var skipaður sóknarprestur í Nesprestakalli, Reykjavíkur-prófastsdæmi vestra frá 1. febrúar 2016.

Séra Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir var skipuð prestur í Nesprestakalli, Reykjavíkur-prófastsdæmi vestra frá 1. maí 2016.



Séra Arndís G. Bernhardsdóttir Linn var skipuð prestur í Mosfellsprestakalli, Kjalarness-prófastsdæmi frá 1. maí 2016.

Séra Guðrún Karls Helgudóttir var skipuð sóknarprestur í Grafarvogsprestakalli, Reykjavíkur-prófastsdæmi eystra frá 1. maí 2016.

Séra Arna Grétarsdóttir, var skipuð sóknarprestur í Reynivallaprestakalli, Kjalarness-prófastsdæmi frá 1. júlí 2016.

### ***Lausn frá embætti***

Séra Sigfús Baldvin Ingvason, fékk lausn frá embætti prests í Keflavíkurprestakalli, Kjalarness-prófastsdæmi, frá 1. ágúst 2015.

Séra Sigríður Guðmarsdóttir, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Grafarholtsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. september 2015.

Séra Örn Bárður Jónsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests Nesprestakalls, Reykjavíkur-prófastsdæmi vestra frá 1. febrúar 2016.

Séra Vigfús Þór Árnason, fékk lausn frá embætti sóknarprests Grafarvogsprestakalls, Reykjavíkurprófastsdæmi, eystra frá 1. maí 2016.

### ***Andlát***

#### **Prestsmakar**

Frú Anna Sigurðardóttir, ekkja séra Leós Júlíussonar, lést þann 17. ágúst 2015.

Frú Guðrún Nanna Sigurðardóttir, fulltrúi á Biskupsstofu og ekkja séra Stefáns Eggertssonar, lést þann 21. október 2015.

Frú Erla Gróa Guðjónsdóttir, eiginkona séra Kristjáns Búasonar, lést þann 7. desember 2015.



## Árið 2017

Árið 2017 nálgast óðfluga. Árið sem við minnumst 500 ára afmælis siðbótarinnar. Takist að gefa út nýja handbók fyrir hina íslensku þjóðkirkju og nýja sálmabók, ásamt kóralbók verður það að teljast verðug gjöf til kirkjunnar á siðbótarárinu. Verum bjartsýn á að það takist. Verum einnig bjartsýn á að okkur takist að snúa vörn í sókn varðandi umræðu um kirkjuna í samfélaginu, varðandi úrsagnir úr þjóðkirkjunni, varðandi innri ágreining og valdabaráttu. Það eru ekki utanaðkomandi öfl sem valda kirkjunni skaða. Það er innri barátta og skortur á skilningi hópa í milli.

Það verður ekki nóg samlega undirstrikað hvað jákvæðni og bjartsýni fleytir langt í lífsins ólgusjó. Enda er það í samræmi við fagnaðarerindi Jesú Krists, sem við erum send með út í heiminn.

Um allt land er fólk að þjóna í kirkjunni með einum eða öðrum hætti. Einn okkar góðu þjóna, Benedikt Jóhannsson var að gefa út ljóðabókina, á leiðinni. Ljóðin gleðja og kalla fram bros eins og ljóðið Stuð. Þótt vanur sértu vísindum og veraldlegu puði. Og þótt þú viljir vera trúlaus með vinum þínum í stuði. Á endanum samt ávallt ertu einn með þínum guði.

Já, það er gott að minnast þess að við þjónum ekki ein og óstudd í kirkjunni. Kirkja Krists er til og lifir vegna þess að Kristur er upprisinn, frelsari okkar og lausnari, sem hefur treyst okkur til að flytja boðskapinn áfram til komandi kynslóða.

Orð Guðs er undirstaða alls sem er í kirkjunni. Í því Orði leitum við huggunar og styrks, leiðbeiningar, visku og þekkingar.

Öll veröldin fagni fyrir Drottni segir í 100. Davíðssálmi eins og sungið var hér áðan. Það er yfirskrift þessarar prestastefnu.

Göngum með gleði til starfa á þessari prestastefnu. Göngum með gleði til þjónustunnar í kirkju Krists. Bræður og systur. Megi vinátta okkar styrkjast og samheldni okkar aukast. Prestastefna Íslands árið 2016 er sett.

# Kirkjuþing 2015

## *Setningarræða forseta kirkjuþings,*

### *Magnúsar E. Kristjánssonar*

Kirkjuþing 2015 er sett, 52. kirkjuþing hinnar íslensku þjóðkirkju.

Ég býð kirkjuþingsfulltrúa og góða gesti hjartanlega velkomna til setningarathafnar kirkjuþings. Sérstaklega vil ég bjóða forsætisráðherra, Sigmund Davíð Gunnlaugsson velkominn og þakka honum fyrir þá vinsemd sem hann sýnir kirkjuþingi með því að vera hér með okkur í dag.

Ég á mínar bestu minningar af kirkjuferðum með ömmu minni og afa. Eftir að afi dó þá fórum við amma stundum í messu. Amma mín var fædd 1913. Hún hafði skoðanir á því hvernig fólk ætti að haga sér í kirkju og hvernig kirkjustarf ætti að vera. Sem dæmi má nefna að henni fannst það ekki passa að konur væru prestar og það mátti alls ekki syngja faðirvorið. Við vorum ekki sammála um þetta amma og ég. Samt fannst mér ákaflega gott að fara með henni í kirkju og á um það verðmætar minningar. Evangelísk lútersk þjóðkirkja á að mínu mati að hafa pláss bæði fyrir ömmu og mig. Eða er það ekki? Er ekki þjóðkirkja einmitt þannig að dyr hennar eru breiðar og þröskuldur lágur. Fólk velkomið eins og það er. Þegar amma dó þá var farið vandlega yfir það að útförin væri í samræmi við hennar viðhorf og ég er þakklátur fyrir að það var svo. Okkur í fjölskyldunni hefði þótt það miður ef við hefðum ekki getað haft það í samræmi við hennar skoðanir.

Mér hefur þótt örla á því nú í seinni tíð að um leið og margir vilja vera opnari og frjálslyndari innan kirkjunnar þá herðast sumir stundum í afstöðunni til þeirra sem hafa íhaldssamari sjónarmið. Það er gott að vera frjálslyndur og viðsýnn, en á þá frjálslyndið, viðsýnin og umburðarlyndið ekki að ná til allra?

Ekki getum við gert ráð fyrir að allt það fólk sem er í hinni íslensku þjóðkirkju verði sammála um allt og sennilega værum við sérstakur söfnuður ef svo væri.

Trú er persónuleg og skilningur okkar er mismunandi. Þýðir „a credo“, ég trúi, eingöngu að viðkomandi játi ákveðnar kenningar? Má ekki líka skilja það sem tileinkun.

Snúast ekki trúarbrögð um ákveðna hegðun? Að tileinka sér ákveðna hegðun og viðhorf í samræmi við sannfæringu sína og samvisku?

Það má segja að kjarninn í flestum trúarbrögðum sé samúð. Hér nota ég orðið samúð í sömu merkingu og enska orðið compassion. Gullna reglan hefur verið þekkt lengi. M.a. hjá gyðingum og Konfusiusi. Þar var hún sett fram með þeim hætti að við ættum ekki að gera öðrum það sem við vildum ekki að þeir gerðu okkur.

Þekkt er sagan af af Hillel hinum virta rabbía. Heiðingi kom til hans og bauðst til að játa hans trú ef hann gæti farið með kenningar og texta trúar sinnar standandi á öðrum fæti. Hillel stóð á öðrum fæti og sagði: „Það sem þér er andstygð skaltu ekki gera öðrum. Það er Torah, allt hitt eru nánari útskýringar. Farðu og lærðu þetta“.

Í fjallræðunni skýrði Jesús Gullnu regluna þannig að menn ættu ekki bara að forðast það að gera öðrum það sem þeir vildu ekki að þeim væri gert heldur einnig að gera öðrum það sem þeir vildu að aðrir gerðu þeim.

Ef samúð og kærleikur mótar viðhorf okkar og hegðun, og þegar við finnum til með öðrum, þá skiljum við að við erum ekki miðja alheimsins. Það er kennt að það sé fyrst þegar við verðum frjáls frá sjálfhverfunni að við séum tilbúin til að taka á móti hinu guðdómlega.

Heilagur Agústínus sagði að ritningin kenndi í raun ekkert nema kærleika. Sérhvert ritningarorð ætti að skoða vandlega þar til við hefðum skilning á því hvernig samúð og kærleikur væru kjarninn í því. Glíman við að finna samúð og kærleika í þessum gömlu og oft flóknu textum er allavega góð æfing til að takast á við lífið með hið sama að leiðarljósi.

Gerum við það almennt? Er samúð og kærleikur meginstefið í okkar hegðun og það sem mótar okkar viðhorf? Eða getur verið að það skipti nú mestu máli fyrir fólk að hafa rétt fyrir sér í einu og öllu? Vita best, kunna betur, já hafa rétt fyrir sér.

Hvort er betri leiðbeining og undirbúningur fyrir lífið fyrir fermingarbörn að setja í fyrsta sæti að hafa alltaf rétt fyrir sér eða að sýna öllum samúð og kærleika?

Það er sagt að það sé gott að vera með fólk sem leitar sannleikans en stórvafasamt að dvelja lengi hjá þeim sem hafa fundið hann.

Gullna reglan er ekki bara leiðbeining um hvernig við eigum að koma fram við okkar nánustu. Okkur er kennt að hún eigi alltaf að eiga við og gilda gagnvart öllum. Og það er ekki einkamál kristinna manna. Um hið sama má lesa í gömlum kínverskum ritum. „Jian ai, umhyggja fyrir öllum“

Það þarf ekki mikla fjarlægð til að allt slíkt sé gleymd. Svokölluð athugasemdakerfi á netinu birta ekki sérlega fallega mynd af viðhorfum til annarra. Það mæti gjarnan biðja um smá slurk af Jian ai inn á þann vettvang.

Kannski má einnig spyrja hvort við gætum nægilega vel að Gullnu reglunni þegar kemur að samskiptum okkar sem berum mikla ábyrgð innan hinnar íslensku þjóðkirkju. Standast okkar orð og athafnir alltaf gullnu reglunna? Elskum við þau sem eru ósammála okkur? Þessu svarar að sjálfsögðu hver og einn fyrir sig.

En það er þetta með aðra. Tilhneigingu til að skilgreina allt út frá okkur og hinum. Það sé allt í lagi að koma fram við hina öðruvísi en okkur.

Það má velta því fyrir sér að hebreska orðið fyrir hinn heilaga þegar átt er við Guð er Kadosh, hið aðgreinda eða annað.

Undanfarið hefur verið mikið af fréttum um aðra og hina. Um fólk sem er eitthvað öðruvísi og hefur hingað til verið okkur fjarlæggt. En nú kemur það nær okkur og við köllum þau flóttamenn. Er þau sköpuð í Guðsmynd? Á Gullna reglan við um þau?

Fyrir tveimur dögum hélt þjóðmálanefnd kirkjunnar ráðstefnu um stöðu flóttamanna. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Hver er þá náungi minn“? Áleitin spurning sem við þekkjum úr Biblíunni. Spurning sem nú er beinlínis beint til okkar. Breytum við eins og samverjinn eða eins og hinir sem gengu framhjá?

Það er umhugsunarefni hvort viðhorf okkar og gjörðir mótist af gullnu reglunni. Og þá hvaða túlkun af henni. Eitt er að forðast það að gera öðrum illt, annað er að leggja sig fram við að gera að auki það fyrir aðra sem við vildum að þeir gerðu fyrir okkur.

Á þessu er munur. Það er kostur að búa í samfélagi þar sem fólk passar sig á því að gera öðrum ekki illt eða valda öðrum óþægindum. En er ekki betra að lifa þar sem fólk auk þess reynir að hjálpa og aðstoða þá sem að á þurfa að halda í samræmi við það hvernig það sjálft myndi gjarnan vilja að sér væri hjálpað eða veitt aðstoð?

Undanfarin ár hefur verið mikil umræða um að koma kristinfræðslu út úr skólum og leikskólum. Slík fræðsla á að mati einhverra stjórnámamanna aðeins heima í kirkjum og inn á heimilum. Stundum finnst mér þetta vera megin viðfangsefni sumra þátttakenda í stjórnámálum.

Hvað kennum við þá börnum um gullnu regluna? Ég er ekki viss um að ég myndi muna jafnvel eftir einhverjum siðareglum og sögunni um miskunnsama samverjann sem hefur fylgt mér frá barnsaldri eða frá því að ég lærði um hana í kristinfræðslunni í barnaskóla Garðahrepps.

Það er kominn tími til að það sé skoðað og rætt hvers konar samfélag verður til þegar boðskapi fjallræðunnar verður minna haldið á lofti. Hvaða áhrif hefur það? Hver verður hugmyndafræðin sem þjóðfélagið verður grundvallað á?

Kirkjan og kristni hafa verið mikilvægur hluti af íslensku samfélagi í þúsund ár. Lengi var kirkjan beinlínis hluti af íslenska ríkinu og kristinfræði hluti af skólanáminu. Á fáum árum hefur orðið mikil breyting á þessu tvennu. Við sem berum ábyrgð á íslensku þjóðkirkjunni þurfum, eins og aðrir, að takast á við síbreytilegt umhverfi. Okkur tekst það ekki alltaf vel. Um sumt má segja að við höfum ekki haldið vöku okkar og þurfum að standa betur að okkar verkum. Svo er það annað mál að öllum getur verið vandi á höndum þegar grundvallarfyrirkomulagi er breytt.

Þegar ný lög voru sett um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar var um sama leyti gerður samningur um greiðslur sem íslenska ríkið skyldi greiða þjóðkirkjunni sem gjald fyrir kirkjujarðir.

Mér hefur þótt það furðulegt að gjaldið sem ríkið greiðir fyrir þessar eignir skuli í ríkisreikningum fært sem hluti af framlögum á sviði innanríkisráðuneytisins. Ég teldi eðlilegra að þetta væri hjá fjármálaráðuneytinu eins og skuldbindingar sem ríkið tekur á sig vegna fjárfestinga. Þetta fyrirkomulag hefur orðið til þess að margir sem a.m.k. ættu að vita betur eru að túlka þessar greiðslur sem framlög ríkisins til rekstrar þjóðkirkjunnar en ekki afborgun af jarðakaupum sem þetta í raun eru. Okkur hjá þjóðkirkjunni hefur ekki tekist nægilega vel að útskýra eðli þessa máls og mikilvægt að við gerum betur í þeim efnum. Það er nefnilega alveg furðulegt að sjá það í fjölmiðlum ár eftir ár að sóknargjöld sem eru í eðli sínu félagsgjöld og afborganir af kaupsamningi sem er kirkjujarðarsamkomulagið, skulu skellt saman í eina tölu og svo rætt um það sem framlag ríkisins til kirkjunnar og jafnvel látið í það skína að þetta sé einhvers konar ölmusa.

Nei, greiðslur samkvæmt kirkjujarðarsamkomulaginu eru afborganir og sóknargjöldin eru félagsgjöld. Það þarf að minna á það að það var ríkið sem vildi fella sóknargjöldin inn í staðgreiðsluna þegar sú skattkerfisbreyting var gerð. Á þeim tíma lá það fyrir að sóknargjöldin væru félagsgjöld og sóknarnefndir höfðu ákveðin rétt til að leggja þau á þá sem tilheyrdi félaginu, þjóðkirkjunni.

Já, það hefur margt breyst á stuttum tíma. Sjálfsgagt vitum við það eitt að fleira eigi eftir að breytast á næstu árum og jafnvel verða breytingar hraðari ef eitthvað er. Kirkja sem vill vera sterk og rækja af alúð hlutverk sitt í samfélaginu þarf að geta tekist á við breytingar. Það er okkar verkefni hjá þjóðkirkjunni að tryggja að svo verði. En kirkjan eins og aðrir þarf að geta gengið út frá því að samningar standi og að það sem var lagt til grundvallar í kerfisbreytingu haldi.

Hlutverk þjóðkirkju í samfélagi sem er að breytast hratt er mikilvægt en ekki auðvelt. Boðskapur kristinnar trúar tekur ekki breytingum en hvernig þjónusta kirkjunnar er veitt og

hvernig staðið er að því að veita þjónustuna hlýtur að þurfa að taka mið af breytingum í því samfélagi sem við viljum þjóna.

Ég hef að undaförnu heyrt vaxandi gagnrýni á kirkjuþing og stjórnkerfi kirkjunnar. Oftast snýr sú gagnrýni að því að lítið þökist. Breytingar séu hægar, svör berist seint og að kirkjan sé svífasein.

Þegar umhverfið breytist þá er ekki skynsamlegt að halda bara áfram að gera hlutina eins og þeir hafa alltaf verið gerðir án tillits til þess að sú aðferð er kannski ekki líkleg til árangurs lengur.

Óskar Magnússon er höfundur bókar sem heitir „Látið síga piltar“. Þessi skemmtilega bók kom út fyrir tveimur árum. Í sögu Óskars bregður fyrir manni sem heitir Lárus og var vinnumaður.

Grípum niður í bókina:

Með Geira í för var Lárus vinnumaður sem beið úti í bíl.

Lalli var ómannblendinn og inn í sig og heimsótti aldrei fólk.

„Ég fer aldrei inn á bæi sem ég hef ekki komið á áður,“ hafði hann sagt á sínum tíma og lét það duga.

Nú árið 2015 þurfum við í þjóðkirkjunni einmitt að hafa hugrekki til að fara á bæi sem við höfum aldrei áður komið á. Við þurfum nefnilega að hafa kjark til að breyta vinnubrögðum og skipulagi, til að takast á við krefjandi verkefni og til að standa undir væntingum og því trausti til sem fólk ber enn til íslensku þjóðkirkjunnar. Við skulum ekki taka mið af Lárusi vinnumanni.

Í tengslum við þetta kirkjuþing verður haldinn sérstakur fundur á mánudag kl. 13.00 um stöðu kirkjugarða. Þórsteinn Ragnarsson formaður kirkjugarðasambandsins mun hafa þar framsögu.

Það er mikið áhyggjuefni hve erfið staðan er hvað varðar fjármál kirkjugarða. Hér er um mjög viðkvæm mál að ræða og afar brýnt að hægt verði að koma þeim í betri farveg. Mjög víða um landið er ekki hægt að veita eðlilega þjónustu eða viðhalda kirkjugörðum án þess að taka lán til reksturs þeirra. Dæmi eru um að ekki sé hægt að annast útfarir án frjálsra framlaga eða sjálfboðavinnu. Varla finnst nokkrum manni þetta ásættanlegt ástand.

Ég er sannfærður um það að forsætisráðherra okkar er velviljaður þjóðkirkjunni. Það væri mikið þakkarefni ef við mættum leita til hans um liðsinni og leiðsögn um að finna góðan farveg fyrir þau mál er varða fjárhagsleg samskipti þjóðkirkjunnar, kirkjugarða og íslenska ríkisvaldsins.

Á þessu kirkjuþingi eru óvenju fá mál fyrirliggjandi en eins og við þekkjum eru þau margvísleg. Sum munu hljóta mikla umræðu og skoðanaskipti, önnur minni.

Ég vona að þetta kirkjuþing starfi vel og að niðurstaða þess verði til heilla fyrir þjóðkirkjuna. Takk fyrir.

# Kirkjuping 2015

## Ávarp forsætisráðherra, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar

Forseti kirkjupings, biskup Íslands, kirkjupingsfulltrúar, góðir gestir.

Það er mikill heiður að fá að ávarpa þetta þing hér í dag, hjá þessari merku stofnun; stofnun sem er í raun einstök, af ýmsum ástæðum. Einstök vegna þeirra áhrifa sem hún hefur haft á íslenskt samfélag í þúsund ár og rúmlega það, en hún er líka einstök að því leyti að það gilda ekki um hana sömu reglur og margar aðrar stofnanir. Eitt af því sem er óvenjulegt við kirkjuna er að þegar gaf á hjá okkur, efnahagslega, og landið stóð frammi fyrir miklum þrengingum þá bauðst kirkjan til þess af fúsum og frjálsum vilja að gefa eftir af því sem voru ekki aðeins fjárveitingar til hennar, eins og komið hefur fram og þið þekkið, heldur beinlínis sóknargjöld sem að henni voru ætluð. Það er einstakt að stofnun gefi eftir af því fjármagni sem henni er ætlað. En, það vantar kannski svolítið upp á að kirkjan hafi fengið nægjanlegar þakkir fyrir, og raunar kannski þvert á móti það hefur verið gengið á lagið.

Það verður að segjast alveg eins og er að stjórnvöld hafa gengið á lagið og samfélagið í umræðu um kirkjuna og framlög til hennar, eða sóknargjöldin, hafa gengið á lagið, vegna þess m.a. að menn hafa ekki gert sér grein fyrir hvernig í þessu liggur, einnig vegna þess að því miður er tilhneiging til þess að ganga á lagið þegar að menn gefa eftir. Það á ekki að verða til þess að menn hætti að koma fram eins og kirkjan og gefa af sér og gefa eftir, þegar að það á við, en það hins vegar minnir á að menn munu þurfa að standa á sínu. Það hefur kirkjan þurft að gera núna, við höfum skilning á því, stjórnvöld, fullan skilning, a.m.k. svo ég tali nú fyrir sjálfan mig, og við munum í framhaldinu vinna að því með kirkjunni að leysa úr fjármálum hennar, en því er ekki að leyndu að lagaleg staða kirkjunnar er sterk - þetta er í raun borðliggjandi að kirkjan á rétt á ákveðnu fjármagni sem hún hefur sjálfviljug gefið eftir, en ríkið getur ekki leyft sér að ganga endalaust á lagið hvað það varðar.

Það er reyndar almennt áhyggjuefni hvernig menn leyfa sér að tala um kirkjuna og kristna trú. Hvernig menn leyfa sér að draga upp ranga villandi mynd af kirkju og trú og stundum finnst mér vanta svolítið upp á það að kirkjan sjálf, eða kirkjunnar þjónar, prestar, hafi nægt sjálfstraust til þess að svara fyrir kirkjuna. Sumir virðast nánast upplifa það sem hlutverk sitt að afsaka kirkjuna - eða að passa að vera ekki fyrir. Þetta er ekki vænlegt til árangurs. Ég er ekki að segja að þetta sé almennt stefna kirkjunnar, alls ekki, að þetta eigi almennt við um presta, en því miður eru of mörg dæmi þess að menn þori ekki að standa á sínu, séu feimnir við það, hafi látið villandi umræðu villa sér sýn. Kirkjan þarf að hafa trú á sjálfri sér, og við þegnarnir í þessu landi sem að hefur þjóðkirkju, þjóðkirkju hefur mótað þetta land í þúsund ár, við þurfum á því að halda að kirkjan hafi trú á sér. Hún á að trúa því að hún sé að gera rétt, þetta sé hið rétta, vegna þess að skilaboðin til fólks verða að vera þau að það eigi að koma til kirkjunnar vegna þess að hún sé að gera rétt, ekki eins og menn séu að velja sér íþróttafélag til að halda með eða að ganga í verkalýðsfélag eða stjórnmalaflokk.

Nei, það getur ekki verið nálgun kirkjunnar, nálgun kirkjunnar verður að vera sú að hún sé að boða hið rétta. Það að hafa trú á sjálfum sér og trúa því að kirkjan sé að boða hið rétta

fagnaðarerindi felur ekki í sér að litið sé niður á önnur trúarbrögð eða aðra trúarhópa. Að menn geti ekki borið virðingu fyrir öðrum. Þvert á móti, í rauninni. Því meiri virðingu sem hver og einn ber fyrir sjálfum sér og sinni trú og þeirri kirkju sem viðkomandi tilheyrir, þeim mun meiri virðingu getur sá hinn sami borið fyrir öðrum. Því þá hefur hann skilning á því hvað það þýðir að tilheyra söfnuði, hvað það þýðir að trúa og skilning á því að aðrir geti haft aðra trú, en að hún sé mikilvæg og beri að virða. Þess vegna vona ég að sjálfstraust kirkjunnar verði nægt til þess að almenningur á Íslandi skynji það að þetta sé eitthvað sem kirkjan trúir á sjálf, hún trúir á sjálfa sig og þar af leiðandi sé fólki óhætt að trúa líka. Og við höfum svo sannarlega ástæðu til að bera virðingu fyrir þjóðkirkjunni og kristinni trú. Menn mega ekki falla í þá gryfju að telja sig þurfa að biðjast afsökunar á kirkjunni og hlutverki hennar í gengum tíðina. Kristin trú hefur mótað þetta samfélag og lagt grunninn hér á landi og víðar að menntakerfi, velferðarkerfinu, mannréttindum, vísindum, stjórnýsly, innviðum og þjóðskipulagi. Allur grundvöllur, allar stoðir kristinna samfélaga eiga rætur í trúnni og starfi kirkjunnar.

Tökum sem dæmi menntun, í hvaða landi sem er. Í Bandaríkjunum m.a. eru allir elstu og virtustu háskólar landsins sprottinir upp úr trúarhreyfingum – úr kristinni kirkju. Það á við um skóla sem eru mörg hundruð ára gamlir, líka yngri menntastofnanir, ég leit yfir lista yfir þá skóla sem teljast bestir í Bandaríkjunum skv. einhverri einkunnagjöf, og las mottóin þeirra, kjörorð þessara skóla. Ég ætla að lesa hér nokkur dæmi, þetta eru s.s. virtustu menntastofnanir Bandaríkjanna. „Við treystum á Guð“ segir einn háskólinn, „Í birtu þinni munum við sjá ljósið“ segir annar; „Lög án siðferðis eru gagnslaus“ segir sá þriðji. „Undir valdi Guðs blómstrar hún“ og er vísað þar til menntastofnunarinnar. „Ljósið og sannleikurinn“ er einfalt kjörorð Yale háskóla, og ef við förum yfir til Bretlands þá er sama upp á tengingum þar: Kjörorð Oxford háskóla sem birtist í merki skólans er: „Drottinn er ljós mitt“.

Það sama á við um vísindastarf um aldir. Nú hefur tekist að draga upp þá mynd, allt of oft og allt of víða, af kirkjunni, eða kristni í gegnum tíðina að hún hafi á einhvern hátt verið í andstöðu við vísindi og framfarir. Ekkert gæti verið fjær sanni. Það er t.d. orðið algild og þekkt mýta að kirkjan hafi talið að jörðin væri flöt um aldir, svo aftarlega hefði hún verið á merinni hvað varðaði vísindi og framfarir. Þetta er bara vitleysa sem að rakín hefur verið aftur til 19. aldar, til bókar þar sem þessu var fyrst haldið fram. Raunin er hins vegar sú að allir menntaðir menn og allir kirkjunnar þjónar í kristni, allt aftur til upphafsins, allt aftur til Rómaveldis hafa vitað að jörðin væri hnöttótt. Það hefur aldrei nein kirkja, hvorki sú kaþólska né önnur, boðað það að jörðin væri flöt og það væri hættulegt að sigla, því menn gætu dottið fram af brún jarðarinnar. En þetta er til marks um þann áróður, það er ekki hægt að kalla þetta annað, þannig varð þessi saga til, sem áróður, sem að hefur fengið að grassera um of. Sama varðandi mannréttindi, kirkjan, kristni hafa verið leiðandi í því að berjast fyrir mannréttindum á Vesturlöndum alla tíð. Afnám þrælahalds, bann við þrælahaldi kom til eftir áralanga baráttu kirkjunnar og kristinna manna. Og þjóðskipulagið allt, velferðarkerfið á Norðurlöndum er sprottið upp úr Lútersku kirkjunni sem og stjórnýslyan, innviðirnir, allt sem hefur gert okkur kleift að byggja upp þetta góða samfélag sem að við búum við í dag. Þetta er allt saman eitthvað til að vera stoltur af. En það þarf að vera óhræddur við að segja þetta og kirkjan á að vera óhrædd við að minna á mikilvægi sitt og gildi sitt - og jafnvel að vera stundum viðkvæmari fyrir árásum og gagnrýni. Hvað á ég við með því? Jú, nú er mikið lagt upp ú því að menn beri virðingu fyrir því sem áður voru kölluð frumstæð trúarbrögð. Og það sama á við um stóru trúarbrögðin, ýmis austræn

speki hefur verið svo að segja í tísku síðastliðin ár, og margt gott þar að finna eins og við heyrðum dæmi um hér áðan. Gyðingahatur er þekkt fyrirbæri sem menn passa sig almennt á og jafnvel stundum gengið heldur langt í að fordæma hluti sem gyðingahatur, en passa sig á því hvernig talað er um þau trúarbrögð. Nú, hvað varðar íslam, þá hefur það verið skilgreint sem geðröskun að gagnrýna íslam, kallað íslamofobia. Menn þurfi beinlínis að vera geðveikir að tala á gagnrýninn hátt um íslam.

En hvað með kristni? Það virðist mega segja hvað sem er um kristni í þeim löndum sem að hafa kallað sig kristin og jafnvel að mönnum finnst þeir þurfa að leggja sig eftir því að hnýta í kirkjuna. Í Bandaríkjunum, því stóra landi, dugar að einhver svokallaður söfnuður sjö manna segi eitthvað undarlegt eða haldi einhverja skrýtna athöfn, þá er það gripið á lofti og notað til að gagnrýna og ráðast á kirkjuna. Í fjölmiðlum, kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, er iðulega dregin upp sú mynd af kirkjunni eða kirkjunnar þjónum að þeir séu á einhvern hátt ekki bara afturhaldssamir, heldur í andstöðu við samfélagið. Þetta finnst mér, þrátt fyrir að umburðarlyndi sé auðvitað kjarninn í kristni, að kirkjan eigi ekki að umbera.

Mér finnst að það þurfi að ræða þetta opinskátt og benda á hversu mikill munur er á því hvernig menn leyfa sér að tala um kristnina og önnur trúarbrögð. Að nokkru leyti er þetta til komið vegna hroka á Vesturlöndum, hroka Vesturlandabúa sem eru farnir að líta á samfélag sitt, samfélagsgerðina og allt það góða við samfélögin sem óhjákvæmilega afleiðingu þróunar. Að við séum komin á það þróunarstig að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af eða velta fyrir okkur hlutum eins og trúarbrögðunum sem voru uppspretta alls þessa. Við getum leyft okkur að sýna umburðarlyndi gagnvart öðrum trúarbrögðum, það sé bara vegna þess að fólk sé ekki komið á sama þróunarstig og þeir sem geta leyft sér að hætta þessum trúarbrögðum. Þetta er hinn augljósi hroki í þessari afstöðu. Við verðum nefnilega að gera okkur grein fyrir því að ekkert er sjálfgefið við það hvernig samfélag okkur hefur tekist að byggja upp hér. Og við verðum að gera okkur grein fyrir ómetanlegu hlutverki kirkjunnar í þeirri uppbyggingu í þúsund ár.

Það er líka áhugavert að fylgjast með umræðum núna um stöðuna í Mið-Austurlöndum, þá hræðilegu atburði sem eiga sér stað þar. Fyrirverandi erkibiskup í Kantaraborg í Englandi, skrifaði grein nýlega þar sem hann benti á vanda kristins fólks í þessum löndum, sem að væri að miklu leyti til komin vegna þess að menn þyrðu ekki, stjórnámálemenn ekki hvað síst, þyrðu ekki að tala um þá kristnu af ótta við að vera sakaðir um fordóma ef þær væru sérstaklega að nefna stöðu kristins fólks. Þess vegna væri kristið fólk nú á flótta í verri stöðu en nokkrir aðrir, þeir fengju ekki að hafast við í flóttamannabúðunum, leituðu þess vegna skjóls í húsum vítt og breitt um Líbanon og Jórdaníu og önnur lönd, en það kæmi enginn til þess að hjálpa þeim vegna þess að menn óttuðust að ef að þeir gerðu það þá yrði sagt, 'Hvað eruð þið að gera hér, eruð þið bara að taka á móti kristnu fólk, eruð þið að velja kristið fólk til að hjálpa?'

Þetta hlýtur að vera áhyggjuefni ef að menn eru orðnir það feimnir við trúna og grundvöll okkar menningar, að menn þora ekki einu sinna að hjálpa trúbræðrum sínum af ótta við að það teljist þá fordómar.

Að sjálfsgöðu eigum við að hjálpa öllum í neyð, kristnum og öðrum. Og, við eigum líka að þora að standa á því, stjórnámálemenn, að það sé eðlilegt og bara sjálfsagt og mikilvægt að börn fái fræðslu í kristnum fræðum. Það er óásættanlegt að mínu mati, með hvaða hætti kristni hefur verið úthýst úr skólum í ákveðnum sveitarfélögum hér á Íslandi, við þurfum að vekja upp umræðu um þetta, því með því að ræða þetta þá munum við sjá, a.m.k. munu fleiri



sjá hversu fráleitt það er að trúin sem hefur í raun mótað þetta samfélag sem við búum í, að henni skuli vera úthýst úr kennslu, hvernig eiga menn að skilja samfélagið, hvernig eiga börn að skilja samfélagið sem þau alast upp í - hvaða trúar sem þau eru - ef að þau fá ekki að kynna kristni og sögu hennar í landinu. Svoleiðis að ég vil nota tækifærið nú til þess að lýsa því yfir f.h. stjórnvalda að við viljum vinna með kirkjunni, við gerum okkur grein fyrir því að gengið hefur verið á lagið gagnvart kirkjunni og fórnfýsi hennar hefur ekki verið þökkuð sem skyldi. Og jafnframt vil ég hvetja kirkjuna og kirkjunnar þjóna til að vera óhræddir að tala máli trúarinnar, vera óhræddir við að viðurkenna þann einstaka árangur sem að þjóðkirkjan hefur náð í því að byggja hér upp farsælt samfélag, eitt besta samfélag sem mannkynssagan hefir. Þetta er svo sannarlega ástæða fyrir kirkjuna til að vera stolt af, og því stoltari sem kirkjan er af sjálfri sér, því meiri trú sem kirkjan hefur á sjálfri sér, þeim mun meiri trú munu aðrir fá á kirkjuna.

# Kirkjubing 2015

## Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur

Forsætisráðherra, forseti kirkjubings, kirkjubingsfulltrúar, vígslubiskupar, góðir gestir.

Ég vil byrja á því að þakka forsætisráðherra fyrir að vera með okkur hér í dag í forföllum innanríkisráðherra. Einnig vil ég þakka þeim sem undirbúið hafa kirkjubingid, kirkjuráði, starfsfólki Biskupsstofu, forsætisnefnd og þingfulltrúum. Einnig þeim er flytja okkur ljúfa tóna hér í dag sem og sóknarpresti og sóknarnefnd Grensáskirkju fyrir afnotin af kirkju og safnaðarheimili.

Í ár hefur 200 ára afmælis Hins íslenska biblíufélags verið minnst með margvíslegum hætti. Félagið var stofnað þann 10. júlí árið 1815 að frumkvæði Skotans Ebenezer Henderson. Það er í dag ekki bara elsta félag landsins, heldur eitt af elstu Biblíufélögum í heiminum. Félagið hefur haft að markmiði að vinna að útgáfu og útbreiðslu Biblíunnar á Íslandi og stuðla að lestri og almennri notkun hennar. Þess má geta að Íslendingar voru á meðal 20 fyrstu þjóða heims sem fengu Biblíuna alla á eigin þjóðtungu. Það var menningarlegt afrek Odds Gottskálkssonar og Guðbrands Þorlákssonar og hafði ómetanlegt gildi fyrir okkur sem þjóð.

Það er merkilegt að lesa rit Biblíunnar. Þó þau séu ævagömul þá eru umfjöllunarefnið í raun þau sömu og við erum að fjalla um í dag í almennri umræðu sem og umræðu um líf mannsins hér á jörð og í samfélagi manna. Í hinum kristna heimi er fyrirmyndina og leiðtögon að finna í ritum Nýja- testamentisins í barninu og mannum Jesú, sem er einnig Guð okkar kristinna manna. Ráð Drottins er hið sama til allra kynslóða eða eins og segir í Davíðssálm 33:11 „en ráð Drottins stendur stöðugt um aldur, áform hjarta hans frá kyni til kyns“.

Fjármál eru mikið í almennri umræðu og þar leggur Biblían orð í belg. Ef til vill væri betur komið fyrir þjóðinni ef hagfræði Gamla-testamentisins hefði verið í hávegum höfð, en hún gengur út á það að í góðæri sé lagt fyrir til mögru áranna. Þarna er vísað til Jósefssögunnar í 1. Mósebók, 41. kafla.

Þekking á táknum Biblíunnar hjálpar hverjum þeim er lifir í landi sem kennir sig við Krist að skilja samfélagið og náungann. Biskup Íslands hefur verið forseti félagsins frá upphafi og í stjórn þess sitja bæði leikir og lærðir fulltrúar nokkurra kirkjudeilda. Síðustu áratugina, einkum frá lokum síðari heimsstyrjaldar hafa menn áttað sig á því að samstaða er nauðsynleg til að efla mannlíf og bæta lífsskilyrði. Íslenska Þjóðkirkjan á sæti í Alkirkjuráðinu sem eru samtök margra kirkjudeilda og í lúterska heimssambandinu. Einnig er Þjóðkirkjan í sambandi evrópskra kirkna og er þátttakandi í samstarfi lúterskra kirkna á Norðurlöndunum, Eystrasaltslöndunum og víðar og anglíkónsku kirkjunnar, sem kennt er við Þorvoo. Allar þessar kirkjur og samtök láta sig heimsmálin varða og boða kærleika Kristis í orði og í verki. Íslenska Þjóðkirkjan er því ekki eyland. Hún byggir á guðfræði sem á uppruna sinn í helgri bók og kenningum sem Marteinn Lúter mótaði. Þess vegna verður að líta til þess grundvallar þegar fjallað er um kirkjuleg mál. Kirkjan er ekki fyrirtæki og ekki venjuleg stofnun. Hún er fjöldahreyfing.

Þjóðkirkjan er kirkja fólksins. Sem slík nýtur hún trausts í nærsamfélaginu. Það er líka sóst eftir álit kirkjunnar um mikilvæg mál sem til umræðu eru í þjóðfélaginu. Undanfarið hafa verið málþing og verða á næstunni þar sem fjallað er um mál á guðfræðilegum forsendum,

sem brenna á samtímanum, s.s. flóttamannavandann og umhverfisverndarmál. Ég tel að rödd kirkjunnar og guðfræðinnar þurfi að heyrast þegar fjallað er um mál sem brenna á samtímanum. En hver er rödd kirkjunnar? Samkvæmt kirkjuskipan okkar lútersku kirkju er röddin margróma. Í kirkju okkar er ekki einn talsmaður heldur margir. Í okkar kirkju eru leiðtogar í hverjum söfnuði, hverri sókn. Leiðtogi okkar allra er þó hinn sami, Jesús Kristur. Hann er sá sem leiðir okkur um lífsins veg og færir okkur svör við öllum spurningum.

Þjóðkirkjan stendur á krossgötum. Nú sem fyrr er það Jesús sem vill leiða okkur veginn áfram og það er okkar að finna þann veg og velja sem Drottinn ætlar okkur að feta. Við búum ekki lengur við óbrúaðar brýr eða aðra farartálma. Við búum ekki við stopulan fréttaflutning heldur sendingar sem berast heimsálfa á milli á örskotsstundu. Heimurinn er að breytast og við þurfum aldrei sem fyrr að vita á hvaða grunni við stöndum. Það hefur reynst þessari þjóð blessun að byggja á þeim gildum er Kristur birti og boðaði. Við skulum ekki fyrirverða okkur fyrir fagnaðarerindið og ekki heldur leggja niður fræðslu um það.

Kirkjan á í ímyndarvanda. Við þurfum að vinna að því að ráða bót á honum. Það er lykilatriði að við höfum þau 73% þjóðarinnar sem eru í þjóðkirkjunni með okkur í liði.

Það hefur verið eftir því tekið í umræðu um flóttamannavandann sem við blasir í Evrópu að prestsdóttirin Angela Merkel hefur ekki falið trú sína þegar hún er spurð um þennan mikla vanda sem við blasir. Hún er óhrædd við að nota orðin, samviska mín segir mér, trú mín segir mér, Guð minn segir mér þegar hún svarar. Við verðum að þekkja okkar eigin trú, sem hefur mótað menningu okkar og samfélag nánast frá upphafi Íslands byggðar þegar við fjöllum um aðstæður fólks sem eru annarrar trúar og til að skilja þau mál sem efst eru á baugi, s.s. flóttamannavandann. Kirkjan hefur þar verk að vinna því trúarleg þekking fólks er á undanhaldi.

Hlutverk kirkjunnar er að miðla kærleiksboðskap Jesú Krists í orði og í verki. Vígðir þjónar kirkjunnar, prestar og djáknar eru sérstaklega fráteknir til þess en í raun er það alls kristins fólks að gera það. Flestir prestar landsins þjóna söfnuðum sem til sókna teljast. Nokkrir eru í sérþjónustu þar sem söfnuðurinn er dreifður víða. Þjóðkirkjan hefur þéttriðið þjónustunet um land allt um leið og hún veitir fólki þjónustu sem býr við sérstakar aðstæður. Prestsþjónusta fer ekki hátt en hún er mikilvæg og nauðsynleg. Prestur innflytjenda t.d. þjónar m.a. fólki sem leitar hér alþjóðlegrar verndar og gegnir þar mikilvægu hlutverki.

Aðskilnaður ríkis og kirkju hefur verið ræddur víða í samfélaginu, m.a. á landsfundum stjórnmalaflokkanna. Við, mörg hver höfum haldið því fram að sá aðskilnaður hafi farið fram árið 1997 þegar Þjóðkirkjan fór ein að ráða sínum innri málum. Við hvað er átt þegar spurt er um aðskilnað ríkis og kirkju? Að mínu viti þarf að svara þeirri spurningu áður en spurningunni um aðskilnaðinn er svarað. Það gæti mikils misskilnings oft á tíðum þegar tengsl ríkis og kirkju eru rædd og þegar samskipti ríkis og kirkju eru rædd. Eitt af því er þegar fullyrt er að Þjóðkirkjan njóti framlags frá ríkinu. Fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju byggjast ekki á beinum fjárfrahlögum ríkisins heldur samkomulagi tveggja réttáráða aðila annars vegar og sóknargjöldum hins vegar. Eins og kunnugt er hefur kirkjuþing samþykkt tillögu ríkisins um niðurskurð á kirkjujarðasamkomulaginu fimm sinnum. Á kirkjuþinginu þann 14. ágúst s.l. varð breyting á eins og kunnugt er. Beiðni ríkisins um afslátt af afganginu var hafnað af kirkjuþingi fyrir yfirstandandi ár og í gær, á fundi sem ég sótti ásamt forseta kirkjuþings í innanríkisráðuneytið, var upplýst að ríkið óskar eftir viðræðum við Þjóðkirkjuna um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju, bæði hvað varðar kirkjujarðasamkomulagið og sóknargjöldin.

Sóknargjöldin hafa undanfarin ár verið skorin niður meira en almennur niðurskurður í samfélaginu eins og kunnugt er. Í þeirri umræðu sem skapast hefur varðandi niðurskurð sóknargjaldanna blasir við að talsmann sóknarnefndanna vantar. Sóknargjöldin eru leikmannamál. Ég tel að það hafi sárvantað öflugan talsmann í þessu máli, sem rís upp á réttum stöðum og lætur í sér heyra og vinnur að því að endurheimta sóknargjöldin eins og lög gera ráð fyrir. Það er sjálfsgagt að biskup og embættið fylgi þessu máli eftir, styðji kirkjur í vanda og tali máli þeirra, en öflugra væri að mínu mati að fólkið sem ber hitann og þungann af rekstri sóknanna segi sjálf frá þörfinni á að sóknargjöldin skili sér að fullu. Um land allt er fórnúfúst fólk sem vill vinna kirkju sinni gagn og teystir kirkjunni sinni til góðra verka og stuðnings við menn og málefni. Það er sterkt að heyra raddir þess fólks lýsa því hve nauðsynlegt kirkjulegt starf er í landinu og kirkjuleg þjónusta. Eins má ekki gleyma því að sóknarnefndarmenn um land allt vinna að varðveislu og viðhaldi mikilla menningarverðmæta sem eru kirkjurnar og kirkjugarðarnir um land allt.

Á þessu kirkjuþingi liggja fyrir tvær tillögur um val og veitingu prestsembættanna. Það tvöfalda kerfi sem við búum við nú í þessum málaflokki er til mikilla vandræða. Eftir þessum reglum er ekki hægt að vinna lengur. Ég vona að kirkjuþinginu beri gæfa til þess að finna betra fyrirkomulag við val og veitingu prestsembættanna.

Eitt af því sem hefur breytt kirkjunni undanfarna áratugi er vígsla kvenna til þjónustu í kirkjunni. Það hefur verið kirkjunni til bóta að hafa fólk af báðum kynjum í þjónustu sinni. Í jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar, sem samþykkt var á kirkjuþingi segir að jafnréttisstefna kirkjunnar eigi að stuðla að jafnrétti eins og rétt og skylt sé í samræmi við líf og boðskap Jesú Krists.

Á undanförunum þremur árum hefur orðið mikil hreyfing á prestahópnum, – prestar hafa flust úr stað og nýir bæst í hópinn. Frá því ég tók við embætti hefur verið skipað í 41 embætti, – 24 konur og 17 karlar. Um nokkra nýliðun er að ræða í hópnum eða tíu, þar af 7 konur. Þá hafa á undanförunum árum tvær konur orðið biskupar, nýtt kirkjuráð er skipað konum í meirihluta og á þessu ári bættust tveir nýir prófastar í hópinn, báðir konur. Af starfandi prestum þjóðkirkjunnar eru nú um 2/3 karlar og 1/3 konur.

Kirkjuþing er æðsta valdastofnun þjóðkirkjunnar. Á kirkjuþinginu 2013 var samþykkt að beina því til innanríkisráðherra að flytja frumvarp til laga um breytingu á þjóðkirkjulögum. Meginatriði tillögunnar voru þau að fella brott ákvæði um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd, ákvæði um verkefni biskupafundar og að færa fjárstjórnarvald til kirkjuþings. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi en hefur ekki hlotið framgang þar. M.a. hafa komið fram athugasemdir um, bæði hjá innanríkisráðuneyti og allsherjarnefnd Alþingis, að réttaröryggi sé skert ef menn eru sviptir þeim rétti að bera mál undir úrskurðarnefnd. Með hliðsjón af þeim tíma sem liðinn er svo og því að kosið hefur verið til nýs kirkjuþings og kirkjuráðs, frá því kirkjuþing ályktaði eins og fyrr segir, og því að ýmsar forsendur hafa breyst á tímabilinu tel ég ekki rétt að fara fram á framlagningu frumvarpsins á yfirstandandi þingi. Rökin fyrir því eru þau að fjárhagsleg samskipti kirkju og ríkis eru nú til umfjöllunar, hvað varðar sóknargjöld og kirkjujarðasamninginn frá 1997.

Alvarlegar athugasemdir hafa komið fram, bæði hjá Alþingi og innanríkisráðuneytinu um galla á frumvarpinu.

Kirkjuþing hefur sett af stað vinnu við endurskoðun þjóðkirkjulaga eins og þingheimi er kunnugt og hefur sú vinna staðið yfir um langt árabíl. Er það eðlilegt þar sem líta má á

Þjóðkirkjulögin eins og stjórnarskrá kirkjunnar og því eðlilegt að varlega sé farið. Mál um vinnu að endurskoðun þjóðkirkjulaganna er fyrir kirkjuþingi 2015.

Þá er sömuleiðis í gangi vinna við stefnumótun þjóðkirkjunnar og er áfangaskýrsla starfs- hóps til umfjöllunar á þessu þingi.

Allsendis er óljóst hvað tæki við ef frumvarpið yrði samþykkt. Engar tillögur að starfsreglum eða almenn sýn á skipan mála hefur verið sett fram um það hvernig fjárstjórnarvaldi kirkjuþings yrði háttað. Er því fullkomin óvissa um þau mál sem verður að telja slæmt.

Eins og fram hefur komið eru einnig skiptar skoðanir um það hver fari með fyrirvar af hálfu kirkjunnar hvað varðar kirkjujarðasamninginn, þótt það sé nokkuð skýrt í samningnum sjálfum.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því fyrra kirkjuþing samþykkti ályktunina.

Er því að mínu mati, rétt að staldrað sé við áður en áfram er haldið með svo veigamiklar breytingar á þjóðkirkjulögum sem áður nefnt frumvarp felur í sér.

Ég tel að niðurstaða um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju verði að nást áður en farið er að hrófla við ákvæðum laga um fjármál þjóðkirkjunnar. Ég tel, með hliðsjón af því að endurskoðun þjóðkirkjulaga og stefnumótun þjóðkirkjunnar stendur yfir, sé ekki ráðlegt að breyta verulega þeim atriðum sem frumvarpið gerir ráð fyrir bæði hvað varðar fjármál en einnig grundvallar- atriði í kirkjuskipan. Það góða fólk sem stendur að endurskoðunarvinnunni með umboð kirkju- þings og ábyrgð gagnvart því, verður að fá vinnufrið að mínu mati. Að auki er skynsamlegt að leiða til lykta og fá úr því skorið, hver fari með fyrirvar og ábyrgð kirkjujarðasamningsins. Ég mun því vart geta stutt framgang þessa máls nema eitthvað það komi fram á þessu kirkjuþingi sem breytt getur stöðu mála hvað þetta varðar.

Á síðasta ári voru kosnir nýir fulltrúar kirkjuþings í kirkjuráð. Ein af embættisskyldum biskups Íslands er að leiða störf kirkjuráðs. Sú skipan mála er í samræmi við skipulagið í nággranna- löndum okkar, s.s. Finnlandi, Svíþjóð og Þýskalandi, þar sem biskup er í forsæti í kirkjuráðunum. Í Danmörku er kirkjan mun tengdari ríkisvaldinu og eru innri málefni kirkjunnar því á höndum ríkisins. Í Noregi leiðir leikmaður kirkjuráðið þar sem biskup á sæti og eru ýmsir meinbugir á þeim ráðahag að mati þeirra leikra og lærðra sem ég hef rætt við um málið.

Ekki er ofsagt að samstarfið í kirkjuráði hafi verið brokkgengt það ár sem liðið er frá því það tók til starfa. Mismunandi skilningur á hlutverki kirkjuráðs hefur einkennt starfsárið og hafa biskup og kirkjuráð nú sammælt um að leita eftir álitum lögfræðinga á því hvar mörk ábyrgðar og hlutverks kirkjuráðs og biskupsembættisins liggja. Sú vinna mun hefjast fljótlega og vona ég að í kjölfar þeirrar vinnu verði skýrara hvar ábyrgð mála liggur.

Alltaf verður það þannig að skoðanir eru ólíkar og um þær verður tekist, það er eðlilegt og er verkefni okkar allra að taka tillit til annarra og finna farsælar leiðir fyrir þjóðkirkjunna á breytingar tímum.

Hins vegar getur það varla gengið þegar stjórnvald verður sjálfu sér sundurþykkt, eins og birtist í máli númer níu hér á kirkjuþingi. Þar eru meðal flutningsmanna fulltrúar úr kirkjuráði, sem vilja þrátt fyrir að þjóðkirkjulögin í heild séu til umfjöllunar í löggjafarnefnd, mæla fyrir því að starfsskyldum biskups Íslands verði nú breytt á þann máta að biskup eigi ekki lengur sæti í kirkjuráði.

Í þessu máli tel ég birtast það vantraust sem ég hef mætt í störfum mínum í kirkjuráði. Ég tel það ómálefnalegt og ómaklegt vantraust sem ég hef þurft að glíma við hingað til og nefni þetta hér því mér finnst mikilvægt að upplýsa kirkjuþing um þessa stöðu mála.

Það er mér ljúft og skylt að sinna verkefnum kirkjuráðs samhliða öðrum skyldum mínum sem biskup Íslands. Verkefni kirkjuráðs eru í sjálfu sér ekki erfið eða flókin, en langvarandi sundurlyndi hefur slæm áhrif á alla.

Sundurlyndi innan kirkjunnar er ekki það sem þjóðkirkjan þarf á að halda um þessar mundir. Nú þurfum við að standa saman. Það er brýnt að við sem erum í lykilstöðum í kirkjunni og sinnum trúnaðarstörfum fyrir hana leggjum til hliðar ágreining og mismunandi skoðanir á hinum ýmsu málum og einbeitum okkur að því að standa saman um það að koma fjárhagslegum samskiptum ríkis og kirkju í viðunandi horf. En fyrst og fremst þurfum við að standa saman í því sameiginlega verkefni okkar að boða fagnaðarerindið um Jesú Krist hvarvetna í sveit og borg. Það eru gömul sannindi og ný að sameinuð stöndum við, en sundruð föllum við.

Guð blessi ykkur, kirkjupingið og störf þess.

# Kirkjuþing unga fólksins 2016

*Sigríður Rún Tryggvadóttir*

Kirkjuþing unga fólksins – KUF kom saman á Biskupsstofu þann 30. apríl 2016. Kirkjuþingsfulltrúar voru tuttugu frá átta prófastsdæmum, ásamt fulltrúa frá KFUM/K.

Margrét Arnardóttir úr Suðurlandsprófastsdæmi var kjörin forseti þingsins og hún var jafnframt kjörin áheyrnarfulltrúi á kirkjuþing hið almenna.


Sjö mál lágu fyrir þinginu að þessu sinni og var m.a. ályktað um meðferð mála á kirkjuþingi unga fólksins og starfsreglur kirkjuþings unga fólksins. Fannst kirkjuþingsfulltrúunum meðferð mála ekki nægilega skilvirk og skýr. Sömu mál lögju fyrir þinginu ár eftir ár og ef ekki ætti að taka störf þingsins alvarlega hver væri þá tilgangurinn með því. Þau lögðu til að á milli þinga starfaði nefnd kirkjuþingsfulltrúa sem sæi um að þrýsta á og fylgjast með meðferð þingmála og væri tengill KUF við kirkjuráð.

## **Kynning á siðareglum Þjóðkirkjunnar og heilræðum fyrir þau sem starfa með börnum og unglingum.**

1. mál varðaði siðareglur Þjóðkirkjunnar og mikilvægi þess að fara yfir siðareglur kirkjunnar og heilræði með launuðu og ólaunuðu starfsfólki sóknanna. Söfnuðir ættu að halda slíka fundi í upphafi hvers starfsárs. Lagt var til að sóknarprestur eða fagaðili sæi um kynningu og fræðslu



Biskup ávarpar kirkjuþing unga fólksins



Frá kirkjuþingi unga fólksins 2016

tengda siðareglunum. Siðareglur og heilræði fyrir fólk sem starfar má börnum og unglingum má nálgast á heimasíðu ÆSKR, ÆSKP og á kirkjan.is.

## Staða æskulýðsfulltrúa á Biskupsstofu endurvakin

Kirkjuþing unga fólksins 2016 ályktaði um að endurvekja stöðu æskulýðsfulltrúa Þjóðkirkjunnar. Sú staðreynd að nú væri enginn starfandi æskulýðsfulltrúi á biskupsstofu gæfi til kynna að æskulýðsstarf væri ekki mikilvægt innan kirkjunnar og það væri stór galli á starfi hennar. Æskulýðsfulltrúi á biskupsstofu væri formlegur málsvari barna- og æskulýðsstarfs Þjóðkirkjunnar og hlutverk hans væri m.a. að fara yfir siðareglurnar og ítreka skimun leiðtoga í söfnuðum.

## Meðferð þingmála á kirkjuþingi unga fólksins

Lagðar voru til breytingatillögur á starfsreglum kirkjuþings unga fólksins til að auðvelda kirkjuþingsfulltrúum að fylgjast með meðferð þingmála að þingdegi loknum og til að tryggja að málin fengju eðlilega málsmeðferð en enduðu ekki í skúffu og gleymdust. Þingmál og þingskjöl skyldu vera aðgengileg öllum fulltrúum á netsvæði og þar væri einnig hægt að sjá hvar í kerfinu málið væri stadd.

Fjórum vikum fyrir settan þingdag ættu kirkjuþingsfulltrúar að fá upplýsingar um afgreiðslu mála frá fyrra ári. Og að formaður kirkjuráðs kæmi á þingdegi til að gera grein fyrir afgreiðslu mála fyrra árs og svara fyrirspurnum. Þá væri hægt að leggja mál fyrir þingið aftur það teldist ekki hafa fengið fullnægjandi afgreiðslu. Þingsályktunartillagan innihaldi greinargóða lýsingu á því sem betur hefði mátt fara í meðferð málsins og tillögur til breytinga.





Nefndaströrf á kirkjuþingi unga fólksins 2016

## Fræðslustefna Þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing unga fólksins kallaði eftir því að kirkjan fylgdi eftir sínum eigin samþykktum og stæði vörð um æskulýðsstarf í söfnuðum. Þau hvöttu biskup Íslands og kirkjuráð til að tryggja að samþykktri fræðslustefnu kirkjuþings 2005 væri fylgt eftir og vísuði í 1. kafla fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar, 4. lið sem fjallar um starf með börnum og unglingum, en þar er tilgreint meðal verkefna sé að:

*„Stuðla að samfélagi fyrir unglina í kirkjunni s.s. með æskulýðsfélagi.“*

og:

*„Búa ungt fólk undir virka þátttöku í safnaðarstarfi.“*

Tvær sóknir í Hafnarfirði og ein í Reykjavík hafa lagt niður unglingsstarf sitt til viðbótar við þær kirkjur sem enn lengur hafa vanrækt starf sitt á þessu sviði án þess að brugðist hafi verið við eða gerðar við það alvarlegar athugasemdir. Það er óviðunandi að stórar sóknir komist upp með það að sleppa þessum mikilvæga hlekk í þroskaferli trúarinnar til að spara nokkra tókalla.

## Umhverfismál

Kirkjuþingi unga fólksins er umhugað um náttúruna og var þingið í ár m.a. pappírslaut sem spor í átt að grænni kirkju. Á hverju ári hafa umhverfismál legið fyrir þinginu. Kirkjuþing unga fólksins fagnar því að á Biskupsstofu sé starfandi nefnd sem vinnur eftir Ljósaskrefinu og umhverfisstefnu Þjóðkirkjunnar, en skorar um leið á Þjóðkirkjuna í heild til að fylgja í þau fótspor og vera leiðandi afl í samfélaginu í umhverfisvernd.



Fulltrúar á kirkjuþingi unga fólksins ásamt biskupi Íslands

## Tillaga um að fella starfsreglur kirkjuþing unga fólksins á brott og leggja þingið niður

Á þriðja tug sjálfboðaliða sitja þingið á hverju ári og gefa vinnu sína til að reyna að stuðla að jákvæðum breytingum innan kirkjunnar en uppskera lítið.

Þingið hefur komið saman á hverju ári frá 2011 og sömu mál eru lögð fyrir þingið aftur og aftur, kirkjuþingsfulltrúar fá litlar upplýsingar um afdrif og meðferð þingmála og lítill árangur sjáanlegur af störfum þingsins. Ef ekki á taka störf kirkjuþings unga fólksins alvarlega af hverju er þá verið að halda slíkt þing? Í umræðum og nefndarvinnu var lagt til að þetta mál yrði fellt en því meiri áhersla ætti að vera á málinu um meðferð kirkjuþingsmála. Samþykkt var að koma á fót nefnd sem héldi utan um og fylgdi eftir málum KUF.

## Vantrauststillaga á kirkjuráð.

Lögð var fyrir þingið vantrauststillaga á kirkjuráð vegna meðferða mála kirkjuþings unga fólksins, en málið var lagt fram til að ítreka þá ósk kirkjuþingsfulltrúa að störf þeirra séu tekin alvarlega og að mál af kirkjuþingi unga fólksins fái eðlilega meðferð. Málið var fellt. .

# Leikmannastefna 2016

*Marinó Þorsteinsson*

## 29. Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar í Reykholti í Borgarfirði 6. og 7. maí 2016

Stutt samantekt á því helsta sem gerðist, en fundargerð má finna á vefsíðu leikmannastefnu á kirkjuvefnum.

1. Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir setti 30. Leikmannastefnu Þjóðkirkjunnar í Reykholtskirkju. Hún fór með bæn og flutti síðan ávarp.
2. Formaður leikmannaráðs, Marinó Þorsteinsson, flutti skýrslu ráðsins og greindi frá reikningum. Var hvoru tveggja samþykkt.
3. Aðal fundarefni stefnunnar voru fimm:
  - I. Leikmannastefnan „Litið um öxl“  
Helgi Hjálmsson, fyrrverandi formaður leikmannaráðs, fjallaði um sögu leikmannastefnunnar í 30 ár.
  - II. Staða leikmannsins í kirkjunni  
Magnús Kristjánsson, forseti kirkjupings, flutti yfirlit um störf leikmannsins og mikilvægi hans fyrir kirkjuna.
  - III. Hvað gerist í sunnudagaskólanum næsta vetur  
Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson sagði frá því á leikrænan máta.



Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson segir frá því sem gerist í sunnudagaskólanum næsta vetur



Fulltrúar á Leikmannastefnu 2016

- IV. Leikmenn um allan heim  
Magnea Sverrisdóttir, djákni. Kynning á Lútherska heimssambandinu.
  - V. Siðabótarafmæli 2017  
Gunnar J. Gunnarsson, dósent. Siðabótarafmælinu verða gerð skil með margvíslegum hætti, m.a. með útgáfu á völdum ritum Lúters, málþingum, leiksýningu, tónlist, dagskrá í fjölmiðlum, samkomum, vefsíðu á kirkjan.is, ofl.
  - VI. „Syngið Drottni nýjan söng; syngið drottni öll lönd“  
Margrét Bóasdóttir, verkefnastjóri kirkjutónlistar, kynnti nýja sálma með þátttöku leikmannastefnufulltrúa.
4. Kosningar  
Skoðunarmaður reikninga var kjörinn Bergur Torfason.
  5. Leikmannastefnuna sátu 45 fulltrúar og gestir.

### **Samþykkt var efirfarandi ályktun :**

Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar, haldin í Reykholti 6.- 7. maí 2016, lýsir stuðningi við kröfur nýafstaðins Kirkjupings að lögum um helgidagafrið verði viðhaldið.

*Leikmannastefna beinir því til Alþingis að endurskoða heildarlöggjöf um helgidagafrið en tryggja um leið að upphafleg markmið hennar haldi gildi sínu.*

# Vígslubiskup Skálholtsstiftis

## Kristján Valur Ingólfsson

### Fréttir af atburðum ársins 2015

Hér verður stiklað á stóru í stuttri skýrslu frá Skálholti.

Þegar horft er til baka á tímabilið júní 2015 til maí 2016 er óhætt að segja að það hafi verið tímabil nýrra stjórna og stjórnarskipta í Skálholti. Skipuð var stjórn Skálholts og nýtt skólaráð Skálholtsskóla og kosin var ný stjórn Skálholtsfélags hins nýja og ný stjórn Sumartónleika í Skálholti.

### Stjórn Skálholts

Kirkjuráð skipaði á fundi sínum 2. febrúar 2015 stjórn Skálholts. Stjórnin er þannig skipuð: Drífa Hjartardóttir, bóndi og kirkjuþingsmaður, formaður, Kristófer Tómasson, sveitastjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps og sr. Þorvaldur Karl Helgason, fv. biskupsritari. Varamenn eru Jónína Bjartmarz, lögfræðingur og kirkjuþingsfulltrúi, Þórarinn Þorfinnsson, bóndi á Spóastöðum og sr. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari. Hólmfríður Ingólfssdóttir, skrifstofustjóri í Skálholti, situr fundina og ritar fundargerðir. Stærsta hlutverk stjórnarinnar er á sviði alls rekstrar í Skálholti og hefur þegar sýnt sig hversu þýðingarmikið skref til framtíðar var stigið með skipan hennar. Stjórnin skilar sjálfstæðri skýrslu til Kirkjuþings og vísast til hennar.

Skálholtsfélag hið nýja hefur starfað ötullega að mörgum nauðsynjamálum Skálholts. Í stjórn félagsins eru nú Karl Sigurbjörnsson, sem er formaður, Erlendur Hjaltason, Bergþóra Baldursdóttir, Halldóra J. Þorvarðardóttir, og Guðmundur Ingólfsson og í varastjórn Hildur Hákonardóttir, Þorfinnur Þórarinsson og Vilhjálmur Árnason. Stærsta baráttumál félagsins frá upphafi hefur verið viðgerð á listgluggum Gerðar Helgadóttur í Skálholtsdómkirkju. Stjórn félagsins beitti sér fyrir stofnun Verndarsjóðs Skálholtsdómkirkju sem nú er formlega frágenginn með skipulagsskrá. Formaður sjóðsins er Jón Sigurðsson, aðrir í stjórn eru Margrét Sigurðardóttir og sr. Hreinn Hákonarson. Í varastjórn eru sr. Egill Hallgrímsson, Jóhann Björnsson og Ragnhildur Benediksdóttir.

Skálholtsfélagið tók ákvörðun um að láta gera minningarstein um fjölskyldu Ragnheiðar Brynjólfssdóttur sem afhjúpaður var við hátíðlega athöfn á Skálholtshátíð 2015 af biskupi Íslands frú Agnesi Sigurðardóttur og frú Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrum forseta Íslands. Steinninn var að fullu kostaður af félaginu.

Einnig var á árinu gengið frá skipulagsskrá fyrir Áheitasjóð Þorláks helga, en hlutverk hans er einkum að standa straum af viðhaldi og endurnýjun skróða og annars búnaðar kirkjunnar til helgihaldsins. Í stjórn hans eru vígslubiskupinn í Skálholti, sem er formaður, sóknarpresturinn í Skálholtsprestakalli og formaður stjórnar Skálholts. Í varastjórn eru formaður Skálholtssóknar, prófastur Suðurprófastsdæmis og organisti Skálholtskirkju.



## Skólaráð Skálholtsskóla

Kirkjuráð skipaði á árinu 2015 nýtt skólaráð. Aðalmenn eru: Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu; Ásdís Guðmundsdóttir, kennslustjóri hugvísindasviðs HÍ og sr. Hreinn Hákonarson, fangelsisprestur þjóðkirkjunnar, sem er formaður ráðsins. Varamenn eru: Margrét Bóasdóttir, verkefnisstjóri kirkjutónlistar; dr. Runólfur Smári Steinþórsson prófessor í viðskiptafræði og Sigurður Sigursveinsson framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands.

Halldór Reynisson verkefnisstjóri fræðslumála á Biskupsstofu var lánaður þaðan til að stýra málefnum skólans og hefur verið starfandi rektor að undanfögnu. Gerður var nýr samningur um samstarf Háskóla Íslands og Skálholtsskóla sem vonir eru bundnar við.

Sumartónleikar í Skálholti.

Sumartónleikar í Skálholti starfa samkvæmt skipulagsskrá sem samþykkt var 2004. Samkvæmt henni er þriggja manna stjórn tilnefnd til þriggja ára af eftirtöldum aðilum: Vígslubiskupnum í Skálholti, Menntamálaráðherra, og Tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Stjórnarskipti fóru fram á árinu. Í stjórn sitja nú Margrét Bóasdóttir sem er formaður, Kolbeinn Bjarnason og Tryggvi M Baldvinsson. Hlutverk stofnunarinnar er sem hér segir: Að standa fyrir tónleikahaldi í Skálholti um hásumarið og flytja þar sígilda tónlist úr fortíð og samtíð sem samræmist helgi staðarins. Að gefa öllum sem í Skálholtskirkju koma kost á að njóta vandaðrar tónlistar. Að stuðla að nýsköpun íslenskrar tónlistar, einkum kirkjutónlistar. Að leggja rækt við túlkun barokktónlistar. Að rækta tónlistararf þjóðarinnar. Að gefa íslenskum hljóðfæraleikurum og söngvurum tækifæri til verðugra verkefna. Að sinna fræðslustarfi í tengslum við tónlistarhaldið. Að reka tónlistarbúðir í tengslum við tónlistarhaldið. Öllu því sem hér er nefnt er sinnt með sóma í nánu samstarfi við Skálholtsskóla og Skálholtsstað nema hinu síðasttalda verkefni sem naumast er framkvæmanlegt að óbreyttu. Listrænn stjórnandi Sumartónleikanna er Pétur Jónasson, gítarleikari.

## Deiliskipulag

Kirkjuráð hefur samþykkt að nýta megi framlag ríkisins til stofnkostnaðar í Skálholti sem er 4 m. kr. til þess að halda áfram með vinnu við nýtt deiliskipulag fyrir Skálholtsjörðina alla. Málþing og hugflæðifundir sem haldnir hafa verið á árinu færa okkur nær góðu skipulagi. Sótt var um styrk í sjóð til uppbyggingar ferðamannastaða, en fékkst ekki. Í samvinnu við Minjastofnun var einnig sótt í sama sjóð til að lagfæra aðgengi milli uppgraftrarsvæðisins sunnan kirkju og ganganna inn í kirkjuna, en fékkst ekki heldur.

Hinsvegar fékkst styrkur frá Fornminjasjóði til að ganga frá skráningu allra fornminja í landi Skálholts sem nauðsynlegt er að gera vegna deiliskipulagsvinnunnar. Áætlað er að fornminjar séu ekki færri en 160.

## Fasteignaviðhald

Í framhaldi af úttekt á nýjasta hluta Skálholtsskóla og viðgerðum þar lét Fasteignasvið að beiðni kirkjuráðs og stjórnar Skálholts gera úttekt á ástandi allra fasteigna í Skálholti og þar á meðal Skálholtskirkju. Verkis verkfræðistofa annaðist úttektina. Úttektin leiddi í ljós svo mikla myglu í einu af þrem litlu húsunum sem fylgja Skálholtsbúðum að það hús verður aldrei

nothæft. Mygla reyndist einnig í íbúð í kjallara undir bílskúr biskupshússins og á fleiri stöðum í kjallara hússins og reyndist nauðsynlegt að fara þar í miklar endurbætur. Allar kaldavatnslagnir á staðnum reyndust mikið skemmdar af ryði og þurfti að skipta alveg um. Úttektin á kirkjunni sýnir að ráðast verður í mjög kostnaðarsamar viðgerðir auk glugganna sem fyrr voru nefndir. Kirkjuráð samþykkti sérstaka aukafjárveitingu til að að bregðast mætti við þeim aðgerðum sem mest eru aðkallandi.

## Endurheimt votlendis

Snemma árs 2014 áttu þau frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrum forseti Íslands og Pröstur Ólafsson, formaður Auðlindar, náttúrusjóðs, fund með biskupi Íslands frú Agnesi M. Sigurðardóttur og hvöttu til samstarfs og aðgerða kirkjunnar til að endurheimta votlendi. Árangur þess fundar er að kirkjuráð samþykkti að ráðist skyldi í endurheimt votlendis í Skálholti og var Hlynur Óskarsson, deildarforseti umhverfiseildar Landbúnaðarháskóla Íslands, fenginn til að kanna það svæði sem best var til þess fallið og gera tillögur um verkið. Um er að ræða tvö svæði; neðsta hluta Skálholtstungunnar og svæðið sunnan og vestan við staðinn og austan og sunnan Skálholtsbúða niður undir Hvítá. Leitað var samstarfs við Auðlind annarsvegar og Landsvirkjun hinsvegar og voru undirtektir svo góðar að verkinu er lokið þegar þetta er ritað.

## Skálholtshátíð

Eins og svo oft áður er það Skálholtshátíðin sem hæst ber í dagskrá og starfsemi Skálholtsstaðar. Hátíðin 2015 var annarsvegar helguð tvö hundruð ára afmæli Hins Íslenska Biblíufélags en hinsvegar var Ragnheiðar Brynjólfsdóttur sérstaklega minnst og fjölskyldu hennar eins og fyrr var frá greint.

Pílagrímur gengu frá Bæ í Borgarfirði og frá Þingvöllum og að þessu sinni einnig úr Hreppunum. Settu þeir sem fyrr sinn fallega svip á hátíðina.

Dagkrá hátíðarinnar var í stórum dráttum sem hér segir:

Á laugardagsmorgni var málþing í Skálholtsskóla um Ragnheiði Brynjólfsdóttur . Þar fluttu erindi Hildur Hákonardóttir listakona, Jón Sigurðsson formaður Skálholtsfélags hins nýja og Sólveg Anna Bóasdóttir, prófessor.

Útímessu var að venju við Þorlákssæti kl. 12.45 en kl. 14.00 var sérstök athöfn þar sem Biskup Íslands, frú Agnes M Sigurðardóttir og frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti Íslands afhjúpuðu minningarmark í Skálholtskirkjugarði um Ragnheiði Brynjólfsdóttur og fjölskyldu hennar. Síðan var minningarstund í kirkjunni. Eftir það var opnuð sýning á Biblíum úr Skálholtsbókasafni í tilefni af 200 ára afmæli Hins Íslenska Biblíufélags, en safnið á mjög fágætari bækur, m.a. eintök allra elstu Biblíuútgáfa á Íslandi.

Á sunnudag 19. júlí kl. 11.00 hélt Jón Bjarnason organisti orgeltónleika í kirkjunni eins og venja hefur verið undanfarin ár.

Hátíðarmessa var í Skálholtsdómkirkju að venju klukkan tvö eftir hádegi þar sem Dr. Einar Sigurbjörnsson prófessor emeritus predikaði.

Á hátíðarsamkomu í kirkjunni eftir kirkjukaffið var sérstaklega minnst 200 ára afmæli Hins íslenska Biblíufélags. Dr. Guðrún Kvaran professor emeritus og fyrrum forstöðumaður

Orðabókar Háskólans flutti hátíðarræðu undir yfirskriftinni: Brautryðjendur í biblíuþýðingum á Íslandi. - Um þátt þeirra Odds Gottskálkssonar og Gissurar biskups Einarssonar. Skálholtskórinn söng undir stjórn Jóns Bjarnasonar. Drífa Hjartardóttir, formaður stjórnar Skálholts, flutti ávarp og biskup Íslands, frú Agnes Sigurðardóttir lauk dagskránni með ávarpi, bæn og blessun.

Síðasti hluti hátíðarinnar var að á mörkum skógræktarsvæðisins í Ásunum norðan Skálholtsstaðar var afhjúpaður var minningarsteinn um Sveinbjörn Finnsson, sem var staðarráðsmaður í Skálholti 1964- 1990. Steinninn er gjöf barna Sveinbjörns.

## 7. nóvember

Sá er þetta ritar tók í arf frá sr. Sigurði Sigurðarsyni vígslubiskupi í Skálholti 1994-2010 að minnast Jóns biskups Arasonar og sona hans Björns og Ara á dánardegi þeirra 7. nóvember ár hvert. Það er að ljúf skylda þótt ekkert sé ljúft í minningunni sjálfri. Haldin er samkoma klukkan fimm með kórsöng, bæn og lestri úr bókum og heilagri ritningu og síðan gengin blysför að minningarsteininum. Á árinu 2015 var þessi dagur haldinn með veglegra móti og lauk með tónleikum um kvöldið þar sem fjöldi kóra kom saman til söngs að frumkvæði Margrétar Bóasdóttur söngmálastjóra og verkefnisstjóra kirkjutónlistar Þjóðkirkjunnar.

Veður var vont þennan dag 2015 bálhvasst og húðarrigning. Lifði ekki á einum einasta kyndli í göngunni að steininum, en engu að síðar sungu viðstaddir við raust upp í vindinn íslenskaða útgáfu af In Paradisum, með gregorlagi.

Það var eitt hið allra eftirminnilegasta augnablik ársins

## Vísitasíur

Á árinu 2015 í júnímánuði vísiteraði ég Vestfjarðaprófastsdæmi ásamt prófastinum séra Magnúsi Erlingssyni, sóknarpresti Ísafjarðarprestakalls.

Við fórum hratt yfir þetta stóra og víðfeðma prófastsdæmi og numum gestrisni presta og sóknarnefnda. Heildarskýrsla þeirrar vísitasíu er að mestu tilbúin vegna dugnaðar prófastsins, og mun gagnast vel í starfi hans með prestum og söfnuðum. Hér verður ekki fjallað um innihald hennar. Aðeins skal á það bent á að það er aðdáunarvert að sjá hvernig hinir smáu söfnuðir standa vörð um sína kirkju og halda starfinu gangandi þó að sóknagjöld dugi engan vegin fyrir nauðþurftum. Það er óásættanlegt að söfnuðir geti ekki haldið uppi safnaðarstarfi og helgihaldi í þeim mæli sem þeir kysu helst vegna þess að þeir ráða ekki við kostnaðinn. Það gildir í rauninni einnig fyrir hina stærri og stöndugri söfnuði prófastsdæmisins og leiðir athyglina að því hversu nauðsynlegt er að efla samábyrgð safnaðanna innan Þjóðkirkjunnar.

Við heimsóttum allar kirkjur og kirkjugarða og heimagrafreiti og höfðum viðdvöl á tæplega sjötiu stöðum. Auk prestanna hittum við yfir tvöhundruð sóknarnefndarmenn og kirkjuhaldara og annars kirkjufólks. Öllum þeim, og ekki síst prófastinum sjálfum séu hér færðar miklar þakkir fyrir móttökur og eljusemi þeirra í starfi fyrir guðsríkið.

Þegar þetta er ritað er einnig lokið vísitasíu í Suðurprófastsdæmi, en frá því verður greint í næstu árbók.



## Að lokum

Á næsta ári, 2017 verður valinn nýr vígslubiskup í Skálholti. Ég horfi því til þess tíma þegar starfstíma mínum lýkur. Ég vona að mér fyrirgefist það þó að ég vegna þeirra tímamóta vísi í sálm sem ég hef gert sem í senn endurspeglar sérhvern dag og ævina alla. Líka starfsævina.

Ljósí þínu mætum við ó, Guð  
í morgunkyrrið.  
Af miskunn þinni fæðist dagur hver.  
Við þiggjum líf og styrk  
og þakklát biðjum þig  
um blessun, hjálp og hlíf,  
yfir atvik, yfir vinafjöld  
og eigin hag.  
Gef ó, Guð,  
ég gagnist þér  
á götu minni  
Í nálægð þinni vaknar von og líf.

Máttar þins við leitum hér ó, Guð,  
um miðjan dag.  
Því miðja lífs og heims og alls ert þú.  
Við lútum þér í þökk,  
og lofum nafnið þitt  
þú vísar okkur veg,  
til hins snauða, og til þess sem þarf  
að þiggja hjálp.  
Gef ó, Guð,  
ég gagnist þér  
á götu minni  
Í nálægð þinni vaknar von og líf.

Þegar kvöldar komum við til þín  
í kyrrið og frið.  
Í þína hönd við leggjum liðinn dag  
og allt sem var og er,  
og ekki náði fram  
og það sem fullnað var  
Breyt í blessun því sem visnað er  
og vek það upp.  
Gef ó, Guð,  
ég gagnist þér  
á götu minni  
Í nálægð þinni vaknar von og líf.

# Vígslubiskup Hólastiftis

## Solveig Lára Guðmundsdóttir

### Hólahátíð 2015

Hólahátíð sumarið 2015 var helguð 200 ára afmæli Biblíufélagsins. Sýning á biblíusafni Hóladómkirkju var opnuð þann 1. ágúst og var sýningin opin frá kl. 10-18 alla daga ágústmánaðar. Hólanefnd fékk sérstakan styrk frá Ríkisstjórn Íslands til að standa straum af kostnaði við sýninguna og vörslu á hinu dýrmæta safni sem var að mestu leyti úr safni sr. Ragnars Fjalars Lárussonar. Það var Ríkisstjórn Íslands, sem gaf Hóladómkirkju safnið árið 2006 í tilefni af 900 ára afmæli biskupsstólsins. Það var Haraldur Hreinsson sem sá um vörsluna og leiðsögn um hið mikla safn.

Hólahátíð árið 2015 hófst síðan formlega föstudagskvöldið 14. ágúst með erindi sem sr. Sigurður Ægisson sóknarprestur á Siglufirði flutti um Hólabiblíur. Á laugardeginum var pílagrímaganga eftir Hallgrímsveginum frá Gröf á Höfðaströnd heim að Hólum. Um kvöldið bauð veitingastaðurinn Undir Byrðunni upp á biblíumat, sem unnin var upp úr bók sr. Svavars A. Jónssonar.

Kl. 11:00 sunnudagsmorguninn 16. ágúst flutti dr. Gunnlaugur A. Jónsson erindi um áhrifasögu Saltarans. Var það einstaklega áhrifamikið erindi sem gerður var góður rómur að.

Kl. 14:00 var messa og prestsvígsla í Hóladómkirkju. Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir vígslubiskup vígði sr. Höllu Rut Stefánsdóttur til sóknarprests í Hofsó- og Hólaprestakalli. Vígsluvottar voru sr. Gísli Gunnarsson, sr. Dalla Þórðardóttir, sr. Guðrún Karls-Helgudóttir og sr. Sigríður Gunnarsdóttir. Dr. Gunnlaugur A. Jónsson lýsti vígslu. Biskup Íslands frú Agnes M. Sigurðardóttir lýsti blessun. Organisti var Jóhann Bjarnason. Kirkjukór Hóladómkirkju og Kirkjukór Hofsó sungu. Eftir hátíðarkaffi í Hólaskóla var samkoma í Hóladómkirkju. Ragnhildur Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri Hins íslenska Biblíufélags flutti ávarp og Ólöf Nordal innanríkisráðherra flutti Hólaræðuna. Kirkjukórarnir fluttu biblíuljóð.

### Messuhald

Í Hóladómkirkju er messað á hverjum sunnudegi yfir sumartímann, en einu sinni í mánuði yfir vetrartímann.

Sóknarprestur Hofsó- og Hólaprestakalls sér um messuhald yfir vetrartímann. Sr. Gylfi Jónsson þjónaði prestakallinu í afleysingum fram að Hólahátíð 2015. Þá tók sr. Halla Rut Stefánsdóttir við. Sr. Gylfi lét þá af störfum eftir rúmlega 42 ára prestsþjónustu í Þjóðkirkjunni. Er honum þökkúð góð störf fyrir kirkjuna.

Yfir sumartímann er prestum, organistum og kórum stiftisins boðið að koma heim að Hólum og messa. Hefur það tekist með ágætum. Fyrir það skal einnig þakka.

Sú venja hefur skapast að ég sé um helgihald á hátíðum og uni ég því vel. Messa ég á aðfangadagskvöld, jóladag, gamlársdag, páskadag og hvítasunnudag, sé ekki ferming.

## Messuheimsóknir

Þann 20. september 2015 var ég við kynslóðamessu í Hvammstangakirkju í tengslum við visitasiu og þann 8. nóvember predikaði ég í Melstaðarkirkju af sama tilefni. Þann 8. maí 2016 predikaði ég í Seltjarnarneskirkju í tilefni af því að 30 ár voru liðin frá því að ég vann prestskosningu þar. Til stóð að ég talaði á aðventukvöldi í Ólafsfjarðarkirkju, annað árið í röð, en aftur gerðist það að ég komst ekki vegna veðurs!

## Visitasiur

Á árinu visiteraði ég alla söfnuði í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis. Visitasia um Húnavatnssýslur hófst 19. október 2015 og visitasia um Skagafjörð hófst 7. mars 2016. Í þessum ferðum átti ég fundi með sóknarnefndum, skoðaði kirkjur og ræddi um fjármál og það starf sem unnið er í kirkjunum og í söfnuðunum.

Einnig átti ég starfsgæðasamtöl við prestana.

Er skemmt frá því að segja að öllum kirkjum í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi er einstaklega vel við haldið og kirkjustarf í góðu horfi.

## Erlend samskipti

Þann 6. september árið 2015 voru við hjónin viðstödd tvöfalda biskupsvígslu í Uppsölum í Svíþjóð. Þá var Johan Dalmann vígður til biskups í Strängnes stifti og Mikael Mogren vígður til biskups í Vesteraas stifti.

Einnig vorum við viðstödd biskupsvígslu í Bodö í Norður-Noregi þegar Ann- Helen Fjeldstad Jusnes var vígð biskup í Suður-Hálogalandi.

Auk þess má geta þess undir þessum lið, þó það séu ekki erlend samskipti, heldur innlend, að ég var ásamt Biskupi Íslands og vígslubiskupnum í Skálholti viðstödd biskupsvígslu kapólsku kirkjunnar í Landakoti þegar Davíð Tencer var vígður Reykjavíkurbiskup.

Dagana 12.-14. febrúar 2016 sóttum við hjónin ráðstefnu American Scandinavian Cultural Foundation í Thousand Oaks í Kaliforníu. Þar flutti ég erindi um íslensku siðbótina í tilefni af 500 ára afmæli hennar í hinum lúterska heimi.

Nú í sumar mun verður samkirkjuleg ráðstefna á Hólum á vegum WICAS og NEKK (Women in Church and Society og Nordiska Ekumeniska Kvinnokomitéén). Eru það konur frá öllum Norðurlöndum sem munu sækja ráðstefnuna.

## Málþing og ráðstefnur

Ég á sæti í svokallaðri fimm alda nefnd sem undirbýr 500 ára afmæli siðbótarinnar. Nefndin sér um tvö málþing á ári, eitt að vori og annað á siðbótardaginn 31. október. Á næsta ári verður mikið um dýrðir á vegum nefndarinnar, menningarlegir viðburðir auk fræðilegra ráðstefna.

Auk þess fór mikið af vinnutíma mínum í að undirbúa ráðstefnu sem haldin var hér á Hólum um mánaðamótin mars/ apríl og bar yfirskriftina: Hvernig metum við hið ómetanlega? Menningin.

Var þetta önnur ráðstefnan í fjögurra ráðstefnu röð Guðbrandsstofnunar með sömu

yfirskrift. Var hún í samstarfi við Listaháskólann, Þjóðminjasafnið, Bandalag íslenskra listamanna og deild í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands. Fyrsta ráðstefnan bar undirtitilinn – náttúran og auðlindirnar og hin önnur -menningin.

Þriðja ráðstefnan verður á næsta ári og ber undirtitilinn – trúin.

## **Kóramót**

Þann 28. febrúar kom Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar Margrét Bóasdóttir í heimsókn í Skagafjörðinn og hélt kóramót á Löngumýri. Var það ánægjulegur dagur og mikil lyftistöng fyrir kirkjukóra á svæðinu.

## **Kirkjuþing**

Kirkjuþing er nú tvískipt. Þing er haldið að hausti og síðan framhaldsþing eftir áramót. Sat ég bæði þessi þing eins og lög gera ráð fyrir.

## **Biskupa- og prófastafundir**

Biskupafundir voru fjórir á starfsárinu. Einnig sat ég prófastafund í Reykjavík dagana 19.-20. janúar 2015.

## **Nefndir**

Áfram sit ég í nefnd sem undirbýr fimm alda minningu siðbótarinnar. Í þeirri nefnd voru átta fundir á árinu. Auk þess á ég sæti í Kenningarnefnd Þjóðkirkjunnar og í þeirri nefnd var einn fundur á árinu.

## **Fundir og viðtöl:**

Auk nefndafunda sótti ég tvo af þremur héraðsfundum stiftisins, en svo óheppilega vildi til að ég veiktist daginn sem héraðsfundur Eyjafjarðar-og Þingeyjarprófastsdæmis var haldinn þann 30. apríl. Ég sótti héraðsfund Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis þann 3. apríl á Blönduósi og Héraðsfund Austurlandsprófastsdæmis þann 10. apríl á Eiðum. Er ánægjulegt að fá þannig að fylgjast með starfinu í söfnuðunum og hitt það góða fólk sem leggur kirkjunni lið.

Prestafundir eru haldnir mánaðarlega í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi og sótti ég þá sem ég komst á. Auk þess var ég boðin á prestafund í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og sóttum við hann bæði hjónin.

Þann 7. júní s.l. átti ég ásamt Biskupi Íslands og presti innflytjenda fund með flóttafólki á biskupsstofu.

## **Guðfræðidagar á Hólum**

Samkvæmt venju hélt Prestafélag Hólastiftis hins forna guðfræðidaga hér á Hólum 29.-31.

maí. Í ár voru það helgisiðirnir sem voru í brennidepli. Franck Senn frá Bandaríkjunum var aðalfyrirlesari daganna. Síðasta kvöldið var móttaka hjá okkur hjónunum í biskupsgarði.

## Hólanefnd og Guðbrandsstofnun:

Sem vígslubiskup er ég formaður Hólanefndar, sem ber ábyrgð á Hóladómkirkju og Auðunarstofu. Í Hólanefnd eru auk mín, prófastur Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis, sr. Dalla Þórðardóttir, formaður sóknarnefndar Hólasóknar, Einar Svavarsson og rektor Háskólans á Hólum dr. Erla Björk Örnólfsdóttir.

Einnig er ég stjórnarformaður Guðbrandsstofnunar, sem er samstarfsverkefni vígslubiskupsembættisins f.h. Þjóðkirkjunnar, Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum um menningarstarfsemi á staðnum. Í stjórn Guðbrandsstofnunar eru auk mín, dr. Hjalti Hugason frá Háskóla Íslands og dr. Erla Björk Örnólfsdóttir rektor Háskólans á Hólum. Starfsemi Guðbrandsstofnunar er þríþætt.

Í fyrsta lagi eru það sumartónleikarnir sem eru á hverjum sunnudegi frá miðjum júní og fram yfir Hólahátíð. Þeir eru styrktir af Menningarsjóði KS. Í öðru lagi eru það Fræðafundur heima á Hólum. Við bjóðum fræðafólki í vikudvöl á Hólum gegn því að halda erindi um hugðarefni sín. Erindin eru haldin í Auðunarstofu tvisvar í mánuði, . Fræðafundirnir eru styrktir af Uppbyggingarsjóði Menningarráðs Norðurlands vestra.

Í þriðja lagi höldum við ráðstefnur. Nú erum við með í gangi röð fjögurra ráðstefna, sem allar bera yfirskriftina Hvernig metum við hið ómetanlega?

Undirtitill fyrstu ráðstefnunnar var: Náttúran og auðlindirnar; undirtitill annarrar ráðstefnunnar var: – menningin. Á næsta ári verður undirtitillinn –trú og að lokum –hið góða líf.

Guðbrandsstofnun hefur einnig umsjón með því að halda *Dag Guðmundar góða* hátíðlegan, en það er gert á dánardegi hans 16. mars ár hvert.

Í ár hélt Árni Hjartarson jarðfræðingur afar áhugavert erindi um Gvendarbrunna á Íslandi. Starfssemi Guðbrandsstofnunar er styrkt af Kristnisjóði.

## Samstarf við guðfræðinema

Guðfræðinemar komu heim að Hólum dagana 16.-18. október og sá ég um námskeið og samveru fyrir þau. Á námskeiðinu flutti ég erindi um sálgæslu, um starf prests í borg og sveit, auk þess kenndi ég þeim hvernig byggja má upp kyrrðardaga.

## Lokaorð

Að lokum vil ég þakka það góða starf sem unnið er hér á Hólum. Mikið samstarf hefur verið á síðast liðnu ári milli Háskólans, Ferðapjónustunnar og kirkjunnar um kynningu og uppbyggingu á staðnum. Auk þess vil ég þakka söfnuðum stiftisins fyrir hlýjar og höfðinglegar móttökur hvar sem ég kem. Ég vil þakka Húnavetningum og Skagfirðingum sérstaklega móttökurnar s.l. haust og vor. Ferðirnar þangað verða mér ógleymanlegar. Sérstaklega er mér minnisstætt hversu vel er hugsað um kirkjurnar alls staðar og kirkjugarðarnir eru til sóma. Næsta vísitásiuferð verður til minna gömlu heimkynna í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og hlakka ég til þeirrar ferðar.

# Fjármálasvið Biskupsstofu

## Grundvöllur

Samkvæmt lögum um Kristnisjóð, Jöfnunarsjóð sókna og Kirkjumálasjóð ber Biskupsstofu að sjá um reikningshald þeirra. Biskupsstofa annast einnig reikningshald fyrir Skálholt, Tónskóla þjóðkirkjunnar, Kirkjugarðasjóð, Strandarkirkju, Strandarkirkjugarð, Hinn almenna kirkjusjóð og ýmsa aðra sjóði í vörslu biskups Íslands. Ríkisendurskoðun endurskoðar uppgjör þessara stofnana og sjóða.

## Starfsemi

Megin verkefni fjármálasviðs Biskupsstofu er að annast reikningshald, greiðsluþjónustu, laun og uppgjör stofnana og sjóða. Biskupsstofa gerir eða aðstoðar stofnanir og sjóði við áætlanagerð. Fjármálasvið Biskupsstofu leitast við að veita stjórnendum stofnana og sjóða upplýsingar og ráðgjöf um fjármálin eins og unnt er.

### Starfsmenn fjármálasviðs eru

Hildur Guðmundsdóttir, féhírðir

Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnastjóri

Ólína Hulda Guðmundsdóttir, bókarí

Sigurbjörg N. Hansen, aðalbókarí

Vigdís Helga Eyjólfsdóttir, bókarí

## Tekjur kirkjunnar 2015

Heildartekjur kirkjunnar hækka um 19,8% á milli ára en framlög ríkisins hækka um 14,4%.

Framlag úr ríkissjóði Fjárlagaliður	2015	2014	2013	2012
06-701 Þjóðkirkjan	1.942,3	1.491,9	1.439,0	1.440,1
26-705 Kirkjumálasjóður	269,8	246,4	238,9	229,4
06-707 Kristnisjóður	72,0	73,1	73,1	74,0
06-735 Sóknargjöld	1.887,4	1.822,9	1.715,8	1.604,4
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	349,1	318,8	309,1	296,8
<b>Samtals</b>	<b>4.520,6</b>	<b>3.953,1</b>	<b>3.775,9</b>	<b>3.644,7</b>

## Sóknargjöld

Greiðsla á sóknargjöldum er ákvörðuð skv. 2. gr. laga um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987 með síðari breytingum. Þau taka breytingum milli ára til samræmis við þá hækkun sem verður á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli næstliðinna ára á undan gjaldári. Árið 2015 voru sóknargjöld ákveðin 824 kr. á mánuði fyrir einstakling 16 ára og eldri en eru 898 kr. á mánuði árið 2016. Allt frá hruni fjármálakerfisins á Íslandi hefur útreikningi sóknargjalda skv. lögnum verið breytt og þau í reynd ákvörðuð af fjármála- og efnahagsráðuneytinu og með þeirri ákvörðun hefur verið lögð hagræðingarkrafa á sóknir landsins sem hefur verið staðfest af Alþingi í lok hvers árs með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálaum, s.k. bandormslögum.

## Biskupsstofa

Meginhlutverk Biskupsstofu er að annast stjórnsýslu þjóðkirkjunnar, hún veitir ýmsum kirkjulegum stofnunum ráðgjöf og margvíslega þjónustu.

Á árinu 2015 var tekjuafgangur Biskupsstofu rúmlega 260,7 millj.kr. en 25 millj.kr. halli var á rekstrinum árið 2014. Rekstargjöld hækkuðu um 12,2% á milli ára sem tilkemer að stórum hluta vegna launahækkana sem voru á árinu en framlag frá ríkissjóði hækkaði um 31,1% og aðrar tekjur um 18,0%. Tekjur þjóðkirkjunnar byggja á lögum og samningum við ríkið á grundvelli kirkjueigna. Árið 2014 var gerður viðauki við samninginn og þjóðkirkjan samþykkti að tekjur yrðu skertar vegna hagræðingarkröfu ríkisins. Árið 2015 samþykkti þjóðkirkjan ekki skerðingu á samningnum, í fjárukalögum 2015 var því auka fjárveiting til kirkjunnar að fjárhæð 370 millj. kr. Hækkun á framlagi ríkissjóðs árið 2015 kemur að hluta til vegna efnda á samkomulagi um kirkjueignir en einnig vegna hækkunar á sóknargjöldum.

Þessi viðsnúningur í rekstri breytir stöðu á eigin fé úr neikvæðu í jákvætt eigið fé, eigið fé í árslok 2015 eru um 218,6 millj.kr.

<b>Biskupsstofa</b>	<b>2015</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>	<b>2012</b>
<b>Rekstur</b>				
Tekjur	181.274	153.640	218.523	221.328
Gjöld	-1.862.868	-1660.824	-1.649.388	-1.673.262
Framlag úr ríkissjóði	1.942.300	1.481.900	1.439.000	1.440.100
Tekjuafgangur (-halli)	260.706	-25.284	8.135	- 11.834
<b>Efnahagur</b>				
Veltufjármunir	244.153	7.476	33.213	7.567
Eignir samtals	244.153	7.476	33.213	7.567
Eigið fé	218.657	-42.048	-16.763	-24.899
Skammtímaskuldir	25.496	49.524	49.976	32.465
Eigið fé og kuldir samtals	244.153	7.476	33.213	7.566



## Kristnisjóður

Kristnisjóður starfar skv. lögum um Kristnisjóð nr. 35/1970 og er hlutverk hans m.a. að styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú og siðgæði með þjóðinni, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristilegu fræðsluefni. Enn fremur að styrkja félög og stofnanir sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum.

Tekjur Kristnisjóðs eru ákvarðaðar með lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, 64. gr. Framlag ríkissjóðs nam 72,0 millj. kr. á árinu 2015. Verkefni Kristnisjóðs hafa verið bókfærð hjá Kirkjumálasjóði frá ársbyrjun 2006, rekstur Kristnisjóðs innber þess vegna aðeins tilfærslu ríkisframlags til Kirkjumálasjóðs.

<b>Kristnisjóður</b>	2015	2014	2013	2012
<b>Rekstur</b>				
Framlag úr ríkissjóði	72.000	73.100	73.100	74.000
Gjöld	-72.001	-73.100	-73.101	-74.001
Fjármunatekjur	30	12	37	19
Tekjuafgangur	29	12	36	18
<b>Efnahagur</b>				
Veltufjármunir	6.109	392	364	32
Eignir samtals	6.109	392	364	32
Eigið fé	109	80	68	32
Skammtímaskuldir	6.000	312	296	0
Eigið fé og skuldir samtals	6.109	392	364	32

## Jöfnunarsjóður sókna

Jöfnunarsjóður starfar skv. lögum um sóknargjöld nr. 91/1987. Hlutverk sjóðsins er m.a. að veita styrki til þeirra kirkna sem sérstöðu hafa umfram aðrar sóknarkirkjur og að leitast við að jafna aðstöðu og styrkja sóknir þar sem lögmætar tekjur nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Jafnframt annast sjóðurinn fjársýslu með veittum lánum Kirkjubýggingasjóðs. Þá hefur Jöfnunarsjóður heimild til að veita ábyrgðir skv. reglugerð um Jöfnunarsjóð sókna. Tekjur Jöfnunarsjóðs miðast við 18,5% af sóknargjöldum.

<b>Jöfnunarsjóður sókna</b>	<b>2015</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>	<b>2012</b>
<b>Rekstur</b>				
Framlag úr ríkissjóði	349.169	318.773	309.104	296.824
Gjöld	-339.589	-288.786	-288.169	-309.913
Fjármunatekjur	11.575	2.040	3.636	6.895
Tekjuafgangur (-hali)	21.155	32.027	24.571	-6.194
<b>Efnahagur</b>				
Fastafjármunir	14.349	21.835	28.357	44.257
Veltufjármunir	241.491	274.350	197.500	161.220
Eignir samtals	255.840	296.185	225.857	205.747
Eigið fé	247.340	226.185	194.052	169.482
Skammtímaskuldir	8.500	70.000	31.805	36.265
Eigið fé og skuldir samtals	255.840	296.185	225.857	205.747

## Kirkjumálasjóður

Kirkjumálasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 138/1993. Hlutverk Kirkjumálasjóðs er m.a. að eiga og reka Kirkjur, kirkjujarðir og prestssetur. Kirkjuráð greiðir kostnað við Kirkjuþing, Kirkjuráð, Prestastefnu, Biskupsgarð, fjölskylduþjónustu, starfsþjálfun guðfræðikandidata og ýmis önnur verkefni. Framlag úr ríkissjóði til Kirkjumálasjóðs eru 14,3% af sóknargjöldum, aðrar tekjur eru m.a. húsaleigutekjur og aðrar leigutekjur. Fasteignir og jarðir Kirkjumálasjóðs eru endurmetnar og færðar á fasteignamati í efnahagsreikningi nema Skálholtskirkja, hún er færð á brunabótamati. Halli var á rekstri Kirkjumálastjóðs á árinu 2015 eins og árið áður. Eigið fé sjóðsins er jákvætt og nemur 3.179 millj. kr.

<b>Kirkjumálasjóður</b>	<b>2015</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>	<b>2012</b>
<b>Rekstur</b>				
Tekjur	243.714	259.998	321.044	302.930
Framlag úr ríkissjóði	269.878	246.423	238.929	229.437
Gjöld	-518.069	-620659	-536.633	-566.076
Fjármagnsgjöld	-20.156	-11.765	-29.490	-30.839
Rekstrarhalli	-24.633	-126.003	-6.150	-64.548
<b>Efnahagur</b>				
Fastafjármunir	3.283.809	3.135.027	3.183.433	2.970.994
Veltufjármunir	224.349	188.968	152.709	95.654
Eignir samtals	3.508.158	3.323.995	3.336.142	3.066.648
Eigið fé	3.179.270	2.955.797	2.941.181	2.693.561
Langtímaskuldir	287.515	302.358	315.628	319.033
Skammtímaskuldir	41.373	65.840	79.333	54.054
Eigið fé og skuldir alls	3.508.158	3.323.995	3.336.142	3.066.648

# Störf kirkjuráðs

Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri

## Inngangur

Kirkjuráð fer með framkvæmdarvald í málefnum þjóðkirkjunnar, sbr. 24. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, sitja í ráðinu fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjupingi til fjögurra ára, tveir leikmenn og tveir guðfræðingar. Þeir eru sr. Elínborg Gísladóttir, sóknarprestur í Grindavíkurstakalli, Kjalarnessprófastsdæmi, sr. Gísli Gunnarsson, sóknarprestur í Glaumbæjarprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, Stefán Magnússon, bóndi í Fagraskógi og Svana Helen Björnsdóttir, rafmagnsverkfræðingur og framkvæmdastjóri.

Varamenn í kirkjuráði eru Einar Karl Haraldsson, framkvæmdastjóri, Drífa Hjartardóttir, bóndi, sr. Gísli Jónasson, prófastur og sóknarprestur Breiðholtsprestakalli, Reykjavíkurstakalli, Vesturlandsprófastsdæmi eystra og sr. Geir Waage, sóknarprestur í Reykholtsprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi. Kjörnir fulltrúar í kirkjuráði voru kosnir á kirkjupingi 2014.

## Starfsemi kirkjuráðs

Störf kirkjuráðs byggjast á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 svo og starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000. Þar er kveðið á um verkefni kirkjuráðs en ráðið fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og reglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjupings, prestastefnu, samtaka leikmanna, ráðherra og Alþingis. Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fjármálum þjóðkirkjunnar og fer með stjórn Jöfnunarsjóðs sókna, kirkjumálasjóðs og Kristnisjóðs og úthlutar úr sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana stofnana. Kirkjuráð starfrækir einnig fasteignasvið þjóðkirkjunnar. Eitt af verkefnum kirkjuráðs er að undirbúa árlegt kirkjuping í samráði við forseta þingsins og forsætisnefnd og annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af þinginu.

## Starfsfólk

Ellisif Tinna Víðisdóttir, lögfræðingur, hefur verið framkvæmdastjóri kirkjuráðs frá 1. maí 2015. Guðrún Finnbjarnardóttir, fulltrúi starfar með framkvæmdastjóra að undirbúningi kirkjuráðsfunda og öðrum verkefnum ráðsins. Á fasteignasviði starfar Arnór Skúlason, arkitekt, verkefnastjóri viðhaldsmála.

## **Helstu verkefni á starfsárinu.**

### ***Framhaldskirkjuþing***

Framhaldskirkjuþing var haldið í Grensáskirkju föstudaginn 14. ágúst. Eitt mál var á dagskrá þingsins, tillaga innanríkisráðherra til þingsályktunar um viðaukasamning við samkomulag íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar. Málinu var vísað til kirkjuþings 2015 til afgreiðslu. Kirkjuþing hafnaði tillögu innanríkisráðherra og var því staðið við greiðslur samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu vegna ársins 2015.

### ***Kirkjuþing 2015***

Reglulegt kirkjuþing, 52. kirkjuþing 2015, var haldið í Grensáskirkju dagana 24.-28. október 2015 en var síðan frestað og framhaldið í Digraneskirkju 15.-16. apríl 2016.

Á þinginu voru lögð fram 22 mál, kirkjuráð lagði fram fjögur mál, biskup Íslands flutti tvö mál, biskupafundur eitt mál, löggjafarnefnd átta mál, starfshópur kirkjuþings eitt mál og þjóðmálanefnd eitt mál. Þingmannamál voru fimm. Alls voru 19 mál afgreidd á þinginu, tvö mál voru sameinuð öðrum málum og eitt mál var dregið til baka. Gerðir kirkjuþings eru gefnar út og þeim dreift til þingfulltrúa, presta, formanna sóknarnefnda o. fl. Þar eru breytingar á starfsreglum, nýjar starfsreglur, ályktanir og samþykktir kirkjuþings. Kirkjuráð hefur unnið að framkvæmd og kynningu þeirra mála sem kirkjuþing fól ráðinu að sinna. Jafnframt hafa samþykktar starfsreglur verið birtar í Stjórnartíðindum.

### **Skipan viðræðuhóps við ríkisvaldið**

Kirkjuþing 2015 ályktaði að fela forseta kirkjuþings og tveimur fulltrúum kjörnum á kirkjuþingi að annast viðræður af kirkjunnar hálfu við ríkisvaldið um fjárhagsleg samskipti íslenska ríkisins og hinnar íslensku þjóðkirkju. Ákveðið var að formenn fastanefnda kirkjuþings myndu starfa með viðræðunefndinni. Í nefndinni eru: Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings, formaður nefndarinnar, Jónína Bjartmarz, kirkjuþingsmaður og fyrrverandi ráðherra og Óskar Magnússon, hrl., varafulltrúi á kirkjuþingi.

### **Nefnd til að skýra verksvið biskups og kirkjuráðs**

Kirkjuráð skipaði þann í nóvember 2015 þriggja manna nefnd til að skýra verksvið biskups og kirkjuráðs. Í nefndinni voru Pétur Kr. Hafstein, fyrrverandi hæstaréttardómari og kirkjuþingsmaður, Gestur Jónsson, hrl. og Trausti Fannar Valsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands. Nefndin skilaði álitserð um valdmörk biskups Íslands og kirkjuráðs þjóðkirkjunnar í mars 2016. <http://kirkjuthing.is/kerfi//skraarsofn/kirkjuthing/2014/02/%C3%81litsger%C3%B0-um-valdsm%C3%B6rk-biskups-%C3%8Dslands-og-kirkjur%C3%A1%C3%B0s-12.2.2016.pdf>

### **Starfshópar kirkjuráðs**

Kirkjuþing 2015 ályktaði við skýrslu um fjármál þjóðkirkjunnar að kirkjuráð skipaði í fjármálahóp kirkjuráðs sbr. starfsreglur um kirkjuráð nr. 817/2000 þar sem fram kemur að kirkjuráð geti skipað starfshópa sér til ráðgjafar og aðstoðar við stefnumótun og að sinna

tilteknum verkefnum. Kirkjuráð samþykkti að skipa eftirtalda aðila í starfshópa kirkjuráðs: Fjármálahóp: Séra Elínborg Gísladóttir og Svana Helen Björnsdóttir. Löggjafarhóp: Stefán Magnússon. Kirkjustarfshóp: Séra Gísli Gunnarsson. Formenn fastanefnda kirkjuþings starfa með starfshópunum ásamt starfsmönnum frá Biskupsstofu. Kirkjuráð samþykkti að málefni sem snúa að fasteignum verði á dagskrá kirkjustarfshópsins, sökum þess að fasteignanefnd hefur verið lögð niður.

## Fasteignasvið

Fasteignasvið Biskupsstofu heyrir undir kirkjuráð og hefur með höndum umsýslu og rekstur fasteigna kirkjumálasjóðs. Fasteignir kirkjumálasjóðs eru nú 77 talsins. Skálholt er hér talin ein fasteign þótt á jörðinni standi mörg hús, s.s. dómkirkjan, vígslubiskupshús, prestsbústaður, bændabýli, sumarhús o.fl. Hið sama á við um fleiri jarðir í eigu kirkjumálasjóðs þar sem mörg hús kunna að standa. Af þessum eignum eru 50 prestssetur og þrjú biskupssetur. Á árinu 2015 voru seld tvö prestssetur, Staðarhóll, Hvanneyri og prestsseturshúsið á Sauðárkróki. Fasteignasvið hefur sinnt mörgum viðamiklum viðhaldsverkefnum á árinu og voru endurbætur á prestssetrinu á Staðastað þær viðamestu. Einnig var unnið að endurbótum á öðrum fasteignum svo sem húsakosti Skálholtsstaðar, prestssetrunum Odda og á Patreksfirði o.fl. Unnið var að því að setja upp varmadælu á prestssetrinu á Breiðabólstað en slík dæla mun leiða til mikils sparnaðar í kyndingarkostnaði. Ef þetta gefst vel mun verða hugað að því að setja upp dælar á fleiri stöðum en á mörgum prestssetrum er kyndingarkostnaður mjög mikill.

## Skálholt

Kirkjuráð hefur á forræði sínu framkvæmdir í Skálholti og starfrækslu Skálholtsstaðar. Um Skálholt og Skálholtsskóla gilda lög nr. 32/1963 um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað og lög um Skálholtsskóla nr. 22/1993.

Skálholtsskóli og Skálholtsstaður hafa verið rekin sem ein rekstrareining síðastliðin ár. Samkvæmt samþykkt kirkjuráðs frá 2012 og starfsreglum um vígslubiskupa ábyrgist vígslubiskup í umboði kirkjuráðs rekstur og starfsemi í Skálholti á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar og hefur almennt fyrisvar vegna Skálholts. Jafnframt er stjórnun Skálholts-skóla í höndum vígslubiskups Skálholtsumdæmis fyrir hönd kirkjuráðs.

## Tónlistarmál þjóðkirkjunnar

Með starsfreglum kirkjuþings nr. 1025/2014 var ákveðið að skipað yrði þriggja manna fagráð um kirkjutónlist – kirkjutónlistarráð – sem hafi yfirumsjón með kirkjutónlistinni og sé jafnframt stjórn Tónskóla þjóðkirkjunnar. Biskup tilnefnir formann ráðsins og einn til vara, stjórn Félags íslenska organleikara tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara og stjórn prestafélagsins einn fulltrúa og einn til vara. Kirkjutónlistarráð ber ábyrgð á að skólinn sinni skyldum sínum og haldi sig innan fjárheimilda hverju sinni.

Tónskóli þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 768/2002. Skólinn starfar eftir námskrá sem kirkjuráð samþykkir. Skólastjóri

er Björn Steinar Sólbergsson, organisti og verkefnisstjóri kirkjutónlistar er Margrét Bóasdóttir, söngkona.

Kirkjuráð skipaði kirkjutónlistarráð árið 2014 sjá lista yfir nefndir í Árbók.

## **Strandarkirkja í Selvogi**

Kirkjuráð hefur forræði yfir málefnum Strandarkirkju en Strandarkirkjunefnd er skipuð af kirkjuráði og hefur umsjón með rekstri kirkjunnar fyrir hönd kirkjuráðs.

## **Nefndir sem kirkjuráð skipar**

Nefndir kirkjuráðs voru skipaðar á kirkjuráðsfundi þann 9. júní 2015 en kirkjuráð skal skipa í hverja nefnd þrjá aðalmenn og þrjá til vara, til fjögurra ára í senn frá og með 1. júlí árið eftir kirkjupingskjör og jafnframt ákveða hver er formaður nefndar og varamaður hans, nema lög eða starfsreglur mæli á annan veg, sbr. starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000.

Kirkjuráð skipaði í eftirfarandi nefndir:

Hópslysanefnd, Fagráð um meðferð kynferðisafbrota, Strandarkirkjunefnd, einn fulltrúa í stjórn Kirkjuhússins – Skálholtsútgáfunnar, tvo fulltrúa í fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar, einn fulltrúa í Kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd, einn fulltrúa í stjórn Kirkjumiðstöðvarinnar við Vestmannsvatn, fjóra menn í stjórn Stofnunar Sigurbjörns Einarssonar. Einnig skipaði kirkjuráð Launanefnd kirkjunnar og stjórn Verndarsjóðs Skálholtsdómkirkju.

Sjá lista yfir nefndarmenn í fylgiriti með Árbók kirkjunnar

Hér hefur verið stiklað á stóru um störf kirkjuráðs. Vísað er til fundargerða kirkjuráðs á vef kirkjunnar til frekari fróðleiks og upplýsinga.

# Starfið á árinu

## *Þjónustusvið Biskupsstofu*

### *Fræðslumál*

**Elín Elísabet Jóhannsdóttir, fræðslufulltrúi á þjónustusviði**

#### **Starfsmannamál**

Í upphafi árs fékk Guðmundur Karl Brynjarsson leyfi frá störfum í Lindakirkju til að geta gengið til liðs við fræðsluvið Biskupsstofu þar sem hann hefur unnið mikið í gegnum tíðina að efni fyrir sunnudagaskólann. Fræðsluvið fékk að njóta starfa hans frá 1. febrúar til 1. júlí en þá sneri hann aftur til sinna starfa í Lindakirkju.

Hildur Björk Hörpudóttir var vígð til Reykhólaprestakalls á sama tíma og hefur því 50% starfsskyldur við Biskupsstofu. Þar sem hún hefur töluvert unnið með fræðsluviði þótti eðlilegt að hennar störf yrðu nýtt þar. Með þessu móti skapaðist svigrúm fyrir Elínu Elísabetu að stíga til hliðar í nokkra mánuði og taka sér hlé. Starfsálagið hafði lengi verið mikið og uppsafnað frí orðið töluvert. Elín fór því í leyfi 14. mars en sneri aftur til starfa 2. ágúst.

#### **Efnisveitan**

Í byrjun ársins 2015 var hafist handa við að færa efnisveitu kirkjustarfsins á nýja vefslóð og af Drupal og yfir á Word Press. Þetta hefur verið til mikilla bóta enda Drupal forritið sem efnisveitan var á orðið þreytt og gamalt og óhentugt á margan hátt. Þær Hildur Björk Hörpudóttir og Jóhanna Gísladóttir aðstoðuðu við yfirfærsluna. Ný efnisveita var því kynnt á haustnámskeiðunum 2015.

Á þessu ári gafst því tækifæri til að endurnýja notendalista efnisveitunnar og eru skráðir notendur veitunnar orðnir 531 sem er mjög sambærilegt við notendafjölda gömlu efnisveitunnar.

#### **Barnaefnið:**

Nýtt barnaefni fyrir sunnudagaskólann 2015-vors 2016 gert. Sumt var endurnýtt frá fyrri árum en einnig var nokkuð um nýbreytni. Bætt var við atriðum sem þóttu hafa virkað vel.

Um efnisgerð sáu; Elín Elísabet Jóhannsdóttir, Guðmundur Karl Brynjarsson, Þorleifur Einarsson, Guðni Már Harðarson, Edda Möller og Halla Sólveig Þorgeirsdóttir sá um að myndskreyta allt úthendi en Skálholtsútgáfa sá um að gefa það út og dreifa. Aðrar myndskreytingar voru í höndum Elínar. Sjö nýir Nebbaþættir voru gerðir. Um leið og þetta efni



leit dagsins ljós var hafist handa við að útbúa fræðsluefni fyrir 2016-17 og hafin vinna við 11 nýja þætti og að setja sögumann á Tófumyndböndin.

Fræðsluefni sunnudagaskólans bar sömu yfirskrift og árið þar á undan: Í sjöunda himni og var það heiti notað í kynningu á barnastarfi kirkjunnar.

Kynningarmálin voru venju samkvæmt í samstarfi við Skálholtsútgáfu sem sá um að safna fyrir auglýsingum í blöð og samlesnar auglýsingar á RÚV. Auk þess var myndband við lag Guðmundar Karls Brynjarssonar: Í sjöunda himi útbúið. Myndbandið fékk feykilega góða umfjöllun og mikið áhorf. Telst það met hvað varðar hve vítt auglýsingar barnastarfs kirkjunnar náðu.

## **Kirkjubrall**

Hildur Björk Hörpudóttir og Jóhanna Gísladóttir innleiddu nýjung í safnaðarstarfi og nýttu til þess haustnámskeiðin auk þess sem þær héldu víða námskeið þar sem kirkjur gátu farið af stað með svo kallað Kirkjubrall. (Messy Church).

## **Samstarf við Hjálparstarfið**

Á þessu starfsári hófumst við handa við að koma af stað litlu verkefni sem snýr að samstarfi Hjálparstarfsins og barnastarfsins. Um áramótin komu nýir baukar úr prentun. Miðað var við að hvert barn fengi tvo bauka. Annan baukinn skyldu þau nota til að safna fyrir sjálf sig af því það er gott og skynsamlegt að eiga fyrir hlutunum. Hinn baukinn myndu þau síðan nota til að safna í sjóð fyrir náungann. Með þessum baukum fylgja þau skilaboð að elska náunga sinn jafn mikið og sjálfan sig. Áframhaldandi vinna við þessa bauka var síðan fram eftir vori og miðað við að hrinda verkefninu betur af stað á haustmánuðum. Halla Sólveig Þorgeirsdóttir myndskreytti baukana.

## **Haustnámskeiðin:**

Að venju voru haustnámskeiðin haldin víða um land þar sem fræðsluefni komandi vetrar var kynnt.

Reykjavík: Langholtskirkja. Anne Kristin Aasmundtveit var þar með biblíufrásagnarnámskeið í boði norska Biblíufélagsins. Auk Reykjavíkur voru námskeið haldin á eftirtöldum stöðum:

Akureyri, Húsavík, Skálholt, Langamýri, Stykkishólmur, Íslensku söfnuðirnir á Norðurlöndunum haldið í Skálholti. Fjöldi þátttakenda var sambærilegur og verið hefur undanfarin ár.

## **Æskulýðsstarfið**

Á haustnámskeiðinu í Reykjavík var æskulýðsstarfið með námskeið í Skyndihjálp og keyrðu einnig námskeiðið Verndum þau. Einnig var haldið námskeið í markþjálfun.

Samstarfsfundir voru haldnir vegna æskulýðsdagsins og var ÆSKP fengið til þess að útbúa fræðsluefni fyrir þann dag.

## Fermingarfræðslan

Í samstarfi við Hið íslenska biblíufélag var ákveðið að útbúa myndband fyrir unglinga um Biblíuna. Var þetta eitt af verkefnum Biblíufélagsins á afmælisári þess. Oddur Bjarni Þorkelsson sá um gerð handrits og framkvæmd verksins í samstarfi við Eggert Gunnarsson sá um tæknilegu hliðina. Myndbandið hefur töluvert verið notað í fermingarfræðslunni en það var sett inn á vefinn fermingarfræðsla.is.

Aðgangur vefsins Fermingarfræðslan.is var nú keyrður annað árið í röð en aðgangurinn lokaður og bundinn við notkun á fermingarefninu *Con Dios* (Hildur Björk Hörpudóttir og Jóhanna Gísladóttir eiga veg og vanda að þeim vef.

Námskeið fyrir fermingarfræðara var haldið í Skálholti þann 22. október 2015. Rannveig Þorkelsdóttir leikkona og leiklistarkennari gróf sig ofan í kennsluleiðbeiningar *Con Dios* efnisins og útbjó verklegt námskeið þar sem fermingarfræðarar fengu að reyna á eigin skinni þær hugmyndir sem finna má í þeim. Námskeiðið var ágætlega sótt – eða um 20 manns. Var mál manna að þetta hafi verið afar þarft og ósk um að þetta verði gert aftur síðar.

Unnið var að nýjum kynningarbæklingi og kynningarmyndbandi fyrir fermingarfræðsluna en til stóð að keyra á þennan kynningarpakka í vor. Í stað þess var ný bæklingurinn sendur út í ágúst og myndbandinu dreift á samskiptamiðlum. Myndbandið má finna á Youtube undir *Mitt er valið*. Bæklingurinn verður sendur aftur út í vor 2017 í lítið breyttri mynd og myndbandið notað aftur.

Vefurinn ferming.is var uppfærður og ný bæklingurinn og myndbandið sett inn á hann.

## Verklag í viðkvæmum aðstæðum

Fyrir tveimur árum var samþykkt á kirkjuþingi að setja skuli af stað vinnu við forvarnarir gegn ofbeldi (ekki síst kynferðisofbeldi).

Á þessu ári hófst eiginleg undirbúningsvinna fyrir verkið. Vilborg Guðnadóttir, geðhjúkrunarfræðingur á BUGL og starfsmaður fagráðsins, tók saman mikið og gagnlegt efni sem hefur verið lagt til grundvallar í þeirri vinnu.

Námskeið haldið fyrir valda fulltrúa, tvo og tvo úr hverju prófastsdæmi, þann 7. október í Skálholti. Þar kynntu Vilborg Guðnadóttir og Sigurður Rafn A Levy verkferla sem nauðsynlegt er að koma í gagn við innan kirkjunnar.

Aftur var fundur 16. febrúar þar sem farið var nánar ofan í saumana á þessu efni og ákveðið hvernig unnið skuli úr því. Reiknað er með því að vinnu við þetta verkefni ljúki á vormánuðum 2017 og verði þá verkefnið formlega sett af stað í kirkjum landsins.

## Fræðslufulltrúafundur

Fræðslufulltrúafundur var haldinn í Skálhloti dagana 8 -9. október 2015. Þar komu fulltrúar úr öllum prófastsdæmunum saman og báru saman bækur sínar og deildu því hver með öðrum sem gert er í kirkjunum víða um land.

## **Kærleikspjónustusvið**

### **Ragnheiður Sverrisdóttir djákni, verkefnisstjóri**

#### **Inngangur**

Kærleikspjónustusvið er hluti af þjónustusviði Biskupsstofu. Ragnheiður Sverrisdóttir starfar í 100% stöðugildi sem verkefnisstjóri. Eins og undanfarin ár hefur starfsfólki á þjónustusviði því miður enn fækkað og í þessum rituðu orðum eru aðeins tvær á sviðinu. Augljóst er því að öll starfsemi hefur skerst mikið og verkefni okkar tveggja aukist eða þau verið lögð niður. Útvistun á verkefnum hefur ekki orðið eins mikil og vonir stóðu til enda þarf fjármagn til þess. Þjónusta við innra starf safnaðanna er því í lágmarki.

Kirkjuráð veitti kr. 500 þúsund til sviðsins fyrir 2014 og sömu upphæð fyrir 2015. 160 þúsund voru afgangs af úthluninni 2014 og veitti Kirkjuráði leyfi til að færa þær yfir á 2015. Ástæða afgangins var að sjálfsögðu sá að starfsmann vantaði á sviðið hluta ársins. Til starfspjálfunar djákna- og prestsefna voru veittar kr. 700 þúsund.

#### **Starfspjálfun djáknaefna**

Eins og undanfarin ár er starfspjálfun djáknaefna stór hluti af starfi sviðsins. Haldið var áfram að vinna eftir samningi þeim sem gerður var 25. apríl 2014 milli Biskupsstofu og Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar (GTD) Háskóla Íslands. Hann rennur út 2017. Stýrihópur hefur starfað og haldið tvo fundi. Í stýrihópnum eru fyrir hönd biskups sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir og undirrituð. Fyrir hönd GTD dr. Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor og deildarforseti og dr. Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor.

Starfspjálfunin sem fer fram á vegum kirkjunnar var í hefðbundnu fari: upphafsviðtöl, viðtal við sálfræðing og tvö við biskup, persónuleikaprófið PAI (Personality Assessment Inventory), leiðtoganámskeið, kynning á stofnunum og starfi kirkjunnar, þjálfun úti á vettvangi, kyrrðardagar og matsviðtöl. Elísabet Berta Bjarnadóttir félagsráðgjafi hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og Marteinn Steinar Jónsson sálfræðingur unnu náið með verkefnisstjórna. Þá var mikið samstarf við sr. Þorvald Víðisson sem annast starfspjálfun prestsefna auk sr. Irmu Sjafnar Óskarsdóttur. Aðstoð við skipulagningu stofnanakynningar hefur Kristín Arnadóttir fulltrúi veitt. Mikilvægur hluti af starfspjálfuninni fer fram úti á vettvangi, aðallega í söfnuðum, og vinna þar bæði prestar og djáknar við leiðsögn og þjálfun nema. Til hennar er engu fé varið en starfsmenn bæta þessari handleiðsu við störf sín. Haldinn var fundur með prestum og djáknum sem taka að sér nemendur og var hann mjög gagnlegur fyrir alla aðila.

Í vetur voru 12 djáknaefni í starfspjálfun. Þrjú djáknakandidatar luku henni með staðfestingu biskups á embættisgengi þeirra við athöfn í Dómkirkjunni 29. júní. Þeir eru: Anna Hulda Júlíusdóttir, Eydís Ösp Eypórsdóttir og Yrja Kristinsdóttir. Níu nemendur halda áfram þjálfun næsta starfsár.



Frá aðalfundi Eurodiaconia í júní í Hollandi.  
Ragnheiður Sverrisdóttir og Hulda Hrönn M. Helgadóttir boðnar velkomnar á íslensku.

## Djáknavigslur

Hrafnhildur Eypórsdóttir vígðist 20. september 2015 til djáknabjónustu í Laugarneskirkju með sérstaka áherslu á starf meðal íbúa í Hátúni 10 en þar búa margir öryrkjar og Hátúni 12 sem er á vegum Sjálfsbjargar.

Áslaug Helga Hálfvánardóttir vígðist 7. febrúar 2016 til Lindakirkju. Anna Elísabet Gestsdóttir djákni í Útskálaprestakalli fór til starfa í Noregi og sagði starfi sínu lausu. Hún er fyrsti djákninn sem fer til starfa í Noregi en margir prestar hafa farið þangað undanfarin ár eins og kunnugt er.

## Merk tímamót djáknabjónustunnar

Í febrúar 2015 voru 20 ár frá útskrift og vígslu fyrstu djáknakandidatanna sem menntaðir eru á Íslandi. Þeir héldu upp á tímamótin með því að taka þátt í guðspjónustu í kapellu Háskólans. Þá var einnig haldið málþing í samstarfi Djáknafélagsins, kærleikspjónustusviðs og Laugarneskirkju. Tílefni málþingsins var þrjúþætt. Auk þess að voru liðin 20 ár síðan fyrstu djáknakandidatarnir útskrifuðust frá Háskóla Íslands, þá voru 20 ár frá stofnun Djáknafélag Íslands. Loks var 50 ára vígsluafmæli Unnar Halldórsdóttur sem vígðist sem diakonissa til Hallgrímssafnaðar, árið 1965. Yfirskrift málþingsins var „Hrærum vatnið! Djáknabjónusta í kirkjunni“. Hún var innblásin af frásögn Jóhannesarguðspjalls (5.1-9) af því þegar Jesús læknaði sjúkan mann við Betesdauga.



Frá málþingunni „Hraerum vatnið“ sem haldið var í Laugarneskirkju á vegum Djáknafélagsins

Dagskráin var fjölbreytt og var boðið upp á fyrirlestur með umræðum, myndband með viðtölum við djákna, leikþátt, örfyrirlestra, sagnalist og helgistund. Pétur Björgvin Þorsteinsson og Ólöf I. Davíðsdóttir skrifuð einnig greinar á tru.is.

Efni málþingsins er aðgengilegir á <http://kirkjan.is/di/malthingid-hraerum-vatnid/>

## Staða djákna

Nú er 23 starfandi djáknar í misháum starfshlutföllum. Í söfnuðum starfa 11, á öldrunarstofnunum fjórir, í Karítas, hjúkrunarþjónustu einn, á heilsugæslustöð einn, á sjúkrahúsi einn, við vinaleið í skólum einn, í prófasdæmum einn, á Hátúnssvæðinu einn, hjá Biblíufélaginu einn og tveir á Biskupsstofu. Alls hafa 55 verið vígðir til djáknaþjónustu en starfa ekki sem djáknar í dag. Af þeim eru 12 komnir á eftirlaun, tveir hafa gerst prestar og fjórir eru búsettir erlendis og eru tveir af þeim starfandi sem djáknar. Alls eru 14 djáknar án djáknastöðu sem búsettir eru hér á landi. Djáknakandidatar eru fjölmargir og vilja gjarnan þjóna sem djáknar. Djáknar leita til verkefnisstjóra eftir ráðgjöf og stuðningi sem er fúslega veitt.

## Nefndir og félög

Verkefnisstjóri situr í Kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd og Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar. Þá er hann kallaður á fundi Samkirkjunefndar og skilar skýrslum til ársfundar hennar um þau erlendu tengls sem hann ber ábyrgða á og tekur þátt í alþjóðlegri bænaviku í janúar á hverju ári.

Biskupsstofa er aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands og er undirrituð aðalfulltrúi og jafnframt í framkvæmdastjórn. Varafulltrúi er Arnór Bjarki Blomsterberg en hann tók við af sr. Toshiki Toma á vordögum.

Biskupsstofa er aðili að *European Anti Poverty Network* gegnum íslensku samtökin EAPN á

Íslandi – samtökum gegn fátækt og situr verkefnisstjóri í stjórn. Samtökin leggja áherslu á að fátækt fólk tali sjálft máli sínu, séu í stjórn og taki þátt í námskeiðum Evrópusamtakanna sem heita People Experiencing Poverty (PEP). Þá var ráðstefna um viðunandi framfærslu haldin.

## Námskeið og samverur

Árlegt haustnámskeið til undirbúnings starfsfólks fyrir vetrarstarfið var að venju haldið á vegum þjónustusviðs. Undirrituð fjallaði um fátækt á Íslandi. Markmið þess var að auka vitund starfsfólks um að í starfi kirkjunnar er fátækt fólk og að kirkjan geti markvisst stutt þau með starfi sínu. Starf safnaðanna er ókeypiss og það ætti að vera keppikefli okkar að ná til efnalítilla barna og fjölskyldna. Þá eru einnig margir einir á bát og ýmsir lifa við skert lífsgæði sem söfnuðurnir gætu reynt að sinna betur. Það er markmið kærleiksþjónustunnar en til þess að ná því þarf bæði launaða starfmenn og sjálfboðaliða.

Námskeiðið „Konur eru konum bestar“ var haldið á Akureyri og einnig var þjálfunarnámskeið í Reykjavík. Það er hugsað til að þjálfar konur sem vilja halda slíkt námskeið.

Á vormisseri voru haldin tvö námskeið fyrir djákna undir yfirskriftinni „Efling djákna í starfi.“ Dagur kærleiksþjónustunnar var 30. ágúst á þrettánda sunnudegi eftir trinitatis eins og áður. Útvarpsguðsþjónusta var frá Árbæjarskirkju, Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar prédikaði, Kristín Ólafsdóttir fræðslufulltrúi kynnti Innanlandsaðstoð Hjálparstarfsins, sr. Þór Hauksson þjónaði fyrir altari og kór kirkjunnar söng undir stjórn Krisztina K. Szklenár. Þá tóku djákna og leikmenn virkna þátt í helgihaldinu.

Samvera fyrir syrgjendur var haldin í desember eins og undanfarin ár en það er samstarfsverkefni LSH, Þjóðkirkjunnar og Nýrrar dögunar. Samveran er ævilega vel sótt og að þessu sinni voru um 350 þátttakendur.

Þá var Presta- (og djákna)stefna í apríl sem verkefnisstjóri sótti.

## Símenntun

Á þessu ári var verkefnisstjóri því miður ekki í handleiðslu en sótti aftur á móti nokkur málþing m.a . guðfræðiráðstefnu með Jodi Houge og Nadia Bolz-Weber sem *Áhugafélag um Guðfræðiráðstefnur* stóð fyrir og ráðstefnu á Hólum um „Hvernig metum við hið ómetanlega?“ Þar var fjallað um menningu sem eitt af því ómetanlega í samfélagi okkar.

## Erlend samskipti

Eurodiaconia hélt aðalfund 2016 í Utrecht í Hollandi 8.-10. júní og bauð einnig upp á vettvangsferðir og fyrirlestra. Yfirskrift fundarins var gestrisni (hostility). Í Eurodiaconia eru nú 43 samtök og kirkjur í 22 löndum.

Það er ómetanlegt að geta verið í samstarfi við aðrar kirkjur og samtök til að efla eigið starf og læra af öðrum. Það stuðlar bæði að endurnýjun í starfi og veitir uppörvun. Því er miðlað með starfinu á heimavelli. Þá er uppbyggilegt að eiga samfélag í trúnni með öðrum sem eru bæði lík og ólík okkur.

## **Stofnanir og sérþjónusta kirkjunnar**

Reglulegar morgunsamverur voru haldnar með Hjalparstarfinu, Fjölskylduþjónustunni og sérþjónustuprestum sem ráðnir eru af kirkjunni (þ.e. ekki stofnunum) og djákna á Hátúnssvæðinu. Samverurnar eru ávallt gagnlegar og upplýsingum um starfið er miðlað og hugmyndir ræddar.

## **Guðsþjónustur í Kolaportinu**

Í áraraðir hefur verkefnisstjóri annast helgihald í Kolaportinu einu sinni í mánuði. Þar þjóna prestar Dómkirkjunnar og ýmir aðrir prestar og djákna. Náin kynni hafa orðið við „söfnuðinn“ en það er gjarnan sama fólkíð sem kemur aftur og aftur. Sennilega mundu fáir sem taka þátt í þessum guðsþjónustum fara í venjulega guðsþjónustu. Burðarásinn í þessu starfi er tónlistarmaðurinn Þorvaldur Halldórsson og kona hans Margrét Scheving. Það er dýrmætt að fara út á vettvang þar sem mikið af vinnu verkefnisstjóra er unnin við skrifborð.

## **Lokaorð**

Um nokkurn tíma hefur ekki verið starfandi húsmóðir á Biskupsstofu sem hefur orðið til að starfsmenn þurfa að vinna ýmis störf sem tilheyra slíkum starfsmanni. Það hefur haft mikil áhrif á vellíðan starfsmanna í húsinu.

Það er mikilvægt að efla kærleiksþjónustu safnaðanna svo kirkjan sé trúverðug og trú boðskap sínum að elska Guð og náungann. Eðlilegt framhald guðsþjónustunnar er að þjóna náunganum.

## ***Fjölskylduþjónusta kirkjunnar***

**Elísabet Berta Bjarnadóttir, forstöðumaður**

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar er til húsa í kjallara Grensáskirkju síðan í nóvember 2011. Frá fyrsta janúar 2015 hafa stöðugildin verið 2.15.

Starfsmenn þjónustunnar eru:

Benedikt Jóhannsson, sálfræðingur

Elísabet Berta Bjarnadóttir, félagsráðgjafi, forstöðumaður

Rannveig Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi

Starfsmenn gegna til skiftis stöðu forstöðumanns, tvö ár í senn.

Meginviðfangsefni Fjölskylduþjónustunnar eru viðtalsþjónusta og handleiðsla.

Fræðsla fyrirlestrar og kynningarstörf eru hluti af vinnu starfsmanna.

Árið 2016 stefnir í að 200 fjölskyldur leiti til okkar, þegar þetta er skrifað í lok október hafa þegar leitað jafnmargir og allt árið í fyrra.



## Hvers vegna leitar fólk helst?

Algengast er að fólk óski eftir að bæta sambúð sína, vegna samskiptavanda. Erfiðleikar við að tala saman vega oft mest og neikvæð þróun með samstarfið í sambandinu, hjónabandinu.

Utanaðkomandi vandi, svo sem fjárhagserfiðleikar, atvinnumissir og veikindi hafa oft mikill áhrif á stöðnun og niðurbrot í sambandinu.

Skilnaður í uppsiglingu er einnig ein algengasta orsök þess að hjón og sambýlingar leita til okkar. Margir hætta við sambúðarslit í viðtalsferlinu, þegar þeim tekst betur að átta sig á ágreining sínum, hvað orsakar hann og hvað hver um sig ber með sér og þarf að lagfæra í eigin fari og hvað eru utanaðkomandi orsakavaldar svo sem veikindi barna erfiðar fæðingar, atvinnumissir eða geðrænir erfiðleikar hjá öðrum aðilanum svo nokkuð sé nefnt.

Uppeldisráðgjöf vegna erfiðra samskipta við börn, unglinga og stjúpbörn er stór þáttur í hjóna og paraviðtölunum. Einnig umgengnissamningar og samskiptafyrirkomulag eftir skilnaði. Æ algengara er að fólk leiti ráða við að tengjast betur í nýrri sambúð eftir tvo til þrjá skilnaði.

Sáttamiðlun er því stór þáttur í starfsemi Fjölskylduþjónustunnar og hafa allir strfsmenn hennar hlotið mikla þjálfun í henni eins og flestum viðtalsmeðferðum.

Missir, sorg, framhjáald og drykkja eru algeng viðtalsefni.

Handleiðsla djákna og presta er annar hornsteinn Fjölskylduþjónustunnar. Átta handleiðsluhópar voru starfræktir 2015 til 2016.

Í ársbyrjun 2017 fara í gang tveir nýir handleiðsluhópar presta og einn fyrir djákna. Einnig hefur verið veitt handleiðsla til einstakra starfsmanna Hjálparstarfs kirkjunnar og nú í nóvember byrjar handleiðsla fyrir leiðbeinendur og hópstjóra hjá Sorgarsamtökunum.

Kynningar á starfseminni, fyrirlestrar og fræðsla eru á dagskrá eftir því sem svigrúm leyfir.

Allir starfsmenn hafa sótt norrænu kirkjulegu handleiðsluþingin, frá árinu 2000.

Nú sumarið 2016 fóru allir þeir starfsmenn saman á norræna kirkjulega handleiðarapingið í Kaupmannahöfn. Þetta er starfsmönnum mikil lyftistöng og næring til að standa betur að þeim fjölbreyttu málum sem prestar og djáknar hafa þörf fyrir að skoða með kollegum og handleiðara. Handleiðsluferlið skapar einnig sjálfstyrkingu, trúnað og öryggi í starfi, hvetur til aukinnar símenntunar og skapar kollegafélagsnet.



# Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga

Sr. María Ágústsdóttir, formaður

## Starfið

Starfsár SKT er frá september til maí og eru formlegir fundir að jafnaði mánaðarlega. Fundað er í húsnæði aðildarfélaga til skiptis. Yfir sumartímenn eru einnig samskipti á milli nefndarfólks eftir þörfum. Þá hefur nefndin átt aðild að samkirkjulegri bænastund fyrir Íslandi á 17. júní en slík stund hefur verið haldin í Hallgrímskirkju (3 skipti) og Dómkirkjunni (1 skipti) nánast árlega frá 2010 sem hluti af auglýstri dagskrá þjóðhátíðardagsins. Á 17. júní 2015 var bænastundin í umsjá presta Hallgrímskirkju án aðkomu nefndarinnar. Skipulögð hefur verið bænastund í Landakotskirkju á 17. júní 2016 kl. 15 í samstarfi við samkirkjulega bænahópinn sem kemur saman í Friðrikskapelli vikulega til að biðja fyrir landi og þjóð (í hádeginu á miðvikudögum allan ársins hring frá ágúst 2008). Meðal þátttakenda á bænastundinni í Landakotskirkju eru biskuparnir frú Agnes M. Sigurðardóttir og herra Dávid B. Tencer.

## Bænavika 2016

Bænavikan í janúar (18.-25. janúar) er mikilvægasta verkefni SKT og hefur verið haldin frá því að þjóðkirkjan með prestastefnu í fararbroddi hafði frumkvæði að því að stofnað var til nefndarinnar árið 1979. Bænavikan 2016 var með svipuðu sniði og fyrri ár og hófst með útvarpsguðsþjónustu frá Dómkirkjunni í Reykjavík þann 17. janúar þar sem Ólafur H. Knútsson, prestur Íslensku Kristskirkjunnar prédikaði. Guðsþjónustuform fyrir árið 2016 þýddi sr. Hjalti Þorkelsson, sóknarprestur St. Péturskirkju á Akureyri ásamt fleirum úr hópi aðstandenda bænavikunnar nyrðra, en sr. Guðmundur Guðmundsson, héraðsprestur, hefur um árabil haldið utan um þann undirbúning. Alls 10 viðburðir voru auglýstir syðra: guðsþjónustur, bænastundir og samkomur á sjö stöðum, blessun hafsins í Nauthólsvík, málfundur og helgiganga. Sú nýjung var tekin upp að lestrar, bænir og íhugunarefni daganna átta (í þýðingu Þorkels Arnar Ólasonar) voru fluttir daglega á útvarpsstöðinni Lindinni en það voru kirkjur í Lettlandi sem stóðu að efnisgerðinni.

Geta má sérstaklega um málþing sem haldið var í Íslensku Kristskirkjunni þriðjudagskvöldið 19. janúar 2016 um möguleika á samstarfi í kærleiksþjónustu og hjálparstarfi. María Ágústsdóttir, doktorsnemi, flutti erindi og einnig töluðu Þórir Guðmundsson frá Rauða krossinum, sr. Toshiki Toma, sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir, Bjarni Gíslason frá Hjálparstarfi kirkjunnar og fleiri. Fundarstjóri var Sigríður Schram, kennari. Um þrjátíu manns sóttu málþingið og var gerður góður rómur að þessu frumkvæði og nefndarfólk í SKT hvatt til að halda umræðunni áfram með sameiginleg verkefni í huga (sjá hér að neðan).

Í helgigöngu á laugardeginum 23. janúar 2016 var haldin bænastund á lögreglustöðinni við Hverfisgötu þar sem aðstaðan á Hlemmi var ekki aðgengileg. Sr. Gunnþór Ingason hafði veg og vanda af þeim viðburði eins og undanfarin ár. Ræðumaður í Filadelfíu á lokakvöldinu 2016 var nývígður Reykjavíkurbiskup Rómversk-kaþólsku kirkjunnar, herra Dávid B. Tencer. Þess má geta að undirrituð, formaður SKT, sótti biskupsvígsluna í Dómkirkju Krists konungs, Landakoti, þann 31. október 2015 sem fulltrúi nefndarinnar.



Bænastrand á lögreglustöðinni


## Útvarpsguðsþjónustur

Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga hefur umsjón með nokkrum útvarpsguðsþjónustum árlega. Auk guðsþjónustunnar í upphafi bænavíku hefur lengi verið hefð fyrir því að útvarpa samkirkjulegri guðsþjónustu á skírdag kl. 11. Undanfarin ár hefur landsnefnd um Alþjóðabænadag kvenna annast þá guðsþjónustu, ýmist með upptöku af bænadagssamkomunni (sem er ávallt fyrsta föstudag í mars, að þessu sinni þann 4. mars 2016 í Fríkirkjunni í Reykjavík) eða með endurflutningi efnisins í beinni útsendingu. Á skírdag 2016, þann 24. mars, var útvarpað samkirkjulegri guðsþjónustu með efni bænadags kvenna frá Seltjarnneskirkju í samvinnu SKT, landsnefndar um bænadag kvenna og heimafólks. Aðrar guðsþjónustur eru sendar út frá kirkjunum beint, s.s. Aðventkirkjunni á annan páskadag og Filadelfíu á annan hvítasunnudag. Kapólska kirkjan hefur iðulega annast útvarpsguðsþjónustu á sunnudegi milli jóla og nýárs og var svo í lok árs 2015.

## Fyrirspurnir og umfjallanir um frumvörp og annað

Á fundi SKT í desember var formanni falið að senda fyrirspurn til innanríkisráðherra, Ólafar Nordal, vegna skyndilegrar fjölgunar í trúfélaginu Zuism. Snérist fyrirspurnin um „lögmæti þess að nota skráð trúfélag í að því er virðist öðrum tilgangi en lög gera ráð fyrir, sbr. lög um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög nr. 108/1999 með breytingum frá 2013, sjá einkum 3. grein þar sem skilyrðum fyrir skráningu trúfélags eða lífsskoðunarfélags er lýst. Nú er um að ræða félag sem þegar var skráð en virðist notað í öðrum tilgangi en til var stofnað,“ segir í bréfinu sem er dagsett 22. desember 2015. Svar barst um miðjan febrúar frá Sýslumanninum á Norðurlandi eystra sem annast skráningu á og fer með eftirlit með trúfélögum og lífsskoðunarfélögum en Innanríkisráðuneytið framsendi fyrirspurnina þangað. Í bréfinu er bent á að eigi síðar en fyrir lok mars ár hvert beri skráðum trúfélögum að skila skýrslu um m.a. starfsemi félagsins, ráðstöfun fjármuna og breytinga á þeim atriðum sem varða skráningu. Slík skýrsla hafi ekki borist sýslumanni frá trúfélaginu Zuism enda ber ekki að skila henni fyrr en í marsmánuði. Ítrekað er að embættið sinni sínu eftirlitshlutverki „og starfsemi hvers félags mun verða könnuð sérstaklega ef tilefni þykir og tekin ákvörðun um lögmæti einstakra ákvarðana hvers félags,“ segir orðrétt.

Þá sendi formaður inn athugasemd við frumvarp um smásölu áfengis fyrir hönd



Listaverk á samkirkjulegu seminari í Mennonítakirkjunni í Hamburg; táknrænt um samhengi sögunnar, vinnuframlag kvenna og hvernig við erum háð hvert öðru.

nefndarinnar þar sem m.a. kom fram að Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga hafi samþykkt að taka skýra afstöðu gegn frumvarpinu með heill fjölskyldunnar að leiðarljósi: „Telur nefndin að aukið aðgengi að áfengi geti til dæmis stuðlað að því að þeim árangri sem náðst hefur í baráttu gegn unglindrykkju á undanförunum árum sé stefnt í hættu. Þá hljóti réttur barna til öruggs uppvaxtar að vega þyngra en réttur fullorðinna til að nálgast áfengi með auðveldari hætti,“ segir í athugasemdum nefndarinnar. Umræða varð einnig um frumvarp til afnáms lögum um helgidagafrið í ljósi ályktana prestastefnu og kirkjupings þjóðkirkjunnar og um fyrirhugaðar breytingar á föstureyðingarlöggjöf.

Margt annað hefur verið fjallað um á fundum nefndarinnar í vetur. Má þar nefna kristna trú og skólustarf. Voru fulltrúar í nefndinni hvattir til að biðja foreldra úr söfnuðunum um að skrifa blaðagreinir til að vekja athygli á mikilvægi fræðslu um kristna trú og jákvæðra samskipta kristinna trúfélaga við skólana. Vakin var athygli á samkirkjulegum áherslum í minningu 500 ára afmælis siðbótarinnar á næsta ári, en víða um heim eru lútherskar kirkjur í samstarfi við aðrar kirkjur til að undirbúa hátíðarhöld af ýmsu tagi.

## Samstarf við Hjálparstarf kirkjunnar

Í kjölfar málþings í janúar 2016 um hjálparstarf ákvað Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi að leita eftir samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar. Viljayfirlýsing var undirrituð þann 7. júní 2016 þar sem fram kemur að samstarfið miði að því „að stuðla að því að börnum af erlendum uppruna líði vel og þau séu virkir þátttakendur með jafnöldrum sínum í leik og starfi. Markmiðið er að koma í veg fyrir félagslega einangrun barna af erlendum uppruna og styrkja þau til þátttöku í sumarbúðum, námskeiðum (t.d. íþróttum, tónlist, reiðnámskeið) og einnig að þau geti fengið stuðning vegna kaupa á reiðhjólum, hlaupahjólum, línuskautum eða öðrum



Frá bænadegi kvenna

Zolotuskiy er fulltrúi Rússnesku Rétttrúnaðarkirkjunnar og hjónin Hjördís Kristinsdóttir og Ingvi Skjaldarson fyrir Hjálpræðisherinn.

Öllu þessu góða fólki sem og öðrum þeim sem starfað hafa með nefndinni á undanförunum árum og áratugum eru færðar einlægar þakkir fyrir gefandi samstarf.

táknræn um samhengi sögunnar, vinnuframlag kvenna og hvernig við erum háð hvert öðru.

slíkum búnaði sem gerir þeim kleift að taka þátt í leik með félögum sem hafa yfir slíku að ráða.“ Félagssráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar halda utan um framkvæmdina og kirkjunnar sem eiga fulltrúa í SKT lýsa yfir vilja til að hvetja sitt fólk til þátttöku og að gefa til verkefnisins. Viljayfirlýsinguna undirrituðu Bjarni Gíslason fyrir hönd Hjálparstarfs kirkjunnar og Eric Guðmundsson og María Ágústsdóttir fyrir hönd SKT.

### Fulltrúar 2015-2016

Auk formanns er Sveinn Valgeirsson fulltrúi þjóðkirkjunnar. Helgi Guðnason sækir fundi fyrir hönd Filadelfíu og Ólafur H. Knútsson frá Íslensku Kristskirkjunni. Sr. Pétur Þorsteinsson kom inn sem fulltrúi Óháða safnaðarins í september 2015. Þá lét Högni Valsson af störfum sem forstöðumaður Vegarins og var kvaddur á desemberfundi 2015 og hefur Vegurinn sýnt áhuga á að vera með áfram. Eric Guðmundsson, fulltrúi Aðventista er varaformaður nefndarinnar, Jakob Rolland er fulltrúi Rómversk-kaþólsku kirkjunnar og Magnús Gunnarsson fulltrúi Betaníu. Timur

# Stofnanir, nefndir, ráð og félög

## Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar

Sr. Magnús Björn Björnsson, formaður

Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar hefur það hlutverk að styðja og efla kirkjulegt starf með eldri borgurum í þjóðkirkjunni um allt land, í söfnuðum, prófastsdæmum eða á þeim stöðum þar sem skipuleg þjónusta er veitt öldruðum af kirkjulegum aðilum. Hún hefur náið samstarf við fræðslu- og kærleikþjónustusvið kirkjunnar og Eldri borgararáð Reykjavíkurprófastsdæma. Ellimálanefnd er skipuð af Kirkjuráði. Hún er þannig skipuð í dag: sr. Magnús Björn Björnsson, formaður. Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni, varaformaður. Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni, ritari. Meðstjórnendur: Stefanía Baldursdóttir og sr. Auður Inga Einarisdóttir.

Störf nefndarinnar má rekja allt til ársins 1979 er herra Sigurbjörn Einarsson skipaði nefnd sem nefndist: „Samtals hópur um málefni aldraðra.“ Árið 1982 gerði herra Pétur Sigurgeirsson þá tillögu að uppstigningardagur yrði gerður að degi aldraðra í kirkjunni. Sér nefndin um útvarpsguðsþjónustu á þeim degi. S.l. uppstigningardag, 5. maí 2016, var útvarpsguðsþjónusta í Hjallakirkju. Þar prédikaði sr. Valgeir Ástráðsson, pastor emeritus. Sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, prestur í Hjallakirkju, þjónaði fyrir altari. Söngvinir, kór eldri borgara í Kópavogi, söng undir stjórn Bjarts Loga Guðnasonar organista.



Frá útvarpsguðsþjónustu á uppstigningardegi. Talið frá vinstri: sr. Valgeir Ástráðsson, sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, Bjartur Logi Guðnason, organisti





Söngvinir, kór félags eldri borgara í Kópavogi, söng í messunni á uppstigningardag. Kórinn syngur oft við messur í Digraneskirkju og heldur tónleika þar.

Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar stóð fyrir könnun meðal sóknarpresta um eldri borgara starf í söfnuðunum og þjónustu við hjúkrunarheimili. Er skemmst frá því að segja að 50 prestar af 85 eða 58,8% svöruðu könnuninni, sem var gerð í maí og júní 2015.

Í 61% safnaða er starf fyrir eldri borgara (23 svarendur). Aðeins var spurt um hve oft og hve margir að mealtali tækju þátt í starfinu og hverjir stjórnðu því. Afar mismunandi svör bárust. Gefa þau til kynna að sumir söfnuðir eru með reglulegt starf 2-4 sinnum í mánuði, en aðrir sjaldnar. Þátttakan er einnig mjög dreifð ef heildin er skoðuð og því vart hægt að bera saman söfnuði. Þó má segja að jafn margir söfnuðir eru með færri en 30 þátttakendur og þeir sem eru með fleiri, því meðaltalið er frá færri en 10 og upp í 70-80. Tveir söfnuðir hafa starf einu sinni í mánuði og voru þeir einnig með bestu þátttökuna. Oftast er stjórn starfsins í höndum sóknarpresta (17), en einnig koma sjálfboðaliðar (12), prestar (11), organistar (10), djáknar (8) og launaðir starfsmenn (5) að stjórnun starfsins.

Spurt var hvort hjúkrunarheimili væri á samstarfssvæði safnaðanna. Því svöruðu 40 játandi eða 85%. Í ljós kemur að flestir, 90%, veita þjónustu á þeim. Nú er það vitað að fleiri en eitt hjúkrunarheimili er á sumum samstarfssvæðum og því geta svörin verið misvísandi. Því er rétt að gera aðra könnun, sem fer dýpra í þjónustu kirkjunnar við hjúkrunarheimili.

Ellimálanefnd þakkar öllum þeim er tóku þátt í könnuninni.

Ellimálanefnd heldur utan um efni fyrir kirkjulegt starf með eldri borgurum á efnisveitu kirkjunnar. Hún heldur einnig úti vefsíðunni [www.gamlinoi.is](http://www.gamlinoi.is), en hún var opnuð árið 2000.

Á s.l. ári vann Ellimálanefnd að útgáfu bæklingins: Val mitt við lífslok. Frumkvæði að honum hafði Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni. Starfsfólk safnaðanna hefur fundið að þörf er á að styðja

fólk við að ákveða hvernig það óskar eftir að hafa útför sína og því sem tengist lífslokum. Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar hefur unnið þessa skrá og leiðbeiningar sem vonandi nýtast mörgum, bæði yngri og eldri. Tilgangur útgáfunnar er að opna umræðu um dauðann og gefa tækifæri til að koma á framfæri við ástvini sína vilja sínum varðandi lífslok. Mörgum veitist erfitt að hefja umræðu um dauðann við sína nánustu. Skráin er kjörin leið til að opna samtal um þessi viðkvæmu mál. Oft þarf að taka erfiðar ákvarðanir þegar horft er fram á alvarleg veikindi, andlát og útför. Það er réttur hvers einstaklings að vera með í ráðum varðandi sín eigin lífslok, sé þess kostur. Bæklingurinn er útgefninn í samvinnu við kærleikspjónustusvið Biskupsstofu og verður fánlegur innan tíðar og aðgengilegur á heimasíðu kirkjunnar.

## ***Fagráð um meðferð kynferðisbrota***

**Sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir, formaður**

Nýtt fagráð tók til starfa á haustmánuðum 2015. Fljótlega eftir að nýtt fagráð tók til starfa barst því erindi vegna heimilisofbeldis sem átti sér stað fyrir allmörgum áratugum inni á heimil starfsmanns kirkjunnar. Óskað var eftir viðukenningu kirkjunnar á því sem átti sér stað og vann fagráð og biskup saman að þessu máli sem lokið var með sátt á sumarmánuðum 2016.

Fagráð fundar reglulega og hefur formaður átt fundi með biskupi til upplýsa um stöðu mála. Tvö mál hafa komið til fagráðs þar sem óskað var eftir ráðgjöf og snéru bæði málin að innbyrðis samskiptum unglinga í unglingastarfi kirkjunnar.

Unnið er að nýjum verklagsreglum innan kirkjunnar sem kynntar verða á kirkjuþingi. Verklagsreglur þessar hafa fengið heitið „Verklag í viðkvæmum aðstæðum“ og snúa þær fyrst og fremst að því að kirkjan sé öruggur staður fyrir alla, bæði þau sem þangað sækja og fyrir þau sem þar starfa. Með formanni í því verkefni starfar ötullega Elín Elísabet Jóhannsdóttir.

# Hjálparstarf kirkjunnar

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri

## Skipulag, stjórn, starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar starfar eftir skipulagsskrá undir stjórn fulltrúaráðs; níu fulltrúa prófasts-dæma, fimm fulltrúa kirkjuráðs og breytilegs fjölda fulltrúa prestakalla. Á þessu starfsári voru 60 í fulltrúaráði. Skal formaður framkvæmdastjórnar vera úr þeim hópi sem kirkjuráð kýs. Ráðið fundar tvisvar á ári, á aðalfundi að hausti og fulltrúaráðsfundi að vori. Ráðið kýs framkvæmdastjórn sem nú skipa:

Ingibjörg Pálmadóttir formaður, Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur og Páll Kr. Pálsson hagverkfræðingur. Varamenn: Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri, Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur.

Stjórnin fundar u.þ.b. einu sinni í mánuði. Starfsfólk er: Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri, Áslaug Arndal sem sér um skrifstofuhald og fósturbörn, Kristín Ólafsdóttir fræðslu- og upplýsingafulltrúi, Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsaðstoðar, Sædis Arnardóttir félagsráðgjafi í 60% starfi. Atli Geir Hafliðason hefur umsjón með fatalager, sölu Friðarljósa o.fl.

Hlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar er samkvæmt skipulagsskrá að hafa forgöngu um og samhæfa hjálparstarf á vegum kirknanna í landinu, heima og erlendis. Í því felst fjáröflun, stuðningur við verkefni erlendis, framkvæmd innanlandsaðstoðar, talsmannshlutverk og fræðslustarf. Starfsár stofnunarinnar er 1. júlí til 30. júní. Um rekstrartölur vísast í reikninga sem liggja fyrir í september.

## Starfið á Ísland

Að rjúfa vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar og hjálpa fólki til sjálfshjálpar er markmið starfsins. Margir sjálfboðaliðar leggja starfinu lið í hverri viku. Þeir vinna að flokkun og greiningu gagna og sinna flokkun og úthlutun fatnaðar o.fl.

Í samvinnu við presta, djákna, félags- og námsráðgjafa um land allt er veitt efnisleg aðstoð. Aðstoðin felst fyrst og fremst í því að fólk fær inneignarkort í matvöruverslanir. Á höfuðborgarsvæðinu eru inneignarkortin að mestu einskorðuð við barnafjölskyldur og er einstaklingum vísað á önnur samtök sem bjóða mataraðstoð. Á þeim stöðum sem öðrum hjálparsamtökum er ekki til að dreifa fá allir inneignarkort. Auk inneignarkorta var tekjulágu fólki veitt fjárhagsaðstoð vegna lyfjakostnaðar og við kaup á gleraugum sem og vegna skólagöngu, tónlistarnáms og frístunda barna og ungmenna. Litið er á inneignarkortin sem skammtímastuðning enda ekki á ábyrgð stofnunarinnar að tryggja framfærslu.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins veittu ráðgjöf og vísuðu fólki á úrræði í samfélaginu. Fjármálaráðgjöf var í boði alla föstudaga og sálusorgun og sáttamiðlun hefur verið í boði á mánudögum og fimmtudögum. Sjálfboðaliðar unnu ötullega við fataúthlutun á þriðjudögum og tóku fatnað upp úr pokum, flokkuðu og settu í hillur á fimmtudögum.





Vetrarfrí ungmenna að Úlfjótstvatni

## Námskeið

Sérstakt markmið Hjálparstarfsins er að stuðla að bættri sjálfsmynd skjólstæðinga og efla þá til þátttöku í samfélaginu. Í vetur var námskeiðið *Heilsueflandi samvera* í samstarfi við Hjálpræðisherinn. Það var ætlað konum utan vinnumarkaðar. Markmiðið er að efla andlega, líkamlega og félagslega heilsu þátttakendanna. Matreiðsla, sjálfstyrking, fönður og líkamleg hreyfing voru hluti af námskeiðinu. Í byrjun árs tóku 11 konur þátt í fjögurra vikna (1x í viku) sjálfstyrkingarnámskeiði *Konur eru konum bestar* sem félagsráðgjafi Hjálparstarfsins sá um. Í vetrarfríi grunnskóla í Reykjavík, helgina 26.-28. febrúar, fóru 15 ungmenni á aldrinum 11-15 ára á Úlfjótstvatn á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins í Reykjavík. Markmiðið var að eiga skemmtilegt og viðburðarríkt vetrarfrí í fallegu umhverfi. Skátarnir sáu um fjölbreytta og skemmtilega dagskrá. Hópurinn var fljótur að kynna innbyrðis og voru það glöð og sátt börn sem snéru heim til foreldra sinna eftir helgina.

## Fólk sem hefur upplifað fátækt talar fyrir sig sjálft

EAPN er evrópskur samræðuvettvangur fyrir fólk sem býr við fátækt. Félagsráðgjafar og skjólstæðingar Hjálparstarfsins taka þátt í störfum Íslandsdeildar EAPN. Hópurinn PEP á Íslandi (People Experiencing Poverty) sem var stofnaður í tengslum við EAPN á Íslandi, stóð fyrir ráðstefnu 22. janúar um notendasamráð. Þar tóku til máls meðal annarra Eygló Harðardóttir félags- og húsnæðismálaráðherra og fjórir úr PEP hópnum. Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins taka virkan þátt í starfi Velferðarvaktar velferðarráðuneytisins, í nefnd um breytingar á lögum um almennatryggingar og samráðshópi um málefni utangarðsfólks.

## Jólaaðstoð

Alls nutu 1453 fjölskyldur (um 3900 manns) um land allt aðstoðar fyrir síðustu jól eða tveimur fjölskyldum færri en fyrir jól 2014. Gott samstarf um jólaaðstoð var milli Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálparæðishersins, Mæðrastyrksnefndar og Rauða krossins á Eyjafarðarsvæðinu og í Árnessýslu. Af umsækjendum af öllu landinu voru 81% konur, 55% einstæðir foreldrar, 44% á örorkubótum, 16% voru á framfærslu sveitarfélaga og 15% voru í vinnu. Í desember og janúar síðastliðnum fengu 584 einstaklingar til viðbótar notaðan fatnað hjá Hjálparstarfinu og stuðning vegna lyfjakaupa.

## Fræðslu- og kynningarmál

Fréttablað Hjálparstarfsins Margt smátt... kom út í október 2015 og var tileinkað stöðu flóttafólks. Blaðið kom út sem fylgiblað með Fréttablaðinu í lok nóvember og fór á heimili landsmanna í upphafi jólasöfnunar með áherslu á vatnsverkefni Hjálparstarfsins. Farið var í fjölda heimsóknna m.a. í eldri borgarastarf, í leik-, grunn-, framhalds- og háskóla. Heimasíða Hjálparstarfsins er [help.is](http://help.is) og einnig er síða á Facebook.

## Breytendur

Breytendur, Changemaker á Íslandi, er ungliðahreyfing sem hefur það að markmiði að gera heiminn að sanngjarnari og réttlátari stað með jákvæðum aðgerðum. Hreyfingin er stofnuð að norski fyrirmynd og starfar undir verndarvæng Hjálparstarfs kirkjunnar. Hreyfingin hefur beitt sér í náttúrvernd m.a. með því að skipuleggja með öðrum viðburð á Arctic Circle ráðstefnunni í Hörpu í október 2015 þar sem lögð var áhersla á að ekki væri hægt að tala um málefni norðurlóða án þess að taka með í umræðuna loftslagsbreytingar af mannavöldum. Fyrir jól seldu Breytendur Friðarljós og gjafabréf á Laugaveginum með góðum árangri. Heimasíða Breytenda (et. Breytönd) er [www.changemaker.is](http://www.changemaker.is) og þau halda einnig úti Facebooksíðu.

## Samstarf við félög og stofnanir

Hjálparstarfið hefur á árinu unnið áfram á samstarfsvettvangi mannúðarsamtaka í þróunar-samvinnu.

Hjálparstarfið er aðili að Almannaheillum sem er samstarfsvettvangur félaga og sjálfs-eignarstofnana sem vinna að almannaheillum á Íslandi. Hjálparstarfið fundar árlega með hjálparstofnunum kirkna á Norðurlöndum.

## Safnanir og fjáröflun

### *Söfnun fermingarbarna*

Fermingarbörn um allt land gengu í hús dagana 2.-6. nóvember 2015 með bauk Hjálparstarfs kirkjunnar. Þátttaka í söfnuninni var mjög góð en 61 prestakall var með nú. Söfnunin gekk mjög vel og söfnuðust rétt um 8 milljónir króna til vatnsverkefna Hjálpartarfsins. Fengu fermingarbörnin að sjá nýtt fræðslumyndband sem fjallaði um vatnsverkefnið í Eþíópíu.

Prestar, annað starfsfólk kirkna, foreldrar og börnin lögðu á sig mikla vinnu í tengslum við söfnunina og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir!

### **Jólasöfnun**

Í jólasöfnuninni 2015 var safnað fyrir vatnsverkefni Hjálparstarfsins í Eþíópíu og Úganda. Heildarsöfnunarfé til verkefna erlendis og innanlandsaðstoðar í desember og janúar að gjafabréfum meðtöldum var 61 milljón króna þar af voru 28.5 milljónir eyrnamerkta innanlandsaðstoð. Söfnuðir, einstaklingar, fyrirtæki og samtök standa að baki þessum gjöfum.

### **Páskasöfnun**

Í Páskasöfnun 2016 var safnað fyrir vatnsverkefni Hjálparstarfsins í Eþíópíu og ennig fyrir neyðaraðstoð vegna mikilla þurrka í landinu. Þegar þetta er skrifað höfðu safnast rúmlega 8 milljónir króna.

### **Framlag.is og gjofsemgefur.is**

Vefsíðan framlag.is auðveldar fólki að styrkja verkefni Hjálparstarfsins heima og að heiman. Gjafabréfasíðan gjofsemgefur.is er mjög vinsæl en mismunandi gjafabréf eru í boði til stuðnings verkefnum á Íslandi, Indlandi og í Afríku. Verð eru frá 1.600 upp í 180.000 krónur. Geiturnar eru vinsælastar, en hænur og hlutdeild í brunni er einnig mjög vinsælt.

## **Verkefni í þróunarsamvinnu**

### **Úganda**

Markhópur Hjálparstarfsins er fyrst og fremst börn sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi og búa ein sem og HIVsmitaðir einstæðir foreldrar og ömmur sem hafa börn á framfæri og búa við sára fátækt. Þar sem Utanríkisráðuneytið sá sér ekki fært að styðja við þetta verkefni árið 2015 dróg mjög úr umfangi en á þessu starfsári verða reist þrjú hús, með vatnstönkum, eldaskálum og kömrum. Verkefnið er unnið í samstarfi við Lúterska heimssambandið, LWF, og staðbundin samtök, RACOBABO. Áhersla er lögð á að bæta lífsskilyrði fólksins með því að reisa íbúðarhús með grunnhúsbúnaði, eldaskála með hlóðum sem spara eldsneyti og helstu áhöldum. Reistir eru kamrar og fólkið frætt um samband hreinlætis og smithættu og hvernig bæta má hreinlætisaðstöðu. Aðgangur að hreinu vatni er aukinn til muna með því að koma upp rigningarvatnssöfnunartönkum við hlið íbúðarhúsanna. Fólkið fær svo geitur og hænur til að auka fæðuval og möguleika á tekjuöflun. Fjárhagsáætlun er tæpar 3 milljónir króna, en vonast er eftir stuðning Utanríkisráðuneytisins fyrir næsta ár og að þá geti umfangið aftur aukist.

### **Eþíópía**

Á árinu 2015 náði verkefni Hjálparstarfsins í harðbýlu Sómalífylki í Austur-Eþíópíu til 34.710 sjálfsþurftarbænda (47% eru konur). Samstarfsaðilar eru Lúterska heimssambandið. Markmið númer eitt er að bæta aðgang að hreinu vatni og auka fæðuval og -öryggi fólksins. Markmið númer tvö er að efla völd og auka ákvörðunarrétt kvenna yfir efnahagslegu öryggi sínu. Árið 2015 voru þrjár vatnsþrær grafnar en úr þeim fá 2.640 manns og 4.500 skepnur vatn. Þrjár handgrafnir brunnar voru byggðir, gert við fjóra gamla brunna sem þýðir hreint drykkjarvatn



Í Eþióþíu eru grafnar vatnsþræer sem safna rigningarvatni

fyrir 8.900 manns og 7.500 skepnur. Átta kamrar voru reistir sem 190 manns nota nú. Þá hafa 240 manns fengið fræðslu um góða stjórnun vatnsbóla. 312 karlar og 88 konur fengu þjálfun í vinnuaðferðum í landbúnaði. 39 karlar og 11 konur fengu fimm daga þjálfun í maísræktun með nútímalegum aðferðum. Maísræjum til ræktunar var dreift til 320 bænda. Baunafræjum var dreift til 350 bænda og margs konar grænmetisfræjum til ræktunar var dreift til 86 bænda. 40 bændur fengu nýja endurbætta plóga. 80 fengu þjálfun í moltugerð. Unnið var með bændum að því að fyrirbyggja sjúkdóma í dýrum og lækna þau sem voru haldin sjúkdómi. Lyf og áhöld voru útveguð til að bólusetja eða meðhöndla 128.983 dýr. Átta dýrasjúkraliðar fengu viðbótarnámskeið í sjúkdómum dýra. 50 bændur fengu þjálfun í heyverkun og grasfræjum var dreift til að bæta dýrafóður. 20 einstæðar mæður fengu nautgripi sem þær greiða fyrir þegar afurðir fást. 160 einstæðar mæður fengu tvær hænur og einn hana hver. 250 bændur fengu þjálfun í umhverfisvernd. Til að hvetja til hunangsframleiðslu var haldið 3ja daga námskeið sem 30 bændur tóku þátt í og fengu að loknu námskeiðinu ýmis tæki og tól sem heyra til slíkrar starfsemi. Unnið var að náttúrvernd með því að koma á hópastarfi um góða stjórnun auðlinda. 32.000 græðlingum frá ræktunarstöðvum var dreift til bænda. Sjö sparnaðar- og lánaþópum kvenna var komið á laggirnar fyrir 140 konur. Þær fengu fræðslu um lánamöguleika og hvernig staðið væri að endurgreiðslu lána sem þeim stóð til boða að taka til að hefja eigin atvinnurekstur. 140 konur fengu lán úr sjóði sem endurnýjast þegar konurnar greiða til baka. Lánsupphæðin er um 22.000 krónur á hverja konu. Þriggja daga vinnustofa var haldin fyrir 44 skoðanaleiðtoga um leiðir til að afnema skaðlegar venjur eins og limlestingar á kynfærum kvenna og að gefa stúlkur barnungar í hjónaband. Fjárhagsáætlun síðasta árs var 42 milljónir króna, þar af leggur Utanríkisráðuneytið fram 75% af kostnaði.





Frá flottamannabúðum í Mafrag í Jórdaníu. Mynd Paul Jeffrey

### **Indland**

Hjálparstarf kirkjunnar og 300 íslenskir fósturforeldrar styrkja alls 352 börn til skólavistar hjá Sameinuðu indversku kirkjunni (UCCI) í Andhra Pradeshfylki. 67 þeirra ganga í grunnskóla og 285 ungmenni eru í bóklegu eða verklegu framhaldsnámi nú. Við skólann er einnig rekin sjúkrahússtofa fyrir nemendur jafnt sem fátæka íbúa í nágrenni. Ársfjárhagsáætlun hljóðar upp á 22 milljónir króna og er að öllu leyti fjármögnuð af stuðningsaðilum og fósturforeldrum.

### **Neyðarhjálp**

Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að ACT Alliance, Alþjóðahjálparstarfi kirkna og kirkjutengdra samtaka. Í febrúar á þessu ári voru með 20 milljón króna stuðningi Utanríkisráðuneytisins sendar 22,5 milljónir króna til neyðaraðstoðar við flóttafólk í Sýrlandi, Jórdaníu og Líbanon. Einnig veitti Utanríkisráðuneytið 20 milljón króna styrk vegna jarðskjálftanna í Nepal en sendar voru 21 milljón króna vegna hjálparstarfa þar.

# Hópslysanefnd

## Sr. Gísli Jónasson, formaður

Hópslysanefnd, er fastanefnd sem starfar í umboði Kirkjuráðs og Biskups Íslands og ber ábyrgð á að skipuleggja og hafa umsjón með viðbrögðum kirkjunnar vegna stórslysa. Í nefndinni eiga sæti:

- a) Biskupsritari
- b) Framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar
- c) Forstöðumaður Fjölskylduþjónustu kirkjunnar
- d) Sjúkrahúsprestur þjóðkirkjunnar
- e) Einn fulltrúi tilnefndur af kirkjuráði og er hann formaður nefndarinnar.

Núverandi nefnd skipa: Sr. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, Benedikt Jóhannsson, f.h. Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur og sr. Gísli Jónasson, prófastur, sem er formaður nefndarinnar. Starfsmaður nefndarinnar er sr. Guðrún Eggertsdóttir, sem hefur eins og nokkur undanfarin ár verið í 10% starfshlutfalli.

Viðbragðaáætlun kirkjunnar var samþykkt á kirkjuþingi 2006 og var hún á sínum tíma gefin út í litlu hefti sem dreift var til allra presta, sóknarnefnda o.fl. Þessi áætlun hefur nú verið endurskoðuð m.a. með tilliti til þeirra breytinga sem hafa orðið á skipulagi áfallahjálpar á Íslandi og breytinga á prófastsdæmaskipan kirkjunnar. Hina endurskoðuðu áætlun er að finna á vefsvæði þjóðkirkjunnar ([www.kirkjan.is/vidbrogd](http://www.kirkjan.is/vidbrogd)) ásamt ýmsum fylgigögnum sem henni fylgja.

Viðbragðaáætlunin gerir ráð fyrir því, að útbúnaður séu sérstakar viðbragðaáætlanir prófastsdæmanna. Hafa mörg þeirra lokið við áætlanir sínar, en þó því miður ekki öll. Eins eiga einhver þeirra eftir að endurskoða áætlanir sínar með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa á prófastsdæmunum.

Nefndin vinnur að því, að útbúa tillögur að helgistundum, bænum og ritningarlestrum sem nota mætti við hin ýmsu tækifæri þegar slys- eða hamfarir hafa orðið. Er að því stefnt, að slíkt efni verði aðgengilegt á netinu.

Þátttaka kirkjunnar og starfsmanna hennar er reglulega æfð í tengslum við flugslysaæfingar. En þátttaka í slíkum æfingum og undibúningi þeirra hefur á undanförunum árum gefið bæði þeim starfsmönnum kirkjunnar, sem þátt taka og hópslysanefndinni dýrmæta reynslu. Hægt hefur verið að prófa viðbragðaáætlunina og einstaka þætti hennar við raunverulegar aðstæður og nota síðan reynsluna til að slípa þá til. Þá hefur á síðustu árum reynt á áætlunina í tengslum við jarðskjálfta og eldgos og sömuleiðis í kjölfar nokkurra alvarlegra slysa og virðist hún hafa reynst vel við þessar aðstæður.

Í framhaldi af endurskoðun á skipulagi áfallahjálpar á Íslandi, sem gengið var frá haustið 2010, voru stofnaðir samráðshópar áfallahjálpar í öllum lögregluumdæmum landsins. Prófastsdæmin skipa fulltrúa sína í samráðshópana og hafa þeir verið virkir þátttakendur í fræðslufundum og æfingum sem þeim tengjast.

Þá taka fulltrúar nefndarinnar þátt í störfun Samráðshóps áfallahjálpar í Samhæfingarstöð

almanavarna, en þessi hópur hefur yfirumsjón með skipulagi áfallahjálpar í almanavarna-ástandi á landsvísu og fundar reglulega.

Að lokum skal svo á það minnt, að nefndin ber, ásamt biskupi Íslands, ábyrgð á og sinnir, eftir því sem við á, stuðningi við presta og aðra starfsmenn kirkjunnar, sem unnið hafa við stórslysaaðstæður og/eða verið undir miklu álagi vegna stuðnings við syrgjendur. Og sömuleiðis skal það ítrekað, að neyðarskipulag kirkjunnar er að sjálfsögðu þannig hugsað, að það geti haldið utan um viðbrögð kirkjunnar í hvert sinn er neyðarástand skapast, jafnvel þótt ekki sé um almanavarnaástand að ræða.

## ***Kirkjugarðaráð***

### **Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri**

Starfsemi Kirkjugarðaráðs á síðasta ári var með hefðbundnum hætti. Ráðið fundaði einu sinni í mánuði en tók sér sumarleyfi í júlí. Ráðið fór í tveggja daga skoðunarferð um Austurlands-prófastsdæmi. Fyrri daginn voru heimsóttir kirkjugarðar á Austfjörðum en seinni daginn kirkjugarðar á Héraði og þeir skoðaðir undir leiðsögn heimamanna. Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri ráðsins heimsóttu tæplega hundrað kirkjugarða á árinu. Engar breytingar urðu á fulltrúum í ráðinu og eru þeir sem fyrr: Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þórsteinn Ragnarsson



Borgarneskirkjugarður



Kirkjugarðaráð í heimsókn í Reyðarfjarðarkirkjugarði

forstjóri KGRP og formaður Kirkjugarðasambands Íslands tilnefndur af Kirkjugarðasambandinu. Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar tilnefndur af kirkjuþingi. Framkvæmdastjóri ráðsins er Guðmundur Rafn Sigurðsson, en á vegum ráðsins starfar einnig Sigurgeir Skúlason landfræðingur og kortagerðamaður. Sér hann um uppmælingu og vinnu við gerð uppdratta og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða auk gerð lóðarblaða fyrir kirkjur og kirkjugarða í samstarfi við Kirkjuráð

## Úthlutun úr kirkjugarðasjóði.

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins og sér um úthlutun úr kirkjugarðasjóði. Á árinu 2015 voru veittir styrkir til 43 verkefna samtals tæpar 49 milljónir króna. Kirkjugarðar sem fengu milljón eða meira í styrk eru:

*Eiðar:* endurnýja umgjörð og breyta aðkomu að garði. *Stóri-Núpur:* greiða niður skuld við kirkju. *Hruni:* endurnýja hluta að umgjörð garðs með hlöðnum vegg. *Kirkjugarðar Keflavíkur:* áframhaldandi endurbætur á Hólmsbergskirkjugarði. *Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma:* frágangur og uppbygging nýrra grafarsvæða í Gufuneskirkjugarði. *Reykholt:* stækka garðinn og hefja hleðslu á austurhlíð kirkjugarðsins. *Borgarnes:* ný aðkoma og bílastæði, garðurinn stækkaður og endurgirtur, lagðar nýjar drenlagnir og útbúinn duftreitir. *Reykhólar:* Greiða niður skuld vegna endurbóta á garðinum. *Saurbær í Eyjafirði:* ljúka afmörkun kirkjugarðs. *Svalbarðseyri:* greiða niður skuld vegna stækkunar og lagfæringar á garði. Á árinu var unnið við lagfæringu og hirðingu á nokkrum niðurlögðum gördum t.d. í Arnarbæli í Ölfusi, Krýsuvík, Skálmanesmúla, Kirkjubóli í Langadal, Otradal og Selárdal





Saurbæjarkirkja í Eyjafirði

Auk áður talinna styrkja fékk Kirkjugarðsamband Íslands styrki til reksturs á vefnum *gardur.is*, og til fræðslumála samkvæmt þjónustusamningi sem í gildi er milli Kirkjugarðaráðs og Kirkjugarðasambandsins.

### **Tillögur í framhaldi af skýrslu nefndar.**

Í framhaldi af nýlegri skýrslu nefndar um fjármál kirkjugarða sem skipuð var af innanríkisráðherra um mitt ár 2014, var haldinn fundur í innanríkisráðuneytinu þann 2. maí 2016 með kirkjugarðaráði, biskupi, ráðuneytisstjóra og nokkrum embættismönnum ráðuneytisins. Á fundinum var farið yfir skýrsluna og í lok fundar lagði biskup og kirkjugarðaráð fram eftirfarandi tillögur:

1. Embættismenn í innanríkisráðuneyti meti hvernig og með hvaða upphæð kirkjugörðum verði bætt skerðing vegna vantalinna fjölda grafa og vegna óútskýrðar umframskerðingar sem leidd hefur verið í ljós í reiknitöflu nefndarinnar og nemur háum upphæðum.
2. Innanríkisráðuneytið skipi fulltrúa frá ráðuneytinu sem ásamt fulltrúa/fultrúum kirkjugarðaráðs færu yfir samkomulagið milli ríkisins og kirkjugarðaráðs og gerðu tillögur um breytingar á því og „gera það gegnsæra og taka af allan vafa fyrir hvaða lögbundnu verkefni ríkið eigi að greiða.“
3. Lagt er til að sömu aðilum verði falið að gera tillögu um breytingar á lagafrumvarpi því sem liggur óafgreitt í ráðuneytinu, þ.e. fara yfir það til að ná fram nauðsynlegum breytingum til að aðlaga vinnulag og hugsun breytingum í þjóðfélaginu undanfarna áratugi og eins til að koma á hreint ákveðnum ágreiningsmálum um hvað eigi að vera innan lögbundinna verkefna kirkjugarða.

# Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan

Edda Möller, framkvæmdastjóri

Skálholtsútgáfan og Kirkjuhúsið, verslun og þjónustumiðstöð, er staðsett á Laugavegi 31, 1. hæð. Biskupsstofu. Einnig höldum við úti heimasíðu kirkjuhusid.is sem jafnframt er netverslun.

Þar má meðal annars finna yfirlit og umfjöllun yfir útgáfu á vegum Skálholtsútgáfunnar annað en það sem sérstaklega er gefið út fyrir fræðslustarf kirkjunnar.

## Kirkjuhúsið – Verslun

Viðskiptavinir Kirkjuhússins, verslunar, er íslenskt samfélag í sorg og gleði og allt þar á milli! Oft kemur verslunin fólki þægilega á óvart og við fáum svo sannarlega hrós fyrir mikið vöruúrval. Kirkjuhúsið er ekki eingöngu verslun, hún er einnig þjónustumiðstöð fyrir kirkjurnar. Hingað kemur fólk í ýmsum erindagjörðum; að leita sér að lesefni um kristna trú, barnabókum, geisladiskum og DVD efni fyrir börn og fullorðna, fræðsluefni fyrir kirkjustarf, ýmiss konar aðföng fyrir kirkjur, í leit að gjafavöru og fleira. Boðið er upp á gott og fjölbreytt úrval af geisladiskum með trúarlegri tónlist; gospel, Taizé, klassík og sálmátónlist. Mikið úrval skírnargjafa er til í Kirkjuhúsinu, hingað eru sóttar brúðargjafir, jóla- og afmælisgjafir og ekki síst kemur fólk þangað þegar sorgin kveður dyra.

## Tilgangur og markmið samkvæmt skipulagsskrá

Skálholtsútgáfan er útgáfufélag þjóðkirkjunnar. Hún skal annast útgáfu á fræðsluefni til notkunar í kirkjustarfi og að gefa út lesefni og geisladiska og annað efni fyrir almenning þar sem kristin sjónarmið eru skýrð.

Um Kirkjuhúsið segir að það skuli annast dreifingu og sölu fræðsluefnis og tilheyrandi þjónustu við kirkjulega aðila, selja muni og gjafavöru á kristnum grunni.

Markmið útgáfufélagsins taka mið af skipulagsskránni og tengingu við íslenskt samfélag á hverjum tíma, einnig fræðslustefnu og fjölskyldustefnu þjóðkirkjunnar.

Undanfarin ár hefur fjöldi útgáfuverkefna verið gefin út sem skipta verulega máli á sviði kirkjufræðslu. – Skálholtsútgáfan er ekki stórt útgáfufélag en er þó alltaf gefa út!

Það má til dæmis nefna að fyrir jólin komu út tvær íslenskar barnabækur hjá útgáfunni; *Lítill saga úr orgelhúsi*, saga eftir Guðnýju Einarsdóttur. Bók og geisladiskur en sögumaður er Bergþór Pálsson, höfundur tónlistar Michael Jón Clark og myndir eftir Fanney Sizemore. Skemmtilegt tónlistarævintýri sem leiðir börnin í undraheim pípuorgelsins. En hún er líka saga um vináttu og einelti og um það að vinna saman. Hin bókin heitir *Það er svo mikið í húfi hjá Stúfi*. Saga er sögð af Stúfi sem heimsækir börn í leikskóla og hittir þar fyrir Jólaengilinn. Smátt og smátt áttar Stúfur sig á leyndarmálinu um jólin. Höfundur er Elin Elísabet Jóhannsdóttir og myndir eru teiknaðar af Sigrúnu Hönnu.

Skálholtsútgáfan vinnur náið með þjónustusviði Biskupsstofu. Öll verkefni á sviði kirkjufræðslu og útgáfu eru unnin saman og þannig hefur það alltaf verið. Á hverju ári stendur

Fræðsluvið Biskupsstofu og Skálholtsútgáfan saman að kynningu á barnastarfi kirkjunnar. Tvö ár í röð hefur verið útbúið til myndband sem náð hefur mikilli útbreiðslu á samfélagsmiðlum. Stuttmyndir hafa einnig verið framleiddar fyrir barnastarf kirkjunnar, auk fjölbreytts efnis fyrir sunnudagaskólann.

Út kom einnig bókin *Stóra púsluspilið – Leitin að elstu handritum Bibliunnar* sem er norsk bók þýdd af sr. Hreini S. Hákonarsyni. Hún rekur ótrúlega og spennandi sögu handrita sem texti Bibliunnar byggist á. Sagt er frá ævintýralegum handritafundum í sorphaugum og í krukum í eyðimörkinni. Efni sem rithöfundar á borð við Dan Brown og Tom Egeland hafa notað. Þessi bók gefur þeim ekkert eftir! Læsileg og stórfróðleg bók sem kemur á óvart!

Einnig bókin *Skilnaður – en hvað svo?* eftir sr. Guðnýju Hallgrímsdóttur. Hún fylgir lesanda á leið sem gengin er eftir skilnað. Sjónum er beint fram á veg í flóknum veruleika í átt til betra lífs. Bjartsýni og von og slatti af húmor einkennir bókina. Sálgæslu- og sjálfshjálparbók fyrir konur og karla.

*Passíusálmur* sr. Hallgríms Péturssonar 93. prentun – Útsetningar allra sálmanna fyrir blandaða kóra (samantekt: Smári Ólason) Plakat fylgir bókinni.

*Sálmasetning* sr. Hallgríms Péturssonar annarra en Passíusálmanna er lítil falleg bók sem kemur út á haustmánuðum.

## Sóknarfæri?

Við viljum sem útgáfufélag á vegum þjóðkirkjunnar á allan hátt reyna að mæta fólki þar sem það er statt hverju sinni, í meðbyr og mótlæti, gleði og sorg. Á sama hátt viljum við líka standa með prestum og kirkjusöfnuðum, að gefa út á hverjum tíma vandað feringarefni, barnastarfsefni, skírnarfræðsluefni, barnabíbliur, og hvað annað sem kirkjunnar geta nýtt til fræðslu barna og ungmenna, í fullorðinsfræðslu og skírnarfræðslu.

Í stjórn Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar situr áhugasamt fólk sem kemur víða að úr samfélaginu og vinnur að verkefnum ásamt útgáfustjórninni.

Það hefur alla tíð verið gæfa Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar að hafa áhugasamt stjórnarfólk og starfsfólk. Kirkjuhúsið oft eins og kaffistofa í stóru fyrirtæki þegar prestar og starfsfólk kirknanna líta við.

Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan þarf að standa undir sér og fjármagnar sjálf öll sín útgáfuverkefni. Húsnæðið á 1. hæð Biskupsstofu er leigt af Kirkjumálasjóði.

# Kirkjumiðstöð Austurlands við Eiðavatn

Sr. Davíð Þór Jónsson

Hið veigamesta í starfi Kirkjumiðstöðvar Austurlands er ótvírætt sumarþúðir Þjóðkirkjunnar við Eiðavatn. Í ársskýrslu síðasta árs kemur fram að 119 börn hafi dvalið í sumarþúðunum 2014. Sumarið 2015 dvaldi 101 barn í þúðunum. Börnum fækkaði því um 18 á milli ára. Því miður þurfti að fella einn hópinn niður vegna dræmrar þátttöku, en aðeins 10 börn höfðu verið skráð. Var sá flokkur ætlaður 10-13 ára börnum. Því var hægt að bjóða þessum tíu börnum að vera í sumarþúðunum á öðrum tíma, ýmist í flokki fyrir 8-12 ára börn eða flokki fyrir 12-14 ára börn. Aðeins tvö þessara tíu barna gátu vegna annarra áforma fjölskyldunnar ekki þegið það boð. Sumarið 2014 var nýting dvalarplássna 74% og hafði þá hækkað úr 65% árið áður. Sumarið 2015 var nýtingin að jafnaði 84% þær þrjár vikur sem sumarþúðirnar störfuðu, en 63% sé miðað við fjórar vikur.

Í samtölum stjórnarformanns og framkvæmdastjóra KMA hefur komið fram vilji til að gera átak í þá átt að auka þátttöku í sumarþúðunum, m.a. með því að dreifa bæklingum víðar og prenta plaköt til að hengja upp á sem flestum almenningstöðum um land allt. Hingað til hefur „markaðssetning“ sumarþúðanna nánast einskorðast við Austurland. Sem kunnugt er er héraðsprestur, sem er framkvæmdastjóri KMA, í fæðingarorlofi til 1. júlí og sumarfrii til 1. ágúst og það því verkefni afleysingar hans og stjórnar að hrinda þessu í framkvæmd.

Eins og undanfarin ár var Hjalti Jón Sverrisson, guðfræðingur, sumarþúðastjóri en undir hans traustu handleiðslu nutu börnin öflugs og fjölbreytts sumarþúðastarfs. Honum til aðstoðar var Arnaldur Máni Finnsson, guðfræðingur. Í síðasta hópnum þurfi Hjalti Jón frá að hverfa og tók Arnaldur Máni þá við hlutverki sumarþúðastjóra en undirritaður tók að sér að vera aðstoðarsumarþúðastjóri. Sem fyrr var Kristjana Björnsdóttir matráður og henni til aðstoðar Jóna B. Sveinsdóttir. Leiðtogar voru Arnar Freyr Halldórsson Warén, Ása Þorsteinsdóttir, Benna Sóley Pétursdóttir og Dagbjört Lilja Björnsdóttir. Er öllu þessu fólki þökkud störf þeirra.

TTT-mót og fermingarnámskeið Austurlandsprófastsdæmis voru að vanda haldin í Kirkjumiðstöðinni og einnig fyrsta samveran í farskóla leiðtogaefna auk héraðsfundar. Svólitlar tekjur voru af útleigu á árinu, nokkrar veislur voru haldnar í húsinu. Yfir veturinn hefur Soroptimistaklúbbur Austurlands fengið aðstöðu fyrir fundi sína í húsinu og í staðinn unnið að vorhreingerningu og hreinsað lóðina á vorin.

Sumarið 2014 var Kirkjumiðstöðin máluð að utan, einkum af sjálfbodaliðum á vegum Alcoa-Fjarðaáls í sk. Action-verkefni fyrirtækisins, en því fylgdi styrkur til verksins. Til stóð að mála aðra umferð sl. sumar, annars er verkinu ekki lokið, en styrkurinn nægði til að fullklára það. Aftur á móti er klæðning hússins þannig úr garði gerð að þurr þarf að hafa verið í veðri í a.m.k. tvo daga til að hægt sé að mála hana og hann helst að hanga þurr í tvo daga á eftir til að málningin þorni almennilega. Slík veðurskilyrði gerði aldrei í sumar (hann hékk aldrei þurr í fjóra daga samfelld) og því var ekki hægt að mála seinni umferðina eins og vonir höfðu staðið til. Ólíklegt er að ekki geri einhvern tímann næsta sumar a.m.k. fjögurra daga þurrviðriskafli til að hægt verði að ljúka þessu brýna verki. Í apríl 2015 fékkst 400.000 króna styrkur úr sjóði sem Alcoa Fjarðaál úthlutar úr til samfélagsverkefna. Styrknum skal verja í að bæta aðstöðu fyrir

báta í sumarbúðunum. Það verkefni er enn á hönnunarstigi en æskilegt væri að því yrði lokið svo fljótt sem kostur er.

Eðlilegt er að minna á það hér að í ár eru 25 ár liðin frá vígslu Kirkjumiðstöðvarinnar. Ástæða er til að fagna afmælinu með veglegum hætti en þó einkum öflugri starfsemi. Meðal þess sem rætt hefur verið um að gera í tilefni tímamótanna er:

- að ljúka því verkefni að mála kirkjumiðstöðina að utan eins og áður er greint frá.
- að ljúka því verkefni að bæta aðstöðu fyrir báta við vatnið eins og áður er greint frá.
- að mála svefnálmuna að innan, en fjármagn til þess verkefnis er fyrir hendi og rætt hefur verið við málningarþjónustu Jóns og Þórarins um að taka verkið að sér.
- að gera leiksvæði fyrir börn við Kirkjumiðstöðina, en Páll Þórhallsson arkitekt hefur gert uppdrátt að slíku leiksvæði og fylgir hann skýrslu þessari til upplýsingar og umræðu.

Hvað það sem er framundan varðar ber auðvitað að geta sumarbúðanna sem verða í sumar eins og áður, en enn fremur að KMA verður vettvangur alþjóðlegra ungmennaskipta í ágúst, en ÆSKA hefur fengið Erasmus+ styrk frá Evrópu unga fólksins til að standa fyrir þeim. Er þetta þriðja árið í röð sem kirkjur í Suður-Þýskalandi, Póllandi og á Austurlandi standa sameiginlega að slíkum ungmennaskiptum og er það mikið tilhlökkunarefni að vera nú loks í hlutverki gestgjafanna.

Að lokum verður ekki hjá því komist að geta þess að Kristjana Björnsdóttir hefur látið af störfum sem starfsmaður KMA þótt hún sitji enn í stjórn stofnunarinnar. Verða henni seint fullþökkuð hennar miklu, fjölbreyttu og óeigingjörnu störf í þágu KMA. Skarð hennar verður ekki bara vandfyllt heldur er það nánast ófyllanlegt í þeirri mynd sem það er nú.

Fyrir fyrstu samveru farskólans og fermingarbúðirnar í haust var Guðrún Eiríksdóttir á Egilsstöðum ráðin til reynslu sem matráður. Eru henni þökkuð störf sín, en út á þau er ástæðulaust að setja. Aftur á móti var það sameiginlegt mat framkvæmdastjóra og stjórnarformanns í ljósi þeirrar reynslu að ástæða væri til að setjast niður og ræða betur þarfir KMA fyrir starfsfólk, starfslýsingu þess og starfshlutfall. Störf Kristjónu hafa verið svo fjölbreytt, viðamikil og krefjandi að óvinnandi vegur er fyrir nýja manneskju og óvana að ganga í þau öll og sinna þeim af kostgæfni undir því vinnuálagi sem Kristjana kveinkaði sér aldrei undan. Sýnir það glögggt hvílíkur fengur KMA hefur verið af störfum Kristjónu Björnsdóttur í gegn um tíðina. Sú þakkarskuld verður seint fullgreidd.

# Fræðslusetur þjóðkirkjunnar að Löngumýri

Gunnar Rögnvaldsson

Hvert árið sem liður færir okkur hér á Löngumýri nýja vini og nýjar minningar þrátt fyrir að umgjörð starfs og umhverfis breytist lítið. Löngumýrarnefnd skipar sama góða fólkið og undanfarin ár. Sr Gísli Gunnarsson í Glaumbæ er formaður, en ásamt honum sitja sr. Sigríður Gunnarsdóttir á Sauðárkróki og Lárus Ægir Guðmundsson á Skagaströnd í nefndinni. Starfsstúlkurnar eru okkur tryggar með Lísu ráðskonu og Ingu í aðalhlutverkum að ógleymdri Helgu okkar Bjarnadóttur sem sinnir garðinum og mörgu öðru af sérstakri alúð. Eftir sjö ára sumarvist sjáum við á eftir Sigurbjörgu á Daufá til annarra starfa og þökkum henni fyrir einstakan dugnað og samvirkusemi.



Frá sumarbúðum sykursjúkra barna

## Starfsemin

Ekki er hægt að fjölyrða um neinar sveiflur í því starfi sem byggt hefur verið upp á liðnum árum. Sumt hefur runnið sitt skeið en annað undið upp á sig. Ber það fyrst að nefna orlofsdvöl aldraðra sem Þórey Dögg Jónsdóttir djákni hefur veg og vanda af. Hennar þáttur í kynningum og dugnaður við auglýsingagerð og fleira hefur aukið svo áhugann að í sumar verða fimm tímabil þar sem fólkið dvelur ýmist í fimm eða sex nætur og margir eru á biðlista. Sem liður í fjáröflun og kynningu hefur Þórey skipulagð tónleika undanfarna þrjá vetur „Gamlingjann“ þar sem hún hefur fengið listafólk til að koma fram og gefa vinnu sína til stuðnings við orlofsdvöl



aldraðara á Löngumýri. Við norðanfólkið sem komum að kvöldvökunum á Löngumýri höfum lagt okkar af mörkum og verið þátttakendur í tvö síðustu skiptin. Hafa tónleikarnir verið ákaflega vel heppnaðir og ástæða að þakka öllu því góða fólki sem leggur þar lóð á vogaskálar. Í kjölfarið hefur orðið áberandi hve áhuginn fyrir að koma hingað norður hefur aukist.

Það er okkur hvetjandi að sjá gamla vini stíga út úr rútunni hjá Steina á Mel, heilsa með kossi og hlýjum orðum. Það sama má segja um þá sem eru að koma í fyrsta sinni, þeir eru fljótir að aðlaga sig og vonandi fara flestir glaðir heim aftur. Í það minnsta fyllast húsakynni gleði og hlýju sem við og aðrir gestir skynja og orna sér við löngu eftir að sumrinu líkur. Með Þóreyju eru til aðstoðar djáknanemar sem taka hér hluta af starfsnámi sínu og síðan einn annar aðstoðarmaður sem í sumar verða djáknakandidatarnir Anna Hulda Júlíusdóttir og Bergþóra Ragnarsdóttir.

Fleiri hópar eldri borgara hafa heimsótt okkur og eins eru nemendahópar af ýmsum toga duglegir að koma saman og rifja upp liðna tíð.

Mikill kraftur er í kirkjustarfi safnaðanna hér í kring sem eru duglegir að nýta sér aðstöðuna. TTT starfið er fjörukt með reglulegum samverum og einu stóru sameiginlegu móti prófastsdæma



Margrét Bóasdóttir stjórnar kórólki

Húnavatns og Skagafjarðarsýslna. Sr. Gísli og sr. Dalla eru einnig með sameiginlegan sunnudagaskóla þar sem margt er um manninn að jafnaði. Þá má nefna heimsóknir fermingarbarna af Seltjarnarnesi, frá Akureyri, Siglufirði og auðvitað heimabarna.

Sameiginlegt kóramót undir stjórn Margrétar Bóasdóttur var fjölsótt sem og allt sameiginlegt helgihald Glaumbæjarprestakalls, en hér fara fram aðventusamkomur, æskulýðsmessur, páska-messa og aðrar fjölskylduguðsþjónustur, og þá með veitingum á eftir sem skapa notalega stemningu í þeim kjöraðstæðum sem hér eru til slíkra hluta.



Dansæfing á Löngumýri

Við má bæta öðrum kóræfingum, tónleikum og fermingum, skírnum og brúðkaupum sem hér eiga innhlaup.

Sumarbúðir sykursjúkra barna eru enn við líði og alltaf jafn vinsælar þrátt fyrir að ástæðan sé vissulega ekki gleðileg. Það utanumhald sem börnin fá frá foreldrum og ekki síst starfsfólki er algerlega til fyrirmyndar og fagmennskan í fyrirrúmi ásamt þeirri manngæsku og hlýju sem veita börnunum öryggi.

Hið árlega Kristniboðsmót er prýðilega sótt og sönn ánægja að taka á móti því góða fólki. Það sama má segja um félagsstarf eldri borgara í framhluta Skagafjarðar sem þær stóllur Helga Bjarnadóttir og Inda Indriðadóttir hafa leitt í nær tvo áratugi. Þangað kemur góður hópur sem syngur, spilar og nýtur veisluborðs þeirra tveggja.

Alltaf er nokkuð um námskeiðahald og fundahöld af ýmsum toga, veislur og mannfagnaði. Bútasaums- og þrjónahelgar eru þar lang fjölmennastar, en Nancy Georgsdóttir tók við merkinu sem eigandi Quiltbúðarinnar á Akureyri eftir að Krístrún Geirsdóttir lést fyrir aldur fram í fyrra og stýrir þeim ótrúlegu konum sem hingað flykkjast í hannyrðir.

Ugglaust má nefna eitthvað fleira sem ekki verður tíundað að sinni.

## Framkvæmdir

Gistiálman fékk allnokkra andlitslyftingu þegar skipt var um gólfteppi á gangi og gólfefni á nánast öllum herbergjum auk minniháttar annarra lagfæringa. Þá var dittað að ýmsu öðru bæði innan og utanhúss eins og gengur. Þegar þetta er ritað er unnið að betri netvæðingu um húsið með það fyrir augum að hámarka þann gagnaflutning sem hingað getur borist mv. núverandi dreifikerfi en framtíðin er auðvitað að tengjast ljósleiðara sem liggur hér út við þjóðveg.



## Að lokum

Það er okkur sem hér störfum mikil ánægja að finna þann meðbyr sem staðurinn nýtur og sjá að sú starfsemi sem mest áhersla er lögð á skuli vera að eflast. Að kynnast öllu því góða fólki, læra af þeim, njóta hæfileika unga fólksins og reynslu þeirra eldri er ómetanlegt.

Ekki má gleyma öllu því heimafólki sem hingað kemur aftur og aftur til að skemmta orlofsgestum. Þar hafa Jón Hallur Ingólfsson, Íris Olga Lúðvíksdóttir, Sigvaldi Helgi, Jón í Miðhúsum, Álftagerðisbræður, Kristín Einarsdóttir og fleiri og fleiri lagt svo mikið af mörkum að fágætt má teljast og þökkum við það af allhug.

Og fleiri velunnarar eru í kring. Víðimýrarsókn færði okkur nýtt sjónvarp á árinu sem nýttist vel og enn betur þegar netsambandið batnar.

Allir eru velkomnir að Löngumýri og hvet ég kirkjufólk um allt land til að kynna sér aðstöðuna og sjá hvort hér sé ekki staður sem hægt sé að nýta til að brjóta upp hefðbundið starf. Skagafjörður er nefnilega ekki svo langt í burtu og þar er margt í boði.

## *Holt í Önundarfirði-Friðarsetur*

*Sr. Fjölur Ásbjörnsson*

### Sjálfsagnarstofnunin

Holt í Önundarfirði-Friðarsetur, 425 Flateyri, var stofnuð af Ísafjarðarprófastsdæmi og kirkju-sóknum í Holtsprestakalli. Eftir sameiningu prófastsdæma á Vestfjörðum, er Vestfjarðarprófastsdæmi aðili að rekstri Friðarsetursins.

Hlutverk stofnunarinnar er að standa fyrir fjölbreyttu kirkju- og menningarstarfi og að skapa aðstöðu til félagsstarfs fyrir heimamenn og velunnara.

Stjórnin er skipuð fimm mönnum: prófastur er formaður, sóknarprestur í Holti er varaformaður, héraðsfundur Vestfjarðarprófastsdæmis velur einn stjórnarmann og sóknarnefndir í Holtsprestakalli velja tvo fulltrúa. Stjórnin er skipuð til 2ja ára í senn og miðast upphaflega við 1. október 2002. Fyrsti stjórnarfundur var haldinn 3. desember 2002, húsið var afhent 1. apríl 2003 og starfsemi hófst í maí 2003.

Húsið er fyrrum Holtsskóli, sem stofnunin keypti af Prestssetrasjóði. Árlegt starfsfé kemur frá kirkjuráði og frá héraðssjóði Vestfjarðarprófastsdæmis og þarf að skila skýrslum og reikningum til þeirra. Að öðru leyti þarf stofnunin að standa undir rekstrarkostnaði með starfsemi sem greitt er fyrir og leita annarra styrkja eftir þörfum. Stofnunin hefur árlega sótt um styrk frá ríkinu til viðhalds og endurbóta á húsnæðinu.

### Stjórnin frá 2015 til 2016

Formaður: Sr. Magnús Erlingsson, prófastur, Ísafirði

Varaformaður: Sr. Fjölur Ásbjörnsson, sóknarprestur í Holti

Meðstjórnandi: Barði Ingibjartsson, Súðavík, (varamaður: Bergur Torfason, Þingeyri)

Ritari: Jóhanna G. Kristjánsdóttir, Flateyri, (varamaður: Hafdís Sigurðardóttir, Flateyri.)  
Gjaldkeri: Kolbrún Guðbrandsdóttir, Ytri-Hjarðardal, (varamaður: Sigríður Magnúsdóttir, Kirkjubóli, Valþjófsdal.)  
Umsjónarmaður tilnefndur af stjórn: Ásvaldur Magnússon, bóndi, Tröð, 425 Flateyri

## **Framkvæmdir**

Á þrettánda starfsári voru keypt 30 borð í samkomusalinn og auðveldar það mikið uppstillingu fyrir t.d. fermingarveislur og þorablót. Anderið uppi, þar sem oftast er gengið inn var málað. Enn var farið í loftið á samkomusalnum í þeirri von að hægt yrði að komaast fyrir þrálátan leka, var hluti salarins einnig málaður aftur. Auk þess var sinnt reglubundnu og nauðsynlegu viðhaldi eftir því sem hægt var.

## **Starfsemi**

Í kirkju-, félags- og menningarmiðstöð, fer fram kirkjustarf, félagsstarf og menningarstarf. Sumt er hefðbundið og reglulegt, annað tilfallandi.

### ***Kirkjustarfið***

Barnanámskeið með sumarbúðasniði var haldið í júní 2015 og komu um 20 börn á námskeiðið og dvöldu í fimm daga í Friðarsetrinu.

12-spóra námskeið er í gangi vikulega allan veturinn.

Söngæfingar Holtsprestakall fara yfirleitt fram í Friðarsetrinu. Sömmuleiðis fundir og kirkjukaffi í Holtssókn. Prestafundir eru einnig haldnir þar. Fermingarfræðslunámskeið fyrir svæðið var einnig haldið í Friðarsetrinu og sóttu það tugir barna úr nágrenninu. .

### ***Félagsstarf***

Kvenfélag Mosvallahrepps hélt marga fundi sína í Friðarsetrinu. Bændafundir og ýmsir aðrir fundir heimamanna voru haldnir þar. Árlegt þorablót heimamanna var að venju haldið í Friðarsetrinu

### ***Menningarstarf***

Sett var á laggirnar nefnd til að standa fyrir atburðum til að minnst Guðmundar Inga Kristjánssonar, heitins, frá Kirkjubóli í Bjarnardal. Hefur nefndin staðið fyrir menningardagskrá sem tengist nafni hans og fæðingardegi á ári hverju. Nefndarmenn eru: Ásvaldur Magnússon í Tröð, Sigríður Magnúsdóttir á Kirkjubóli og Halla Signý Kristjánsdóttir, nú í Bolungarvík. Hin árlega menningarvaka var haldin á afmælisdegi Guðmundar Inga þann 15. janúar 2016. Dagskráin var í samvinnu við Safnahúsið á Ísafirði. Andrea Harðardóttir sagnfræðingur hélt erindi um skáldkonur og kvenrithöfunda og Jóna Símonía Bjarnadóttir sagnfræðingur sagði frá ljósmynd af Knattspyrnufélaginu Hvöt. Einnig var boðið upp á tónlistaratriði og ljóðalestur. Að lokum var boðið upp á rjómapönnukök en það er venja á þessum slóðum að gera það þegar sólin sést fyrst eftir skammdegið. Guðmundur Ingi Kristjánsson bauð gjarnan upp á rjómapönnukök á afmælinu sínu og hefur þeim síð verið haldið. Dagskrá þessi var vel sótt eins og jafnan og voru gestir almennt ánægðir með framkvæmdina.

## Önnur starfsemi

Friðarsetrið sjálft stendur fyrir ýmis konar starfsemi í samvinnu við heimamenn en einnig er húsið leigt ýmsum aðilum. Oft hafa hópar á vegum Háskólasetursins á Ísafirði dvalið á setrinu, sérstaklega á sumrin, einnig voru haldin ættarmót, brúðkaup, afmæli, fermingarveislur o.fl. og margir einstaklingar gistu í friðsældinni. Vinnustaðir hafa notað aðstöðuna til samverustunda og námskeiða og félög utan Öfundarfjarðar haldið fundi og samkomur og Sunnukórinn staðið fyrir æfingabúðum svo eitthvað sé nefnt.

## *Nefnd Þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf*

**Ragnar Gunnarsson, formaður**

Nefnd Þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf hefur verið að störfum frá því að Kirkjuping samþykkti árið 1996 að nauðsyn væri að efla þekkingu, skilning og stuðning við kristniboð og hjálparstarf innan hennar. Nefndin hefur á þeim tíma staðið fyrir ráðstefnum, fyrirlestrum og fundum um kristniboð og hjálparstarf og reynt að hvetja söfnuði jafnt sem einstaklinga til ábyrgðar og starfa fyrir þessu mikilvægu málefni.

Nefndin hefur reynt að minna presta, sóknarnefndir og safnaðarfólk á þessa málaflokka og mikilvægi þess að kristniboð og hjálparstarf sé í ríkari eðlilegur hluti safnaðarstarfsins, að tekin séu samskot til þess og það stutt fjárhagslega og að beðið sé fyrir því í guðsþjónustum og öðru starfi safnaðanna. Hefur samstarf við fræðsludeild biskupsstofu verið mjög gott og ánægjulegt.

Nefndin hefur reynt að fylgjast með framvindu verkefnisins Söfnuður til safnaðar þar sem íslenskum söfnuðum gefst tækifæri til að tengjast ákveðnum söfnuðum á starfssvæði kristniboðsins í Afríku vináttuböndum.

Annir og dreifing nefndarmanna hefur aðeins hamlað fundarhaldi á yfirstandandi ári. Meðal verkefna liðins starfsárs var að ljúka dreifingu bókamerkja sem send voru í flestar kirkjur landsins og að huga að því hvernig megi efla frekar verkefnið Söfnuður til safnaðar. Eins hefur nefndin rætt viðbrögð við niðurskurði kirkjumálasjóðs á framlögum til Hjálparstarfs kirkjunnar um 5% og til Kristniboðssambandsins um 40% sem nefndin telur senda afar slæm skilaboð um forgangsröðun og stefnu þjóðkirkjunnar. Rætt hefur verið um hugsanlegt málþing sem myndi tengja þennan málaflokk við nærveru flóttafólks og hælisleitenda en ekkert komið á hreint ennþá.

Nefndin er nú skipuð af kirkjuráði. Í henni sitja Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri sem er formaður, Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri og Katrín Ásgrímsdóttir skógræktarbóndi. Ragnheiður Sverrisdóttir, verkefnisstjóri kærleiksþjónustusviðs biskupsstofu, situr einnig fundi nefndarinnar, er ritari hennar og tekur þátt í störfum hennar. Þessi tengsl við biskupsstofu hafa auðveldað samstarf og framkvæmd margs þess sem nefndin hefur verið og er að vinna að.

# Samband íslenskra kristniboðsfélaga

Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri

## Inngangur

Starf Kristniboðssambandsins (SÍK) teygir sig víða, bæði innanlands og á erlendri grundu. Markmið SÍK er að sinna kristinni boðun og kærleikspjónustu meðal heiðinna þjóða, ekki síst með því að mennta og senda kristniboða til starfa. Kristniboðssambandið vinnur einnig að kynningarstarfi, vitundarvakningu og boðun hér á landi m.a. í samstarfi við margar af sóknum landsins. Kristniboðssambandið er sjálfstæð samtök sem starfa innan þjóðkirkjunnar á kenningargrundvelli evangelískrar lúterskrar kirkju.

## Alþjóðastarf

Kristniboðssambandið starfar áfram í Eþíópíu og styrkir ýmis verkefni kirkjunnar á vettvangi boðunar, fræðslu og kærleikspjónustu. Má þar nefna þýðingarverkefni Biblíunnar yfir á tsemai-mál, útbreiðslu- og boðunarverkefni í Voitó, námsstyrki fyrir presta og prédikara og lestrarverkefni í Ómó Rate. Þá styrkir SÍK einnig 30 börn til náms með verkefninu Af götu í skóla í höfuðborg landsins, Addis Abeba.

Jónas Þórisson og Ingibjörg Ingvarsdóttir störfuðu sem sjálfboðaliðar í Konsó og Ómó Rate í þrjá mánuði í byrjun árs og Karl Jónas Gíslason var við störf þrjá mánuði í haust ásamt þremur ungum sjálfboðaliðum. Kirkjan í Eþíópíu heldur áfram að vaxa og tilheyra nú tæpar 8 milljónir henni.

Í Keníu heldur starfið einnig áfram af þrótti. Kristniboðssambandið styður útbreiðslu- og boðunarverkefni kirkjunnar í Pókot-héraði, byggingu skóla og styrkir nemendur til náms í framhalds- og háskólum. Útbreiðsluverkefnið nær til staða á mörkum héraðsins og út fyrir það, til Túrkana og Baringó. Skúli Svavarsson og Kjellrun Langdal störfuðu tæpa tvo mánuði í byrjun árs í Kapengúría til að sinna fræðslu og fleiru. Tóku þau við af Fanneyju Ingadóttur og Fjölni Albertssyni sem dvöldu og störfuðu á svæðinu í 5 vikur sem sjálfboðaliðar kringum áramótin. Í fyrrasumar heimsóttu Samson Lokipuna biskup, og eiginkona hans Rahel, Kristniboðssambandið. Þau hittu vini starfsins, voru með á Löngumýrarmóti og tóku þátt í kristniboðavígslu þar, heimsóttu m.a. vinsöfnuðinn Dómkirkjuna, skoðuðu Hallgrímskirkju og Skálholtsstað og áttu fund með biskupi, frú Agnesi M. Sigurðardóttur.

Katsuko og Leifur Sigurðsson kristniboðar í Japan, héldu aftur út í júlilok í fyrra eftir hvíldar- og starfsdvöl hér heima í eitt ár. Þau starfa innan lútersku kirkjunnar í Vestur-Japan og vinna á meðal fólks sem þekkir ekki fagnaðareriðið um Jesú Krist. Þau eru búsett og starfa á Rocko Island í Kobe. Eitt af meginmarkmiðum starfs þeirra er að ná til ungs fólks.

Fjölmíðlastarf Kristniboðssambandsins er annars vegar stuðningur við útvarpssendingar til Kína og samstarf við Sat 7 um sjónvarpssendingar til Mið-Austurlanda og Norður-Afríku. Þannig næst til milljóna manna í löndum þar sem formlegt kristniboð er bannað. Sat 7 veitir kristnu fólki von og uppörvar í erfiðum aðstæðum. Samstarfið um Sat 7 er dæmi um samkirkjulegt



Ungviði á landamærum Pókothéraðs og Úganda

starf sem gengur einstaklega vel og unnið er á forsendum heimamanna, en 80% dagskrárinna er framleidd á svæðinu.

Kristniboðssambandið er að öðru leyti í sambandi við nokkra erlenda aðila sem tengjast starfi þess á alþjóðavettvangi, bæði önnur kristniboðssamtök og regnhlífarsamtök um kristniboð.

## **Innanlandsstarf, skipulag og fjármál**

Starfsmenn Kristniboðssambandsins sinna boðun, fræðslu, kynningu, bókhaldi, útgáfumálum og rekstri skrifstofu og nytjamarkaðar, Basarsins, hér heima. Margar kirkjur og fermingarhópar voru heimsóttir á starfsárinu og samstarf við biskupsstofu er gott. Sambandið stendur fyrir vikulegum samkomum allan ársins hring á miðvikudagskvöldum. Vel sótt kristniboðsvika var haldin í mars og kristniboðsmót var haldið að Löngumýri í Skagafirði í júlí. Í haust bauð Biblíuskóli SÍK upp á vikulega fræðslustundir um Gamla testamentið.

Kristniboðssambandið gefur út fréttabréf sitt, Kristniboðsfréttir, fjórum sinnum á ári, tímaritið Bjarma þrisvar til fjórum sinnum á ári og Kristniboðsalmanakið árlega. Einnig er haldið úti vefsíðum, sik.is fyrir starfið almennt, basarinn.is fyrir nytjamarkaðinn, bjarmi.is fyrir Bjarma og saltforlag.is fyrir bókaútgáfuna Salt ehf sem er í eigu SÍK en engin ný bók kom út í fyrra. Þá fylgjast rúmlega 850 manns með starfinu á Facebook. Nýverið var opnuð vefsíðan fjallid.is sem ungt fólk stendur að baki en henni var komið af stað með aðstoð finnskra sjálfboðaliða sem störfuðu hjá Kristniboðssambandinu fyrstu fjóra mánuði ársins.





Fjölskylda við hús sitt, Kristina, Stanley og börn í nágrenni Chepareria, Kenía

Nýjung í vetur var að bjóða upp á ókeypis íslenskukennslu fyrir nýbúa og fólk af erlendum uppruna. Um 40 manns sóttu námskeiðið en kjarninn var rúmlega 20 manns. Námskeiðið mæltist mjög vel fyrir og þátttakendur voru mjög þakklátir fyrir framtakið og samfélagið sem myndaðist. Hópur sjálfboðaliða sinni talþjálfun og barnagæslu á námskeiðinu.

SÍK er í góðu samstarfi við ýmsa aðila innanlands á sviði kirkju, samkirkjumála og þróunarsamvinnu. Eins hafa starfsmenn sinnt dagskrárgerð á útvarpsstöðinni Lindinni.

Undanfarin tvö ár hafa tengsl við ungliðahreyfingu systursamtakanna í Noregi, NLM Ung, eflst. 28 manns héldu héðan á fjölmennt ungmennamót sem haldið var í suðvesturhluta Noregs í júlilok. Annar eins hópur ætlar út aftur í sumar.

Basarinn, nytjamarkaður Kristniboðssambandsins, er að miklu leyti andlitið út á við og þar myndast tengsl við stóran hóp fólks með ýmsum hætti. Áherslan er annars vegar á fjáröflun, hins vegar á kynningu og tengslamyndun. Skrifstofan og Kristniboðssalurinn eru á Háaleitisbraut 58-60 en Basarinn er skammt frá, í Austurveri, Háaleitisbraut 68.

Formaður stjórnar er Ólafur Jóhannsson, sóknarprestur. Ragnar Gunnarsson er framkvæmdastjóri. Stjórn er valin á árlegum aðalfundi en um 300 manns eru skráðir félagar í SÍK eða aðildarfélög þess. Þar fyrir utan er stærri hópur sem styrkir starfið og biður fyrir því.

Um helmingur rekstrarfjár Kristniboðssambandsins eru gjafir og styrkir frá einstaklingum, félögum og kirkjum og um helmingurinn er afrakstur sölu í nytjamarkaði, á frímerkjum, notuðum skóm og ýmsu öðru. Rekstrargjöld voru óvenjuhá árið 2015, eða um 85 milljónir króna. Tekjur voru þó um 10 milljónum hærri, einkum vegna erfðagjafar upp á 27 milljónir. Stjórn SÍK þakkar sérstaklega framlög kirkjumálasjóðs (tvær milljónir), Reykjavíkurprófastsdæmis eystra



Nemendur í grunnskólanum Chepareria

(550 þúsund), Hallgrímskirkju (775 þúsund), Breiðholtskirkju (framlög vegna Tómasarmessa), Fella- og Hólakirkju, Húsavíkurkirkju, Víðimýrarkirkju, Grensáskirkju og fleirum sem hafa styrkt starfið beint eða með samskotum. Ýmsar sóknir hér á landi eiga sér vinasóknir eða vinakirkjur á kristniboðsákrinum og hafa sumar stutt við bakið á þeim fjárhagslega.

Stjórn og starfsmenn Kristniboðssambandsins þakka alla umhyggju velunnara starfsins sem standa að baki því með gjöfum, fyrirbænum og sjálfboðinni vinnu. Okkar er að sá Orðinu, Guð er sá sem gefur vöxtinn. Við fáum að taka þátt í víðtæku og blessunarríku starfi sem ber góðan og margvíslegan ávöxt.

(Ýtarlegri skýrsla er aðgengileg á <http://sik.is/wp-content/uploads/2016/05/skyrsla2016-web.pdf>)



# Samkirkjunefnd

Sr. Hulda Hrönn M. Helgadóttir formaður

## Samkirkjunefnd og fulltrúar í samkirkjulegum nefndum.

Samkirkjunefnd starfar samkvæmt starfsreglum nr.1006/2005. Hana skipa: sr. Hulda Hrönn M. Helgadóttir formaður, sr. Sveinn Valgeirsson varaformaður og fulltrúi í Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga, sr. María Ágústsdóttir formaður Samstarfsnefndar kristinna trúfélaga, sr. Sjöfn Jóhannsdóttir kirkjuþingsfulltrúi og Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar. Varamenn eru Magnea Sverrisdóttir djákni og sr. Bernharður Guðmundsson. Framkvæmdanefnd skipa sr. Hulda, sr. Sveinn og sr. Sjöfn. Sr. Þorvaldur Víðisson er ritari nefndarinnar.

Fulltrúar kirkjunnar í samkirkjulegum nefndum eru: sr. Halldór Reynisson tengiliður við *Nordisk kirkelig studieråd* (fullorðinsfræðsla) og *Pilgrimage of Justice and Peace* (WCC), Halla Jónsdóttir vegna *WE*, Magnea Sverrisdóttir djákni sem árið 2015 tók við formennsku í stjórnlaganefnd Lútherska heimssambandsins og jafnframt við sæti í framkvæmdanefnd sambandsins, sr. María Ágústsdóttir sem er fulltrúi kirkjunnar í guðfræðihóp *KEK* (*Thematic Reference Groups of CEC*), Ragnheiður Sverrisdóttir djákni er tengiliður við *Eurodiaconia*, sr. Sigrún Óskarsdóttir sem stýrir norrænu starfi *Wicas* (á vegum LH) og sr. Sigurður Árni Þórðarson er *Porvoo* tengiliður Þjóðkirkjunnar.

## Fundir

Ársfundur samkirkjunefndar 2016 var haldinn í Neskirkju þann 10. febrúar. Markmið fundarins er að fá yfirlit yfir samkirkjulegt starf kirkjunnar og erlend samskipti. Á Ársfundinum voru kynntar skýrslur þeirra sem tóku þátt í samkirkjulegu starfi f.h. Þjóðkirkjunnar á liðnu ári og umræður um starfið. Að venju var safnað skýrslum frá fundum og ráðstefnum og rætt um stefnur og málefni. Ársfundur hefur verið haldinn í þó nokkur ár og er hann góð viðbót í starfi kirkjunnar.

Samkirkjunefndin hélt þrjá fundi auk Ársfundar árið 2015 og hefur haldið einn fund auk Ársfundar á fyrri hluta ársins 2016.

### Aðildargjöld

Árið 2015 greiddi Þjóðkirkjan samtals kr.4.132.448 í aðildargjöld:

LWF	kr. 1.744.042
LWF v/h.þ.	kr. 500.693
WCC	kr. 1.135.180
CEC	kr. 496.895
Eurodiakonia	kr. 255.638

## Samskipti við erlend kirknasamtök

Natasha Klukach frá Alkirkjuráðinu (*Programme Executive, Relations with Member Churches, World Council of Churches*) kom til Íslands og fundaði með Samkirkjunefnd á Biskupsstofu 24. ágúst 2015.

Rætt var um stefnuýfirlýsingu WCC: *Together Towards Life Mission and Evangelism in Changing Landscapes*. <https://www.oikoumene.org/en/resources/publications/together-towards-life-mission-and-evangelism-in-changing-landscapes>

Natasha Klukach greindi frá því hvernig WCC væri uppbyggt og hver tilgangur sambandsins væri, þ.e.:

*Unity mission and ecumenical mission*

*Faith formation and education*

*Diakonia and public witness*

Sviðið er vítt sem WCC lætur sig varða; vistfræði, mannréttindi, málefni frumbyggja, árekstra kynþátta o.fl.

Áhersla á *Réttlæti og frið* er t.a.m. afrakstur rástefunnar í Busan. Náttúruvernd er ein hlið á spurningunni um réttlæti og frið

Sérstök áhersla er nú hjá WCC á sýnilega einingu.

Natasha Klukach benti á að samtal milli trúarbragða og kirkjudeilda sé að fá aukið vægi. Nefndi t.d. sáttina milli Lútherskra og Mennoníta.

Hún tjáði okkur að WCC hefði borið fjárhagslegt tjón vegna breyttrar fjármálastefnu svissnesku bankanna og leitað var eftir auknum fjárhagslegum stuðningi frá aðildarkirkjum og flestar þeirra urðu við þeirri beiðni.

Natasha Klukach tjáði okkur að mikill vilji væri fyrir hendi til að auka þátttöku íslensku þjóðkirkjunnar í starfi WCC en hún hefði legið niðri í nokkur ár og hvatti til aukins samtals milli WCC og íslensku þjóðkirkjunnar.

Sr. Eiríkur Jóhannesson fór á samkirkjulega fræðidaga í Bæjaralandi í Þýskalandi sem lútherska kirkjan í Bayern býður þjóðkirkju Íslands að sækja heim. Útgangspunkturinn að þessu sinni var vers úr spádómsbók Jesaja: „Ég hef kallað þig með nafni“ og undirtitill „*How to live (your) relationship with God?*“

## Norræn samvinna

Í skipulagi Alkirkjuráðsins (WCC) og Lútherska heimsambandsins (LWF) er þjóðkirkjan á svæði með kirkjum Norðurlanda og kirkjum Eystrasaltsríkjanna. Norræn samvinna er jafnan allnokkur á ýmsum fagsviðum kirkjunnar m.a. Nekk, WE og NKS ásamt því að fulltrúi kirkjunnar sækir árlegan fund ritara samkirkjumála á Norðurlöndum.

## Stofnanakynning

Árlega koma prestsneamar og djáknarneamar í stofnanakynningu á Biskupsstofu. Árið 2015 var ákveðið að bæta inn í kynninguna starfi LWF og WCC.

## **Samkirkjulegt starf og trúarlegt starf**

Ég vil enda á orðum Bjarna Gíslasonar sem komu fram á Ársfundinum 2016: „Virðing fyrir trúarlega grundvölluðum samtökum (Faith based) er að verða ríkari. Virðisauki að hafa hið trúarlega með.“

## **Áhugavert efni – tenglar**

Áherslur í samskiptum á Lúthersári - From Conflict to Communion, Lutheran-Catholic Common Commemoration of the Reformation in 2017: <https://www.lutheranworld.org/content/resource-conflict-union-basis-lutheran-catholic-commemoration-reformation-2017>

The Global Christian Forum – A New Dimension of Ecumenism: <http://www.globalchristianforum.org/Default.aspx?PageID=11192942&A=SearchResult&SearchID=65096554&ObjectID=11192942&ObjectType=1>

Skýrsla frá Alkirkjuráðinu: Towards a common vision: <https://www.oikoumene.org/en/resources/documents/commissions/faith-and-order/i-unity-the-church-and-its-mission/the-church-towards-a-common-vision>

Skýrsla frá Lútherska heimssambandinu: The Self Understanding of the Lutheran Communion: A study document: <https://www.lutheranworld.org/sites/default/files/Exhibit%209.2%20The%20Self-Understanding%20of%20the%20Lutheran%20Communion.pdf>

# Tónskóli Þjóðkirkjunnar

## Björn Steinar Sólbergsson skólastjóri

Tónskóli Þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum Þjóðkirkjunnar nr. 768/2002. Meginverkefni skólans er að sjá til þess að ávallt sé nægur fjöldi organista og annarra starfsmanna á sviði kirkjutónlistar er hafi viðhlítandi menntun og færni. Skólinn starfar eftir námskrá sem Kirkjuráð samþykkir.

Kirkjutónlistarráð, sem jafnframt er stjórn skólans er skipuð Guðnýju Einarsdóttur sem er formaður, Kára Allanssýni og sr. Sigurjóni Árna Eyjólfssýni. Stjórnin fundar reglulega með skólastjóra, Birni Steinari Sólbergssýni. Margrét Bóasdóttir, verkefnisstjóri kirkjutónlistar situr einnig fundi ráðsins.

Aðalstöðvar skólans eru í Grensáskirkju en kennsla fór einnig fram í Akureyrarkirkju, Hjallakirkju, Hallgrímskirkju, Ísafjarðarkirkju, Kópavogskirkju og Langholtskirkju.

### Námsframboð

Boðið er uppá þrjár námsbrautir; Kirkjuorganistapróf, sem veitir réttindi til starfa við minni kirkjur, Kantorspróf, sem veitir starfsréttindi við stærri söfnuði og BA-gráða í kirkjutónlist sem kennend er í samvinnu við Listaháskóla Íslands.

Auk þess er boðið uppá Einleiksáfanga fyrir þau sem vilja bæta menntun sína í orgelleik.

Einnig er boðið uppá nám í kórstjórn og raddþjálfun og hefur það einkum verið hugsað fyrir stjórnendur barna og unglingakóra.

Markmið Tónskóla Þjóðkirkjunnar er að tónlistarfólk sem starfar fyrir kirkjuna öðlist til þess fullnægjandi menntun, þ.e. Kirkjuorganistapróf fyrir litla söfnuði og Kantorspróf eða Masterspróf í kirkjutónlist fyrir þau sem starfa við í fullu starfi.

### Starfsfólk

Kennarar við Tónskólann í vetur voru auk skólastjóra; Eypór Ingi Jónsson, Guðný Einarsdóttir, Hreinn S. Hákonarson, Jónas Þórir Þórisson, Laufey Helga Geirsdóttir, Lenka Mátéova, Magnús Ragnarsson og Þröstur Eiríksson.

Fulltrúi á skrifstofu er Laufey Helga Geirsdóttir.

Skólastjóri er Björn Steinar Sólbergsson.

### Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrðin til að hefja nám við skólann eru þau að nemendur þurfa að hafa lokið miðstigi í píanóleik auk viðtals við skólastjóra. Fyrir áframhaldandi nám þ.e. kantorsnám, nám við Listaháskólann eða nám í einleiksáfanga þurfa nemendur að þreyta inntökupróf.



Frá skólaslitum Tónskólans í Hallgrímskirkju 22. maí 2016. Talið frá vinstri: Guðný Einarsdóttir, Laufey Helga Geirsdóttir, Ásta Haraldsdóttir, Steinar Logi Helgason, Tuuli Raehni, Matthías Harðarson, Margrét Bóasdóttir, Lenka Matéóva, Björn Steinar Sólbergsson.

## Skólastarfið

Tónskólinn var settur í Grensáskirkju þriðjudaginn 10. september 2015 þar sem höfuðstöðvar skólans eru. Skólastarfið var með hefðbundnum hætti, bæði er um einkakennslu, hópkenndu og fjarkennslu að ræða. Allt nám við skólann er metið til eininga. Námsmat fer fram tvisvar á ári, nemendur fá umsögn og einkunn frá kennurum í lok haustannar og vorannar. Próf eru að mestu tekin að vori til. Allir nemendur fá umsagnir eftir veturinn og prófblöð með einkunn og umsögnum prófdómara, ásamt ferilsblöðum.

Skólaslit fóru fram í Hallgrímskirkju í Reykjavík föstudaginn 22. maí.

-Alls stunduðu 20 nemendur nám við skólann í vetur, þar af tveir á Ísafirði og einn á Akureyri.

Fjórir nemendur stunduð nám í kórstjórn og raddþjálfun eingöngu. Er ánægjulegt að sjá stöðuga aukningu yngra fólks sem stundar nám við skólann.

Endurmenntun er einnig mikilvægur þáttur í starfi Tónskólans þar sem starfandi organistar geta aukið menntun sína með námi og námskeiðshaldi á vegum skólans. Þar hafa útibú Tónskólans á Akureyri og Ísafirði skilað miklum árangri.

- Fjórir nemendur luku áfanga frá Tónskólanum. Það eru þau Matthías Harðarson og Tuuli Raehni sem luku Kirkjuorganistaprófi.

Ásta Haraldsdóttir og Steinar Logi Helgason luku kantorsprófi. Auk þess lauk Steinar Logi BA-gráðu í kirkjutónlist frá Listaháskóla Íslands.

- Organistastefna í Skálholti

Margrét Bóasdóttir söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar boðaði til organistastefnu í Skálholti 18. og 19. september. Aðalgestur stefnunnar var tónskáldið Bob Chilcott. Nemendum

Tónskólans var boðið að taka þátt og var dýrmætt fyrir þau að fá að kynnast tónlist og vinnubrögðum þessa merka tónlistarmanns.

- Tónskólamessa í Akureyrarkirkju

Dagana 15.–17. október héldu nemendur og kennarar Tónskólans í ferð til Akureyrar þar sem boðið var uppá námskeið auk þess sem nemendur tóku þátt í messu. Hópurinn fór í ferð fram á Grund þar sem Daniel Þorsteinsson organisti í Eyjafjarðarsveit tók á móti hópnum og sýndi okkur nýtt Klop-orgel kirkjunnar.

Laugardaginn 17. október var haldin „Tónskólamessa“ í Akureyrarkirkju þar sem séra Guðmundur Guðmundsson, héraðsprestur messaði.

Nemendur Tónskólans í litúrgískum orgelleik og kórstjórn skiptu með sér verkum í messunni. Þar var lögð sérstök áhersla á kirkjutónlist frá barokktímanum. Í tengslum við messuna hélt Eyþór Ingi Jónsson organisti í Akureyrarkirkju fyrirlestur um talnaspeki barokksins undir yfirskriftinni „tölur í tónlist“.

- Orgelklúbburinn Ludvig í heimsókn

Orgelklúbburinn Ludvig frá Prándheimi í Noregi heimsótti Ísland dagana 6.–10. nóvember. Orgelklúbburinn var stofnaður með það að markmiði að kynna orgelið fyrir ungu fólki og laða það til starfa í kirkjunni.

Hópurinn kom fram á tónleikum í Hallgrímskirkju laugardaginn 7. nóvember. Á tónleikunum komu einnig fram fjórir nemendur Tónskólans. Orgelklúbburinn tók þátt í messu í Laugarneskirkju, auk þess að fara í skoðunarferðir og ýmislegt fleira.

Orgelklúbburinn er kenndur við tvo tónlistarmenn sem höfðu mikil áhrif í Prándheimi; Ludvig Mathias Lindeman og Ludvig Nielsen.

Stofnandi klúbbsins og kennari er David-Scott Hamnes.

- Tvennir framhaldsprófstónleikar

Tvennir framhaldsprófstónleikar voru á haustönn. Ásta Haraldsdóttir og Steinunn Árnadóttir héldu tónleika í tengslum við framhaldspróf sín í orgelleik. Tónleikar Ástu voru í Kópavogskirkju 27. nóvember og tónleikar Steinunnar í Hjallakirkju 10. desember.

- Útskriftartónleikar Sólveigar Önnu Aradóttur

Þriðjudaginn 15. desember voru útskriftartónleikar Sólveigar Önnu Aradóttur í Fríkirkjunni í Reykjavík af Skapandi tónlistarmiðlun frá.

Tónleikarnir voru bæði orgel- og kórtónleikar. Lokaverkefnið var í formi jólaguðspjónustu sem á rætur að rekja til Kings College Chapel í Cambridge sem ber heitið *Níu lestrar og söngvar*.

- Jólatónleikar Tónskóla Þjóðkirkjunnar 2015

Tvennir tónleikar voru á vegum Tónskólans fyrir jólin.

Tónleikar kirkjutónlistarbrautar LHÍ fóru fram í Hallgrímskirkju miðvikudaginn 9. desember.

Þar lék Steinar Logi Helgason orgelverk eftir Johann Sebastian Bach og Olivier Messiaen.

Jólatónleikar Tónskólans voru haldnir í Langholtskirkju föstudaginn 11. desember. Þar kom fram kór Tónskólans og nemendur skólans í kórstjórn og orgelleik.

- Aftansöngur í Laugarneskirkju

Kórstjórnarhópurinn söng tvívegis aftansöng (evensong) í Laugarneskirkju; 23. janúar og 23. apríl. Tónlistin var í höndum nemenda í kórstjórn við Tónskólann og LHÍ. Arngrður María Árnadóttir organisti lék á orgelið og sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir leiddi stundirnar.



- Útskriftartónleikar Steinars Loga Helgasonar

Í tengslum við útskrift Steinars Loga Helgasonar af kirkjutónlistarbraut LHÍ kom hann fram á tvennum tónleikum. Kammerkór tónlistardeildar LHÍ undir stjórn Steinars Loga flutti kvöldbætur og Davíðssálma eftir íslensk tónskáld í Laugarneskirkju 15.mars.

Steinar Logi hélt svo orgeltónleika í Hallgrímskirkju 11. maí þar sen hann flutti verk eftir Nicolas de Grigny, Johann Sebastian Bach, César Franck, Olivier Messiaen og Jón Nordal.

- Masterklasse

Norski orgelleikarinn Inger-Lise Ulsrud kenndi orgelnemendum LHÍ og Tónskólans dagana 11. og 12. febrúar í Hallgrímskirkju.

Námskeið Inger-Lise var tvíþætt, annars vegar orgeltónbókmenntir og hins vegar litúrgískt orgelspil og spuni.

Námskeiðin voru opin nemendum LHÍ og félögum í FÍO.

Vegna niðurskurðar til skólans hefa masterklassar legið niðri undanfarin ár og því var það mikil innspýting fyrir okkur í Tónskólanum að fá Inger-Lise í heimsókn. Námskeiðið var undir merkjum Erasmus og hluti af samstarfi Tónskólans og LHÍ. Það er skoðun mín að afar mikilvægt sé að masterklassar verði aftur reglulegur hluti af skólastarfi Tónskólans.

Inger-Lise kom einnig fram á tónleikum í Hallgrímskirkju á vegum Listvinafélags kirkjunnar.

- Tónskólinn á Vestfjörðum

Tvo s.l. vetur hefur Tónskólinn boðið upp á nám í kirkjutónlist fyrir organista á Vestfjörðum. Hafa tveir organistar stundað nám með það að markmiði að ljúka kirkjuorganistaprófi. Mikilvægur þáttur organistanámsins er nám í kórstjórn. Tónskólinn hefur verið í samstarfi við Tónlistarskólann á Ísafirði og hefur Beata Joó kennari við skólann kennt kórstjórnarnemum. Hafa átta nemendur stundað námið, bæði organistar, en einnig nemendur og kennarar við TÍ.

Að mínu mati er það er mjög mikilvægt að Tónskólinn haldi úti námsframboði sem víðast um landið þannig að organistar hafi kost á að auka þekkingu sína og menntun.

- Kórstjórnarkennslan.

Undanfarin ár hefur Tónskólinn verið í samstarfi við LHÍ um nám í kirkjutónlist. S.l. haust var samstarfið útvíkkað á þann hátt að nemendur í LHÍ geta nú sótt kórstjórnartíma í TP. Hefur þetta samstarf gengið frábærlega vel fyrir báða skólana og sýnir glöggt hvað samstarf stofnana getur leitt af sér góða hluti.

Vefsíða Tónskólans er:

[www.tonskoli.is](http://www.tonskoli.is)

# Verkefnisstjóri kirkjutónlistar

Margrét Bóasdóttir

## Um starfið

Starfið tekur mið af gildandi starfsreglum um kirkjutónlist á vegum Þjóðkirkjunnar og heyrir beint undir Biskup Íslands. Það er fullt starf með sveigjanlegum vinnutíma og gert ráð fyrir talsverðum ferðalögum. Helstu starfsþættir eru umsjón með kirkjutónlistarmálum Þjóðkirkjunnar og ráðgjöf við biskup Íslands, þjónusta og stuðningur við starf organista og kirkjukóra, og annað starfsfólk kirkjunnar, skipulagning og framkvæmd sí- og endurmenntunar, m.a. í samstarfi við Tónskóla Þjóðkirkjunnar, ábyrgð og þróun Söngvasjóðs, tónlistarvefs kirkjunnar, gerð og útgáfa fræðsluefnis, nýsköpun á sviði kirkjutónlistarmála og erlend samskipti.

Á þessu fyrsta heila starfsári mínu skapaðist skýrari mynd af verkefnunum og þeim tækifærum og hindrunum sem þau bera með sér. Tónlistarstarfið í kirkjunni er margþætt og misjafnt eftir stærð og getu safnaða, staðháttum og ýmsum ytri aðstæðum. Ljóst er að þegar ekki er lengur hægt að ráða organista í fullt starf, minnkar geta til fjölbreyttari tónlistarstarfa innan safnaðarins. Ef síðan er ekki möguleiki á samstarfi við tónlistarskóla byggðarlagsins þannig að tónlistarfólk fái fulla stöðu við hæfi menntunar sinnar, þá verður afar erfitt að fá menntaðan organista til starfa. Þetta er því miður sú staða sem þó nokkrir söfnuðir búa við.

En þar sem eru starfandi organistar, jafnvel í hlutastarfi, er auðfundið hve annt þeim er um starfið og margir leggja mun meira af mörkum en stöðuhlutfallið segir til um.

Starfandi organistar á landinu eru nú um 110 talsins, þar af um 30 í fullu starfi.

## Organisti kvaddur

Jón Stefánsson, sem var organisti Langholtskirkju í 52 ár, slasaðist í bílslysi í nóvember. Hann komst aldrei til meðvitundar og lést á Landsspítalanum 2. apríl 2016. Útför hans fór fram frá Langholtskirkju og var hann jarðsettur í Reykjahlíðarkirkju í Mývatnssveit. Jón átti lengstan starfsaldur allra organista, frá 18 ára aldri og hefði orðið sjötugur 5. júlí. Jón var sannur kirkjutónlistarmaður; elskaður og dáður af öllu samstarfsfólki og ómetanlegur kollegi öðrum organistum. Metnaðarfullt kórastarf Langholtskirkju og uppbygging barnakórastarfs þar er einstakt í Þjóðkirkjunni. Guð blessi minningu hans.

## Fundir

Mánaðarlega yfir veturinn voru fundir með formanni Félags íslenskra organleikara og skólustjóra Tónskólans. Var mjög gagnlegt að skiptast á skoðunum og ræða ýmis mál sem snerta störf okkar.

Í byrjun september hélt ég fundi á Reyðarfirði með organistum og síðan prestum í Austfjarðaprófastsdæmi. Þar kynnti ég starfsmarkmið mín og við ræddum um hvernig mitt



Frá Organistastefnunni í Skálholti

starf gæti nýst þeim best. Fundirnir voru mjög vel sóttir og gagnlegar umræður og áhugi á auknu tónlistarstarfi og stuðningi við það.

Fundir voru haldnir með organistum og prestum í Skagafirði og skipulagður kóradaður, fundur með organistum á Akranesi og í Borgarfirði í sama tilgangi, fundur með prestum í Suðurprófstdæmi til að skipuleggja upptökur á útvarpsmessum og einnig með organistum prófastsdæmisins. Prófastur Kjalarnesprófastsdæmis bauð til sameiginlegs morgunfundar og hádegisverðar með prestum og organistum. Þar voru mjög gagnlegar umræður um kirkjutónlistarstarfið, hlutverk sálma og samstarf. Einnig hitti ég presta og prófast Reykjavíkur-prófastsdæmis vestra á morgunverðarfundi.

Ég hitti prófasta á árlegum fundi þeirra með biskupi og þar var rætt um aukið samstarf og stuðning við kórarstarfið og gildi þess að kenna nýja sálma.

Reglulegir fundir með biskupi Íslands eru tvisvar á ári, þar sem við förum yfir starfið. Auk þess eru fjöldi smærri funda með biskupsritara og fleira starfsfóki til undirbúnings sérstakra verkefna.

## Símenntun

Fyrsta Organistastefna þjóðkirkjunnar var haldin í Skálholti 18. -19. september 2015. Þátttaka var sérlega góð, um 50 manns. Bob Chilcott, breskt tónskáld og stjórnandi var gestur Organista-

stefnu. Hann kynnti eigin tónlist sem er mjög fjölbreytt og áhugaverð fyrir kóra. Þátttakendur mynduðu kór og sungu frá morgni til kvölds, sungu tíðagjörð í kirkjunni og nutu samvista og félagsskapar. Mikil ánægja var með dvölinu og ákveðið að Organistastefnan yrði árlega í september.

## **Raddþjálfun presta**

Í samstarfi við Prestafélag Íslands bauð ég upp á raddþjálfun í nóvember til undirbúnings fyrir jólahátíðartónið. Fjölmargir prestar nýttu sér þetta og voru afar þakklátir.

## **Samstarf við guðfræðideild Háskóla Íslands**

Sú umsjón með vikulegum messum guðfræðinema sem ég bauð fram í upphafi starfs míns mæltist mjög vel fyrir og aðstoðaði ég við sálmaval og forsöng. Einnig var komið á samstarfi við Tónskóla þjóðkirkjunnar þannig að nemendur leika á orgelið í messunum. Þetta er góð þjálfun og lögð eru drög að tengslaneti nemenda til framtíðar með þessu samstarfi.

## **Syngjandi Kirkjuþing**

Morgunsöngur á Kirkjuþingi sem var innleiddur í tengslum við morgunbænir, hlaut góðan hljómgrunn og við Björn Steinar Sólbergsson stýrðum söng og kynningu á nýjum sálmum.

## **Málþing um tónlist við útfarir**

Biskup Íslands gekkst fyrir málþingi um tónlist við útfarir í lok mars í safnaðarheimili Neskirkju. Ásamt biskupsritara undirbjó ég málþingið og fengum við framsögumenn frá Prestafélagi, Organistafélagi og Félagi útfararstjóra, tvo frá hverjum aðila. Málþingið var gífurlega vel sótt; um 80 manns komu og var streymt beint frá þinginu gegnum Youtube. Hreinskiptar og sterkar skoðanir komu fram og hefur verið ákveðið að halda áfram samtali um þessi mál við áðurnefnda aðila.

## **Samstarf við RÚV um útvarpsmessur á landsbyggðinni**

Útvarpsmessur af landsbyggðinni voru teknar upp á tveim apríldögum í Skálholtskirkju. Það voru átta prestar, kirkjukórar og starfsfólk safnaða í Suðurprófastsdæmi sem fjölmenntu í Skálholt og var hringt til messu fjórum sinnum á dag! Messunum var útvarpað í júlí og ágúst og gerður góður rómur að. Þessu verkefni verður framhaldið næsta ár.

## **Heimsóknir til íslenskra kirkjukóra erlendis**

Í janúar heimsótti ég íslenska kórinn í Osló að beiðni sr. Örnú Grétarsdóttur prests íslenska safnaðarins. Afar ánægjulegur vinnudagur var með kórnum og eftir messu sunnudagsins var ég með stutt erindi fyrir söfnuðinn um sálma, hlutverk þeirra og undirbúning nýrrar sálmabókar.

## Útgáfuverkefni, vefverkefni og samningar um ljósritun

Textar Barnasálmabókarinnar voru útbúnir á sama hátt og sálmabókin á vefnum. Einnig voru gerðar um 150 hljóðskrár með sálmunum. Því miður er þetta ekki komið á vef kirkjunnar þar sem hann þarfnast uppfærslu. Vonandi tekst að leysa úr þessu sem fyrst, þar sem mikilvægt er að t.d. leiðtogar í barnastarfi geti kynnt sér ný lög gegnum hlustun með textanum.

Ég hélt marga fundi með framkvæmdastjóra Fjölís, sem annast réttindamál vegna ljósritaðs efnis þar sem samingur Fjölís og Þjóðkirkjunnar þarfnaðist endurskoðunar. Í vor var hægt að ljúka nýjum samningi sem lækkaði um 2/3 vegna þess að hægt var að sýna fram á að kirkjukórar kaupa nú nótnabækur í ríkari mæli og að kirkjan útbýr sitt eigið fræðsluefni með útgáfu eða á vef, en ljósritar ekki. Kirkjuráð samþykkti samninginn á fundi sínum í júní.

## Starfsþjálfunarteymi

Ég hef unnið með starfsþjálfunarteymi Biskupsstofu og þar er stefnt að því að auka vægi söngþjálfunar til framtíðar hjá bæði prestsnefum og djáknaneum. Ákveðið var að nemendur fengju í lok starfsþjálfunartímans sérstakt Raddmat, þar sem þeir koma til mín og lesa, flytja eigin texta, tóna og syngja sálma og fá skriflega umsögn og leiðbeiningar um færni sína og hvernig má auka hana ef þarf.

## Sálmakvöld, Söngdagar og Sálmafoss

Í október var ég með eitt af þremur Fræðslukvöldum í Glerárkirkju. Þar kynnti ég nýja sálma sem viðstaddir sungu og fræddust um uppruna þeirra og hina ýmsu möguleika til að auðga helgihaldið með sálmisöng. Kirkjukórar á Akureyri og almennt kirkjufólk sóttu þetta fræðslukvöld.

Sams konar kvöld voru svo haldin í Dómkirkjunni í Reykjavík á Tónlistardögum kirkjunnar í nóvember, og á Dalvík með þátttöku fjögurra kirkjukóra; heimakórs, kór Ólafsfjarðarkirkju, Siglufjarðarkirkju og kirkjukórs við utanverðan Eyjafjörð.

Söngdagar með kirkjukórum voru haldnir á Löngumýri með þátttöku skagfirskra kirkjukóra, á Hvammstanga með húnvetnskum kirkjukórum og í Þorgeirskirkju með þingeyskum kórum. Alls staðar lauk deginum með helgistund þar sem fluttir voru þeir sálmar sem kenndir voru, kórlög sem kórarnir höfðu undirbúið og prestar lásu lestra og bænir.

Á Leikmannastefnunni sem haldin var í maí í Reykholti kynnti ég nýja sálma og lærðu fundargestir 12 sálma á rúmum klukkutíma og sýndu kröftuga sönggleði.

Ég var kynnr og aðstoðaði við undirbúning á Sálmafossi í Hallgrímskirkju á Menningarnótt. Þar voru frumfluttir fimm sálmar eftir tíu konur, tónskáld og ljóðskáld, kórar sungu og leiddu almennan sálmisöng kirkjugesta sem fylltu kirkjuna alla þá sex klukkutíma sem dagskráin stóð. Þetta er stórkostleg upplifun fyrir þá sem njóta og mikið þakkarefni fyrir kirkjuna að Hallgrímskirkja skuli standa fyrir slíkum viðburði árlega.

## Söngvahátíð barnanna og barnakórar við kirkjur.

Á skírdag hafði ég yfirumsjón með Söngvahátíð barnanna í Hallgrímskirkju. Fimm barna- og

unglingakórar frá Hafnarfjarðarkirkju, Langholtskirkju, Seljakirkju og Hallgrímskirkju, alls um 90 börn, tóku þátt ásamt jazztríói sem lék með. Kirkjan fyllist af fjölskyldufólki sem naut þess að hlusta á vandaðan og fjölbreyttan flutning sem kórstjórnarnir höfðu undirbúið á fagmannlegan hátt.

Í sömu viku kom barnakór frá norski kirkju og söng í Skálholtskirkju og átti samstarf við Barna- og unglíngakór Hafnarfjarðarkirkju. Stefnir er að reglulegu samstarfi norskra og íslenskra barnakóra við kirkjur og hefur kórinn í Hafnarfjarðarkirkju fengið heimboð til Noregs á næsta ári.

## Nefndarstörf

Sálmabókarnefnd starfaði kröftuglega allt starfsárið og er mjög ánægjulegt að hafa svo stóran og samhentan hóp sem vinnur að bæði textum og lögum í nýja bók. Kynningarmál sálmabókarinnar og fjárhagsáætlun, bæði kostnaður og söluáætlun eru meðal minna verkefna í nefndinni og er einstaklega gott samtarf við Skálholtsútgáfuna um þau mál.

Kirkjutónlistarráð fundaði nokkrum sinnum um stefnumál kirkjutónlistarinnar og var ég þar boðuð til. Nokkur ágreiningur var um hvort fjárhagsáætlun fyrir mitt starf ætti að vera á ábyrgð ráðsins. Niðurstaða var sú að Tónskólinn og verkefnisstjóri kirkjutónlistar skiluðu sjálfstæðum fjárhagsáætlunum og er kostnaður færður á eina kennitölu en tvö mismunandi viðföng.

Kirkjutónlistarráð ásamt mér og skólástjóra Tónskólans vann ítarlega greinargerð með athugasemdum við ráðningu organista í Langholtskirkju og sendi sóknarnefnd og prestum þann 2. júní 2016. Greinargerðin var einnig send biskupum, prófasti, kirkjuráði og öllum starfandi organistum. Guðný Einarsdóttir, formaður vék sæti, þar sem hún var aðili máls, og Guðmundur Sigurðsson varaformaður vann að málinu. Greinargerðin bar saman starfsreglur og tónlistarstefnu þjóðkirkjunnar við auglýsingu um starf organista og rökstuðning sóknarnefndar með ráðingunni og gerði athugasemdir þar sem þurfa þótti.

## Erlend samskipti

Ég er í norrænum stýrihópi sem undirbýr norrænt kirkjukóramót í Óðinsvéum í maí 2018. Fundur var haldinn í júní og staðhættir mótsins skoðaðir. Mótið verður án efa lyftistöng og nú þegar er unnið að því að íslenskir kórar taki þátt.

Norrænn samstarfshópur um líturgíu hélt ársfund sinn á Íslandi í nóvember. Ég tók þátt í starfshópi um Musík og Liturgi, og var vel fagnað þar sem ekki hefur áður verið íslenskur þátttakandi í þeim hópi. Þetta samstarf er mikilvægt og hef ég staðfest áframhaldandi þátttöku mína í þessum hópi.

Norrænt kirkjutónlistarmót verður haldið í Gautaborg í september. Mótin eru haldin á fjögurra ára fresti og er tilhökkun að taka þar þátt og kynna tónlistarstarfi nágrannakirknanna og styrkja vináttubönd við kirkjutónlistarfólk á Norðurlöndum.



# **Þjóðmálanefnd Þjóðkirkjunnar**

**Óskar Magnússon formaður**

Þær breytingar urðu á Þjóðmálanefnd á árinu að sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir, formaður nefndarinnar, lét af störfum vegna búferlaflutninga og sr. Guðný Hallgrímsdóttir af persónulegum ástæðum. Sæti þeirra í nefndinni tóku varamennirnir sr. Magnús Erlingsson og Aðalbjörg Helgadóttir. Þá var samþykkt að Óskar Magnússon tæki við formennsku og forseta kirkjubings tilkynnt um hina breyttu skipan með tillögu um að forsætisnefnd leggi til að kirkjubing staðfesti hana. Auk framangreindra sitja í nefndinni sr. Gunnlaugur Stefánsson og Ásbjörn Jónsson.

Nefndin hélt þrjá formlega fundi á árinu en auk þess áttu nefndarmenn ýmis óformleg samskipti og báru saman bækur sínar um greinaskrif og viðbrögð við þjóðmálaumræðu.

Nefndin ræddi á fundum sínum um áherslur og viðfangsefnið nefndarinnar næstu misseri. Nefndin telur að meginverkefni hennar sé að vera skjöldur kirkjunnar í umræðum um kirkjuna og málefni hennar, að vinna með erindi sem til nefndarinnar er vísað, bregðast við rangfærslum og ómaklegum áróðri gegn trú og kirkju auk þess að hafa frumkvæði að skoðun málefna og umræðu sem til heilla horfa fyrir Þjóðkirkjuna.

Í kjölfar umræðna á vettvangi nefndarinnar hefur formaður átt samtöl við biskup og forseta kirkjubings um aðkomu nefndarinnar að samskipta- og kynningarmálum kirkjunnar. Nefndin lýsir yfir við kirkjubing, þeim vilja sínum til að gegna því hlutverki að koma þeim málum í traustan farveg og tryggja að öflug forysta verði um framgang þessara mikilvægu mála.

Rætt hefur verið um að Þjóðmálanefnd standi fyrir málþingi um Þjóðkirkjuna, stöðu hennar gagnvart ríkisvaldinu með áherslu á framlag kirkjunnar til menningar og sálgæslu.

# Sérþjónustuprestar

## Fangaprestur þjóðkirkjunnar

Sr. Hreinn S. Hákonarson

Segja má að eitt kunnasta hús Reykjavíkur sé Hegningarhúsið við Skólavörðustíg 9. Stundum kallað Níán meðal starfsmanna og fanga eða Hegnó. Húsið var tekið í notkun árið 1874 og var því starfrækt sem refsivistarstofnun í 142 ár.

Ljóst hefur verið í nokkra áratugi að það hefur ekki staðist nútímakröfur um fangelsi og því verið rekið á undanþágum. Lokun Hegningarhússins markar því töluverð tímamót í fangelsismálum á landinu og er svo sannarlega fagnaðarefni. Stefnt er að því að nýja fangelsið í Hólmsheiði verði tekið í notkun í lok septembermánaðar. Það hefur tafist af ýmsum ástæðum en þó fyrst og fremst vegna uppsetningar á hvers kyns tæknibúnaði. Þar verður sérstök álma fyrir konur; móttökufangelsi; gæsluvarðhaldsfangelsi, og rými fyrir fanga til að aflána styttri dóma eftir atvikum.

Hegningarhúsinu var þjónað af kirkjunni allt frá upphafi. Prestar Reykjavíkur komu þangað þegar þeir voru beðnir um það og eins sáu þeir um guðsþjónustur. Í bók *Björns Þórðarsonar: Refsivist á Íslandi 1761-1925*, útgefin í Reykjavík árið 1926, segir svo: „Guðsþjónustu hefir dómkirkjupresturinn flutt við og við í hegningarhúsinu alla tíð.“ (bls. 206). Þá segir í bókinni *Séra Bjarni* sem kom út árið 1967: „Hann fór þegar að fara í heimsóknir í hegningarhúsið og á Landakotsspítala og leitast við að hugga og styrkja þá, sem þar voru sjúkir og særðir á sál og líkama.“ Þetta var árið 1910 og sr. Bjarni Jónsson nýkominn til embættis í Dómkirkjunni. Orð Matteusarguðspjalls voru yfirskrift fangapjónustunnar: „Í fangelsi var ég og þér komuð til mín...“ (25.36). Fáar opinberar frásagnir fanga eru til um kynni þeirra af prestum í Hegningarhúsinu. Þó skal ein nefnd og þar kemur séra Bjarni við sögu. Fanginn hélt að presturinn ætlaði að „tala yfir hausamótunum“ á honum, „syndaselnum“, en samtalið hófst á því að presturinn spurði blátt áfram: „Má ekki bjóða þér brjóstsykur?“ (*Ég skrifaði mig í tugthúsið*, Valdimar Jóhannesson bókaútgefandi segir frá, Gylfi Gröndal skráði, R. 1995, bls. 177.) Upp frá þessu þekktust þeir og Valdimar mat hann mikils eins og svo margir aðrir. Síðasta guðsþjónustan í Hegningarhúsinu var á hvítasunnudag þann 15. maí s.l. og fangapresti til aðstoðar með tónlist var Arnór Heiðarsson.

Fangaprestur hefur talað fyrir daufum eyrum um stofnun fangelsisminjasafns í landinu og hefur ritað um það (sjá t.d. grein í Morgunblaðinu 29. maí 2015). Munir úr sögu fangelsa liggja hér og þar. Flestir eru reyndar týndir. Um er ræða menningarverðmæti sem segja ákveðna sögu sem er ekki mörgum kunn. Ekki er ljóst hvað verður um ýmsa gripi úr Hegningarhúsinu umfram þá sem þegar eru friðaðir. Margt hefur farið forgörðum í fangelsissögu landsins. Það er til dæmis merkilegt að engir rimlar af Litla-Hrauni skuli hafa varðveist. Fyrr á árum var það hús girt þungum rimlum svo ekki fór fram hjá neinum að þar var fangelsi. Þær voru ekki ófáar hellurnar sem steiptar voru á Litla-Hrauni á sínum tíma. Hvað er til af þeim tækjum sem notuð voru við steypuvinnuna? Þannig mætti halda áfram.

Þjónusta fangaprests hefur frá upphafi ekki einskorðast við þá sem tilheyra þjóðkirkjunni heldur hefur hún staðið öllum til boða án tillits til hvaða trúfélagi þeir tilheyra – ef þá nokkru. Í raun og veru þykir mönnum þetta nokkuð sjálfsagt og þiggi þeir ekki þjónustu fangaprests biðja þeir hann gjarnan að hafa samband við sitt trúfélag og koma skilaboðum áleiðis um að óskað sé eftir samtali. Sérstaða þjónustu kirkjunnar við brotamenn er sú að fangaprestur kemur reglulega í fangelsin og er mjög sýnilegur. Hann ræðir við fanga hvort heldur í trúnaði og/eða í hópum eftir atvikum eða um dag og veg í almennu spjalli hvort heldur inni á fangadeildum eða vinnustöðum fangelsanna. Og auk þess hafa fangar greiðan aðgang að honum í síma og tölvupósti þar sem netaðgangur er leyfður. Auðvitað er þessi sérstaða sögulegs eðlis. Allt frá því að sérstakt fangaprestsembætti þjóðkirkjunnar varð til hefur þjónustan verið með svipuðum hætti: fangapresturinn hefur verið í mikilli nálægð við skjólstæðinga sína. Ástæða þessa er vitaskuld sú að flestir fangar tilheyra þjóðkirkjunni.

Af sjálfu leiðir að fangaprestur sinnir aðstandendum fanga eftir því sem þeir kjósa og er þungi þeirrar þjónustu breytilegur frá ári til árs. Fangar í gæsluvarðhaldi þurfa sérstakrar aðgæslu við en þar hefur sú venja þróast að spyrja viðkomandi gæsluvarðhaldsfanga hvort hann vilji tala við fangaprestinn sem flestir þigga.

Samtöl fangaprests við fanga fara fram í trúnaði og hann er bundinn þagnareid um allt sem fram fer á milli þeirra í samtalinu og allt það sem hann kann að verða áskynja um. Þetta vita fangar almennt og geta treyst. Samtölin eru að hluta til það sem kallast á kirkjulegu máli *sálgæsla* en má alls ekki rugla saman við störf sálfræðinga. Fangaprestur er ekki sálfræðingur!

Undanfarin ár hefur fangaprestur verið fjárhaldsmaður félags fanga sem heitir *Afstaða*. Félagið hefur starfað nú í áratug og leitt margt gott af sér. Eins og skiljanlegt er getur verið erfitt fyrir fanga að reka félag, kjósa í stjórn og innheimta félagsgjöld, vegna þess að félagsmenn eru ekki allir á einum og sama staðnum. Þetta hefur þó gengið þrátt fyrir vissa örðugleika. Fangaprestur hefur lengi talið að það ætti að binda í lög um fullnustu refsinga – eða reglugerðir - með hvaða hætti fangar geti stofnað og rekið hagsmunafélag. Það er eins og hver annar góður þáttur í lýðræðisuppeldi og væri veigamikill þáttur í betrun sem talað er um á hátíðlegum stundum. Fangar búa ætíð við að þeim er sýnd viss tortryggni og ekki svo sem að ósekju og það getur verið mjög erfitt að vinna traust. En það er þó ekki með öllu vonlaust og þá verða líka einhverjir að koma þeim til hjálpar í því efni. Fjármálin verða til dæmis að vera í góðu lagi og það eru þau. Fangaprestur ræður að sönnu ekki yfir fjármunum félagsins, hann er miklu fremur gjaldkeri þess. Stjórnin ræður útgjöldum eins og aðrar stjórnir. En fangaprestur er líka á vissan hátt samviska félagsins ef svo má segja og lætur í sér heyra ef honum finnst að menn séu að stíga út af sporinu. Þá er hann þeim eins og strangur faðir. Allt hefur þetta gengið vel og fangarnir þakklátir fyrir veittan stuðning. Það er líka mikils metið.

Í marsmánuði á þessu ári voru samþykkt ný lög um fullnustu refsinga. Í 55. gr. laganna segir svo undir fyrir sögninni: Um iðkun trúar eða siðar: „Fangi skal eiga kost á að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fulltrúa skráðs trúfélags eða lífsskoðunarfélags. Gera skal fanga kleift að iðka trú sína eða sið og taka tillit til matarvenja og bænátíma í starfi og námi fanga eins og unnt er.“ Seinni hluti þessarar greinar er nýlunda og vísar meðal annars til siða múslima. Það er ekki nema sjálfsagt mál. Fangaprestur sendi inn umsögn sína um frumvarpið og ræddi við allsherjarnefnd Alþingis um málið. Öll lög hafa að sönnu sína kosti og galla. Fangaprestur gerði nokkrar athugasemdir og voru sumar þeirra teknar til greina. Einnig sendi hann inn



Í lok síðustu guðsþjónustunnar í Hegningarhúsinu í Reykjavík þann 15. maí 2016.

Til vinstri Arnór Heiðarsson, tónlistarmaður, og t.h. sr. Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur þjóðkirkjunnar.

umsögn til allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (samfélagsþjónusta ungra brotamanna).

En störf fangaprests á liðnu ári hafa verið með svipuðum hætti og hin fyrri ár og margt sem hér að framan hefur verið sagt á almennt við starfið:

Fangaprestur situr í húsnefnd áfangaheimilis Verndar. Sú nefnd hittist vikulega allan ársins hring og hefur það hlutverk að velja þá fanga sem teljast hæfir til að búa á áfangaheimilinu. Fangar geta lokið síðasta hluta afplánunar sinnar eða allt að ári á áfangaheimili Verndar í Reykjavík. Skilyrði er að þeir séu í námi eða vinnu.

Þá er fangaprestur ritstjóri Verndarblaðsins eins og undanfarin ár. Kemur að jafnaði út eitt blað á ári. Ritar hann ýmislegt í blaðið um málefni fanga og fangelsa.

Það hefur færst í vöxt að fermingarfræðarar óski eftir því að fangaprestur ræði við fermingarbörn í Reykjavík. Hefur hann þá sagt þeim frá starfi sínu og hvers vegna kirkjan hefur á að skipa sérþjónustu. Þetta hafa verið einkar ánægjulegar og gefandi stundir með fermingarbörunum.

Fangaprestur hefur og ritað á starfsárinu greinar í dagblöð um málefni fanga og fangelsa. Sömuleiðis tekið þátt í umræðuþáttum í útvarpi um málefni fanga.

Samstarf fangaprests við félagasamtökin Vernd og önnur félög og samtök sem láta sér annt um málefni fanga hefur verið gott. Vernd gegnir mikilvægu hlutverki í sambandi við aflánun fanga utan fangelsis.

Samstarf við starfsmenn fangelsa er mikilvægt og hefur verið farsælt. Fangaverðir eru til dæmis jafnan í eldlínu hversdagsins í fangelsunum og því gefur auga leið að mikilvægt er að eiga gott samstarf við þá. Fangaprestur gerði mikilvæg störf þeirra að umtalsefni í grein í Morgunblaðinu 23. nóvember 2015 og sagði meðal annars í sambandi við vistun geðveilla manna í fangelsum: „Starfsfólk fangelsa vinnur krefjandi vinnu í fremstu víglínu og meðal annars með fíkniefnasjúka fanga sem margir ættu í raun og vera að vera á sjúkrahúsum. Þá er ekki síður ástæða til að nefna fanga sem glíma við geðræna sjúkdóma. Það er sá hópur í velferðarsamfélaginu sem enginn virðist vilja eiga. Dæmi eru um mjög geðsjúka menn í fangelsum sem þau beinlínis sitja uppi með og fá ekki geðlæknishjálp enda þótt margoft sé leitað eftir henni. Slíkt er auðvitað fyrst og síðast brot á mannréttindum hins sjúka, frelsissvipta einstaklings, og sömuleiðis eru fangaverðir settir í aðstæður sem þeir hafa eðli máls samkvæmt ekki hlotið neina klíniska menntun til að glíma við. Þrátt fyrir það hafa fangaverðir sinnt þessum sjúku og brotnu mönnum af mikilli manngæsku sem hvergi lærist nema í uppeldinu heima. Þeir eiga heiður skilinn fyrir framgöngu sína.“

Samstarf fangaprests við Hjálpræðisherinn hefur verið gott en þess má geta að Herinn gefur öllum föngum jólagjafir og hefur fangaprestur séð eins og áður um að dreifa þeim í fangelsin.

Fangaprestur fer reglulega í fangelsin en þau voru fimm að tölu á starfsárinu: Litla-Hraun, Kvíabryggja, Hegningarhúsið, fangelsið á Akureyri, og Sogn í Ölfusi. Þjónustuþörfin er eins og að líkum lætur mest í stærsta fangelsinu, Litla-Hrauni, og þangað kemur fangaprestur tvisvar til þrisvar í viku hverri og oftar þá þörf er á.

Fangaprestur á sæti í stjórn Kærleikssjóðs Sogns sem er hollvinasjóður réttargeðdeildarinnar á Kleppi. Nú skipa stjórn sjóðsins: Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur, dr. Sigurður Páll Pálsson, geðlæknir og yfirlæknir réttargeðdeildarinnar, og Kristjana Thorarensen, leikskólaþerapisti.

Helgihald í fangelsunum var með svipuðu sniði og hin fyrri ár. Ármann Hákon Gunnarsson hefur liðsinnt fangapresti við guðsþjónustuhald af lipurð sem og Arnór Heiðarsson. Nokkrir kórfélagar úr kirkjukór Selfosskirkju syngja jafnan við jólamessur á Litla-Hrauni og opna fangelsinu að Sogni. Haukur Gíslason, organisti, sá um undirleik. Þessum mönnum eru færðar þakkir fyrir stuðning og vel unnin störf.

Fangaprestur kom í tíunda sinn upp s.k. englatré í Grensáskirkju á síðustu aðventu í samvinnu við Grensássöfnuð. Englatréð er heiti á verkefni sem snýst um að gefa börnum fanga jólagjafir. Viðtökur við englatrénu hafa verið afar góðar frá fyrstu tíð og er Grensássöfnuði þakkað kærlega fyrir aðstoðina.

Fréttabréf fangaprests: Á leiðinni, kom út að venju mánaðarlega og er hægt að lesa marga pistla þess á heimasíðu fangaprests: <http://www.kirkjan.is/> fangaprestur. Hefur fréttabréfið komið út í átján ár og aldrei fallið út einn mánuður. Allir fangar fá fréttabréfið í sínar hendur sem og þeir starfsmenn refsivörslukerfisins sem þess óska.

# *Prestur fatlaðra*

## Sr. Guðný Hallgrímsdóttir

### **Forsendur, lög og reglur**

Lögin um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 kveða á um hvað sérþjónusta kirkjunnar sé: „Þar sem almennri prestsþjónustu verður ekki við komið, svo sem á sjúkrastofnunum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra, skal kalla til presta ...“

Sérþjónustan byggir þess vegna á því að tiltekinn hópur fólks í vissum aðstæðum myndar söfnuð sem ekki getur notið hefðbundinnar kirkjulegrar þjónustu vegna sérstakra aðstæðna sem ýmist vara ævina út (eins og hjá heyrnarlausum, fötluðum, sjúkum og deyjandi) eða eru tímabundnar (eins og hjá föngum, sjúkum sem fá endurheimt heilsu, og innflytjendum). Segja má því að þetta sé frumástæða þess að kirkjan hefur talið þörf á því að setja á laggirnar sérþjónustuprestsembætti. Allt þetta fólk tilheyrir að sönnu formlega séð söfnuði í tilteknu prestakalli en getur ekki nýtt sér þá þjónustu sem þar býðst vegna aðstæðna sinna.

Ég sem prestur fatlaðra tilheyrir þjónustusvæði Reykjavíkurprófastsdæmis vestra og hlít umsjón viðkomandi prófests, sæki fundi á vegum prófastsdæmisins og tek þátt í starfi á prófastsdæmisgrundvelli. Hvað skipulag starfans snertir er ég sem embættismaður í fyrirsvari um kirkjulegt starf á starfsvettvangi mínum og hef forystu um mótun þess og skipulag eins og aðrir þjónandi prestar þjóðkirkjunnar. Ég er í samstarfi við fólk sem sinnir öðrum störfum á vettvangi mínum hvort sem það hefur einhver mannaforráð eða ekki. En fyrst og síðast erum ég kölluð til að veita kirkjulega þjónustu, leiðbeina, styrkja og hugga.

### **Umfang og staðsetning**

Ég er nú á 27. starfsári mínu sem prestur fatlaðra. Þjónustan nær yfir þá staði þar sem fatlað fólk lifir og starfar s.s. heimili, sambýli, vinnustaði, stofnanir og skóla. Hin síðari ár hefur verið lögð meiri áhersla á að þjóna fólki með þroskahömlun, þar sem þau hafa í sama mæli og aðrir ekki haft tók á að tileinka sér almenna þjónustu kirkjunnar.

Starfið einkennist af ferðum til og frá þessum stöðum sem og samskiptum mínum við fólk með þroskahömlun, aðstandendur og fagfólk. Ég kem frekar til fólksins en það til mín vegna þess að ég á einfaldlega mun hægara um vik með að ferðast milli staða en fatlaður einstaklingur sem í flestum tilvikum þarf að reiða sig á ferðaþjónustu fatlaðra eða annan ferðamáta. Staðsetning skrifstofunnar í Grensáskirkju er mjög góð og aðgengi fyrir fatlaða til fyrirmyndar. Síðast en ekki síst er dýrmætt að starfa í góðu samfélagi alls þess góða fólks sem starfar í Grensáskirkju eða hefur þar starfsaðstöðu.

### **Sorgarvinna**

Ég er í flestum tilvikum kölluð til þjónustu þegar dauðsföll verða meðal fólks með þroskahömlun og/eða vandamanna þeirra. Í sumum tilvikum er ég líka kölluð til þegar starfsfólk í



Þessum geira fellur frá. Útköllin tengjast flest heimilum fólks með þroskahömlun en einnig er farið í skóla, á vinnustaði og skammtíma vistarir til þess að tilkynna sorgarfréttir og/eða hafa þar umsjón með bæna- og minningarstundum. Stundum er einnig óskað eftir því að hafa minningarstundir á sambýlum, vinnustöðum og í heimahúsum. Ef þess er kostur, er bænum og útförum beint til viðkomandi sóknarprests og samvinna höfð um alla sorgarvinnu.

Hlutverk prests fatlaðra á þessum sorgarstundum er fyrst og fremst að vera stuðningsaðili einstaklingsins með þroskahömlunina. Hann gæti verið að missa ástvin, vin úr sínum röðum eða tengst öðrum sem er að missa einhvern sér nákominn. Leitast er við að styðja einstaklinginn í gegnum sorgina allt frá því að vitað er að ástvinur er deyjandi eða frá tilkynningu dauðsfalls, við kistulagningu, útför og eftir útför eins lengi og þörf er á. Boðin er liðveisla og stuðningur við viðkomandi sóknarpresta í þessum efnum s.s. við að undirbúa kveðjustundir á „aðgengilegan“ máta svo að fólki með þroskahömlun sé mætt þar sem það er statt í sorginni og fái tækifæri til þess að kveðja á sinn hátt. Á síðasta starfsári voru haldnar 17 minningar- og bænastundir í tengslum við missi.

## Samtal

Ég er með fasta viðtalstíma á skrifstofu minni en er einnig með viðtalstíma einu sinni í viku á fjórum vernduðum vinnustöðum í Reykjavík og Kópavogi. Þar gefst fólki með þroskahömlun tækifæri til þess að ræða við prestinn í einrúmi án þess að fara út af vinnustað sínum. Ég heimsæki reglulega mörg af sambýlum stór höfuðborgarsvæðisins. Þá eru ótalin þau útköll sem sinnt er í tengslum við sambýli, skóla og vinnustaði fólks með þroskahömlun. Heimsóknir og húsvitjanir á vinnustaði, skammtíma vistarir, heimili fatlaðra o.fl. voru á síðasta ári 262 talsins.

## Erindi, fræðslufundir og málþing

Hluti starfans er að kynna málefni fatlaðra sem víðast innan kirkjunnar. Leitast er við að sækja alla þá viðburði sem tengjast fötlunum og fólki með þroskahömlun. Ekki þarf að taka fram hversu mikilvægt það er starfi sem þessu að sjá og heyra hvað aðrir eru að gera á sama vettvangi, bæði til að styrkjast í starfi og efla það sem fyrir er. Ég sæki t.d. ár hvert landsþing Þroskahjálpar, enda á ég mikið og gott samstarf við samtökin sem og við Sjónarhól. Sjónarhóll er ráðgjafamiðstöð sem lætur sig varða hag langveikra og fatlaðra barna. Þessi samtök eru: ADHD samtökin, Landssamtökin Þroskahjálpar, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Umhyggja sem er félag til stuðnings langveikum börnum. Til upplýsingar fyrir þau sem vilja kynna sér starfsemi Sjónarhóls betur, er bent á vefslóðina <http://www.sjonarholl.net>.

Á hverju ári er ég beðin um að halda fyrirlestra, erindi og námskeið fyrir hin ýmsu félagasamtök, stofnanir og fólk sem á einhvern hátt tengist málefnum fatlaðra. Efnistökur eru meðal annars bænalíf fólks með þroskahömlun, hugvekjur fyrir fólk með fötlun, sorg og sorgarviðbrögð, sálgæsla meðal fólks með þroskahömlun, samskipti á vinnustað, margbreytileiki samfélagsins, samskipti kynjanna og sjálfsvirðing, öldrun og þroskahömlun.

## Guðsþjónustur og hátíðir

Hið hefðbundna messuform hentar ekki alltaf fólki með þroskahömlun, þar sem orð og athafnir virka oft of flókin. Mikilvægt er að prestar og starsfólk kirkjunnar bjóði líka fólki með fötlun þátttöku í helgihald kirkjunnar s.s. messuhópum og þar með velti því um leið fyrir sér hvernig kirkjan getur nálgast betur fólk með þroskahömlun. Ég hef bent á ýmsar leiðir í þeim efnum, eins og að bjóða fólki með þroskahömlun að taka þátt í samtali um messuna. Að þau taki þátt í messuhópum t.d. með því að lesa léttu texta, bjóða fólk velkomið, útteila sálmaþókum eða tendra ljós í upphafi samveru.

Ég flyt hugvekkjur á fjölmörgum aðventustundum fatlaðra sem og í kyrruviku fyrir páska. Tel ég að kirkjan mætti nýta sér enn betur það sóknarfæri sem felst í því að flytja hugvekkjur fyrir páska eins og mikið er gert af um allt land á jólaföstunni. Samverur sem þessar eru venjulegar haldnar á vinnustöðum á vinnutíma en einstöku sinnum hafa verið haldnar aðventu- og páskastundir á sambýlum eða á öðrum stöðum. Útbúið hefur verið sérstakt fræðsluefni til þess að styðjast við þegar fólk vill halda aðventustundir á heimilum. Ég sendi ávallt út til allra sambýla og verndaða vinnustaða, kveðju frá kirkjunni í upphafi aðventu þar sem kvatt er til helgihalds á heimilum. Einnig er bent á allar þær stundir sem kirkjur landsins bjóða upp á í jólamánuðinum og fólk hvatt til kirkjuheimsóknna. Á síðasta starfsári voru haldnar níu hugvekkjur.

## Samverur í Grensáskirkju í samvinnu við ÆSKR

Samvinna við ÆSKR um samverur fyrir fólk með þroskahömlun hófst í byrjun árs 2005. Við eigum því tíu ára afmæli í ár. Tilgangurinn var að opna betur kirkjuna fólki með þroskahömlun og koma til móts við trúarþörf þeirra. Reynslan hefur sýnt að fólkið sem sækir samverurnar telur þær mjög dýrmætar. Það telur gott að eiga stund frá öllum amstri, þar sem áhyggjur, líf og hugsanir eru lagðar í hendur Guðs. Samverunarnar eru annan hvern fimmtudag yfir vetrartímann, frá klukkan fjögur til fimm. Það er ánægjulegt að segja frá því að samverurnar njóta mikilla vinælda og hefur orðið mikil fjölgun þátttakenda á milli ára. Ég hef átt mikið og gott samstarf við Kristján Ágúst Kjartanson, framkvæmdastjóra ÆSKR og á hann miklar þakkir skildar fyrir gefandi og góða samvinnu. Þorvaldur Halldórsson hefur svo séð um söng og undirleik af sinni alkunnu snilld. Ég þakka þeim báðum trausta og góða samvinnu og hlakka til áframhaldandi samstarfs. Samverur síðasta vetrar voru fimmtán talsins.

## Samvinna

Ég hef átt mjög góða samvinnu við mörg þau sem starfa með fólki með þroskahömlun s.s. þroskaþjálfara, forstöðumenn sambýla og vinnustaða, sérkennara og annað starfsfólk. Samstarfið við Sjónarhól hefur verið nefnt en síðast en ekki síst hef ég átt gott samstarf við kollega mína, presta um allt land sem hafa leitað til mín þegar þau hafa þurft á upplýsingum eða annarri aðstoð að halda í tengslum við samstarf með fólki með þroskahömlun í sinni heimabyggð. Í því sambandi má sérstaklega minna á fermingarfræðslu ungmenna með þroskahömlun sem unnin er af hendi kollega minna um allt land. Ég vil þó nota tækifærið og hvetja starfssystkin mín til enn frekari dáða, að þau komi enn meira til móts við fólk með þroskahömlun í sóknum sínum og leggi sig fram um að þjónusta þau eins vel og önnur sóknarbörn sín.

## Fermingarfræðsla þroskaheftra

Frá árinu 1990 hefur verið boðið upp á sérhæfða fermingarfræðslu í sérskólum borgarinnar sem og við ákveðnar sérdeildir grunnskólanna. Umfang fermingarfræðslunnar hefur breytst heilmikið, sérstaklega á síðustu árum. Í því sambandi má helst nefna þá stefnu menntayfirvalda að hvert barn á rétt á því sækja sinn heimaskóla óháð fötlun, svo nefndur: „Skóli án aðgreiningar“. Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að nemendum í sérskólum fækkar á meðan nemendum í sérdeildum almennra grunnskóla fjölgar. Þetta kallar á breyttar vinnuaðferðir þar sem ég kem oftast til fermingarbarnsins heldur en að það komi til mín. Ég hef leitast við að tengja sóknarprestana við fermingarbörn með þroskahömlun í þeirra sóknum. Starf mitt er þá aðallega fólgið í því að tengja saman barn og fjölskyldu þess við prestinn sinn, benda á fræðsluefni við hæfi og vera þeim öllum innan handar með það sem þau telja sig þurfa aðstoðar við. Í sumum tilvikum hef ég annast fræðsluna og síðan hafa börnin verið fermd með sínum bekk í sóknarkirkjunni. Þá hef ég komið inn í þær fermingarguðsþjónustur og þjónað með viðkomandi presti/prestum.

Í Reykjavík hefur skapast sú hefð að flest börnin fermast á Sumardaginn fyrsta og er það nú orðið ómissandi þáttur í helgihaldi Langholtskirkju. Kirkjan býður upp á gott aðgengi og starfsfólk þar hefur verið einstaklega velviljað mínu starfi. Organisti Langholtskirkju, Jón Stefánsson hefur frá upphafi starfans annast tónlistina í messunni og hefur kór hans, Gradualekór Langholtskirkju séð um að styrkja okkur í söngnum. Fyrir það er af hjarta þakkað.

Umfang fermingarfræðslunnar fer ört vaxandi vegna nýrrar þróunar eins og áður hefur verið vikið að. Á síðasta starfsári var ég með fjóra fermingartíma á viku og fermingarbörnin komu frá fjórum grunnskólum. Fermingarnar voru fimm talsins.

## Kirkjan öllum opin

Mikið og gott starf er unnið á vegum Þjóðkirkjunnar. Til þess að fatlað fólk finni sig þar heima þarf að huga vel að góðu aðgengi. Taka þarf burt alla þröskulda, vanda til handriða við tröppur, litavals á gólfi og veggjum og breidd hurða svo eitthvað sé nefnt. Rýma þarf fyrir hjólastólum inni í kirkjubekkjaraðum og gera þar með fólki sem notar hjólastól kleyft að sitja „meðal“ safnaðarins en ekki fyrir framan eða utan við kirkjubekki. Eins þarf að huga sérstaklega að því hvernig við nálgumst fólk með þroskahömlun. Að við tölum ekki við þau eins og börn heldur sem fullorðið fólk á jafnréttisgrundvelli. Að við bjóðum þau velkomin t.d. í messuhópinn, kvenfélagið eða kirkjukórinn. Innan kirkjunnar okkar eru mikil tækifæri til þess að skapa fötluðu fólki hlutverk. Það er von mín og bæn að við finnum fötluðu fólki góð og velmetin hlutverk innan kirkjunnar og auðgum þar með kirkjustarfið fleiri litum og meiri vídd.

## Aukaverk, heimsóknir o.fl á starfsárinu

Skírnir – 5

Fermingar – 5

Hjónavígslur – 2

Kistulagningar – 10

Útfarir – 9

Messur – 4

Kyrrðar- og bænastundir - 10

Samverur fyrir fólk með þroskahömlun í Grensáskirkju - 15

Minningar og bænastundir – 17

Heimsóknir á sambýli og vinnustaði og húsvitjanir – 262

Viðtöl á vinnustöðum – 180

Viðtöl á skrifstofu 143

Hugvekjur á aðventu og páskum á sambýlum, vinnustöðum o.fl. fyrir fatlaða – 9

Fyrirlestrar/málþing –13

## ***Kirkja heyrnarlausra***

**Sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir**

Í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar er kveðið á um það hvað sérþjónusta kirkjunnar sé; „þar sem almennri prestþjónustu verður ekki við komið, svo sem á sjúkrahúsum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra ...“ Sérþjónusta kirkjunnar er á þeim sviðum sem hefðbundinni prestþjónustu er ekki við komið og er þessi þjónusta þjóðkirkjunnar mjög mikilvæg fyrir þá eintaklinga sem hafa fyrir hana þörf og nota.

Kirkja heyrnarlausra hefur verið starfandi frá 1981 og var sr. Miyako Þórðarson fyrsti prestur heyrnarlausra og á Kirkja heyrnarlausra henni mikið að þakka.

Kirkja heyrnarlausra er söfnuður fólks sem á það sameiginlegt að hafa íslenskt táknmál að móðurmáli, þ.e fólk sem er heyrnarskert, heyrnarlaust og dauflint. Söfnuðurinn er ekki bundinn við ákveðna sókn heldur nær yfir allt landið þar sem táknmálstalandi einstaklingar búa.

Allflestir búa á höfuðborgarsvæðinu, en eins eru Döff einstaklingar búsettir á Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Þó nokkur hópur er af erlendum heyrnarlausum einstaklingum sem fluttst hafa til landsins síðastliðin ár og eru þau dugleg að sækja starf Kirkju heyrnarlausra. Sama má einnig segja um þá íslensku Döff einstaklinga sem hafa fluttst frá Íslandi, að þegar þeir koma til landsins, sækja þau athafnir í Kirkju heyrnarlausra.

Döff (heyrnarlausir sjálfir skilgreina sig sem „döff“, sem þýðir að hafa táknmál sem sitt móðurmál og tilheyra menningarsamfélagi heyrnarlausra og nota þá stórt D í upphafi orðsins) á Íslandi telur um 300 einstaklinga og sinnir prestur heyrnarlausra þeim auk aðstandendum þeirra, fjölskyldum og vinum.

## **Starf**

Kirkja heyrnarlausra hefur aðstöðu í Grensáskirkju, þar er skrifstofa prests og fara guðspjónustur safnaðarins að jafnaði þar fram. Mjög gott og dýrmætt samstarf er við Grensássöfnuð og allt starfsfólk hans, sem og annað starfsfólk sem hefur aðsetur í Grensáskirkju. Samfélagið sem þar er, er mikilvægt og gefnandi.

Messað er að jafnaði einu sinni í mánuði og er messusókn mjög góð.

Messusókn er mjög góð og eru allt að 200 manns sem sækja guðspjónustur hjá Kirkju heyrnarlausra. Bæði sækja athafnirnar heyrnarlausir og aðstandendur þeirra. Söfnuðurinn tekur góðan og virkan þátt í öllu starfi kirkjunnar.

Allar athafnir og starf Kirkju heyrnarlausra fer fram á táknmáli og til staðar er að jafnaði túlkur.

Táknmálstúlkur er til staðar ef full táknmálskunnátta/táknmálsnotkun er ekki hjá þeim sem sinnir athöfninni og raddtúlkur, ef sá sem athöfninni sinnir notast eingöngu við táknmál. Mikilvægt er að allir þeir einstaklingar sem taka þátt í athöfnum Kirkju heyrnarlausra, bæði heyrnarlausir og heyrandi geti tekið þátt og skilji það sem þar fer fram. Því er gríðarlega mikilvægt að hafa táknmálstúlk/raddtúlk í starfi kirkjunnar.

Táknmálskór Kirkju heyrnarlausra tekur þátt í öllum guðspjónustum og mörgum öðrum athöfnum á hennar vegum. Hann er gríðarlega mikilvægur fyrir safnaðarstarfið og skiptir söngur kórsins miklu málið við guðspjónustur safnaðarins. Táknmálskórinn samanstendur af heyrnarlausum einstaklingum sem syngja á táknmáli.

Táknmálskór Kirkju heyrnarlausra er fyrsti táknmálskórinn á Norðurlöndum. Kórinn hefur unnið til verðlauna erlendis og er mjög virkur innan safnaðarins og utan.

Mikill hluti af starfi prests heyrnarlausra fer í sálgæslu, hús- og vinnustaðavitjanir. Viðtalstímar prests eru eftir samkomulagi, hvort heldur er á skrifstofu kirkjunnar í Grensáskirkju, í heimahúsi eða jafnvel á vinnustöðum. Mánaðarlega eru helgistundir í Gerðubergi og reglulega eru samverustund með íbúum sambýlis fyrir heyrnarlausra, á DAS og í húsi Blindrafélagsins. Einnig er farið reglulega yfir árið í vinnustaðaheimsóknir á nokkra þá staði þar sem heyrnarlausri einstaklingar starfa.

Síðastliðin þrjú ár hefur verið samstarf Kirkju heyrnarlausra, Gerðubergs og Fella-og Hólakirkju, sem felst í sameiginlegri aðventustund í desember. Þá fara einstaklingar sem sækja starf eldri borgara, bæði heyrandi og heyrnarlausir, og njóta samverustundar í Fella-og Hólakirkju. Hefur prestur heyrnarlausra tekið þátt í stundinni. Hefur þetta mælst vel fyrir og samstarfið reynst vel. Mikil ánægja er meðal þeirra Döff einstaklinga sem stundina sækja og vonum við að samstarfið haldi áfram.

Árið 2014 var í fyrsta sinn guðspjónustan sem sýnd er á RÚV, að kvöldi aðfangadags jóla táknmálstúlkuð í heild sinni. Áframhald var á því sl.jól og mælist þetta framtak vel fyrir, enda alveg sjálfsgagt að heyrnarlausir geti fengið að njóta þess boðaskapar sem fluttur er af biskupi landsins á aðfangadagskvöld.

Því miður urðu einnig í ár þau vonbrigði að táknmálstúlkaða útsendingin, var send út á aukarás RÚV (RÚV 2) en ekki aðalrás þeirra. Þykir okkur sem störfum með heyrnarlausum þetta miður, og viljum að túlkuð útsending verði send út á aðalrás RÚV, enda auglýsa þeir sem sem „RÚV rás allra landsmanna“.

Í ár var áframhald á samstarfi því sem hófst í fyrra við SHH (Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra) þar sem hópur heyrnarlausra barna og unglunga, kom í heimsókn til prests heyrnarlausra og fengu að kynna prestinum og starfi kirkjunnar. Að venju var allt milli himins og jarðar rætt í þeirri heimsókn, og ótrúlegustu vangaveltur sem upp komu.

Mismunandi er hversu margir það eru sem sækja fermingarfræðslu og fermast hjá Kirkju heyrnarlausra hvert ár. Ástæðan er m.a sá sú að misjafnt er eftir árum hversu mörg heyrnarskert/ heyrnarlaus börn (eða börn sem eiga heyrnarlaus foreldra) eru á fermingaráldri. Eins

ganga þau flest í Hlíðarskóla og mörg þeirra velja að fá fræðslu og fermast með sínum bekkjarsystkinum. Ef óskað er eftir því, kemur prestur heyrnarlausra að fræðslu þeirra barna sem þetta vilja, í samstarfi við sóknarpresta. Í ár hóf eitt barn fræðslu hjá kirkju heyrnarlausra en fluttist svo erlendis og kláraði sína fræðslu og fermingu þar.

Góð og mikil samvinna er við Félag heyrnarlausra, sem er öflugt hagsmunafélag og veitir hvers konar ráðgjöf og álit er snúa að málefnum heyrnarlausra og hefur ávallt að leiðarljósi hagsmuni félagsmanna sem tryggir þeim jafnræði hvarvetna í samfélaginu. Heimasíða þeirra er [www.deaf.is](http://www.deaf.is).

Prestur heyrnarlausra fer reglulega á skrifstofu félagsins og er þá í nokkra klst í senn til að sinna samtölum.

Þrátt fyrir að mikil breyting hafi orðið á málefnum heyrnarlausra síðustu árin, gerast hlutirnir allt of hægt. Allt of langt er í land enn svo heyrnarlausir njóti sömu mannréttinda og heyrandi einstaklingar hér á landi. Þjóðkirkjan þarf að vera þar áfram í forystu með að sýna og vinna að jöfnum rétti heyrnarlausra og heyrandi, og því er svo mikilvægt að hlúð sé að Kirkju heyrnarlausra og söfnuð hennar, og um hana áfram staðin vörð.

Athafnir, helgistundir og fleira

Messur - 10

Helgistundir - 9

Heimsóknir/helgistundir á sambýli, DAS og vinnustöðum - 28

Skírn - 12

Hjónavígslur - 4

Kistulagnirnar - 6 / Útfarir – 6

Fermingar – 0

Fermingarfræðslutímar – 14

Fyrirlestrar – 6

## Lokaorð

Við sem störfum með heyrnarlausum og fylgjumst með baráttu þeirra, sjáum sem betur fer að oft á tíðum ber sú barátta árangur. En við sjáum einnig að stundum er hreinlega eins og verið sé að berjast við vindmyllur og skrefin aftur á bak verða oft á tíðum jafnmörg eða fleiri og þau sem áfram eru tekin. En baráttan heldur áfram á öllum vígstöðum og henni lýkur ekki fyrr en heyrnarlausir/heyrnarskertir hafa hlotið sama rétt og þeir heyrandi, og öll þjónusta við þau verður orðin átakalaus.

Munum að Guð skapaði okkur öll, þrátt fyrir að við séum ekki öll eins og að það er okkar að taka tillit til hvors annars, standa vörð um hvort annað og passa að það sé pláss í kirkjunni okkar fyrir alla – hver sem við erum og hvernig sem við erum.

Ég horfi ég björtum augum á komandi vetur og starfið framundan í stórkostlegum söfnuði og bið fyrir Guðs blessun yfir Kirkju heyrnarlausra og öllum söfnuðum landsins.

# Prestur innflytjenda

Sr. Toshiki Toma

## Tilgangur og starfsemi þjónustunnar

### Megintilgangur þjónustu prests innflytjenda á Íslandi er eftirfarandi:

1. Að aðstoða innflytjendur, flóttamenn, hælisleitendur og langtímagesti sem búsettir eru á Íslandi. Í því felst að auðvelda þeim og fjölskyldum þeirra að byrja nýtt líf hérlendis og vernda mannréttindi þeirra.
2. Að stuðla að gagnkvæmum skilningi á milli ólíkra trúarbragða hér á landi þannig að fyrirbyggja megi óþarfa fordóma sem upp geta komið gagnvart öðrum trúarbrögðum en kristni.

### Helstu þættir starfseminnar eru:

- að tala við fólk sem á í erfiðleikum og að hjálpa því að finna lausn á sínum vanda
- að veita fólki aðstoð til að það geti iðkað trú sína
- að skipuleggja námskeið og/eða fræðslufundi um málefni innflytjenda og trúarbrögð þeirra
- að veita upplýsingar um kristna trú og kirkju
- að sjá um messur, bænastundir og fleiri kirkjulegar athafnir

Það er mikilvægt að hafa í huga að markmið og tilgangur þjónustu prests innflytjenda er að hjálpa innflytjendum að aðlagast íslensku samfélagi og fræða og upplýsa bæði innflytjendur og Íslendinga í þeim tilgangi að koma í veg fyrir fordóma sem kunna að vera á milli þeirra.

Prestur innflytjenda vinnur starf sitt sem prestur kristinnar kirkju og reynir að vitna um kærleik Jesú Krists.

## Formáli

Prestsþjónusta við innflytjendur hófst í nóvember árið 1996.

Skrifstofa prests innflytjenda hefur aðsetur í skrifstofu Hjallakirkju.

### Starfsemi á tímabilinu júní 2015 – maí 2016

*Viðtöl, ráðgjöf og sálgæsla*

Tímabil: 1. júní 2015 – 31. maí 2016

Fjöldi fólks: 178 einstaklingar

Fjöldi viðtala: 521

Þjóðerni: 38 (\*inniheldur ósjálfstæð svæði)

Trúarbrögð: lútersk trú, kapólsk, rétttrúnaðartrú og önnur mótmælendatrúarbrögð. Íslam, búddhatrú, bahá'íatrú, hindúatrú, utan trúfélaga og ókunnugt.



## Innihald viðtala – aðgreining (miðað við fjölda einstaklinga)

Fjölskyldumál og almenn lífskjör	23
Atvinnu- og fjármál	18
Mál sem varða lög	3
Húsnæði	14
Veikindi, meiðsli og sorg	16
Mennta- og menningarmál	29
(****felur m.a. í sér mál sem varðar fordóma)	
Trúmál og trúarbrögð	42
Málefni hælisleitenda	102
<b>Samtals</b>	<b>247</b>

## Samanburður við tölur undanfarinna fjögurra ára

	2011	2012	2013	2014	2015
Fjöldi fólks	137	136	148	151	178
Fjöldi viðtala	368	349	489	569	521
Þjóðerni	25	24	28	43	38

Aðaltilgangur þjónustu prests innflytjenda er sálgæsla og lífsstuðningur þar sem þarf meira en eitt til tvö viðtöl til. Sem dæmi um slík langtímaviðtöl má nefna fjölskyldumál almennt, mál sem fylgja aðlögun, veikindum og hælisleitendamál.

## Almenn þjónusta við hælisleitendur

Prestur innflytjenda hefur haft stöðug samskipti við hælisleitendur á Íslandi á síðustu 19 árum eða frá upphafi þjónustunnar.

(\*Prestur innflytjenda hefur hvatt fólk og fjölmíðla til að nota orðin „umsækjandi um alþjóðlega vernd“ í staðinn fyrir „hælisleitandi“, þar sem síðarnefnda orðið er oft gildishlaðið og orðið neikvætt en hér notar hann það engu síður til þess að einfalda skýrsluna).

(\*Til þess að skoða stöðu hælisleitendur, er fróðlegt að lesa skýrslur hjá Útlendingarstofnun (utl.is) og hjá Rauða Krossinum (redcross.is))

Grunnþjónusta prests innflytjenda við hælisleitendur er, eftir ósk viðkomandi, að hitta fólk og veita praktíska ráðgjöf jafnt sem andlegan stuðning. Að þessu leyti skiptir trúarlegur bakgrunnur viðkomandi ekki máli.

Til þess að taka á móti fólki, byrjaði prestur innflytjenda að hafa viðtalstíma í safnaðarheimili Breiðholtskirkju. Hann er á fimmtudögum eftir hádegi og einnig aukatími eftir þörfum. Hælisleitendur eru næstum án undantekningar billausir og staðsetning Breiðholtskirkju er mjög þægileg þeirra vegna.

Samtímis reynir presturinn að heimsækja fólk til að tala saman í staðinn fyrir þjóða því í viðtali í skrifstofu sína. Slík heimsókn er sérstaklega nauðsynleg þegar fólk sem liður illa og vill ekki mæta á samkomu eða þegar um er að ræða fólk sem er veikt. Fjöldi viðtala var alls 521 og þar af var í 77 skipti farið heim til fólks.

Annað verkefni hjá presti innflytjenda er að kynna málefni hælisleitenda fyrir samfélaginu en stundum valda fréttir misskilningi hjá fólki og fordómum í garð hælisleitenda.

Til þess að berjast við slíkan misskilning og fordóma, reynir prestur innflytjenda að skapa tækifæri til að kynna einstaklinga sem eru hælisleitendur fyrir fólki í söfnuðum á beinan hátt eða skrifa greinar í dagblöð um málefni þeirra.

## **Starfsemi við hælisleitenda í samstarfi við RKÍ o.fl.**

Prestur innflytjenda tók þátt í heimsóknarverkefni til hælisleitenda sem hófst árið 2005, þar sem nokkrir einstaklingar tóku sig saman og mynduðu litla hreyfingu sem hafði það að markmiði að heimsækja hælisleitendur. Tilgangurinn er að rjúfa einangrun hælisleitenda með mannlegum samskiptum og veita þeim stuðning í erfiðum aðstæðum.

Sumarið 2006 var þetta tilraunaverkefni þróað frekar og samkomulag gert við RKÍ um að móta heimsóknarvinahóp undir merkjum RKÍ (formlegur samstarfssamningur er ekki til milli RKÍ og prests innflytjenda). Starfsemi hófst á ný í nóvember 2006.

Prestur innflytjenda heimsótti flóttamenn í Reykjavík átta sinnum á vegum þessa verkefnis.

Einnig tók prestur innflytjenda þátt í opnu húsi með hælisleitendum hjá RKÍ sem sjálfbóðsliði og tók 12 sinnum þátt í því í Reykjavík, Hafnarfirði og Reykjanesbæ. Sérstaklega sá hann um opið hús sem aðalskipuleggjandi í júlímánuði þegar starfsfólk Rauða Krossins var í leyfi.

Frá og með september 2015, jukust verkefni varðandi flóttafólk hjá presti innflytjenda mjög hratt, eins og hjá mörgum öðrum aðilum og gat hann því ekki haldið áfram samvinnunni við Rauða Krossinn varðandi hælisleitendur. Er hann nú í leyfi frá þeirri sjálfbóðaliðastarfssemi um hríð. Prestur innflytjenda vill þakka starfsfólki hjá RKÍ og sjálfbóðaliðum fyrir gott samstarf á liðnu tímabili.

## **Kirkjuleg þjónusta við hælisleitendur**

Nýtt einkenni sem birtist fyrir augum prests innflytjenda í skýrslutímabilinu var fjölgun flóttafólks sem var kristið eða langaði að verða kristið.

### **(a) Bænasamkoma „Seekers“ í Laugarneskirkju**

Í slíkum aðstæðum hófst Bænasamkoma, á ensku „Seekers“ í Laugarneskirkju í apríl 2015 í samvinnu við séra Kristínu Þórunn Tómasdóttur, sóknarprestinn og safnaðarfólk þar. Í upphafi var mætt á miðvikudögum og frá eftir áramót er samkoman haldin á þriðjudögum. „Seekers“ var haldin gegnum skýrslutímabilið án frís og fjöldi samkomna voru fimmtíu talsins. Í byrjun var fjöldi þátttekenda 7-8 að meðaltali en 10-12 um miðjan vetur, og eftir mars varð hann 15-20.

Eitt sem má benda á er að samkomur lögðust aðeins niður fjórum sinnum frá upphafi en allt samkomufall mátti rekja til hátíðardags eða prestanna. Jafnvel ekki einu sinni gerðist að enginn hafði mætt.

„Seekers“ fékk styrki upphæð 100.000 kr. frá Reykjavíkurbíofastsdæmi vestra og sömu upphæð frá Háteigssöfnuði.

### **(b) Bænasamkoma í Hjallakirkju**

Í september 2015 hófst samsvarandi bænasamkoma í Hjallakirkju og hún er haldin á föstudögum rétt fyrir hádegis. Síðan borða þátttakendur saman léttan hádegismat.

Á skýrslutímabili var bænasamkoma haldin 31 sinni og lagðist niður fimm sinnum vegna



Skírn flottamanns í Hjallakirkju

hátíðardaga (jóladags, fyrsta janúar og föstudagsins langa), óveðurs og eitt sinn vegna þess að enginn mætti.

Fjöldi þátttekenda var 4-5 í meðaltali í byrjun, 7-9 um miðjan vetur og 15-18 eftir apríl 2016. Bænasamkoman er í samvinnu við séra Sigfús Kristjánsson, sóknarprest, séra Steinunni Arnþrúði Björnsdóttur, prest Hjallakirkju og safnaðarfolk þar.

### ***(c) Ensk messa í Breiðholtskirkju***

Með hliðsjón af þessum tveimur bænasamkomum byrjaði prestur innflytjenda að halda enska messu í Breiðholtskirkju frá og með október 2015. Messan er haldin á annan sunnudag hvers mánaðar kl. 14, en vegna áætlunar Breiðholtskirkju getur hún breyst í fyrsta eða þriðja sunnudag.

Grunnstefnan hjá presti innflytjenda er að hvetja innflytjendur að fara í messu á íslensku og hvetja jafnframt söfnuði til að taka vel á móti innflytjendum svo öllum líði vel saman. Það er ekki tilgangurinn að móta sérstakan enskumælandi hóp innan kirkjunnar.

Hins vegar er það áriðandi að veita hælisleitendum sem eru kristnir tækifæri til að hlusta á Guðs orð, biðja, lofa Guði og vera með öðrum systkinum í Kristi. Því þó að messan sé ekki takmörkuð fyrir hælisleitendur, heldur fyrir alla sem vilja vera með, er áhersla lögð á tilvist hælisleitenda.

Fjöldi þátttakenda er um 18- 20 í meðaltali.

Messan fékk styrki upphæð 300 þ. kr. frá kirkjumálasjóði og organistinn er Örn Magnússon, organisti Breiðholtskirkju. Einnig þiggur messan hlýja aðstoð og hjálp frá Breiðholtssöfnuði.

#### **(d) Skírnir flóttafólks**

Samtals 17 manns, 16 fullorðnir og eitt barn, meðal þátttakenda ofangreindra samkoma voru skírð til kristinnar trúar á skýrslutímabili. Fimm menn meðal 17 voru skírðir eftir að þeir höfðu fengið dvalarleyfi.

Prestur innflytjenda býður þeim sem vilja skírast í skírnarfræðslu hjá sér. Fræðslan byggist á sex kennslustundum um Biblíuna og kristna kenningu. Fræðslan er haldin, á grundvelli hvers einstaklings en er ekki hópkennd. En þegar það telst betra fyrir þátttakanda vegna tungumálaerfiðleika eða annars, er hún haldin einnig sem hópakennslu.

Fjöldi fræðslutíma voru samtals 61 (eining er 50 mínútur).

Frá janúar 2015 gerði prestur innflytjenda nýja tilraun til að tengja kristna hælisleitendur söfnuði kirkjunnar. Hann hvatti fólkið til að sækja messu reglulega og reyndi að fylgja því eftir í messu þessari ósk, og sótti fólk í gistiheimili og keyrði til kirkju ef veður var slæmt.

Þessi tilraun hélt áfram á þessu skýrslutímabili. Fjöldi slíkrar messufylgdar var 16 sinnum. Þessi tilraun hefur gengið vel og sumir sækja reglulega messu á íslensku núna og 10-12 manna hópur sækir ensku messu í Hallgrímskirkju (hjá séra Bjarna Þór Bjarnasyni) í hvert skipti.

Prestur innflytjenda vill innilega þakka ofangreindum kirkjuaðilum fyrir góða samvinnu, hlýjar móttökur og ómetanlegan stuðning.

### **Samstarf við söfnuð Þjóðkirkjunnar fyrir utan flóttafólksmál**

Með góðfúslegu leyfi presta í söfnuðum, prédikaði prestur innflytjenda níu sinnum í söfnuðum á höfuðborgarsvæðinu á árinu. Þetta var í Háteigskirkju (ágúst), í Laugarneskirkju (ág. og okt.), í Hjallakirkju (sept.), í Seltjarnarneskirkju (okt.), í Digraneskirkju (nóv.), í enskri messu í Hallgrímskirkju (des.) og í Kópavogskirkju (feb.). Einnig fékk prestur innflytjenda tækifæri til prédikunar við setningu Alþingis í Dómkirkjunni (sept.) og við opnun Norrænnar ráðstefnu um helgihald í Háteigskirkju (nóv.).

Einnig tók prestur innflytjenda þátt í fermingarfræðslu í Neskirkju og Grensáskirkju.

Prestur innflytjenda vill þakka viðkomandi söfnuðum fyrir tækifærið til að messa eða prédika og hlýjar móttökur.

Nánar um kirkjulega þjónustu:

Prédikun: 19 sinnum

Þjónusta í altarisgöngu: 12 sinnum

Aðstoðarþjónusta í messu: 7 sinnum

Brúðkaup: 2 sinnum

Skírn: 18 sinnum

Bænastund á ensku í Laugarneskirkju „Seekers“: 50 sinnum (þ.á.m. 4 sinnum fjarverandi)

Bænastund á ensku í Hjallakirkju: 31 sinni

### **Samráðsvettvangur trúfélaga á Íslandi og samstarf við Félag Horizon**

Að byggja brú á milli Þjóðkirkjunnar og annara trúfélaga sem eru nágrannar í samfélaginu er mikilvægt hlutverk og eitt af markmiðum prests innflytjenda.

Samráðsvettvangur trúfélaga var stofnaður í nóvember 2006 og eru núna í honum 16



Frá bænasamkomu „Seekers“ í Laugarneskirkju. Ljósmynd: Fréttatíminn/Haraldur Jónasson

trúfélög. Félagin eru: Þjóðkirkjan, Rómversk-kaþólska kirkjan, Fríkirkjan í Reykjavík, Krossinn, Kirkja sjöunda dags aðventista á Íslandi, Búddistafélag Íslands, Fríkirkjan, Vegurinn, Bahá'í-samfélagið, Félag múslima á Íslandi, Ásatrúarfélagið, FFWPU – Heimsfriðarsamband fjölskyldna og sameiningar (páverandi „Unification church“), Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins í Reykjavík, Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu, Soka Gakkai á Íslandi (Búddistafélag), Óháði söfnuðurinn í Reykjavík, Menningarsetur Múslíma og Guð- og trúarbragðfræðslustofnun HÍ.

Á fyrri hluta skýrslutímabils (júní-des 2015) var starfsemi Samráðsveitvangsins óvirk og enginn fundur var haldinn. Reglulegir fundir voru samt haldnir mánaðarlega í seinni hluta eða frá janúar 2016.

Samráðsveitvangurinn á 10. afmæli sitt í nóvember 2016. Fulltrúarnir eru að skipuleggja málþing eða sérstaka samkomu til að fagna tilefninu.

Prestur innflytjenda tekur þátt í starfsemi vettvangsins sem fulltrúi Þjóðkirkjunnar ásamt Bjarna Randveri Sigurðarsyni, guðfræðingi og stundakennara við HÍ, og séra Steinunni Arnþrúði Björnsdóttur presti í Hjallakirkju (frá og með janúar 2016).

Samstarf við Félag Horizon, menningarleg samtök múslíma af tyrkneskum uppruna, hélt áfram eins og í síðasta skýrslutímabili. Aðaltilgangur félagsins er að fræða og hlúa að gagnkvæmum skilningi í þjóðfélaginu.

Tyrknesk hátíð „Ashura“ var haldin í safnaðarheimili Neskirkju 28. nóvember 2015, eða á fyrsta sunnudag í aðventu. Nedó, æskulýðsfélag Neskirkju, tók virkan þátt í atburðinum frá undirbúningi ásamt séra Sigurvin Jónssyni, presti Neskirkju. Kór Neskirkju tók einnig þátt í dagskránni og Biskup Íslands, fr. Agnes M. Sigurðardóttir flutti ávarp. Á hátíðinni var tyrknesk menning eins og „Ebru-list“ eða „Sema-dans“, og um 130 gestir nutu stundarinnar.

## Samstarf við Mannréttindaskrifstofu Íslands

Prestur innflytjenda var varafulltrúi á vegum biskupsstofu í Mannréttindaskrifstofu Íslands síðan árið 2005, en hann hætti í því maí 2016.

Engin frekar samvinna var við MRSÍ í skýrslutímabili.

## Fræðslustarf og forvarnarstarfsemi

### A) Samstarf við Móðurmálskennsluhóp Japana og „Móðurmál“ samtök foreldra tvítýngdra barna.

Prestur innflytjenda hefur sinnt japanska hópinn frá upphafi eða árinu 1996 en hann fór úr hópnum í tilefni af 20 ára afmæli hópsins í maí 2016.

### B) Fyrirlestrar og fræðslustundir, alls 13 sinnum.

Fyrirlestur um móðurmálskennslu á ráðstefnu Móðurmáls, Innlegg um móttöku innflytjenda í söfnuð/kirkju (á sóknarnefndarfundum Seltjarnarneskirkju og í héraðsnefnd Húnavatns- og Skagafjarðarprófestsdæmis), Fermingarfræðsla Neskirkju og einnig Grensáskirkju, Innlegg um málefni hælisleitenda við nemendur LHÍ og einnig við æskulýðsfélag Laugarneskirkju „Change Makers“, Innlegg um þjónustu prests innflytjenda við nemendur Wartburg Theological Seminary og einnig við nemendur í djákna- og guðfræðinámi HÍ, Innlegg til að kalla á stuðning við hælisleitendur í opnunni samkomu (þrisvar), Innlegg um starf kirkjunnar við flóttafólk í málþingi samkirkjunefndarinnar.

### C) Greinargerðir í blöð og vefblöð (fyrir utan Trú.is)

Pistlar og prédikanir á Trú.is, samtals 13 sinnum.

Viðtöl við blöð, sjónvarpsstöðvar, útvarpsstöðvar o.fl. samtals 13 skipti.

Framkvæmd undirskriftasöfnunar fyrir hælisleitendur, samtals 4 sinnum.

## Lokaorð

Eins og skýrslan sýnir fram, hefur prestur innflytjenda raunar reynst „prestur hælisleitenda“ á þessu skýrslutímabili.

Það er alveg ljóst að verkefni sem snúa að hælisleitendum er meira en ein manneskja getur sinnt almennilega.

Sem betur fer, skilja fleiri prestar, djákna og starfsaðilar kirkjunnar, betur nú en áður aðstæður flóttafólks héraðs og sýna samúð sína og stuðning. Prestur innflytjenda þakkar þeim fyrir það og fagnar þessari þróun í kirkjunni. Samt blasir það við að kirkjan sem heild þurfi að skipuleggja betra móttöku- og þjónustukerfi við flóttafólk, bæði svokallað „kvóta flóttafólk“ og hælisleitendur.

Prestur innflytjenda óskar þess að stjórn kirkjunnar hafi þetta atriði í huga og stefni að því að fleira kirkjufólk þjóni flóttafólki í náungakærleika og blessun Guðs.

Prestur innflytjenda nýtur mikið þess að starfa í þjóðkirkjunni og þjóna fólki í þjóðfélaginu, með gleði.

Drottinn blessi starfið og varðveiti aðila þá sem koma að því.



# *Prestspjónusta á Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði*

Sr. Svanhildur Blöndal

Sr. Svanhildur Blöndal er prestur á Hrafnistu í Reykjavík og Hrafnistu í Hafnarfirði. Hún starfar samkvæmt lögum nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Samkvæmt þeim lýtur prestur tilsjón kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum, þótt hann gegni launuðu starfi á vegum aðila sem ekki heyra undir þjóðkirkjuna.

Prestur sinnir andlegri og trúarlegri þjónustu við heimilisfólk, aðstandendur þeirra og einnig starfsfólk. Sálgæsluvinnan ber þar hæst, auk helgihalds, bænastunda og fræðslu.

Staða prests á Hrafnistuheimilum er 60% á Hrafnistu í Reykjavík og 40% á Hrafnistu í Hafnarfirði. Prestur skipuleggur og annast alla faglega umsjón sem viðkemur prestspjónustunni. Prestur starfar í þverfaglegri teymisvinnu á Hrafnistuheimilum, þar sem margar stéttir vinna saman að því að heimilisfólki líði sem allra best. Einnig er prestur í góðu samstarfi við organista og kórólk.

Prestur vitjar heimilisfólks á hjúkrunardeildum og þeirra sem búa á vist, eins og kostur er.

Helgistund er einu sinni í viku á þriðjudögum í Menningarsal Hrafnistu í Hafnarfirði og á miðvikudögum í samkomusal Hrafnistu í Reykjavík. Organisti í Hafnarfirði er Böðvar Magnússon og í Reykjavík er organisti Kristín Waage. Hrafnistukórinn syngur í Hafnarfirði og



Guðspjónusta á Hrafnistu í Reykjavík





Frá guðsþjónustu á sjómannadaginn á Hrafnistu í Hafnarfirði. Hrafnistukórinn söng ásamt organista Böðvari Magnússyni og Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir söng einsöng.

söngfélagar Hrafnistu í Reykjavík leiða safnaðarsöng. Einnig koma fjórir söngvarar utan úr bæ og syngja með kórnum. Vikulegar helgistundir í samkomusal eru vel sóttar og kirkjugestir eru að meðaltali um og yfir 50 í Reykjavík en um og yfir 60 manns í Hafnarfirði. Helgistundir á eru einnig hálfsmánaðarlega á 6 hjúkrunardeildum (þrjár deildir í Reykjavík og þrjár deildir í Hafnarfirði).

Guðsþjónustur eru um það bil einu sinni í mánuði í samstarfi við organista og kórfélaga úr Kammerkór Áskirkju og í Hafnarfirði eru guðsþjónustur einnig einu sinni í mánuði. Bæði á sunnudögum og á hátíðum eru kirkjugestir á milli 70-100.

Hátíðarguðsþjónusta var á sjómannadag á báðum heimilum. Ræðumaður dagsins í Reykjavík (2015) var Gylfi Geirsson. Starfsmaður Landhelgisgæslunnar las ritningarlestra og einsöngvari var Kristinn Sigmundsson óperusöngvari. Sr. Sigurður Jónsson sóknarprestur í Áskirkju kom í tvisvar árið 2015 og aftur tvisvar árið 2016 og sá um helgistund í samkomusalnum Helgafelli.

Hátíðarguðsþjónusta var á aðfangadag á báðum heimilum og Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar var sungið. Í Reykjavík söng Rakel Edda Guðmundsdóttir einsöng og Magnús Ragnarsson var organisti og forsöngvari. Í Hafnarfirði söng hátíðarkvartett og forsöngvari var Jóhanna Ósk Valsdóttir.

Fríkirkjan í Hafnarfirði sá um hátíðarguðsþjónustuna á gamlársdag. Sömuleiðis hefur prestur frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði komið ca. einu sinni í mánuði og séð um helgistund bæði í Menningarsal og á hjúkrunardeildum. Á skírdag var messa í Reykjavík og á páskadag í Hafnarfirði.

Heimilisfólk tók þátt í messum og las ritningarlestra. Meðhjálparinn var Edda Jóhannesdóttir sem býr í Jökulgrunni í Reykjavík. Í Hafnarfirði er Guðmundur Ólafsson meðhjálpari.



Frá guðsþjónustu á sjómannadaginn á Hrafnistu í Reykjavík, Viðar Gunnarsson söng einsöng.

Undanfarin ár hafa margir gestir, bæði lærðir og leiknir og tekið þátt í helgihaldi og guðsþjónustum.

Einnig eru bænastundir á heimilunum, þegar óskað er eftir því, eins og við dánarbeið og við andlát. Sérstök bænastund var með starfsfólki og stjórnendum Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði vegna skyndilegs og sorglegs fráfalls.

Prestur var með nokkra fyrirlestra í samkomusalnum Helgafelli sem nefnast: Sálgæsla og efrin. – „Vera á lengdar nær en aldrei víðs fjarri“.

Hrafnista í Reykjavík og Hrafnista í Hafnarfirði árið 2015:

Helgistundir í samkomusal á Hrafnistu Rvk. og Hf. samtals: 73

Helgistundir á hjúkrunardeildum Hrafnistu Rvk. og Hf. samtals: 61

Messur í Reykjavík og Hafnarfirði samtals: 16

Sálgæsluviðtöl á báðum heimilum voru alls: 365

Samvera með aðstandendum við sjúkra/dánarbeið voru alls: 35

Viðtöl, símtöl og fundir með aðstandendum á báðum heimilum voru alls: 53

# Trúarleg þjónusta á Sjúkrahúsinu á Akureyri

Sr. Guðrún Eggertsdóttir, sjúkrahúsprestur

## Inngangur

Trúarleg þjónusta hefur verið starfandi við FSA í tuttugu ár eða síðan 1. janúar 1995 og er nú sinnt af prest í 75% starfi. Vegna skipulagsbreytinga er ekki lengur um sjálfstæða deild að ræða en þjónustan heldur þó áfram á svipaðan hátt og verið hefur eftir því sem mögulegt er eftir niðurskurð og minnkun stöðugilda.

## Starfsemin

Starfið felst í sálgæsluviðtölum, samfylgd, fræðslu og helgihaldi, einnig eru úrvinnsla og viðrunarfundir með starfsfólki, auk áfallahjálpar við sjúklinga og aðstandendur stór þáttur þjónustunnar. Þjónustan stendur öllum til boða, jafnt sjúklingum, aðstandendum og starfsmönnum.

Leitað er leiða til að laga helgihaldið sem best að þörfum deilda og einstaklinga.

Stór hluti þess fer fram í dagstofum og sjúkrastofum, en um 110 helgistundir voru á árinu 2015. Tilkoma kapellunnar, sem vígð var í desember 2007 breytti aðstöðu og umgjörð fyrirbænastunda og helgihalds.

Kapellan nýtist þó fyrst og fremst öllum þeim sem finna vilja skjól í erli dagsins, athvarf til bænar og íhugunar. Kapellan er alltaf opin öllum sem þangað vilja leita. Vikulegar fyrirbænastundir á miðvikudagsmorgnum eru öllum opnar og í átta ár hefur verið boðið upp á vikulegar bæna- og íhugunarsamverur með áherslu á *Kyrrðarbæn (Centering prayer)* í kapellunni.

Sjúkrahúsprestur sinnir einnig fræðslu til starfsmanna sem og ýmissa hópa utan Sjúkrahússins m.a. með kynningu á trúarlegri þjónustu og starfi sjúkrahúsprests, fræðslu um áfallahjálpar, sálgæslu, sorg, áföll, bæn og íhugun.

## Samstarf

Hið góða samstarf við starfsfólk á deildum og öllum einingum Sjúkrahússins er sjúkrahúspresti mjög mikilvægt og stuðlar að skilvirkri þjónustu við sjúklinga og aðstandendur.

Sjúkrahúsprestur tekur þátt í sameiginlegu bakvaktarkerfi presta í prófastsdæminu. Því er ætlað að tryggja að alltaf sé hægt að ná í prest í neyðartilvikum utan hefðbundins vinnutíma.

Samstarf við presta og starfsfólk kirknanna hér á Akureyri, sem og í prófastsdæminu öllu er gott og gefandi.

# *Prestur á sviði helgihalds og þjóðmenningar*

Sr. Gunnþór Þ. Ingason

*Þér eruð salt jarðar. Ef saltið dofnar, með hverju á að selta það? Það er þá til einskis nýtt, menn fleygja því og troða undir fótum. Þér eruð ljós heimsins. Borg, sem á fjalli stendur, fær ekki dulist. Ekki kveikja menn heldur ljós og setja undir mæliker, heldur á ljóssastiku, og þá lýsir það öllum í húsinu. – Þannig lýsi ljós yðar meðal mannanna, að þeir sjái góð verk yðar og vegsami föður yðar, sem er á himnum. (Matt 5. 13-15).*

Enn eru þessi orð Jesú Krists úr Fjallræðu hans áleitni og hvetjandi. Aukin færni og framfarir í verkmenntun og umskapandi vísindum síðustu alda hafa aukið lífsgæði og lífsöryggi fjölmargra en reynst tvíeggjuð því að þau hafa líka nýst til lífseyðingar og illvirkja svo sem blóðug átaka- og stjaldarslóð vottar, sem enn mótar sorglega tíðindi daganna. Vert er að spyrja hvað valdi því að bjargandi og lýsandi áhrif kirkju Krists í heiminum hafi ekki hindrað slíkar hörmungar. Getur verið að hún hafi mjög brugðist í því hlutverki sínu að vera verndandi salt og ónæmiskerfi mannlífsins gegn illskuöflum og marktækt leiðarljós þess svo sem hún var kölluð til?

Eftir fall ríkisrekinnar sameiningarstefnu sem atti kappi við auðhyggjuna, en reyndist kæfandi og lífsfjandsamleg, hafa gráðug auðhyggja og grimmileg Mammonsdyrkun vaðið átölulítið yfir lönd og álfur, sogað til sín verðmæti, niðst á mannlífi og misþyrmt lífríki og víða kveikt og glætt ófriðarelda. Þegar horft er til 500 ára afmælis trúarsíðbótar Marteins Lúthers árið 2017, væri vert að huga að því af alvöru hvort verulegar síðbótar sé ekki þörf í kirkju Krists við þau tímamót er skerpi grunnviðmið trúarinnar, salt hennar og ljós. Stóraukið samkirkjulegt starf, sem elur á samstöðu með kirkjudeildum og sameinast um grundvallaratriði, enda þótt elfur trúarinnar streymi fram í fjölbreyttum myndum, gæti áorkað miklu til að virkja hana til lífsheilla. Einarðlegt uppgjör við eyðandi Mammonsdyrkun, sem villir á sér heimildir og klæðist oft dulbúningi frelsis- og lýðræðishugsjóna og einnig kristinnar trúar til að hylja lífsfjandsamleg áform og verk, líkt og krabbamein gerir sem dylst ónæmiskerfi líkamans og veldur honum ómældu tjóni, gæti ekki síður leitt til umskipta og nýrrar síðbótar og endurnýjað og virkjað áhrifamátt kristinnar trúar til lífsverndar og lífsbjargar á komanda tíð.

## **Stefnt að ráðstefnu Alkirkjuráðs hér á landi um „Réttlátan frið og umhverfisvernd“**

Í síðustu árskýrslu minni var lýst áformum um að hér á landi yrði haldin ráðstefna á vegum Alkirkjuráðsins, *World Council of Churches*, um „Réttlátan frið og umhverfisvernd.“

Koma Natöshu Klukach, Programme Executive, samskiptastjóra Alkirkjuráðsins, til landsins í ágústmánuði 2015 kom hreyfingu á málið en beðið hafði verið viðbragða Ráðsins við þessum hugmyndum, sem víðþekktir alþjóðlegri sáttasemjarar frá Boston, dr Rodney Peterson og dr Reymond Helmick, höfðu lagt fram á merkum fundi í Langholtskirkju vorið 2014 með forsvarsmönnum kristinnar kirkju á Íslandi og fulltrúum forseta landsins, ríkisstjórnar og borgaryfirvalda. Mánudaginn 24. ágúst var fundur haldinn með Natöshu og undirbúningshópi/nefnd Biskupsstofu vegna þess máls. Einar Karl Haraldsson, kirkjuþingsmaður, var fundarstjóri.

Natasha þakkaði framtak kirkjufólks og áhugann fyrir því að halda umrædda ráðstefnu hér á landi og lagði ásamt öðru fram óskir um að markmið og fyrirkomulag hennar yrðu vel skilgreind, umfang, tímasetning, fjáröflun og fjárstuðningur og skýrsla um þessa þætti yrði send til sín og Peter Prove, yfirmanns erlendra samskipta á skrifstofu Alkirkjuráðsins í Genf, sem við Einar Karl höfðum verið í tölvusamskiptum við.

Einar Karl ritaði í byrjun september á ensku ýtarlega sögulega greinargerð um rök og forsendur fyrir því að vinna að friðar- og umhverfismálum hér á landi og setti fram hugmyndir um hvernig hægt yrði að skipuleggja og vinna að undirbúningi umræddrar ráðstefnu á vegum Alkirkjuráðsins hér á landi um „Réttlátan frið og umhverfisvernd,“ undir yfirskriftinni *Just Peace with the Earth, WWC consultation and workshop – Building a Template for JPER and BESE initiative September/October 2016, Reykjavik, Iceland*. Þar var gert ráð fyrir að ráðstefnan færi fram í Digranesskirkju, sem séra Gunnar Sigurjónsson, sóknarprestur, hafði fengið samþykkt og talið líkur á að bæjaryfirvöld í Kópavogi væru reiðubúin að styðja við ráðstefnuhaldið. Einnig var horft til þess í greinargerðinni að hagnýta það að borgaryfirvöld höfðu gefið ádrátt um að veita aðgang að Hörpu, ef með þyrfti og þá í samstarfi við „Friðarsetrið í Reykjavík,“ sem vænst var að brátt yrði formlega opnað. Stefnt yrði að því að vera með opinn kynningarfund í Hörpu eftir aðaldag ráðstefnunnar með völdum fulltrúum hennar, sem fulltrúar kirkju og kristni, lífsverndar og mannræktarsamtaka og annars áhugafólks myndu sækja og jafnvel ganga fylktu liði í skrúðgöngum frá tilteknum stöðum til fundarins í Hörpu, undir merkjum „Réttláts friðar á jörðu“ *The rally For Just Peace with Earth could be held the day after the before mentioned conference, with the participation of the City, PM’s Office, Reykjavík’s Peace Insitute, international help organizations, ecumenical and inter-faith organizations and civil society*. Jafnframt færi fram kynning og sýning í Hörpu á markverðum tæknilegum úrræðum og nýjungum til umhverfisverndar. Slíkar göngur og sýningar mætti svo endurtaka „að breyttu breytanda“ víðar um heiminn. Á fundi „undirbúninghópsins“ um miðjan september var samþykkt að reyna að fylgja stefnumiðum greinargerðarinnar, sem síðan var send bæði til „sáttasemjaranna“ í Boston og P. Prove og N. Klukach, í Genf.

Í ágústlok barst mér ósk frá skrifstofu *Arctic Circle*, Norðurslóðahringborðsins, í Háskóla Reykjavíkur um að ég gætti að því hvort unnt væri að standa að vinnu/málstofu, *Breakout Session*, á komanda *Arctic Circle*-þingi í október um gildi og nauðsyn umhverfisverndar út frá rökum siðfræði- og trúarviðmiðanna. Dr Rodney Peterson mun þá hafa rætt um það við góðvin sinn dr Scott Borgerson, sem hafði fylgst með og tengst fyrri *Arctic Circle*-þingum, að greiða þessum umræðuefnum veg inn á komanda þing og bent honum á mig til þess að kanna kosti þessa. Enda þótt skammur tími væri til stefnu tókst með fundum og tilstyrk Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands og Biskupsstofu að skipuleggja og standa að slíkri vinnu/málstofu á *Arctic Circle*-þinginu, sem Guðfræðistofnun og Guðfræði- og trúarbragðafraeðideild Háskólans stóðu formlega að.

Nær 2000 þátttakendur frá einum 50 þjóðlöndum sóttu *Arctic Circle*-þingið, sem haldið var dagana 15.-18. október 2015. François Hollande, forseti Frakklands, var einn aðalræðumanna og ræddi m.a. um Norðurslóðahringborðið sem afar mikilvægan vettvang umhverfisumræðu er svo skammt væri þangað til að stefnumarkandi umhverfisráðstefna færi fram í París, *COP21*. Mikilsvirtir vísinda-, háskóla-, viðskipta- og stjórnmálmenn víðs vegar að úr veröldinni komu saman á *Arctic Circle*-þinginu og kynntu og báru saman þekkingu sína og sjónarmið með það



í huga að finna réttu leiðina fram til að samræma hagsmuni og vernda lífsskilyrði á komandi tíð. Pallborðskynningar og -umræður voru mjög upplýsandi og fjöldi vinnu/málstofa haldnar alla daga þingsins. Orðsending barst frá Franciscusi páfa inn á þingið, sem Ólafur Ragnar Grímsson, forseti og forvígismaður *Arctic Circle*-þinganna, las upp fyrir þingheim. Í bréfi sínu fagnaði páfi þeim þýðingarmikla umhverfismálavettvangi sem þingið væri og lýsti því yfir að umhverfisástand pólssvæða væri mælikvarði á stöðu alls lífsumhverfis hér í heimi og algjörra umskipta væri þörf í viðhorfum og lífsháttum því til verndar sem sameiginlegu heimili allra jarðarbúa.

Vinnustofa Guðfræðistofnunar um „trúarlegar og siðferðilegar víddir umhverfisvandans í heiminum og ísbráðnunarinnar miklu á nyrstu slóðum,“ *Religious and Ethical Dimensions of the Global Climate Change and the Great Arctic Melt*, var haldin síðasta dag þingsins, í salnum Stemmu á fyrstu hæð Hörpu, og var vel sótt enda þótt margir þátttakendur væru þá farnir af þinginu. Fjórir framsögur voru fluttar auk ljósmyndasýningar. Dr Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor við guðfræði- og trúarbragðadeild Háskóla Íslands, fjallaði um: „Stöðu manns og ábyrgð í sköpun Guðs,“ *Our Place and Our Responsibilities within God's Creation*. Dr Gunnar Kristjánsson, fyrrverandi prófastur, ræddi um: „Tvíræðni náttúrunnar í trúarlífi Íslendinga fyrr og síðar,“ *Ambivalence of Nature in the Religious Culture of Iceland*. Dr Sigríðar Guðmarsdóttir, prófastur í Noregi og fyrrverandi lektor við Háskólann í Winchester á Englandi, fjallaði um: „Hvað mestu varðar til umhverfisverndar, Umhverfisbreytingar og guðfræði norðursins,“ *Ecological Ultimate Concern: Climate Change and Theology in the North*. Og dr Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, ræddi um: „Áhrifakosti, trúarlega siðfræði og umhverfisvá,“ *Possibilities of Agency. Religious Ethics and Environmental Problems*. Meðan fyrirlestrar fóru fram voru glæstar ljósmyndir eftir Björn Rúriksson, jarðfræðing, flugmann og ljósmyndara, til sýnis hver á eftir annarri á stórum skjá, sem settu fagan og tilkomumikinn svip á vinnustofuna. Sýningin bar heitið: „Andstæður í íslenskri náttúru, fegurð og háski,“ *Contrasts in the Icelandic Environment, Beauty and Challenges*. Grétar Halldór Gunnarsson, verðandi doktor í guðfræði og starfsmaður Kjalarnessprófastsdæmis, var fundarstjóri við fyrirlestra og umræður, en ég flutti upphafs- og lokaorð og hafði umsjón með vinnustofunni, sem fékk góðan hljómgrunn og undirtektir.

Sjá: <http://www.arcticcircle.org/assemblies/2015/breakout-sessions>

Um þetta leyti bárust tíðindi af því að sökum bágrar fjárhagsstöðu Reykjavíkurborgar yrði ekki úr því að sinni að opna Friðarsetrið, svo að ljóst var að forsendur væru breyttar frá því sem greinargerð Einars Karls miðaði við og hugmyndir um fyrrgreindan kynningarfund og sýningu í Hörpu væru líkast til úr sögunni. Lykilfulltrúar undirbúningshóps Biskupsstofu ræddu breytta kosti og ákváðu að huga að því hvort hægt gæti verið að tengja fyrirhugaða ráðstefnu Alkirkjuráðsins við *Arctic Circle* þing, þar sem að dyr þess hefðu opnast með vinnustofunni góðu. Ráðið gæti sett upp pallborð og einn aðalræðumanna þingsins verið áberandi forystumaður kristni og kirkju í heiminum, svo sem *Ecumenical Patriarch*, Bartholomew, „höfuðsmaður“ helstu Rétttrúnaðarkirkjunnar eða Peter Turkson, kardináli, sem hefði komið við sögu við ritun nýlegs páfabréfs um nauðsyn aukinnar umhverfisverndar. R. Helmick hafði bent mér á þessa merkismenn í þessu skyni. Þegar leitað var eftir viðbrögðum Ólafs Ragnars, forseta, tók hann hugmyndunum vel og þær fengu einnig góðar viðtökur þegar við Einar Karl ræddum þær á fundi með stjórnendum *Arctic Circle*-skrifstofunnar í Háskóla Reykjavíkur, og

eins brást Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra, vel við þeim, er þær voru kynntar honum, en ljóst var þó að vel þyrfti að fylgja þeim eftir. Við Einar Karl kynntum og ræddum þessi áform líka við Davíð Tencer, nývígðan biskup kaþólskra á Íslandi, og séra Jakob Roland í safnaðarheimili Kristskirkju á Landakoti, en séra Jakob hefur setið í Biskupsstofunefndinni sem fulltrúi kirkju sinnar. Biskupinn minnti á að kaþólska kirkjan yrði að nálgast þessi mál á eigin forsendum en væri viðbúin því að senda áheyrandafulltrúa á fyrirhugaða ráðstefnu og þing og taka sinn þátt í þeim.

P. Prove voru kynntar þessar hugmyndir og stuðningurinn við þær hjá íslenskum ráðamönnum á tölvusjónfundum, skype-fundum, á Biskupsstofu og leist honum vel á þær og allar forsendur og framvindu baráttumálsins. Tíðindi bárust af því í byrjun nýs árs, 2016, að áformin fengju góðan hljómgrunn í höfuðstöðvum Alkirkjuráðsins í Genf. P. Prove ritaði lýsingu á æskilegri framvindu stefnumálanna þar sem tekið var mið af öllum fyrrgreindum forsendum, *Concept Note Conference on Just Peace with the Earth with a specific focus on the Arctic Region*. Í byrjun marsmánaðar hafði nefnd verið skipuð í Genf til að vinna að verkefninu, útvega þátttakendur á ráðstefnu Alkirkjuráðs, erlendis frá, að minnsta kosti 30 manns og leita styrkveitinga, velja aðalræðumann fyrir Arctic Circle-þingið og skipa þar pallborð. Einar Karl skrifaði Kirkjuráði bréf um þessar áætlanir og kynnti málefnið á Kirkjupingi og fékk samþykki fyrir umtalsverðri fjárupphæð til að stuðla að því að umrædd ráðstefna Alkirkjuráðsins færi fram hér á landi og tengdist Arctic Circle-þingi.

Í byrjun marsmánaðar virtust allar líkur á því að úr ráðstefnu Alkirkjuráðsins yrði hér á landi enda undirbúningur þá vel á veg kominn bæði hérlendis og á vegum Alkirkjuráðsins í höfuðstöðvum þess í Genf. Ekkert fréttist þó lengi vel þaðan eftir að tíðindi bárust um heiminn af því að málsmetandi Íslendingar og eignamenn með forsætisráðherra í fararbroddi geymdu stórar upphæðir í fjarlægum skattaskjólum, en tilkynnt hafði verið að hann myndi ásamt forseta Íslands og fleiri ráðmönnum styðja fyrirhugaða ráðstefnu með ráðum og dáð. En tíðindi bárust líka frá Boston sem greindu frá því að Jesúítapresturinn og sáttsemjarinn merki, Raymond Helmich, hefði fallið frá á sumardaginn fyrsta. Hann verður okkur hérlendis eftirminnilegur sem höfðum af honum kynni og mikill missir er að honum sem viturs og holls ráðgjafa við að stuðla að friði og umhverfisvernd í veröldinni.

Eftir samtal við Ara Trausta Guðmundsson, jarðvísindamann, um útkomandi bók hans „Veröld í vanda“ beitti ég mér fyrir því, að hann héldi þrjá fræðslu- og samræðufundi um umhverfismál, – og fjallaði þá einkum um stöðu Íslands og norðurlóða í því samhengi, – með prestum og forystufólki í Þjóðkirkjunni og öðrum kristnum söfnuðum. Fundirnir fóru fram miðvikudagsmorgnana, 25. maí, 1. júní og 8. júní, frá kl. 09:30 til 11:30, í safnaðarheimili Digranesskirkju, – fyrir atbeina séra Gunnars Sigurjónssonar, sóknarprests, – undir yfirskriftinni. *VERÖLD Í VANDA OG ÆSKILEG VIÐBRÖGÐ: Fræðsla og samræður um umhverfismál og lífsviðhorf*. Fræðslufundirnir voru vel sóttir og gerður mjög góður rómur að þeim enda Ari Trausti frábær fræðari. Hægt var jafnframt að fylgjast með fundunum á tölvunetinu.

Fréttir bárust ekki frá Genf fyrr en en liðið var á júnímánuð eftir að spurst hafði verið fyrir um viðbrögð og greint frá því að þrátt fyrir óvæntar sviptingar í stjórnmálum stæðust samþykktir um stuðning hérlendis við fyrirhugaða ráðstefnu Alkirkjuráðsins, sem tengjast myndi komanda Arctic Circle-þingi. Fram kom í orðsendingu frá Genf að undirbúningsverkefnum hefði verið vísað til tiltekinna fulltrúa Ráðsins í Svíþjóð, er tóku ekki á árunum sem skyldi til að ná settu



marki og geta í tíma gengið frá þætti Ráðsins í ráðstefnunni og Arctic Circle-þingi. Það þýddi augljóslega að ekki yrði úr ráðstefnuhaldinu hér á landi á yfirstandandi ári, hvað sem síðar yrði.

## Samskipti íslensku Þjóðkirkjunnar og Föroysku fólkakirkjunnar

Ánægjuleg opinber heimsókn Agnesar M. Sigurðardóttur, Íslandsbiskups, til Færeyja í boði Jógvans Fríðrikssonar, Færeyjabiskups, vorið 2015, sem greint var frá í síðustu ársskýrslu minni, styrkti enn vinaböndin á milli íslensku Þjóðkirkjunnar og Föroysku fólkakirkjunnar, sem unnið hafði verið markvisst að frá því að Jógvan biskup kom til Íslands í opinbera heimsókn í boði Karls Sigurbjörnssonar, þáverandi biskups Íslands. Að því var stefnt að færeyskum prestum og kirkjulíði byðist að sækja fyrirlestra og ráðstefnur um Guðfræði og kirkjuleg málefni hér á landi og að Skálholt yrði helsta miðstöð aukinna kirkjulegra samskipta milli eyja- og frændþjóðanna í Norðrinu.

Ég hvatti til þess og vann að því að færeyskir prestar kæmu á norræna ráðstefnu um helgisiði á vegum helgisiðahreyfingarinnar, Leitourgia, sem fram fór í Langholtskirkju, 10.-12. nóv. 2015 undir yfirskriftinni, „Lifandi orð – lifandi hefð,“ *Levende ord – levende tradisjon*. Fjórir þeirra sóttu stefnuna og flutti einn þeirra fyrirlestur um kirkjulíf í Færeyjum, en ég var þeim innan handar meðan á stefnunni stóð. Dr Gordon Lathorop og Dr Gail Ramshaw voru aðalfyrirlesarar og leiddu umræður. Sumt helgisiðaeefnið, sem kynnt var, virtist mjög djarft og framúrstefnulegt, einkum það sem lýsti áhættusamri helgipjónustu við umrenninga og vímuefnaneytendur í stórborgum Norðurlanda.

Jógvan Færeyjabiskup hafði samband við mig að áliðnum vetri 2016 og greindi mér frá því að hann vildi gjarnan, ef kostur væri á, koma til Íslands um vorið með sem flesta presta sína til þess að þeir kynntust landi og þjóð og kæmst í tæri við íslenskt kirkju og trúarlíf og legðu jafnframt drög að samstarfi sínu á milli á komandi misserum. Ég bauðst til að vinna með honum að skipulagi ferðarinnar, sem úr varð. Ferðin var farin frá föstudegi 20. til mánudags 23. maí og tókst sérlega vel. 20 prestar af 25 þjónandi prestum í Færeyjum voru með biskupi sínum í för ásamt kassameistara, fjárhirði Fólkakirkjunnar. Skömmu eftir flugferðina frá Færeyjum komu Færeyingarnir á Biskupsstofu og fengu þar hlýjar móttökur og veitingar en séra Kristján Valur Ingólfsson, Skálholtsbiskup, var móttökustjóri í fjarveru Agnesar, Íslandsbiskups, sem var erlendis.

Séra Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, ásamt fleirum starfsmönnum stofunnar, veittu síðan gestunum góðu fræðslu um skipulag Þjóðkirkjunnar og íslenskt trúar- og kirkjulíf. Undir kvöld héldu Færeyingarnir til Hafnarfjarðar, þar sem séra Þórhildur Ólafs, prófastur Kjalarnessprófastsdæmis, hafði boðið þeim í nafni Kjalarnessprófastsdæmis í kvöldverð og „ánægjukvöldstund,“ *húgnakvöld*, í Hafnarfjarðarkirkju og Strandbergi, safnaðarheimili kirkjunnar. Jafnframt hafði hún boðið þangað prestum prófastsdæmisins og Karli Sigurbjörnssyni, biskupi, og séra Þorvaldi Karli Helgasyni, fyrrverandi biskupsritara. Séra Þórhildur leiddi helgi- og fræðslustund í kirkjunni. Ég greindi þar á færeysku frá sögu kirkjunnar og sungnir voru íslenskir sálmar, sem þýddir höfðu verið á færeysku, við undirleik eins gestanna, séra Meinards í Bjartalíð, sem er menntaður organisti og söngstjóri. Í lokin var færeyski þjóðsöngurinn sunginn: *Tú alfagra land mitt*. Síðan var sest að veislukvöldverði í forsalnum Ljósbroti í Strandbergi. Séra Þórhildur var líflegur veislustjóri og mikil gleði og



Færeyjabiskup og færeyskir prestar við Þingvallakirkju ásamt þremum íslenskum klerkum


kátína mótaði veislubraginn. Fjöldi fagurra ljósmynda var sýndur undir borðum á stóru tjaldi af íslensku landslagi og kirkjustöðum. Og á milli aðal- og eftirréttar var safnaðarheimilið skoðað og gerð grein fyrir því sem byggingu og þeim trúartáknum og listaverkum sem er að sjá í því. Prófastur færði báðum biskupunum að gjöf kirkjusöguritið viðamikla og merka, Helgistaðir við Hafnarfjörð. Þeir þökkðu vel fyrir sig og Færeyjabiskup færði prófasti færeyskar bækur um kirkjur og kirkjusögu Færeyja.

Laugardagsmorguninn tók Karl biskup á móti okkur Færeyingunum í Dómkirkjunni og greindi frá byggingu hennar og sögu og bauð síðan í léttan hádegisverð í safnaðarheimili kirkjunnar, þar sem hann flutti fróðlegan fyrirlestur um kristna trú í veraldlegu samtímaumhverfi, og vel mæltur á skandinavísku snart hann mjög áheyrendur sína. Færeyingarnir lögðu stuttu síðar leið sína í Bláa lónið á Reykjanesi, og þá án mín og einnig í höfuðborginni um kvöldið, en ég var annars jafnan með þeim í Íslandsförinni.

Sunnudagsmorguninn sóttum við messu í Hallgrímskirkju þar sem að séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir messaði en Skálholtsbiskup prédikaði. Eftir dögurð í veitingahúsinu Vegamótum, skammt frá kirkjunni, var lagt af stað frá Hóтели Klöpp á Klapparstíg, þar sem að færeysku gestirnir gistu, í rútu til Þingvalla. Gullfoss, Geysis og Skálholts í björtu og góðu veðri. Sr. Þórhildur og sr. Þorvaldur Karl voru með í för. Stutt helgistund var í Þingvallakirkju. Við komuna í Skálholt var farið í Skálholtskirkju þar sem Skálholtsbiskup og séra Halldór Reynisson greindu frá kirkjunni og leiddu kvöldbænastund. Hátíðarkvöldverður beið okkur síðan þar sem að þeir sögðu enn frekar frá sögu Skálholts og starfsemi kirkjumiðstöðvarinnar. Og biskuparnir skiptust á bókartjófum.

Mánudagsmorguninn fór ég með færeysku gestunum í Föroysku sendistovuna í Hallveigarstöðum á Túngötu. Þar tók færeyski sendimaðurinn, Petur Petersen, vel á móti okkur og sagði frá starfsemi hennar en jafnframt frá afskiptum sínum sem fyrrum menntamálaráðherra af því að Föroyska fólkakirkjan hvarf undan dönskum yfirráðum. Færeyjabiskup flaug síðan af landi brott eftir hádegi með þakklátum prestum sínum og kassameistara eftir að þeirra sögn mjög ánægjulega og gefandi Íslandsferð. Á það var minnst í kveðjuskyni að færeyskir prestar myndu við fyrsta tækifæri vilja sækja ráðstefnu í Skáholti.

## Útialtari á Esjubergi



Unnið var áfram að því á vegum Sögufélagsins Steina á Kjalarnesi að koma upp útialtari á Esjubergi, samkvæmt ráðgjöf og grunnteikningu minni, til minningar um fyrstu kirkjuna sem getið er í íslenskum fornþekningum og Örlygur Hrappsson, landnámsmaður, lét reisa þar að líkindum fyrir 900, en Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, landslagsarkitekt og heimamaður á Kjalarnesi, tók að sér, svo sem fram kom í síðustu ársskýrslu, að útfæra faglega teikningu mína og voru teikningar hennar samþykktar af stjórn sögufélagsins og mér í lok vetrar 2015 og staður valinn í byrjun vors fyrir útialtarið, undir hlíð við liðandi læk og vegarslóða við austurjaðar lands Esjubergsbæjar. Guðspjónustan, sem haldin var þar á Kjalnesingadegi 27. júní, og séra Þórhildur Ólafs leiddi sem nýr prófastur Kjalarnessprófastsdæmis, en ég prédikaði, sýndi fram á að útialtarisstaðurinn var vel valinn. Lagt var á ráðin á fundum Steina næstu misserin um nauðsynlegar verkframkvæmdir.

Fyrstu skóflustungur voru teknar að útialtarinu á Esjubergi í helgistund sem haldin var á hinum útvalda stað 6. sunnudag eftir páska 8. maí 2016. Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir, formaður Steina, gerði í upphafi hennar grein fyrir aðdragandanum. Séra Þórhildur Ólafs, prófastur, stýrði helgistundinni, en ég gerði í hugvekju grein fyrir keltneskri grunnmynd hins verðandi útialtaris. Bjarni Sighvatsson, varaformaður Steina, og séra Hreinn Skagfjörð Hákonarson, kirkjupingsmaður, lásu ritningarorð. Fimm skóflustungur voru teknar er mörkuðu innri hring útialtarisins. Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, tók fyrstu skóflustunguna að útialtarinu í miðju og kjarna hringins, þar sem steinaltari verður og hár keltneskur kross mun rísa upp af því. Prófastur Kjalarnessprófastdæmis tók næstu skóflustungu, níu metra í austur frá miðju. Björn Jónsson, formaður sóknarnefndar Brautarholtssóknar, tók síðan skóflustungu 9 metra frá miðju í suðri. Formaður Sögufélagsins Steina, Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir,

tók skóflustungu í vestri 9 metra frá miðju, og að lokum tók Benedikt Torfi Ólafsson Zoega, fermingarbarn vorsins nýja, skóflustungu í norði, níu metrum frá miðju. Varaformaður Sögufélagsins Steina, stakk síðan keltneskum göngukrossi í skóflufar biskups í miðju og kjarna útaltarisreitsins. Ólafur Zoega, sóknarnefndarmaður í Brautarholtssókn og félagi í Steina hóf þá verkframkvæmdir með vélskóflugreftri.

14. júní var sérvöldum tilkomumiklum um tíu tonna steini úr nálægri hlíð komið fyrir sem altarissteini í miðju og kjarna þess svæðis sem mun með tveimur aðgreindum vegghleðslum mynda hringform útaltarisins.

## Krýsuvíkurkirkja

Ekki tókst að ljúka smíði nýrrar Krýsuvíkurkirkju, sem vænst var að yrði lokið vorið 2016, vegna aðstæðna er stöfuðu af því að lönskóli Hafnarfjarðar sameinaðist Tækniskóla Íslands og svo einnig sökum fornleifarannsókna á grunni kirkjunnar sem brann í Krýsuvík og tóku mikinn tíma. Horft er til þess að að smíðinni ljúki og nýja kirkjan verði vígð í sumarbyrjun á 500 ára minningarári siðbótar Lúters 2017. Vinafélag Krýsuvíkurkirkju hefur sem fyrr umsjón með framkvæmdunum.

## Með próföstum í Noregs- og Danmerkurferð

Mér bauðst að fara í fimm daga ferð til Noregs og Danmerkur með próföstum landsins í byrjun febrúar 2016. Þeir kynntu sér þar í þéttri dagskrá skipulag og starfshætti þjóðkirknanna og einkum rekstur, skipulag og markmiðssetningu prófastsdæmanna. Biskupar, prófastar, prestar og starfsfólk kirkna tóku afar vel á móti okkur og veittu glögga innsýn í kirkjulíf og starfshætti prófosta- og biskupsdæma. Norska þjóðkirkjan stefnir að því að verða sem fyrst sjálfstæð frá ríkisvaldinu enda þrýst á að svo verði úr ýmsum áttum. Hún hefur unnið markvisst að því að styrkja stöðu sína í samfélaginu með fjölbreyttri félagslegri þjónustu og leggur mikla áherslu á gildi umhverfisverndar og samfélagslegrar ábyrgðar.

Danska þjóðkirkjan nýtur trausts og stuðnings danska þjóðþingsins, er lítur á hana sem mikilvægan grunn og farveg dansks mannlífs og menningar. Mikilvægt sé því að hlúa að henni í flæði framandi menningarstrauma samtímans. Þingið tryggir með fjárlögum kirkjunni gnægð fjár til framfærslu enda þótt hún geti ekki á líkan veg og Þjóðkirkja Íslands vísað til mikilla jarðeigna sem forsendu fyrir því fjárframlagi. Margvíslegar nýjungar í kirkju- og safnaðarstarfi benda til árvekni og framsækni dönsku kirkjunnar

## Að lyktum

Auk þess sem upp er talið í þessari skýrslu hef ég haft í fleiri horn að líta en hér er getið í starfi mínu sem prestur á sviði helgihalds og þjóðmenningar og látið mig sitthvað varða. Ég hef staðið í margvíslegum samskiptum við fræðimenn innanlands og utan um kristna trúarhugsun og samfélagstrauma og sótt fundi og ráðstefnur um þjóðmenningarmál. Mikil umskipti eiga sér stað í íslensku mannlífi og menningu og mikils um vert er að þekkja það vel og greina sem gefur því vægi og hefur varanlega þýðingu á umbrotatíð. Þar skiptir kristið fagnaðarerindi

miklu, og sú lífsvirðing sem það getur alið af sér. Kristinn boðskapur hefur mun fleiri fleti og stefnumið en gætt hefur verið nægilega að gegnum tíðina. Þróngsýnir sérhagsmunir hafa oft ýtt til hliðar brýnum kröfum og viðmiðunum kristins erindis og þjónkunin við Mammon dregið mjög úr trúverðugleika kristinnar trúar og kirkju um veröld víða. Er nær hálf árþúsund er liðið frá siðbót Marteins Lúters er sannarlega þörf nýrrar trúarsiðbótar, er gerði raunverulega upp við Mammon og losaði um lamandi fjötra hans svo að salt og ljós trúarinnar skerpist og unnt verði að vinna árangursríkt að umhverfisvernd og réttlátum friði í samræmi við boðskap frelsarans og eðli og eigind komanda ríkis hans. Gunnþór P. Ingason

## *Prestur Íslendinga í Noregi*

**Sr. Arna Grétarsdóttir**

**Sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir**

### **Inngangur**

Sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir sem áður starfaði sem fræðslufulltrúi var vígð til prests í Dómkirkjunni í upphafi árs 2015. Hún gegnir nú 50% prestsstarfi og 50% fræðslufulltrúa starfi við söfnuðinn. Helstu verkefni hennar er að hafa umsjón með barna- og unglíngastarfi safnaðarins, ásamt því að vera innan handar í öðru safnaðarstarfi. Eins hefur hún tekið yfir á sitt borð messuhald í Bergen, Stavanger og Tromsø. Inga Erlingsdóttir ritari safnaðarins þekkjum við vel eftir áralanga þjónustu við söfnuðinn og sinnir hún víðtæku starfi, allt frá því að borga reikninga, sinna bókhaldi, svara í síma og taka á móti fólki sem kemur í kaffi í Ólafíustofu. Sr. Jóhanna I. Sigmarsdóttir fyrrverandi sóknarprestur og prófastur á Eiðum var kölluð til þjónustu við söfnuðinn í byrjun árs í veikindaleyfi undirritaðrar.

Að fá að starfa með þessu öndvegis konum hefur verið mér bæði gæfa, gleði og hvíld.

Í sóknarnefnd situr gott og metnaðarfullt fólk sem hefur sýnt ábyrgð og hæfileika til að stýra söfnuðinum með festu til góðra verka. Skilningur sóknarnefndarfólks á safnaðarstarfinu er djúpur og einlægur en það getur skipt sköpum fyrir söfnuð að hafa fólk í brúnni sem á sér trú í hjarta og sér og heyrir með augum og eyrum kærleikans.

### **Prestsþjónusta**

#### ***Guðsþjónustur, helgihald og athafnir***

Guðsþjónustuhald var á tíu stöðum árið 2015. Þeir staðir sem messað var á eru: Ósló, Drammen, Kristiansand, Stavanger, Bergen, Þrándheimur, Tromsø, Sandefjord, Fredrikstad, og Ísland (Fermingarmessa á Seltjarnarnesi). Haldnar voru 32 guðsþjónustur og 21 bæna- og/eða helgistundir og 84 sunnudagaskólar um landið. 4250 sálir sóttu helgihald safnaðarins á árinu þar sem talið var. Árið 2015 voru skírð 12 börn, í kirkjum og heimahúsum. Hjónavígslur voru þrjár og sex útfarir/minningarathafnir. 46 börn voru skráð í fermingarfræðslu safnaðarins

veturinn 2014-15 og á árinu 2015 voru fermd 25 börn í þremur athöfnum (Ósló, Bergen og Seltjarnarneskirkju). Hluti fermingarbarnanna fermist á Íslandi hjá prestum á fyrri heimaslóðum fjölskyldanna. Þetta er gert í góðu samstarfi og gefa prestar út vottorð um að fermingarfræðslu sé lokið eða muni ljúka hjá söfnuðinum í Noregi.

Við skipulag á guðsþjónustunum eru tengiliðirnir eða safnaðarfulltrúarnir út um landið ómissandi sem fyrr. Það er mjög misjafnt hvert hlutverk þeirra er eftir stöðunum, enda aðstæður oft ólíkar staða á milli. Sem dæmi um þjónustu má nefna m.a að bóka kirkju, auglýsa helgihaldið í nærsamfélaginu, baka og þrifa, halda utan um messukaffið í samstarfi við Íslendingafélögin, lesa ritningarlestra í messum og vera presti innan handar með ýmislegt sem komið getur upp. Safnaðarfulltrúarnir sinna sjálfboðinni þjónustu. Þeim er boðið að taka þátt í aðalfundarstörfum safnaðarins á hverju vori. Hér verður einnig að minnast á kórarstarfið sem fer vaxandi meðal Íslendinga í Noregi. Nú eru starfandi 3 kórar, Ískórinn í Ósló, Sönghópurinn í Bergen og Kór Kjartans í Þrándheimi. Nú hefur borist beiðni um aðstoð við að setja á laggirnar kór í Stavanger. Þessir kórar hafa allir gegnt hlutverki kirkjukórs í messuhaldinu á árinu en starfa þó sem sjálfstæðar einingar.

Safnaðarstjórn/sóknarnefnd fór með prestum í messu- og vinnuferð til Þrándheims í mars. Haldinn var heilsdags vinnufundur á laugardeginum og tekið þátt í messuhaldinu á sunnudeginum í Bakke kirkju. Tilgangurinn með þessum ferðum er að sóknarnefnd nái heilum vinnudegi til uppgjörs s.l árs og til að marka stefnu til þess næsta og þá um leið undirbúa aðalfundinn. Annað markmið og tilgangur þessara messu- og vinnuferðar sóknarnefndar er að kynnast heimafólki og starfi safnaðarins um landsbygðina. Þetta er mikilvægur þáttur sem fer þá aðallega fram í messuhaldinu og spjalli í kirkjukaffinu á eftir.

Aðventuhátíðin í Ósló var með glæsilegasta móti. Listanefnd hafði veg og vanda að allri umgjörð og Hjörleifur Valsson sem hefur verið prestum innan handar er varða kirkjutónlistarmál hefur verið ómetanleg stoð og stytta og þá sér í lagi fyrir nývígðan prest eins og kom fram í erindi á örpingi um tónlistarmál. Nánar má lesa um dagskrá aðventuhátíðar í kafla listanefndar.

Sóknarprestur hefur getað leitað til íslenskra presta sem starfandi eru hjá Norsku kirkjunni til að taka einstaka guðsþjónustu eða athöfn. Við vígslu prests á árinu er ekki sú þörf sem áður var fyrir afleysingu sem þessa. Verkaskipting og skipting fríhelga hefur verið með því móti að hægt hefur verið að sinna að mestu þeim þjónustubeiðnum sem borist hafa frá okkar borði.

### ***Sálgæsla og kærleiksþjónusta***

Prestar safnaðarins sinntu sálgæslu og kærleiksþjónustu sem fyrr og fóru í 16 hús- og sjúkraitjanir á árinu. 85 sálgæsluviðtöl voru veitt á skrifstofu/kirkjum eða hótélum og 138 símasálgæsluviðtöl voru veitt. Þá er ótalin sálgæsla sem veitt er í gegnum tölvupóstssamskipti. Sálgæsluteymi er starfandi um landið og hefur prestur samstarf við íslenskt fagfólk sem sinnir kristinni sálgæslu eða meðferðarúræðum sem ekki verður með góðu móti sinnt nema á móðurmálinu. Fagleg handleiðsla og endurmenntun hefur verið hluti af sálgæsluvinnu prestsins og er nauðsynleg til að tryggja faglega þjónustu. Eygló Sigmundsdóttir sálfræðingur hefur sinnt sérstökum beiðnum frá prestum er varða einstök mál sem ekki verða með góðu móti unnin á sviði sálgæslunnar og þarfnast meðferðarfræðilegrar úrræða eða annarra þátta sem prestar meta.

Símatími sóknarprests er frá þriðjudegi til föstudags frá kl. 10-11 og mánudagar eru vikulegir frídagar. Símatími prests er alla daga nema þriðjudaga frá kl.14-15. Viðtalstímar á skrifstofu eða í síma eftir samkomulagi.

### **Fræðsla og námskeið**

*Lífsýn og trú* er námskeið um eilífðarspurningarnar fyrir fullorðna var ekki haldið eins og áformað var.

*Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur* er námskeið sem hefur fengið fastan sess í ársrútinu safnaðarstarfsins. Eygló Sigmundsdóttir sálfræðingur og sr. Arna Grétarsdóttir sömdu námskeiðið og hafa kennt það nú í 5 ár. Námskeiði var ekki haldið á árinu 2015.

*Hjónanámskeið* sem Eygló Sigmundsdóttir og sr. Arna Grétarsdóttir sömdu var haldið í mars 2016 í Ósló. Áformað er að halda áfram að bjóða upp á þetta námskeið.

*Konur eru konum bestar* er námskeið sem Margrét Ólöf Magnúsdóttir djákni hefur sérhæft sig í. Þetta námskeið á uppruna sinn í Noregi og var haldið í Sandefjord, Porsgrunn og Stavanger.

*Árlegt leiðtoganámskeið* var haldið fyrir sunnudagaskólaleiðtoga íslensku safnaðanna á Norðurlöndum og var skipulag og umsjón í höndum Íslenska safnaðarins í Noregi í samstarfi við fræðsluvið Biskupsstofu. Að þessu sinni var námskeiðið haldið í Skálholti á Íslandi. Fyrirlesarar voru sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir og Lilja Björk Þorsteinsdóttir.

*Námskeið fyrir ungleiðtoga* var haldið í tengslum við fermingarfræðsluferð til Svíþjóðar. Þar fengu leiðtogaefnin bæði kennslu í fyrirlestrarformi og samtali ásamt verklegri æfingu á vettvangi. Góð aðstoð lærlinganna, áhugi þeirra og gleði var dýrmæt fyrir alla umgjörð fermingarnámskeiðsins.

*Fermingarnámskeiðin* eru tvisvar á ári, í maí og september. Þessi námskeið eru samstarfsverkefni Íslensku safnaðanna á Norðurlöndum. Farið er til Åh Stiftgaard í Svíþjóð þar sem staðurinn heldur vel utan um börnin og þau koma sæl og ánægð heim.

### **Upplýsingamál, samstarf og fundir**

Fréttabréfið kemur út ár hvert í lok janúar og september. Hrafnhildur Brynjarsdóttir, grafískur hönnuður hefur sett upp fréttabréfið, en umsjón með útgáfunni er á hendi sr. Ásu Laufeyjar. Enn er fréttabréfið sent í bréfpósti en til stóð að gefa bara út rafræna útgáfu vegna heimilisfangalista sem erfitt er að uppfæra. Það er leitt þegar fólk sem vill fá fréttabréf fær ekki og eins ef fólk vill ekki fá fréttabréfið fær. Þetta er sístæð vinna við að gera heimilisfangalistann eins réttan og hægt er. Facebook síða safnaðarins „Íslenski söfnuðurinn í Noregi“ ásamt facebook síðum fyrir sunnudagaskólana og æskulýðshópa virka vel til að auglýsa starfið. Einnig er facebook samskiptasíða notuð til samskipta við fermingarbörn og foreldra. Messuauglýsingar hafa verið settar inn á facebook síðu „Íslendingar í Noregi“ og svo auðvitað inn á heimasíðu safnaðarins [www.kirkjan.no](http://www.kirkjan.no).

Heimasíða og kynningarmál safnaðarins er sístætt verkefni sem alltaf er í hraðri þróun og allar góðar ábendingar og aðstoð vel þegin í þeim málum.

„*Játning Ólafíu*“ Listanefnd ásamt Ólafíusjóðsstjórn í samstarfi við tónskáldið Gísli J. Grétarsson sótti um styrk til *Det norske komponistfond* til að semja kórverk við texta sem sr. Arna Grétarsdóttir hef valið að kalla „*Játning Ólafíu*“. Textinn er þrykkur á glugga við skrifstofu



ritara og prest. Úthlutaður styrkur fékkst að upphæð 40.000 til að semja verkið og skal því lokið og skilað til safnaðarins 19.júní 2016. Frumflutningur verksins er áætlaður 22. október 2016.

### **Játning Ólafíu**

*Og hann lét lífsins ljós skína inn í dauðþreytta meðvitund mín,  
gaf mér hið fólgni manna að eta,  
sagði við mig, eins og hann einn getur sagt:  
„Ég mun alls ekki sleppa þér og eigi heldur yfirgefa þig.“  
- Á þeim stundum skildist mér  
að það var ekki ég, sem hélt í hann,  
heldur hann, sem hélt í mig.  
Þá reyndi ég, að þótt móðir geti gleymt barni sínu,  
þá gleymir hann ekki smælingjum sínum.*

Lýðveldishátíðin er haldin í samstarfi við Íslendingafélögin þar sem þess er óskað og mögulegt er að mæta. Hátíðarhöldin hefjast þá með guðsþjónustu eða prestur flytur hugleiðingu sem er samofin hátíðardagskrá.

Samstarf við sendiráðsskrifstofu er mikilvægt þegar á reynir og tók nýr sendiherra við í Ósló Hermann Ingólfsson. Söfnuðurinn tók vel á móti honum og bað honum og fjölskyldu hans blessunar í messu í Nordberg kirkju. Honum og starfsfólki öllu er þakkað gott og mikilvægt samstarf. Söfnuðinum er boðið árlega að vera með við hátíðlega athöfn þegar Óslóartréð er fellt. Jólátréð er gjöf Óslóar til Reykjavíkurborgar og er tendrað á því fyrsta sunnudag í aðventu á Lækjartorgi.

Það mikilvægt og gefandi fyrir presta að vera í góðu samstarfi við presta norsku kirkjunnar, þar sem allt guðsþjónustuhald er háð því að fá inni í norskum kirkjum. Mikil og góð vinatengsl hafa myndast við sænska og finnska söfnuðinn. Sóknarprestar þessara vinasafnaða hafa fundað og undirbúið sameiginlega messu. Eins var samkirkjulegur fundur haldinn í sænsku kirkjunni þar sem sóknarpresti Íslenska safnaðarins var boðið á fund með sænska biskupnum sem þá vísiteraði sænsku kirkjuna. Þess má geta að sameiginleg messa safnaðanna var haldin í febrúar 2016 í Margaretakirkjunni.

Sóknarprestur var beðinn um að halda fyrirlestur um Ólafíu Jóhannsdóttur á seminari sem bar heitið „Glemte pionerer“ á vegum *Stiftelsen Nasjonalt Medisinsk Museum*. Fullur salur Norðmanna mætti til að kynnast þessari merku konu betur og sumir voru að heyra um hana í fyrsta sinn.

Sóknarprestur sótti 65 fundi á árinu í tengslum við safnaðarstarf allt og prestsþjónustu ásamt því að sinna 17 fyrirlesturum, námskeiðum og annarri fræðslu.

## **Barna- og unglingastarf**

### **Sunnudagaskóli**

Sunnudagaskólar íslenska safnaðarins í Noregi eru starfræktir víðsvegar um landið. En á síðasta ári voru 84 sunnudagaskólar alls. Fastir sunnudagaskólar eru í Ósló, Drammen, Fredrikstad, Sandefjord, Kristiansand, Kristiansund, Bergen og Stavanger en einnig hafa verið

sunnudagaskólar í Brándheimi og Tromsø þegar guðspjónustur hafa verið haldnar á þeim stöðum. Öflugir leiðtogar leiða sunnudagaskólann en það eru Hrefna Grétarsdóttir, Heiðrún Jónsdóttir, Ruth Rúnarsdóttir, Rebekka Ingibjartsdóttir og Ása Laufey Sæmundsdóttir í Osló. Hrefna Grétarsdóttir, Ruth Rúnarsdóttir og Leópolð Hjörleifsson í Drammen, í Sandefjord og Kristiansand eru Margrét Ólöf Magnúsdóttir og Benedikt Grétar Ásmundsson. Í Kristiansund eru þær Sigurborg Bjarnadóttir og Guðbjörg Sigurbjörnsdóttir leiðtogar sunnudagaskólans. Í Bergen hafa Helga Sigríður Þórsdóttir, Rebekka Ingibjartsdóttir og Ingibjartur Jónsson séð um starfið, en þau fluttu til Íslands s.l. sumar. Gígja Guðbrandsdóttir, Ólöf Halldóra Þórarinsdóttir og Valur Guðjón Valsson tóku við sunnudagaskólanum í Bergen haustið 2015. Fyrri hluta árs var Anna María Proppé og Kolbrún Edda Gísladóttir með sunnudagaskólann í Stavanger en Þórunn Ágústa Þórsdóttir tók við sunnudagaskólanum þar á haustmánuðum 2015 ásamt Kolbrúnu Eddu. Margrét Guðmundsdóttir og Helma Ýr Helgadóttir sjá um sunnudagaskólann í Fredrikstad. Í Brándheimi hefur Elín Soffía Pilkington verið leiðandi með sunnudagaskólann og Ása Laufey Sæmundsdóttir var með sunnudagaskóla í júní Tromsø.

Leiksyningin Hafdís og Klemmi og leyndardómar háaloftsins, undir leikstjórn Þorleifs Einarssonar, kom í heimsókn í sunnudagaskólana í Osló, Bergen, Stavanger og Kristiansand á vorönn 2015. Hafdís og Klemmi eru þekktar persónur úr sunnudagaskólanum svo að það var eftirsóknarvert að fá þessa sýningu í sunnudagaskólann hjá Íslenska sófnuðinum í Noregi. Sýningin notar söguna um talenturnar úr Mattheasarguðspjalli til að benda okkur á misjafna hæfileika fólks og hvernig hver og einn getur nýtt hæfileika sína til góðs. Þetta var leiksyning með fallegan boðskap og miklum húmor sem höfðaði vel til bæði barna og fullorðinna.

Sunnudagaskólafnið fyrir veturinn 2015-2016 er gefið út af Skáltoltsútgáfunni. Sunnudagaskólaleiðtogar styðjast við efni sem gefið er út á efnisveitu Þjóðkirkjunnar. Ásamt því nota sunnudagaskólaleiðtogar ÍSN, biblíustuttmyndir af DVD diskum sem Skálholtsútgáfan hefur gefið út, annars vegar „Daginn í dag“ með Hafdís og Klemmi og hins vegar „Holy Moly“.

### **Unglingastarf**

Alls eru æskulýðshópar ÍSN fimm, þeir eru í Bergen, Stavanger, Osló, Fredrikstad og Vestfold. Í unglíngastarfinu fá krakkarnir meðal annars tækifæri til að kynnst betur og viðhalda tengslum sem myndast hafa í fermíngarfræðslu safnaðarins. Öflugir leiðtogar æskulýðsstarfsins halda uppi fjölbreyttu og skemmtilegu starfi fyrir unglíngana en leiðtogar í æskulýðsstarfinu eru Ása Laufey Sæmundsdóttir, Ruth Rúnarsdóttir og Rebekka Ingibjartsdóttir, Leópolð Hjörleifsson og Guðjón Andri Reynisson. Ásdís Sjafnar Sigurðardóttir, Bjarki Bjarkason, Birta Rún Ingimundardóttir, Róbert Orri Óskarsson og Bryndís Guðbrandsdóttir í Stavanger. Rebekka Ingibjartsdóttir í Bergen. Margrét Guðmundsdóttir í Fredrikstad og Margrét Ólöf Magnúsdóttir á Vestfoldsvæðinu. Æskulýðsfundir eru að jafnaði mánaðarlega á öllum þessum stöðum en almennt hafa fundirnir verið tvisvar sinnum í mánuði í Osló og Stavanger. Alls voru 35 æskulýðsfundir á síðasta ári í safnaðarstarfinu okkar. Þátttaka hefur verið góð í öllum æskulýðshópum safnaðarins þar sem myndast hefur góður vinskapur meðal unglínga og leiðtoga. Markmið Æskulýðsstarfs safnaðarins er að styrkja vínáttutengsl og rjúfa einangrun þeirra barna sem flutt hafa hingað til Noregs og eiga erfitt með að tengjast öðrum félagslega m.a. vegna tungumálsins. Hver fundur er skipulagður og auglýstur á heimasíðu okkar og/ eða facebooksíðu safnaðarins og á facebooksíðunni „[www.facebook.com/æskulýðshópur](http://www.facebook.com/æskulýðshópur)“

Íslenska safnaðarins í Noregi.“ Hver fundur endar á stuttri helgistund eða í bæn sem rammur inn stundina. Um 50-60 börn hafa verið að sækja fundina reglulega í æskulýðsstarfinu okkar um allt land. Unglingahóparnir taka ávallt vel á móti nýjum félögum.

Landsmót Æskulýðsfélaga Þjóðkirkjunnar (ÆSKÞ) var haldið dagana 23.-25 október s.l. í Vestmannaeyjum. Æskulýðshópur Íslenska safnaðarins í Noregi fór á landsmótið á Íslandi eins og hin fyrri ár en það var metþátttaka frá æskulýðshóp Íslenska safnaðarins í Noregi á mótið en 40 unglingar voru skráðir í ferðina og sjö leiðtogar sem fylgdu hópnum til Vestmannaeyja. Þema landsmóts var „geðveikt landsmót“ þar sem áhersla var á umræðu og fræðslu um geðheilbrigði. Frá árinu 2009 hefur verið góðgerðarþema á landsmóti þar sem þátttakendur safna fyrir ýmsum góðgerðarmálum. Að þessu sinni var safnað í Hemma- og Pollasjóð. Hemmasjóður styrkir börn og unglinga frá efnaminni fjölskyldum í Íþróttastarf en Pollasjóður í tónlistarnám. Á landsmóti er fjölbreytt og skemmtileg dagskrá sem allir geta tekið þátt í sem bæði skapar góðar minningar og styrkir gott málefni á sama tíma. Ferðalagið gekk vel í alla staði þrátt fyrir erfiða en eftirminnilega sjóðferð frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja og ungmennirnir voru til fyrirmyndar og myndaðist góð stemmning í hópnum. Unglingarnir eru þegar farnir að skipuleggja ferðalagið á næsta landsmót sem haldið verður á Akureyri í október 2016.

## Starf 60 ára og eldri

Starf 60 ára og eldri er haldið mánaðarlega í vetur en starfið hefst að hausti og lýkur með vorfagnaði í maí ár hvert, alls voru 9 fundir á árinu 2015. Við höfum hist í Ólafíustofu einn fimmtudag í mánuði þar sem málefni líðandi stundar eru rædd undir borðsamfélagi þátttakenda. Hver stund hefst á helgistund áður en við setjumst við borðhaldið. Við höfum borðað saman heita máltíð í hádeginu einu sinni í mánuði og markmiðið hefur verið að bjóða upp á þjóðlega rétti, t.d salt kjöt og baunir, kjötsúpu og plockfisk svo eitthvað sé nefnt. Hin árlega hangikjötsveisla var haldin í janúar félagsheimilinu í Lambertseter en það mættu 48 manns og áttu góða stund saman. Góð þátttaka hefur verið á fundum 60 ára og eldri en almennt mæta um 15-20 manns í Ólafíustofu. Starfið hefur eflst og stækkað og er að einhverju leiti orðið sjálfbært þar sem þátttakendur taka virkan þátt í að koma á framfæri hugmyndum að dagskrá eða skipuleggja starfið að einhverju leiti. Osvald Kratsch hefur verið fræðslufulltrúa Ásu Laufeyju Sæmundsdóttur til halds og trausts við undirbúning fundanna ásamt Rebekku Ingibjartsdóttur sem hefur m.a. spilað sálma og lög á píanó og fiðlu á fundunum. Einnig hafa Fríða Gunnarsdóttir og Áslaug Thomsen verið virkar í sjálfbóðaliðarþjónustu á fundunum við matargerð, undirbúning og frágang. 60 ára og eldri starfið blómstrar þar sem myndast hafa góð vináttutengsl. Nýjrir félagar eru ávallt velkomnir og taka allir vel á móti þeim sem vilja kíkja til okkar í Ólafíustofu og eiga góða stund saman.

## Listanefnd

Listanefnd Íslenska safnaðarins í Noregi tók til starfa árið 2012 og er þetta því fjórða starfsár nefndarinnar. Það voru haldnir sex fundir í listanefndinni á árinu 2015. Í apríl lét Ingibjartur Jónsson gjaldkeri af störfum, og í hans stað var kosinn á aðalfundi safnaðarins Vignir Freyr Helgason arkitekt. Pröstur Eiríksson kantor og lektor í kirkjutónlist, fulltrúi skipaður

af safnaðarstjórn, lét einnig af störfum í lok ársins. Í hans stað tilnefndi sóknarnefnd Margréti Backman landslagsarkitekt í Stavanger sem sinn fulltrúa í byrjun árs 2016. Sökum ófyrirjáanlegrar stöðu safnaðarins í byrjun árs 2015 var fjárveiting til listanefndar talsvert minni fyrir það ár en árið á undan. Nefndinni var veitt aukafjárveiting á miðju ári. Heildar fjárhagsframlag safnaðarins til listanefndar árið 2015 var því kr. 170.000. Ársútgjöld nefndarinnar fyrir árið 2015 voru vel innan þess ramma.

### **Hlutverk og verksvið**

Hlutverk og verksvið nefndarinnar er að sjá um listviðburði á vegum Íslenska safnaðarins í Noregi. Gert er ráð fyrir að nefndin hafi aðkomu að listaviðburðum og hafi umsjón með sérlegum tónlistarflutningi t.d. í helgihaldi í samráði við sóknarprest. Listanefnd er líka hugsuð sem farvegur og vettvangur fyrir Íslenska listamenn og aðra til að kynna list sína. Listanefndin er ólaunuð nefnd. Í skipulagsskrá listanefndar er að finna nánari skilgreiningu á hlutverki og verksviði nefndarinnar.

Listanefnd kom að þremur stórum listviðburðum á árinu 2015.

### **In memoriam 22. október ár hvert**

Það er orðinn fastur liður að listanefnd bjóði upp á menningardagskrá á fæðingardeggi Ólafíu Jóhannsdóttur þann 22. október ár hvert. In memoriam var að þessu sinni minnst með upplestri ljóða og tónlist. Rebekka Ingibjartsdóttir og Ottó Guðjónsson lásu ljóð og sálm. Ískórinn söng undir stjórn Gísla J. Grétarssonar kórstjóra. Minningarathöfn var í höndum Sr. Örnú Grétarsdóttur og sr. Ásu Laufeyjar Sæmundsdóttur prest og fræðslufulltrúa. Heimildarmyndin um Íslenska söfnuðinn í Noregi og Ólafíu Jóhannsdóttur var einnig sýnd í annað sinn. *Kirkjuhvefning* verk listakonunnar Málfríðar Aðalsteinsdóttur var einnig til sýnis og sagði hún stuttlega frá verkinu sem er úr íslenskri ull og hrosshári. Að dagskrá lokinni var boðið uppá kaffi og léttar veitingar. Það mættu tæplega 30 manns á minningardagskrána. Allir sem komu að dagskránni gáfu vinnu sína til minningar um Ólafíu.

### **Aðventuhátíð í Ósló**

Að venju var haldin aðventuhátíð Íslenska safnaðarins í Ósló fyrsta sunnudag í aðventu (29. nóvember) að þessu sinni í Høvik kirkju í Bærum. Sr. Arna Grétarsdóttir var með hugvekju og Arnar Páll Michelsen formaður safnaðarstjórnar flutti ávarp. Eftirtaldir listamenn komu fram: Edda Björgvinsdóttir leikkona og skemmtikraftur var ræðumaður. Einsöngvarar voru Dóra Steinunn Ármannsdóttir sópran, Margrét Brynjarsdóttir messosópran, Daníel Daníelsson bassi og Eyjólfur Eyjólfsson tenór. Ískórinn söng undir stjórn Gísla J. Grétarssonar. Kammersveit skipuð eftirtöldum hljóðfæraleikurum lék undir; Hjörleifur Valsson 1. fiðla, Anna Hugadóttir víola, Rebekka Ingibjartsdóttir 2. fiðla, Jan Øyvind Grung Sture selló, Pröstur Eiríksson orgel. Konsertmeistari var Hjörleifur Valsson.

Í lok hátíðar var boðið upp á kaffi og meðlæti sem Íslendingafélagið í Ósló hafði umsjón með fyrir hönd safnaðarins. Eftir að aðventuhátíðinni lauk var aðstandendum hátíðarinnar og listafólki boðið í léttan kvöldverð í prestbústaðinn. Alls var 40 gestum boðið til kvöldverðar. Umbrotshönnun, prógram og kynningarefni fyrir aðventuhátíðana var unnið af Ásgeiri Jónssyni grafískum hönnuði í sjálfboðinni vinnu.

### **Jólamessur í Stavanger, Bergen, Prándheimi, Kristiansand og Drammen.**

Rúnar Guðmundsson tenór söng í jólamessunni í Bergen og Stavanger ásamt Sönghópnum í

Bergen. Ómar Diðriksson söng og lék á hljóðfæri í jólamessunum í Þrándheimi, Kristiansand og Drammen ásamt Hjörleifi Valssyni sem lék á fiðlu. Hjörleifur Valsson hafði umsjón með tónlistarhaldi í öllum jólamessunum.

Á öllum stöðunum var boðið uppá kaffi og meðlæti sem Íslendingafélögin stóðu að fyrir hönd safnaðarins.

Ýmis önnur mál og hugmyndir sem unnið var að.

- Íslenski söfnuðurinn sótti um styrk í musikkfondene í október 2015, í nafni listanefndar, Ólafíusjóðs og sóknarprest. Umsóknin felur í sér tónsmíði *Játning Ólafíu* eftir Gísla J. Grétarsson tónskáld og kórstjóra Ískórsins. Ef ágóði verður af verkinu, gæti sá ágóði runnið til Ólafíusjóðsins.
- Í febrúar kom Listanefnd að tónleikahaldi kammerkórsins Hymnodiu, undir stjórn Eyþórs Inga Jónssonar, í Gamle Aker kirkju í Ósló.
- Samið var við listakonuna Sigrúnu Stefaníu Jónsdóttur um kaup á listaverkinu „Milli himins og jarðar“ í Ólafíustofu. Listaverkið var afhent í janúar 2016 og var fundinn staður fyrir ofan píanóið í Ólafíustofu.
- Listanefnd hafði umræður um tónlistarstefnu safnaðarins ofarlega á sínu borði á starfsárinu 2015. Örþing var haldið um tónlistarstefnu safnaðarins með söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar, Margréti Bóasdóttur í janúar 2016. Tillaga um tónlistarmál var unnin og hefur verið send sóknarnefnd til afgreiðslu.
- Haldinn var samstarfsfundur með Ískórnum um tónlistarhald í messum og var almennur áhugi fyrir fleiri slíkum fundum í framtíðinni.
- Hugmyndir að innkaupum á fleiri listaverkum í Ólafíustofu voru ræddar, þ.á.m. málverk og skúlpúr. Einnig voru rædd kaup á altarisstjökum og skírnarfonti í Ólafíustofu.
- Á starfsárinu voru áberandi umræður um listanefnd sem vettvang til að veita íslenskum listamönnum tækifæri á að kynna list sína og koma sér á framfæri.

Allar fundargerðir listanefndar liggja frammi hjá ritara. Í viðauka er að finna tillögu um tónlistarmálin frá listanefnd til safnaðarstjórnar til kynningar á aðalfundi 2016.

Listanefnd vill þakka öllum velunnurum nefndarinnar, samstarfsólki og listamönnum samstarfið á árinu 2015. Sérstakar þakkir til Arnars Páls Michelsen formanns Íslenska safnaðarins og Ingu Erlingsdóttur starfsmanns á skrifstofu safnaðarins fyrir góða og ánægjulega samvinnu.

## **Ólafíusjóður**

### **Fundir**

Fundir voru 9 á árinu, ýmist í Ósló, Reykjavík, með aðstoð síma eða Netsins.

### **Úthlutun**

Orðið var við níu umsóknum um aðstoð frá sjóðnum á árinu Tveimur umsóknum var hafnað. Auk þess var 30.000 frá safnaðarstjórn úthlutað til Hjálparstarfs kirkjunnar á Íslandi í nafni Ólafíusjóðs. Styrkurinn var afhentur í apríl á yfirstandandi ári.

## **Framlög til sjóðsins**

Stjórnin vekur athygli á að þrátt fyrir verðfall norsku krónunnar, ekki síst gagnvart þeirri

Íslensku, hafa framlög til sjóðsins ekki hækkað til samræmis. Hins vegar hefur stjórnin talið nauðsynlegt að taka tillit til verðfallsins í úthlutunum sínum og óskar hér með eftir hækkun á framlögum safnaðarstjórnar til sjóðsins til samræmis.

## Að lokum

Söfnuðurinn hefur vaxið og dafnað í takt við aðflutta Íslendinga hingað til Noregs. Leitast hefur verið við að mæta þörfum safnaðarmeðlima eftir fremsta megni og innan þeirra ramma sem boðunar- og þjónustuhlutverk kristins safnaðar hefur. Nú hefst nýtt tímabil í lífi safnaðarins þegar velja skal nýjan skipstjóra til að sigla skútunni næstu árin. Þær breytingar sem söfnuðurinn fer í gegnum nú í sumar við prestaskipti verða án efa upptakur að nýrrar uppskeru og nýrra verka. Ég bið þess að þið takið með kærleika á móti nýjum þjóni af sömu gestrisni og ég fékk að finna við upphaf starfa minna hér. Við skulum leggja nýja tíma í Guðs hendur og hann mun vel fyrir sjá, eins og segir í Davíðssálm 37:5.: „*Fel Drottni vegu þína og hann mun vel fyrir sjá*”.

Megi Guð leiða og blessa þau öll sem að starfinu koma og þjónustu þiggja um alla framtíð. Guð blessi Íslenska söfnuðinn í Noregi.

## *Íslenska kirkjan í Svíþjóð og Danmörku*

Sr. Ágúst Einarsson

### *Íslenska kirkjustarfið í Svíþjóð*

#### **Guðsþjónustur, barnastarf og kórstarf í Gautaborg**

Íslenskar guðsþjónustur voru mánaðarlega í Gautaborg í Västra Frölunda kirkju. Boðið er upp á barnastund og smábarnahorn í tengslum við guðsþjónusturnar. Með því fær öll fjölskyldan tækifæri til þess að njóta samverunnar í kringum helgihaldið.

Kirkjuskólinn í Gautaborg var tvisvar í mánuði yfir vetrartímam. Afbragðs aðstaða er fyrir barnastarf í safnaðarheimili V-Frölunda kirkju og fjölskyldusamveran kringum barnastarfið er vinsæl. Síðstliðinn vetur sóttu 20 til 30 manns barnastarfið í hvert sinn. Umsjón höfðu Birna, Júlíus og María auk prests.

Íslenski kórinn í Gautaborg er mikilvægur samstarfsaðili kirkjustarfsins og er ein af grunnstoðunum í að halda uppi reglulegu guðsþjónustuhaldi í Gautaborg. Stjórnandi kórsins er Lisa Fröberg. Eiginmaður hennar Herbjörn Þórðarson einsöngvari syngur einnig reglulega við guðsþjónustur.

## Kirkjustarf í Lundi og Stokkhólmi

Í Lundi var kirkjuskóli hálfsmánaðarlega í safnaðarheimili Norra Nöbbelev kirkju í umsjón Maríu Gunnlaugsdóttur. Í Lundi var að venju jólaguðsþjónusta á Þorláksmessu í St Hans kirkju og var vel sótt. Íslenski kórinn í Lundi söng og ungt tónlistarfólk kom fram.

Í Stokkhólmi er kirkjuskóli að jafnaði einu sinni í mánuði í umsjón Sólveigar Cosser og Daggar Gunnarsdóttur.

## Fermingarfræðslan

Fermingarfræðslan var með hefðbundnu sniði starfsárið 2015 til 2016. Um haustið hóf nýr hópur frá Svíþjóð, Noregi og Danmörku fermingarfræðslu með samveru í Åh stiftsgård síðustu helgi í september og voru 19 unglingar í sænsk/íslenska fermingarhópi vetrarins. Unglingarnir lesa íslenska kennslubók og leysa verkefni í tölvusamskiptum milli fermingarmóta. Boðið er upp á fræðslutíma eftir því sem við verður komið. En þeir sem ekki komast í fræðslutíma fá einstaklingskennslu gegnum tölvu með hjálp samskiptaforrísins Skype. Þá er farið í íslenskar eða sænskar guðsþjónustur a.m.k. mánaðarlega. Í samvinnu við Gídeonfélagið á Íslandi fær unga fólkíð Nýja testamentið að gjöf.

## Sjúkrahúsþjónusta

Presturinn hefur það hlutverk í samvinnu við Sjúkratryggingar Íslands að aðstoða Íslendinga er koma á Sahlgrenska sjúkrahúsið í Gautaborg. Ár hvert koma nú um 30 sjúklingar til rannsóknna og aðgerða. Dvalartíminn er frá 4 dögum og upp í nokkra mánuði. Prestinum er ætlað að veita stuðning eftir þörfum og óskum hvers og eins.

## Sóknarnefnd og samstarfsaðilar

Prestur og sóknarnefnd hafa samvinnu um safnaðarstarfið og í sóknarnefnd Íslensku kirkjunnar í Svíþjóð eru: Birna Ágústsdóttir formaður og ritari, Guðni Jónsson varaformaður, Rósa Jónasdóttir gjaldkeri og meðstjórnendur eru Atli Seelow, Bjarni Arngrímsson og Björn Sverrisson.

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur í Reykjavíkurprófstdæmi vestra er umsjónaraðili okkar fyrir hönd biskups Íslands. Við erum við í góðum tengslum við hana varðandi safnaðarstarfið og von er á sr. Helgu Soffíu í heimsókn til Gautaborgar haustið 2016.

Christina Nilroth ræðismaður Íslands í Gautaborg er mikilvægur samstarfsaðili okkar. Hún sýnir starfinu mikinn áhuga og fundar með okkur mánaðarlega til að ræða íslensk menningarmál.

Sendiherra Íslands í Svíþjóð er Estrid Brekkan, hún kom og var gestur okkar við guðsþjónustu í apríl 2016. Estrid flutti ávarp og svaraði fyrirspurnum í safnaðarheimilinu eftir guðsþjónustu.

Leiðtoganámskeið er samstarfsverkefni íslensku safnaðanna á Norðurlöndum. Í september 2015 var leiðtoganámskeiðið haldið í Skálholti. Elín Jóhannesdóttir kynnti það nýjasta frá fræðsludeild Þjóðkirkjunnar. Einnig voru þar fyrirlesarar með efni er tengist styrkingu leiðtoga



í kristilegu starfi. Það er nýjum sem reyndari leiðtogum í íslensku barnastarfi á erlendra grund mikilvægt að fá að taka þátt í þessum fræðslusamverum sem haldnar eru árlega. Leiðtogarnir fá fræðslu og hvatningu og finna að þeir eru hluti af þeirri stóru heild sem er fræðslustarfsemi íslensku Þjóðkirkjunnar.

## **Möguleikar og takmarkanir í íslensku safnaðarstarfi í Svíþjóð**

Vegna þess hve þjónustusvæði íslenska prestsins er stórt um þessar mundir eru prestinum settar skorður um þjónustu í Svíþjóð. Auðveldast er að tryggja þjónustu við Íslendinga í Gautaborg og nágrenni. En velkomið er að samband og athuga hvaða möguleikar eru fyrir hendi. Prestur hefur ásamt sóknarnefnd lagt áherslu á að reyna að koma á reglubundnu barnastarfi með hjálp heimafólks sem víðast um land. Það hefur tekist í Stokkhólmi og Lundi eins og áður er nefnt. Við hvetjum áhugasama um íslenskt safnaðarstarf í Svíþjóð til að hafa samband og ræða góðar hugmyndir.

Upplýsingar um kirkjustarfið hverju sinni er að finna á [www.kirkjan.se](http://www.kirkjan.se) en netfangið er [kirkjan@telia.com](mailto:kirkjan@telia.com) og sími Ágústs er 0046702863969 (innanlands 0702863969) og íslenskur sími er 5457726.

## *Íslenska kirkjustarfið í Danmörku*

### **Guðsþjónustur og barnastarf í Kaupmannahöfn**

Íslenski presturinn í Svíþjóð sinnir nágrannaþjónustu við Íslenska kirkjustarfið í Danmörku um óákveðin tíma eða þar til það tekst að fjármagna íslenskt prestsembætti að nýju í Kaupmannahöfn.

Guðsþjónustur voru haldnar einu sinni í mánuði í Skt Pauls kirkju. Kvinnakórinn í Kaupmannahöfn undir stjórn Sigríðar Eypórsdóttur og Kammerkórinn Staka skiptast á að syngja í guðsþjónustum. Kirkjukaffi er í húsi Jóns Siguðssonar og er í umsjón kóranna og til styrktar starfi þeirra.

Sunnudagaskólinn var einu sinni til tvisvar í mánuði í Jónshúsi á sunnudögum kl. 13. Umsjón síðasta vetur höfðu: Katrín, Vera, Ásta, Snædís og Ágúst. Sunnudagaskólinn er lífleg samvera með söng, frásögum og brúðuleikhúsi og hafa að jafnaði um 20 manns sótt þessar samverur síðastliðinn vetur, börn ásamt foreldrum.

### **Feringarfræðsla**

Síðastliðinn vetur voru níu unglingar í feringarhópnum. Kynningarfundur um feringarfræðsluna var fyrir börn og foreldra í Jónshúsi um miðjan september 2015. Síðan hófst fræðslan með feringarmóti á Áh stiftgard í Svíþjóð síðustu helgina í september. Vormótið var á sama stað fyrstu helgina í maí 2016. Feringarmótin eru tveggja sólarhringa námskeið þar sem leitast er við að samtvinnu fræðslu, helgihald, íþróttir og útiveru. Milli feringarmóta voru fræðslusamverur í Jónshúsi. Þau feringarbörn sem búa í Kaupmannahöfn sækja

guðsþjónusturnar í Skt. Pauls kirkju. Fermingarbörnum utan Kaupmannahafnar er boðið upp á einstaklingskennslu gegnum tölvusamskipti.

## **Sóknarnefnd og samstarfsaðilar**

Prestur og sóknarnefnd vinna saman að kirkjustarfinu og í sóknarnefnd Íslensku kirkjunnar í Danmörku voru á síðasta starfsári: Vera Guðmundsdóttir formaður, Lárus Guðmundsson varaformaður, Borgþór Arngrímsson gjaldkeri, Vala Ólafsdóttir ritari og meðstjórnandi Katrín Ósk Einarsdóttir.

Við erum afar þakklát fyrir þá góðu aðstöðu sem okkur er veitt í Jónshúsi, menningarmiðstöð Íslendinga í Kaupmannahöfn. Hallfríður Benediktsdóttir er forstöðumaður Jónshúss og þökkum við henni gott og elskulegt samstarf.

Skt. Pauls kirkja er mikilvægur samstarfsaðili kirkjustarfsins. Í áratugi hefur íslenska kirkjan fengið þar inni fyrir guðsþjónustur og þar höfum við einnig notið þjónustu organista kirkjunnar. Frá því í mars árið 2016 er Stefán Arason organisti við íslenskar guðsþjónustur í Kaupmannahöfn. Við bjóðum hann velkominn til starfa.

## **Viðvera prests í Sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn**

Samkvæmt samningi við íslenska Utanríkisráðuneytið hefur prestur viðvera í Sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn einn dag í viku. Þar sinnir prestur undirbúningi og skipulagningu í kirkjustarfinu. Viðtöl fara fram á skrifstofunni eða í Jónshúsi. Einnig tekur presturinn við verkefnum er berast sendiráði og er þannig sem einn af starfsmönnum Sendiráðsins. Það er prestinum mikils virði að hafa vinnustað í Sendiráðinu og gott samstarfsfólk á starfssvæði þar sem hann annars er gestkomandi á mörgum stöðum. Samstarfið við Benedikt Jónsson, sendiherra og Veturlíða Þór Stefánsson, sendiráðunaut og annað starfsfólk sendiráðsins hefur á margan hátt auðveldað prestinum að vinna starf sitt í Danmörku.

## **Heimsókn biskups Íslands og prófasts**

Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands heimsótti íslenska kirkjustarfið og Íslendinga í Kaupmannahöfn í byrjun desember 2015. Biskup Íslands átti fund með Bertel Haarder kirkjumálaráðherra og Peter Skov-Jakobsen, biskupi Kaupmannahafnar. Þess var farið á leit við kirkjumálaráðherra og yfirstjórn dönsku kirkjunnar að stuðningur fengist í Danmörku við við íslenska kirkjustarfið. Að undirbúningi og framkvæmd fundarins með ráðherra komu Benedikt Jónsson, sendiherra og Veturlíði Þór Stefánsson, sendiráðunautur. Ráðherra kirkjumála sýndi mikinn velvilja og setti í gang athugun á því á hvern hátt dönsk kirkjustjónvöld gætu styrkt íslenska kirkjustarfið. Beðið er eftir niðurstöðu þessara athugana. Frú Agnes M. Sigurðardóttir flutti hugvekju á fjölsótttri aðventuhátíð í Skt Pauls kirkju á 2. sunnudegi í aðventu.

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur heimsótti íslenska safnaðarstarfið á vordögum. Kom hún í kirkjuskólann og ávarpaði börnin. Einnig átti hún fund með sóknarnefnd.

## **Möguleikar og takmarkanir í íslensku safnaðarstarfi í Danmörku**

Leitast er við að tryggja reglubundna þjónustu við Íslendinga í Kaupmannahöfn og nágrenni. Oft er hægt að verða við beiðnum um athafnir víðar í Danmörku ef fyrirvarinn er góður. Einnig sinnir presturinn útkallsþjónustu um land allt, þegar á þarf að halda. Prestur og sóknaarnefnd hvetja til þess að sunnudagaskólastarf verði starfrækt á fleiri stöðum í Danmörku og höfða þar til áhugasamra foreldra. Vel kemur til greina að fá prest og fulltrúa úr sunnudagaskólahópnum í Kaupmannahöfn í heimsókn, ef það gæti orðið til hjálpar og hvatningar til að koma á reglulegu starfi.

Upplýsingar um kirkjustarfið hverju sinni er að finna á [www.kirkjan.dk](http://www.kirkjan.dk) og netfangið er [prestur@kirkjan.dk](mailto:prestur@kirkjan.dk) Sími Ágústs er 004533181056 (innanlands 33181056) og íslenskur sími er 5457726.

# Starfið í prófastsdæmunum

## Suðurprófastsdæmi

Sr. Halldóra Þorvarðardóttir, prófastur

Eins og venja er, hefur ýmislegt borið til tíðinda á liðnu ári í kirkjustarfinu á Suðurlandi, en fyrst og helst haft sinn hefðbundna framgang. Ein sóknarnefndarformannsskipti urðu, en sl. vetur lét Berglind Pálmadóttir af störfum formanns í Miðdalssókn og Lilja Dóra Eyþórsdóttir á Laugarvatni tók við af henni. Nokkrar breytingar urðu á starfsliði hinna vígðu þjóna. Sr. Guðbjörg Arnardóttir og sr. Ninna Sif Svavarsdóttir voru valdar til prestsþjónustu í Selfossprestakall síðasta sumar. Guðbjörg kvaddi sóknarbörn sín í Oddaprestakalli og sr. Elína Kristjánsdóttir var valinn þangað. Sr. Kristján Björnsson fékk ársleyfi frá Ofanleitissókn frá 1.ágúst og var sr. Guðmundur Örn Jónsson settur sóknarprestur í hans stað. Sr. Úrsúla Árnadóttir var sett prestur við Landakirkju og þjónar til ágústloka 2016. Sr. Kristján var síðan valinn sóknarprestur í Eyrarbakkaprestakall. Sr. Jón Ragnarsson hvarf til prestsstarfa í Noregi nú eftir áramót og hefur fengið hálfis árs leyfi frá Hveragerðisprestakalli og þar þjónar sr. Axel Árnason á meðan. Sr. Birgir Thomsen í Sólheimum varð sjötugur í lok ársins og kvaddi sóknarbörnin sín, en sr. Jóhanna Magnúsdóttir hefur tekið við kefli hans og var vígð til sólheima í Skálholti sl. haust.

Nýr djákni tók til starfa í Þorlákshafnarkirkjukirkju síðasta haust, Guðmundur Bryjólffsson og er hann boðinn innilega velkomin til starfa og ánægjulegt að hafa á ný djákna í hópi hinna vígðu þjóna. Sr. Birgi er innilega þökkúð samfylgdin í kirkjustarfinu hér á Suðurlandi og þeim sem voru að færa sig til í þjónustunni og þeim sem eru að koma til starfa, allra heilla og velgengni.

Héraðsfundur prófastsdæmisins var haldinn að Höfn í Hornafirði þann 9. apríl. Þar voru, líkt og venjan er, lagðar fram skýrslur prestanna og sóknanna í prófastsdæminu sem drógu upp svipmyndir af því sem helst hefur gerst í lífi og starfi safnaðanna síðastliðið ár eins og skýrslum er mögulegt að gera. Þessi skýrsluskil, þetta verklag tengir sóknarfólk saman úr prestaköllum prófastsdæmisins og aðstoðar við að eygja nýja möguleika, þegar við heyrum hvað aðrir sem búa í kirkjulegu starfi við svipaðar aðstæður og við, eru að gera og brydda upp á nýjungum, fræðast um hvað gefst vel og hvað ekki og þannig getum við safnað í sarpinn og aðlagað heima fyrir.

Það er svipað um starfsemina að segja og undanfarin ár. Í Suðurprófastsdæmi eru 13 prestaköll með 52 sóknnum, auk Sólheimakirkju, Þingvallakirkju og annarra kirkna og kapella sem ekki teljast sóknarkirkjur en athafnir fara fram í, alls tæplega 60 guðshús.

Almennar guðsþjónustur í prófastsdæminu voru 631 talsins og að aðrar guðsþjónustur s.s. helgi- og bænastundir 915. Barnaguðsþjónustur og/eða kirkjuskóli og samverur með börnum voru 278. Alls eru þetta 1.824 athafnir. Á Suðurlandi voru 254 börn skírð, 312 fermd, 149 hjónavígslur og 148 útfarir.

Mér sýnist að í prestaköllunum sé gott kórastarf í gangi undir stjórn áhugasamra organista

og kórstjórnenda. Nú hefur mikill liðsmaður bæst í hópinn á þeim vettvangi sem er Margrét Bóasdóttir í Skálholti, en hún er þegar farinn að standa fyrir kóránámskeiðum ekki aðeins hér á suðurlandi heldur um allt land. Sérstaklega má geta frumkvæðis hennar á upptökum á útvarpsguðsþjónustum prestakalla á Suðurlandi í Skálholti í apríl sl. og verður þeim útvarpað í sumar.

Það er gaman að segja frá því að hinn fyrsta sunnudag í aðventu var haldin vegleg hátíð í Hruna í tilefni 150 ára afmælis kirkjunnar. Að aflokinni guðsþjónustu var veglegt kaffisamsæti á Flúðum og það er sannarlega hægt að segja að Hrunamenn kunni að gera sér dagamun og það var gaman að fá að vera þátttakandi í afmælishófinu með þeim.

Sömu sögu má sannarlega segja frá Selfossi, en metnaðarfull og uppbyggjandi dagskrá var hjá þeim í heila viku í tilefni 60 ára vígsluafmælis kirkjunnar. Hátíðarhöldin tókust afsaplega vel, fullt út úr húsi á alla viðburði vikunnar og sannarlega hægt að segja að kirkjustarf blómstrar á Selfossi.

Þá má ekki láta hjá liða að nefna dýrmætt og mikilvægt framtak kirkjukórs Stóra-Núps- og Ólafsvallakirkna undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur organista, en þau hafa gefið út geisladisk með völdum sálmum sr. Valdimars Briem og var útgáfunni fagnað þann 7. febrúar með guðsþjónustu og hátíðarhöldum í Stóra-Núpskirkju í Árnesi, þar sem sálmaskáldsins var minnst í tali og tónum.

Vígslubiskup sr. Kristján Valur Ingólfsson hóf vísitásiu sína í Suðurprófastsdæmi í lok maí og vísiteraði ásamt prófasti Bjarnanesprestakall. Söfnuðir prestakallsins voru heimsóttir og litið eftir framkvæmdum, viðhaldi og munaskrá á sérhverjum stað og heimafólk sagði frá því kirkjulega starfi sem unnið er við hverja kirkju. Heimsókninni lauk með þátttöku í veglegum afmælishátíðum, bæði Hafnarkirkju sem hélt upp á 50 ára vígsluafmæli sitt og Bjarnaneskirkju sem fagnaði 40 ára vígsluafmæli. Tímamótanna var minnst m.a. með tónleikum, sýningum, hátíðarmessum og kaffisamsætum. Má með sanni segja að gleði og hátíðarbragur hafi litað stað og stund.

Pílagrímagöngur hafa sótt í sig veðrið og æ fleiri sækja nú í það að ganga sér til heilsubótar en um leið láta hreyfinguna hafa trúarlegan tilgang og byggja upp bæði líkama og sál. Og þetta sameinar pílagrímagangan. Pílagrímafélagið var stofnað fyrir nokkrum árum og tilgangur þess er að standa fyrir pílagrímagöngum skv. kristinni hefð, efla vitund Íslendinga um gildi þeirra og tengja saman vitund um gamla kirkjuvegi og þjóðleiðir, sérstaklega til Skálholts og Hóla og um sögulegan arf gamalla helgistaða. Unfanfarið hefur vinnuhópur unnið að því að búa til pílagrímagönguleið frá Strandarkirkju í Skálholt og í honum er sr. Axel Árnason héraðsprestur sem fulltrúi kirkjunnar á Suðurlandi.

Fundir héraðsnefndar hafa verið allnokkrir og enn meira um samráð, símtöl og tölvusamskipti. Sem dæmi um samstarf og verkefni sem héraðssjóður er að styrkja eru; eldri-borgarahátíðir, aðventutónleikar, samstarf kirkjukóra og sameiginlegir tónleikar og útgáfa á kirkjulegri sálmátónlist, samstarf um barna- og æskulýðsstarf hjá prestaköllum, fermingarbarnamót í Skálholti, Vatnaskógi, í Eyjum og víðar og allt sem lýtur að uppbyggilegu samstarfi á kirkjulegum vettvangi. Sérstaklega má nefna að prófastsdæmið stóð fjárhagslega við bakið á æskulýðsfulltrúanum í Vestmannaeyjum þegar hann fór í mikla fræðslu- og námsferð til Danmerkur í samstarfi við fræðslufulltrúann í Kjalarnesprófastsdæmi til að kynna sér hvað Danir eru að gera í kristilegu æskulýðsstarfi. Einnig var hugmyndin að byggja

upp tengsl milli þessara prófastsdæma til byggja á til framtíðar, m.a. með sameiginlegum leiðtoganámskeiðum.

Það er áberandi hversu sóknarfólki er annst um ásigkomulag kirkna sinnaog viðhaldi kirkna hefur verið vel sinnt, þó allvíða sé fjármagnsskortur. Og líka er áberandi hversu margir koma að starfi kirkjunnar á hverjum stað, tilbúnir að vinna kirkjunni og boðskap hennar gagn. Það er, þrátt fyrir allar fjárhagsáhyggjur, svo ótal margt gott og uppbyggilegt að gerast á vettvangi safanaðanna út um land allt.

Að lokum eru færðar ómældar þakkir öllum þeim sem við kirkjuna starfa eða koma að málefnum hennar á einn eða annan hátt, fyrir störfin þeirra góðu í þágu kirkju og Krists.

## **Kjalarnessprófastsdæmi**

**Sr. Þórhildur Ólafs, prófastur**

### **Lúthersár framundan.**

„Sá heitið háleitt ber,/það heiti „Jesús“ er,/hann Guðs er eðlis einn,/og annar Guð ei neinn,/Hann víst mun velli halda ... Þeir ríki Guðs ei granda.“

Nú er Lúthersár 2017 framundan. Í Kjalarnessprófastsdæmi var undirbúningur að því markaður fyrir þó nokkru á Háagranda í Hafnarfirði, þar sem talið er að fyrsta lútherska kirkjan á Íslandi hafi staðið.

Sálmur Lúthers „Vor Guð er borg á bjargi traust,“ í þýðingu Helga Hálfðánarsonar gerir okkur grein fyrir þeim baráttuanda og trúarvissu sem bjó innra með Lúther.

Eftir að formlega hafði verið opnað fyrir undirbúning að Lúthersárinu með samveru á Háagranda þar sem minnismerki um fyrstu lúthersku kirkjuna hafði verið reist fyrir tilstuðlan svokallaðrar merkisnefndar, sem var áhugahópur sem vann að framgangi þess að á grandanum risi minnismerki. En í nefndinni áttu sæti sr. Gunnþór Ingason sem beitti sér mjög fyrir að nefndin kæmist á laggirnar, Jónatan Garðarsson útvarpsmaður, sr. Kristján Valur Ingólfsson, síðar vígslubiskup, Sigurður Einarsson arkitekt, Jónas Guðlaugsson fv. rafveitustjóri, Valgerður Sigurðardóttir forseti bæjarstjórnar og sr. Þórhildur Ólafs sem tók sæti sr. Gunnþórs í námsleyfi hans.

Prófasti þótti tilhlýðilegt að hefja undirbúning að Lúthersárinu í Kjalarnessprófastsdæmi við minnismerkið og rakti þar aðdraganda þess að merkið reist og greindi frá því að þýskur listamaður Hartmut Wolf (Lupus ) hefði unnið verkið og væri höfundur þess. En minnismerkið var afhjúpað og blessað þann 1. Júlí árið 2003 að viðstöddu miklu fjölmenni. Johannes Rau forseti Þýskalands og herra Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands afhjúpuðu minnismerkið, en herra Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands lýsti blessun. Af tilefni vígslunnar lýsti sr. Gunnþór Þ. Ingason, einn forvígismanna að gerð þess, þýðingu minnismerkisins m.a. með þessum orðum: „Það minnir á kirkjuna sem þýskir kaupmenn frá Hamborg sem fylgdu siðbreytingu Lúthers, reistu á Háagranda árið 1533. Listaverkið vísar með opinni formgerð sinni á þá megin trúarsýn siðbreytingarinnar, að Guðs náð og elska er öllum opin fyrir lifandi trú og traust á orð og hjálpræðisverk Jesú Krists.“

Þá má geta þess að prestum prófastsdæmisins, djáknum og formönnum sóknarnefnda var fengin í hendur bók fyrrverandi prófests Kjalarnessprófastsdæmis dr. Gunnars Kristjánssonar, Marteinn Lúther – svipmyndir úr siðbótarsögu, til þess að þeir mættu rifja upp kynni sín af Lúther og bæta við sig nýrri þekkingu fyrir 500 ára siðbótaramælið árið 2017. Voru dr. Gunnari Kristjánssyni af því tilefni þökkuð dýrmæt störf í þágu prófastsdæmisins.

## **Nýr prófastur – breytt héraðsnefnd.**

Strax og nýr prófastur tók við þann 1. febrúar árið 2015 þurfti héraðsnefnd að setja sér ný stefnumið og var það gert. Héraðsnefnd samþykkti að tillögu prófests að Kjalarnessprófastsdæmi skyldi leggja aðaláherslu á samstarf, samfélag og uppbyggingu í prófastsdæminu á sínu fyrsta starfsári.

## **Samstarf, samfélag, uppbygging.**

Með SAMSTARFI var átt við að prófastsdæmið ætti að gerast þátttakandi í spennandi verkefnum, sem þegar eru í gangi í samfélaginu og bjóða prestum, djáknum, formönnum sóknarnefnda, organistum og öðrum þátttöku eftir því sem við á. Sömuleiðis er eftirsóknarvert í hvert sinn sem vor og haustfundir eru haldnir sé leitast við að fá öfluga fyrirlesara úr samfélaginu til að kynna hugðarefni sín og vera til uppbyggingar. Þá hefur prófastsdæmið einnig hvatt til þess að sóknirnar og söfnuðirnir geri slíkt hið sama. Prófastsdæmið mælir með því, að sóknir og söfnuðir fari í samstarf við aðra hópa og stofnanir í samfélaginu og er tilbúið til að styðja slík verkefni í gegnum héraðssjóð, ef héraðsnefnd líst vel á verkefni.

Með SAMFÉLAGI var átt við það að prófastsdæmið ætlaði að auka enn frekar tengsl þeirra sem starfa á vegum sóknanna í prófastsdæminu og stuðla að því að þau eigi gott og auðvelt með að leita hvert til annars og til prófests. Áhersla hvílir á því að hægt verði að leita hvert til annars um ráðgjöf í stað þess að byrja í hvert sinn frá grunni. Samtakamátturinn er eflandi og sú þekking skapast í störfum sem getur nýst öðrum í þeirra störfum. Prófastsdæmið lítur svo á að með reglulegu fundahaldi og hreinskilinni samræðu megi auka samfélag á meðal þeirra sem að verkum koma innan þess og að það geti með starfi sínu orðið stuðningsnet þeirra sem tilheyra því og þjóna kirkjunni hver með sínum hætti.

Með UPPBYGGINGU er átt við að héraðsnefnd prófastsdæmisins vill geta boðið starfsfólki kirkna sinna til fjölbreyttrar fræðslu um prédikun, guðfræði og helgihald. En telur einnig mikilvægt að starfsfólk kirkjunnar sækji námskeið og fræðslu um mannleg samskipti, sorgarviðbrögð, tjáningu, raddbeitingu og leiðtogaþæfni svo að eitthvað af áhersluatriðum sé nefnt. Markmiðið er að stuðla að því að fólk geti liðið vel í störfum sínum og öðlist aukið öryggi og aukna hæfni á fjölbreyttum sviðum lífsins. Þetta gildir bæði fyrir leika og lærða.

## **Fyrsta starfsár nýs prófests og nýrrar héraðsnefndar.**

Það má með sanni segja að fyrsta starfsár nýs prófests og nýrrar héraðsnefndar hafi ein-kennst af öflugri dagskrá í þessum anda. Kjalarnessprófastsdæmi bauð upp á námskeið í framkomu og tjáningu, námskeið í raddbeitingu, hringborðsumræður um lútherska arfleifið



í nútímanum, GLS – leiðtoga ráðstefnu í Háskólabíói, glæsilega prédikunarráðstefnu með erlendum fyrirlesurum, umræðuvettvang um framtíð tónlistarmála innan kirkjunnar, námskeið í jákvæðri sálfræði, námskeið í streitustjórnun og svo má áfram telja. Að auki voru allir hefðbundnir tilsjónarfundir prófasts á sínum stað vorfundir og haustfundir presta, djákna, formanna sóknarnefnda og organista. Samstarf, samfélag og uppbygging – allt hefur þetta fengið að njóta sín. Prófastsdæmið hefur leitast við að rækta samstarf við áhugahóp um guðfræðiráðstefnur, við skipuleggjendur leiðtogaráðstefnu, við leikstjóra, við sálfræðinga, við raddþjálfra, guðfræðiprófessora, önnur prófastsdæmi Kjalarnessprófastsdæmi til eflingar. Þess má einnig geta að í tvígang hefur verið boðið upp á kynningu á möguleikum Mentor-tölvukerfisins til nýtingar í fermingarfræðslu.

## Leiðarþing

Leiðarþing fór fram, en leiðarþingin hafa lengi verið áhugaverður vettvangur, nokkurs konar auka héraðsfundur. Þar sem tekin eru fyrir mál sem ekki hefur náðst að afgreiða á héraðsfundi. Leiðarþingin voru hugsuð þannig að þau skyldu fara yfir málefni og atvik líðandi Kirkjubings hverju sinni. Var það gert til að miðla upplýsingum um það sem er að gerast í málefnum kirkjunnar á Kirkjubingi hverju sinni. En eftir breytingar á árlegum þingum Kirkjubings þá hefur þróunin orðið sú, að Leiðarþing er nú alltaf haldið vel á undan Kirkjubingi og því ekki hægt að gefa lýsingu á niðurstöðum nýliðins Kirkjubings. Þannig má glögglega sjá að standi Héraðsfundur sig vel í því að afgreiða sín mál þá fari mikilvægi Leiðarþings eins og þau voru hugsuð þverrandi, en hér í prófastsdæminu stendur vilji þeirra sem Leiðarþingin sækja til þess að þau verði áfram haldin og þá sem samtalsvettvangur – þemaviðræðna um tiltekin málefni.

## Héraðsfundur

Héraðsfundur var haldinn eftir helgistund í Hafnarfjarðarkirkju og var þar sinnt hefðbundnum aðalfundarstörfum. Að auki gerði prófastur grein fyrir vanda héraðsnefndar varðandi héraðsprestmál og hve þau hefðu í raun verið flókin. Síðan héraðsprestur I sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir lét af störfum í tíð síðasta prófasts þá hefur embætti héraðsprests I ekki verið auglýst og óljóst hefur verið hingað til hver framvinda mála yrði. Þetta hefur verið snúin staða fyrir héraðsnefnd og prófast. Prófastur er prestur í stórri sókn og því ljóst að þörf fyrir héraðsprest I er mikil enda eru verkefni á skrifstofu mörg og helgihaldsafleysingar sömuleiðis. Því brá héraðsnefnd tímabundið á það ráð að ráða starfsmann, Grétar Halldór Gunnarsson, guðfræðing til þess að vera aðstoðarmaður prófasts svo að vinna mætti verkin. Þó ýmis vandkvæði hafi verið á því að hægt væri að auglýsa embætti héraðsprests I hefur Héraðsnefnd góða von um að biskupi verði áður en alltof langt um líður gert mögulegt að auglýsa embætti héraðsprests I í Kjalarnessprófastsdæmi laust til umsóknar. Það er vissulega mikilvægt fyrir prófastsdæmið að svo geti orðið, því að óvissa í starfsmannamálum skapar jafnframt óvissu í starfi héraðsnefndar og prófastsdæmisins.

Prófastur gerði grein fyrir því að héraðsnefnd hefði þrátt fyrir þrönga starfslega stöðu haldið áfram að vinna ötulllega að hugðarefnum sínum. Sem dæmi má nefna að ríkur vilji er til þess að halda áfram að undirbúa Lúthersárið 2017. Meðal þeirra verkefna sem horft er til er samstarf

við tónlistarnefnd Kjalarnessprófastsdæmis um sköpun tónverks, Kantötu, á grundvelli í sálma Marteins Lúthers og einnig er horft til þess að geta þýtt úr þýsku bók sem prófastur kom auga á á heimili Kaupmannahafnarbiskups í náms- og kynnisferð sinni til Noregs og Danmerkur með próföstum í byrjun árs. Í bókinni er að finna valda texta úr verkum Lúthers fyrir alla 365 daga ársins sem hægt væri að nota í helgihaldi og daglegu trúarlífi. Vonir standa til þess að þessi verkefni verði að veruleika og að tónverkið og útgáfan geti orðið öllum í prófastsdæminu til góðs og heiðrað 500 ára afmæli siðbótarinnar með viðeigandi hætti.

Þess má geta að á eftir að formlegri dagskrá héraðsfundar lauk flutti Stefán Einar Stefánsson blaðamaður og guðfræðingur erindi sem fjallaði um Dietrich Bonhoeffer og nýja útgáfu fangelsisbréfa hans á íslensku, en hann átti sjálfur ríkan þátt í útgáfunni. Bókina hafði dr. Gunnar Kristjánsson, fyrrverandi prófastur verið fenginn til að þýða. Gaf prófastsdæmið fundarmönnum bókina er þeir gengu af fundi.

## **Starfsviðtöl tekin og vísitásiur boðaðar.**

Prófastur fór á starfsstöðvar presta Kjalarnessprófastsdæmis og átti við þá starfsviðtöl sem hugsuð voru sem liður í uppbyggingu og samfélagsmyndun í prófastsdæminu. Prófastur skoðaði starfsaðstöðu presta og varð margs vísari um líðan og starf prestanna. Von prófasts stendur til þess að að þær samræður hafi verið prestum gagnlegar. Það sé enda mikilvægt fyrir alla að eiga opin samtöl um mikilvæg mál svo sem starfsvellíðan og starfstækifæri.

Sömuleiðis kynnti prófastur fyrirhugaða ætlan sína um að vísitera öll prestaköll í Kjalarnessprófastsdæmi og þar af leiðandi allar sóknir á hausti komanda. Prófastur gerði jafnframt að umræðuefni að spennandi og uppbyggilegt yrði að hitta kirkjufólk fyrir á heimavelli og fá að kynnast því hvernig kirkjustarf hefði þróast í hverri sókn prófastsdæmisins.

## **Af prestsþjónustunni**

Ýmsar breytingar hafa orðið á prestsþjónustunni í Kjalarnessprófastsdæmi á viðmiðunartímabili þessarar skýrslu.

Sr. Arna Grétarsdóttir var valinn sóknarprestur í Reynivallaprestakalli. Hún var skipuð í embætti frá 1. júlí 2016 og sett inn í embætti í Reynivallakirkju þann 11. september 2016. Sr. Arna fluttist heim frá Noregi en þar hafði hún um árabil verið prestur íslenska safnaðarins. Sr. Örnur var vel fagnað við heimkomuna og hún boðin velkomin til starfa innan prófastsdæmisins.

Dr. Gunnar Kristjánsson fyrrverandi sóknarprestur á Reynivöllum í Kjós og Brautarholti á Kjalarnesi og prófastur var tímabundið settur til afleysingarþjónustu í sínum gömlu sóknnum frá 1. janúar-30. júní 2016.

Eva Björk Valdimarsdóttir guðfræðingur var valin til starfa í Keflavíkurstakalli. Hún var skipuð í embætti prests þann 1. september 2015 Biskup Íslands frú Agnes M. Sigurðardóttir vígði Evu Björk í Dómkirkjunni þann 20. september 2015. Eva Björk var sett inn í embætti þann 4. október árið 2015.

Erla Guðmundsdóttir sem kosinn hafði verið sóknarprestur Keflavíkurstakalli í apríl 2015 var sett inn í embætti sóknarprestis á sama tíma og prestur kirkjunnar sr. Eva Björk Valdimarsdóttir þann 4. október 2015.

Sr. Birgir Ásgeirsson var settur til að leysa sóknarprest Mosfellsprestakalls af tímabundið.

Sr. Kristín Pálsdóttir var sett til að leysa af prest í Mosfellsprestakalli tímabundið.

Sr. Skírniir Garðarsson prestur Lágafellssóknar breytti um starfsvettvang að eigin ósk. Þjónustuskýldur hans færðust úr Mosfellsprestakalli yfir í Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra og vestra, Kjalarnessprófastsdæmi og Suðurprófastsdæmi. Þessi breyting varð þann 1. janúar árið 2016

Sr. Arndís Guðríður Bernharðsdóttir var skipuð prestur í Mosfellsprestakalli frá 1. maí 2016 og sett inn í embætti sama dag. En hún hafði verið kosin prestur í almennri prestskosningu þann 18. mars 2016.

Sr. Sigurður Grétar Sigurðsson fékk tímabundið leyfi frá þjónustu sinni í Útskálaprestakalli frá 1. október 2015. Hann fór til starfa í Noregi

Sr. Bára Friðriksdóttir var sett sóknarprestur í Útskálaprestakalli í fjarveru sr. Sigurðar Grétars og hefur hún verið sett til 31. ágúst 2016.

## Lokaorð

Hér lýkur þessari ársskýrslu. Þeim sem komu að starfi Kjalarnessprófastsdæmis á liðnu starfsári eru eru færðar alúðarþakkir. Við sem störfum í prófastsdæminu biðjum góðan Guð að blessa öll okkar áform og gjörðir sem þeim fylgja. Takist vel til með tilstyrk hans.

Jesús segir: „Komið til mín, öll þér sem erfiðið og þunga eruð hlaðin, og ég mun veita yður hvíld. Takið á yður mitt ok og lærið af mér því að ég er hógvæ og af hjarta lítillátur og þá munuð þér finna hvíld sálum yðar. Því að mitt ok er ljúft og byrði mín létt.“ (Matt. 11.28-30)

Hann vill að við elskum Guð af öllu hjarta og náungann eins og okkur sjálf. Jesús vill að við leggjum okkur fram um að læra af sér. Byrði hans er létt af því að hann hefur sigrað dauðann og vill gefa okkur hlutdeild í upprisugri sínum. Guð blessi þá kirkju sem ber honum vitni í orði og verki.

## *Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra*

**Sr. Gísli Jónasson, prófastur**

## Inngangsorð

Þegar litið er um öxl yfir liðið starfsár blasir við áttunda árið í röð þar sem við höfum þurft að glíma við afleiðingar niðurskurðar sóknargjaldsins og þau margvíslegu vandamál sem honum fylgja. Þessi aðhalds- og þrengingatími hefur vissulega kennt okkur margt og sem betur fer hefur margt verið vel gert í starfi safnaðanna þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður. Vil ég því nota þetta tækifæri til að þakka það dugmikla og fórnfusa starf, sem ég hef svo víða orðið vitni að í heimsóknum mínum í söfnuði prófastsdæmisins. Þar koma, sem betur fer, margar fúsar hendur að verki og það er sannarlega bæði uppörfandi og lærdómsríkt fyrir mig sem prófast að fá að fylgjast með þeim miklum dugnaði og kærleika, sem svo víða kemur fram í þeirri þjónustu. Í

Þessu sambandi koma því upp í huga mér orð Páls postula í síðara bréfs hans til Tímóteusar, þegar hann segir:

„Því að ekki gaf Guð okkur anda hugleysis heldur anda máttar og kærleiks og stillingar.“ (1. Tím. 1:7)

Látum þessi áminningar- og uppörfunarorð postulans verða okkur leiðarljós og hvatningu þegar við göngum til móts við nýtt starfsár og þá óvissu tíma, sem þar virðast bíða. Drottinn veit hvað okkur er fyrir bestu og hann vill leiða okkur, styrkja og blessa. Setjum því traust okkar á hann og felum honum allt okkar ráð. Biðjum hann að styrkja okkur til þjónustunnar, efla samstarf okkar og samstöðu, og auka okkur fúsleika og djörfung til eftirfylgdar við hann.

Ég mun nú í þessari skýrslu leitast við, að nefna það helsta, sem gerst hefur í starfi prófatsdæmisins á síðasta starfsári, um leið og horft er til þess sem framundan bíður.

## Starfið í söfnuðunum

Helstu tölur um helgihald í prófatsdæminu árið 2015, skv. starfsskýrslum presta, eru sem hér segir, (tölur frá árinu 2014 eru í sviga): Almennar guðsþjónustur 611 (594), barnaguðsþjónustur 373 (362), aðrar bæna- og helgistundir 1065 (913). Guðsþjónustur voru því samtals 2049 (1869). Viðstaddir þessar guðsþjónustur voru alls 105.760 (105.077). Fermingarbörn voru 1030 (999) og altarisgestir 24.326 (22.689). Þá voru skírð 712 (718) börn, hjónavígslur voru 172 (177) og útfarir 396 (374).

Þar sem enn hefur engu verið breytt varðandi starfs- og messugjörðarskýrslur presta í þá veru að þær gefi gleggri mynd af umfangi kirkjustarfsins höfum við haldið áfram þeirri reglubundnu talningu á völdum þáttum starfsins í prófatsdæminu sem við tókum upp fyrir sjö árum og verður henni væntanlega haldið áfram þar til endurbætur hafa verið gerðar á messugjörðarskýrslunum. Samkvæmt þessari talningu tóku alls 213.415 (195.212) manns þátt í þeim liðum safnaðarstarfsins sem talið var í árið 2015 og er þar þó ýmislegt undanskilið, eins og t.d. kórastarfið, fermingarfræðslan og fundir og samverur af ýmsu tagi. Er hér um að ræða u.þ.b. 9,3% aukningu frá síðasta ári. Meðalþátttakan í messum, sem fram fóru á árinu 2015 var 94,6 manns, en var 89,1 árið áður.

Samstarf innan hinna þriggja samstarfssvæða í prófatsdæminu hefur heldur verið að aukast. Ég tel það mikilvægt, að við leggjum áframhaldandi áherslu á samstarfssvæðin á komandi árum og leitum allra leiða til að efla starf kirkjunnar í prófatsdæminu með margvíslegu samstarfi og verkaskiptingu, þegar það á við. Eins og sex undanfarin ár gerir héraðsnefndin því tillögu um, að á fjárhagsáætlun næsta árs verði all myndarleg fjárveiting til samstarfssvæðanna eða alls 1.500.000 kr.

Lítið sem ekkert hefur verið um byggingarframkvæmdir á starfsárinu, enda hefur viðhald eða endurbætur á húsnæði safnaðanna verið í algjöru lágmarki mörg undanfarin ár. Ekki hefur tekist að hefja framkvæmdir við viðbyggingu safnaðarheimilis Árbæjarkirkju þótt samþykktar teikningar hafi legið fyrir árum saman. Byrjað var á viðgerðum á þaki Breiðholtskirkju sumarið 2014, en vegna fjárskorts ganga þær mun hægar en æskilegt væri. Nokkrar viðgerðir hafa átt sér stað á Kópavogskirkju, en þar er viðhaldsþörfin orðin mjög brýn, bæði á rafkerfi, gluggum og vegna lekaskemmda. Þá var á starfsárinu áfram unnið að frágangi á kirkjuskípi Lindakirkju.

## Ráðstefnur, námskeið, fræðslustarf o.fl.

Að venju var boðið upp á ýmiskonar fræðslustarf á vegum prófastsdæmisins á liðnu starfsári og skal það helsta talið upp hér:

Prédikunarklúbbur presta hefur komið saman vikulega yfir vetrartímann undir leiðsögn dr. Sigurjóns Árna Eyjólfssonar, héraðsprests. Þá sá dr. Sigurjón einnig um vikulega biblíulestra í Breiðholtskirkju. Stóðu þeir samtals yfir í 20 vikur. Einnig hefur dr. Sigurjón Árni boðið upp á ýmsar fræðslusamverur eins og t.d. fræðslunámskeið fyrir sóknarnefndir og heimsóknir í félagsstarf aldraðra.

Fermingarnámskeið voru í Vatnaskógi á vegum flestra safnaðanna í samvinnu við Skógar-menn KFUM. Er þar bæði um að ræða dags námskeið auk hefðbundinna námskeiða með einnar nætur gistingu.

Prófastsdæmið hefur mörg undanfarin ár tekið þátt í fræðslustarf í samstarfi við Biskupsstofu og Reykjavíkurprófastsdæmi vestra undir merkjum Starfs- og leikmannaskóla kirkjunnar. Vegna niðurskurðar og manneklu á Biskupsstofu hefur þetta starf þó því miður legið nánast alveg niðri síðustu árin. Ákvað héraðsnefndin því á sl. vetri að setja á fót sérstaka fræðslunefnd prófastsdæmisins og sitja í henni þau sr. Bryndís Malla Elíóttir, sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir og dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson. Vænti ég mikils af störfum þessarar nefndar og munu fyrstu hugmyndir hennar verða kynntar hér á eftir.

Þá skal á það minnt, að sófnuðunum standa jafnan til boða eldvarnarnámskeið, fram-sagnarnámskeið og námskeið í skyndihjálpi á vegum prófastsdæmisins og eru þau einkum ætluð starfsfólki og sjálfboðaliðum safnaðanna.

Ný döggun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð, stóð að venju fyrir nokkrum fræðslufundum fyrir syrgjendur í samvinnu við prófastsdæmin, Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og Fræðsludeild Biskupsstofu.

Loks er þess að geta, að auk þess sem hér er upp talið þá er að sjálfsgöðu margvíslegt fræðslustarf í boði á vegum safnaðanna og er það m.a. hugmynd fræðslunefndarinnar að kynning á þessu starfi verði stórlega aukin þannig að það megi nýtast betur fyrir prófastsdæmið allt.

## Fundur, aðrar samverur o.fl.

Héraðsfundur var haldinn í Fella- og Hólakirkju 25. maí sl. og aukahéraðsfundur í Breiðholtskirkju 8. október 2015. Héraðsnefnd prófastsdæmisins, hefur að jafnaði haldið einn fund á mánuði og voru þeir alls 11 á starfsárinu. Að auki héldu héraðsnefndirnar í eystra og vestra prófastsdæminu sameiginlegan fund. Í héraðsnefnd sitja nú sr. Gunnar Sigurjónsson og Benedikta G. Waage, en varamenn þeirra eru sr. Guðrún Karls Helgudóttir og Guðrún Hulda Birgis. Það skal tekið fram að bæði aðal- og varamenn eru boðaðir á alla fundi. Þá eiga prófastarnir í Reykjavíkurprófastsdæmunum og Kjalarnesprófastsdæmi reglulega með sér fundi þar sem við ræðum sameiginleg málefni prófastsdæmanna og er það von mín að samstarf prófastsdæmanna megi halda áfram að aukast og styrkjast á næstu misserum.

Samráðsfundir presta og djákna voru þrjár á starfsárinu og sömuleiðs voru haldnir þrjú formannafundir og var einn þeirra sólarhringsfundur í Skálholti.

Auk þeirra funda sem hér hafa verið nefndir, hefur prófastur setið margvíslega fundi um málefni ÆSKR, Eldri borgararáðs, Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, Kirkjugarða Reykjavíkur og

Kirkjugarðasambands Íslands, svo eitthvað sé nefnt. Þá hefur prófastur einnig setið samráðs-fundi með prestum, sóknarnefndum, biskupi Íslands, öðrum próföstum, félagsmálayfirvöldum o.fl., auk margvislegra nefndarstarfa. Á þessu vori hefur prófastur þannig setið starfsmannafundi og sóknarnefndarfundi í öllum söfnuðum prófastsdæmisins og nú standa síðan yfir starfsmannaviðtöl við alla presta og djákna prófastsdæmisins.

Þá tók prófastur einnig þátt í mjög fróðlegri og lærdómsríkri kynnisferð prófosta til Oslóar og Kaupmannahafnar í febrúar sl. þar sem okkur gafst gott tækifæri til að kynna okkur hlutverk og starf prófosta og prófastsdæma í systurkirkjum okkar á Norðurlöndunum.

## Breytingar á starfsliði

Allnokkrar breytingar hafa orðið í hópi presta og djákna í prestaköllum prófastsdæmisins á starfsárinu. Þann 1. ágúst 2015 voru skipaðir tveir nýir prestar: Sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir var skipuð prestur í Árbæjarprestakalli og sr. Sigurður Grétar Helgason í Grafarvogsprestakalli. Sr. Sigríður Guðmarsdóttir, sóknarprestur í Grafarholtsprestakalli, sem verið hafði í launalausú leyfi um alllangt skeið, sagði embætti sínu lausu frá 1. september sl. og var sr. Karl V. Matthíasson valin í hennar stað og skipaður sóknarprestur frá sama tíma. Þá var sr. Skírni Garðarsson færður til í starfi og skipaður héraðsprestur í fjórum prófastsdæmum frá 1. janúar 2016. Þ.e. í Reykjavíkprófastsdæmi eystra og vestra, Kjalarnesprófastsdæmi og Suðurprófastsdæmi. Hann hefur fram að þessu haft starfsaðstöðu í Guðríðarkirkju og hefur skv. ákvörðun biskups Íslands sérstakar starfsskyldur við Grafarholts söfnuð. Sr. Vigfús Þór Árnason lét af störfum sem sóknarprestur í Grafarvogsprestakalli 1. maí s.l. og var sr. Guðrún Karls Helgudóttir skipuð sóknarprestur frá sama tíma. Ekki hefur enn verið ráðið í það embætti prests sem losnaði við tilfærslu sr. Guðrúnar í starfi. Þá er þess einnig að geta, að sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, sem verið hefur prestur í Hjallaprestakalli í hálfu starfi, sagði embætti sínu lausu frá 1. maí sl. og tók frá sama tíma við embætti prests í Nesprestakalli í Reykjavíkprófastsdæmi vestra. Embætti hennar hefur ekki enn verið auglýst, en sr. Kristín Pálsdóttir hefur verið sett til afleysingar þar til nýr prestur verður valinn. Loks skal þess getið, að prófasturinn, sr. Gísli Jónasson, hefur frá 1. október sl. verið í leyfi frá sóknarprestsstarfi í Breiðholtsprestakalli, en í staðinn verið settur til að gegna þeirri stöðu héraðsprests, sem losnaði er sr. Bryndís Malla Elísdóttir tók við núverandi prestsþjónustu sinni í Seljaprestakalli. Frá sama tíma var sr. Þórhallur Heimisson settur sóknarprestur í Breiðholtsprestakalli, upphaflega til 31. júlí nk., en nú hefur verið ákveðið, að þetta fyrirkomulag verði framlengt til eins árs, og er það m.a. hugsað til þess, að gefa prófasti betra tækifæri til að sinna prófastsþjónustunni, sem stöðugt hefur verið að aukast í þessu fjölmennasta prófastsdæmi landsins.

Varðandi djáknaþjónustuna er það að segja, að Áslaug Helga Hálfánardóttir, var vígð 7. febrúar 2015 til djáknastarfa í Lindasókn, en hún hafði áður starfað á vegum safnaðarins, sem almennur starfsmaður. Einnig hefur Dóra Sólrún Kristinsdóttir, djákni, verið ráðin til starfa sem umsjónarmaður starfs fyrir aldraða í Árbæjarprestakalli.

Eru þjónandi djáknar í prófastdæminu nú fimm, auk framkvæmdastjóra Ellimálaráðs, en voru þegar best lét sjö. Þjónandi prestar eru hins vegar 21 í 20,5 stöðugildi, en fjölgar væntanlega í 23 í 22 stöðugildum þegar skipað hefur verið í þau störf sem nú eru laus. Tekið skal fram, að einn þessara presta er safnaðarráðinn. Flestir voru prestarnir í prófastsdæminu skömmu fyrir

hrun er þeir voru að jafnaði 23-4 í 22,5 stöðugildi. Það er því ljóst að enn er vantar nokkuð á að við náum sama þjónustustigi og þá var. Er það mikið áhyggjuefni hversu seint sækist að ná þeim embættum til baka sem horfið hafa á braut og því full ástæða til þess að við höldum vöku okkar í þeim efnum.

## Sameiginlegt starf Reykjavíkurprófastsdæma o.fl.

Megin verkefni Eldriborgararáðs Reykjavíkurprófastsdæma hefur alla tíð verið að hvetja til og styðja við kirkjustarf eldri borgara í söfnuðunum. Er það m.a. gert með margvíslegum námskeiðum og samráðsfundum fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða safnaðanna, og með því að skipuleggja og sjá um ýmiskonar sameiginlega viðburði fyrir þennan aldurshóp. Þá hefur ráðið staðið fyrir sumardvöl fyrir aldraða á Löngumýri í samráði við Ellimálanefnd kirkjunnar. Hefur aðsókn stöðugt verið að aukast og er því boðið upp á fimm dvalarflokka á þessu sumri í stað fjögurra í fyrra og þriggja árið áður. Engu að síður eru nú biðlistar í alla dvalarhópanna og jafnvel eitthvað um það, að fólk hafi fundið sér gistingu annarsstaðar í Skagafirði til þess að geta notið þeirrar dagskrár sem boðið er upp á á Löngumýri yfir daginn. Framkvæmdastjóri ráðsins er Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni.

ÆSKR býður sömuleiðis upp á fjölbreytt starf bæði fyrir leiðtoga og unglinga í æskulýðsfélögum safnaðanna. Yfirskrift starfsins á síðasta starfsári var: “Láttu ljós þitt skína?” Með því vildu menn leggja áherslu á, að viðburðir á vegum ÆSKR yrðu skipulagðir þannig að þeir veiti sem flestum tækifæri til að nýta hæfileika sína í starfi sambandsins. Starfið hefur um margt verið til fyrirmyndar og hefur borið margvíslegan ávöxt eins og best sést á þeirri staðreynd, að ÆSKR hefur smám saman verið falin umsjón með ýmsum verkefnum og þjónustu í æskulýðsmála kirkjunnar, sem áður var á hendi annarra aðila. Er sambandið þannig t.d. mikilvægur framkvæmdaaðili að starfi Farskóla leiðtogaefna, sem gekk mjög vel í vetur og útskrifaði 22 ungmenni við hátíðlega athöfn í mars sl. Framkvæmdastjóri ÆSKR er Kristján Ágúst Kjartansson.

Starfsemi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma er bæði viðamikil og fjölpætt eins og glögglega kemur fram í árskýrslu garðanna. Má þar m.a. nefna, að nú er hafinn undirbúningur að uppbygginu nýs kirkjugarðs við Úlfarsfell. Það hefur þó skapað starfseminni töluverðan vanda, að niðurskurður lögbundinna framlaga til kirkjugarða á undanförunum árum hefur leitt til verulegs hallareksturs. Prófastarnir í Reykjavíkurprófastsdæmunum sitja fundi framkvæmda- nefndar kirkjugarðanna sitt hvort árið og hefur undirritaður setið þessa fundi á liðnu starfsári.

Starfsemi Fjölskylduþjónustu kirkjunnar hefur dregist nokkuð saman á síðustu misserum vegna niðurskurðar. Prófastsdæmið hefur frá upphafi stutt þetta starf með verulegum fjárframlögum. Héraðsnefnd telur mikilvægt að þessum stuðningi verði haldið áfram, enda um ákaflega mikilvæga þjónustu kirkjunnar að ræða. Er að því stefnt, að stuðningur héraðssjóðs við Fjölskylduþjónustuna verði heldur aukinn á næsta ári.

Þá vil ég geta þess, að prófastsdæmið hefur styrkt starf Hjálparstarfs kirkjunnar með allmiklum framlögum, eins og fram kemur í ársreikningi, enda heldur umsóknum um aðstoð Hjálparstarfsins áfram að fjölga og þá ekki hvað síst úr okkar prófastsdæmi.

Að lokum vil ég svo geta þess, að sr. Toshiaki Toma, prestur innflytjenda, hefur nú fengið starfsaðstöðu í prófastsdæminu. Hann hefur skrifstofu í Hjallakirkju og er með reglulega



viðtalstíma og helgistundir þar. Einnig er hann með viðtalstíma í Breiðholtskirkju og auk þess mánaðarlega messu á ensku. Hefur þetta tvímælaust orðið til að styrkja starf hans og er ánægjulegt að geta greint frá því, að hann hefur t.d. verið með fræðslu fyrir hóp trúnema og hafa a.m.k. 15 einstaklingar tekið skírn á liðnum vetri í tengslum við það starf.

## **Sjóðir, samskipti við Reykjavíkurborg o.fl.**

Stjórn Starfssjóðs safnaðarhjálparrinnar í Reykjavíkúrprófastsdæmum úthlutaði á þessu vori aðeins einum styrk að upphæð kr. 175.000, til sumardvalar aldraðra á Löngumýri, enda hafa tekjur sjóðsins dregist mjög saman í kjölfar bankahrunsins. Hefur sjóðsstjórnin því rætt þann möguleika að reglum um úthlutun úr sjóðnum verði breytt, en engin ákvörðun hefur þó verið tekin í þeim efnum.

Samkvæmt ákvörðun kirkjuráðs um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna árið 2016 koma 18 milljónir kr. í hlut fimm sókna í prófastsdæminu, en árið áður fengu fjórar sóknir alls 15 milljónir kr.

Stjórn Kirkjubýggingarsjóðs Reykjavíkur hefur ekki auglýst eftir umsóknum í sjóðinn á þessu vori, enda var framlag Reykjavíkurborgar til sjóðsins skorið þannig niður, að aðeins stóð eftir rétt rúm milljón. Virðist því miður sem þetta sé fyrsta skref borgaryfirvalda í þá veru að leggja sjóðinn af. Höfum við prófastarnir beðið um fund með borgarstjóra vegna þessa máls.

Samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar og Reykjavíkúrprófastsdæma hefur verið ekki komið saman það sem af er þessu kjörtímabili og hlýtur það að verða ósk okkar að svo verði nú, bæði til að ræða málefni Kirkjubýggingarsjóðs og eins til að skoða hugsanlegar breytingar á reglum um samskipti skóla og trúar- og lífsskoðunarfélaga, sem samþykktar voru í Borgarráði haustið 2010 og túlkun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur á þeim.

## **Fjárhagur sókna- og prófastsdæmis**

Því miður hafa ekki enn borist neinar fréttir af því að í vændum sé leiðrétting, sem um munar, á þeirri gríðarlegu skerðingu sóknargjaldsins sem viðgengist hefur frá árinu 2009. Og það jafnt fyrir það, þótt það hafi verið viðurkennt af stjórnvöldum, að sóknargjaldið hafi verið skorið niður langt umfram þann niðurskurð, sem aðrir aðilar hafa almennt mátt þola vegna efnahagshrunsins. Þessi skerðing hefur haft verulega neikvæð áhrif á starf safnaðanna, prófastsdæmisins og kirkjunnar allrar og er nú svo komið, að ákveðnir söfnuðir virðast endanlega vera að komast í þrot fjárhagslega. Skv. yfirliti, sem ég hef tekið saman um niðurskurðinn eins og hann hefur verið í hverjum söfnuði prófastsdæmisins fyrir sig, er ljóst, að heildarniðurskurðurinn í Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra frá árinu 2009 er nú orðinn u.þ.b. 1,3 milljarður króna eða að meðaltali u.þ.b. 163 milljónir kr. á hverju ári. Og heildarniðurskurðurinn til allra safnaða Þjóðkirkjunnar er á sama tímabili rúmlega 4,9 milljarðar. Ekki bætir úr skák, í þessum efnum, að svo virðist sem bankakerfið hafi nú lokað fyrir alla fyrirgreiðslu til safnaðanna. A.m.k.hafa komið upp nokkur tilvik á síðustu vikum þar sem söfnuðum hefur verið neitað um lánaþyrngreiðslur eða yfirdráttarheimildir jafnvel þótt þeir hafi uppfyllt öll ytri skilyrði til þess að fá slíka fyrirgreiðslu. Það er því ákaflega brýnt, að þær viðræður við ríkisvaldið, um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju, verði til lykta leiddar sem allra fyrst og það á jákvæðan hátt fyrir kirkju og kristni í þessu landi.

## Sameining sókna

Á nýafstöðnum aðalsafnaðarfundum Fella- og Hólabrekkusókna var samþykkt tillaga um sameiningu sóknanna í nýja sókn sem nefnd verði Fella- og Hólasókn. Jafnframt verði til nýtt prestakall, Fella- og Hólaprestakall, sem þjónað verði af tveimur prestum og verði núverandi sóknarprestur Hólabrekkuprestakalls, sr. Guðmundur Karl Ágústsson, sóknarprestur hins nýja prestakalls, enda mun sr. Svavar Stefánson, sóknarprestur Fellaprestakalls láta af störfum í haust. Var þessi tillaga einnig samþykkt á héraðsfundi og hefur nú verið send biskupafundi og kirkjubingi til endanlegrar afgreiðslu. Lagt er til að þessi sameining komi til framkvæmda 30. nóvember nk.

Einnig má geta þess í þess, að sóknarnefnd Breiðholtssóknar hefur óskað eftir viðræðum við sóknarnefnd Seljasóknar um hugsanlega sameiningu Breiðholts- og Seljasókna og munu þær viðræður væntanlega hefjast á næstu vikum.

## Niðurlagsorð

Ég læt svo þessari skýrslu vera lokið með því að færa öllum þeim, sem komið hafa að starfinu í prófastsdæminu á sl. starfsári, innilegar þakkir. Það er blessun þessa starfs, hversu mörg þau eru, sem eru fús að leggja hönd að verki og gefa bæði af tíma sínum og kröftum til þjónustunnar. Að lokum vil ég einnig fá að þakka góðum Guði, sem hefur blessað starfið svo ríkulega á liðnum árum. Hann vill styrkja okkur og leiða, því megum við treysta. Mætti það því verða gæfa okkar, að hleypa honum að í lífi okkar, að hann komist þar að með blessun sína og handleiðslu og fái gefið okkur þann styrk og kraft, sem við þurfum á að halda til að starfa og þjóna í kirkju hans.

## Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir, prófastur

## Inngangur

„Því tíminn vill ei tengja sig við mig“ orti Jónas Hallgrímsson í sonnettu frá 1845 sem byrjar svona:

*Svo rís um aldir árið hvurt um sig,  
eillíðar lítið blóm í skini hreinu.  
Mér er það svo sem ekki neitt í neinu,  
því tíminn vill ei tengja sig við mig.*

Þegar ég lít til baka til liðins árs - hins fyrsta í starfi mínu sem prófastur í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra - finnst mér sem tíminn hafi ætt áfram á ógnarhraða. Þannig er það víst þegar maður hefur mikið fyrir stafni, eitt verkefnið tekur við af öðru og áður en maður veit af er liðið

heilt ár. En þegar litið er um öxl er þó ljóst að einstaka viðburður hefur orðið mjög minnisstæður, eitthvað hefur orðið til sem hefur haft áhrif, hefur fest í minni, hefur numið staðar í vitundinni. Eitt bros, eitt orð, ein hugmynd, - ein sál og einn andi. Þannig er það þegar maður hittir mann, þeir leggja saman og útkoman verður fin. Og þegar tveir eða þrír eru saman komnir í Jesú nafni er Guð sjálfur mitt á meðal þeirra. Það er sannleikurinn um kirkjuna.

## Messuheimsóknir og fundir

Það gladdi mig sérstaklega að fyrsta verk mitt sem prófastur, daginn eftir að ég tók við embættinu, var að prédika og þjóna fyrir altari á Hrafnistu í Reykjavík ásamt sr. Svanhildi Blöndal sem þar er heimilisprestur.

Ég heimsótti samtök um sorg og skyndiandlát sem kalla sig *Birtu* og flutti þar erindi um andlát barna af slysförum. Barna var um 50 manna hópur saman kominn og afar athyglisvert að verða vitni að því í umræðum á eftir hve miklar væntingar fólk ber til kirkjunnar, nánar tiltekið til prestanna, þegar fólk lendir í slíkum áföllum. Allir viðstaddir höfðu leitað fyrr eða síðar til presta Þjóðkirkjunnar í sorgarferli sínu og fengið hjá þeim faglega hjálp og þjónustu í lengri eða skemmri tíma.

Í nóvember tók ég þátt í norrænni helgisiðaráðstefnu í Háteigskirkju en ráðstefnan var haldin á vegum *Leitourgeia*, hóps norræns fagfólks á sviði helgisiðafraeða en sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir, sóknarprestur í Laugarneskirkju veitir þeim hópi forstöðu og stjórnaði undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar.

## Flutningur skrifstofu prófastsdæmisins

Í aprílbyrjun 2015 flutti skrifstofa prófastsdæmisins úr Hallgrímskirkju í Háteigskirkju og er staðsett á 2. hæð safnaðarheimilisins. Þar leigir prófastsdæmið tvö herbergi, fyrir ritara annars vegar og fyrir héraðsprest hins vegar. Skrifstofa héraðsprestsins er stór og björt, þar eru enn fremur haldnir héraðsnefndarfundir og predikunarklúbbur. Samstarf við Háteigssókn er eins og best verður á kosið.

## Þjónusta presta og djákna

Nokkrar breytingar urðu á starfsvettvangi presta og djákna á starfsárinu. Þann 20. september vígðist Jóhanna Gísladóttir til prestsþjónustu í Langholtskirkju og Hrafnhildur Eypórsdóttir til djáknaþjónustu í Laugarneskirkju og í Hátúni 10 og 12. Um nýtt starf er að ræða í Langholtskirkju en í Laugarneskirkju lét Guðrún Kr. Þórsdóttir af störfum djákna við kirkjuna. Í Dómkirkjunni hafa orðið þær breytingar að sr. Hjálmar Jónsson hefur óskað eftir minna starfshlutfalli og sinnir nú prestsþjónustu í hálfri stöðu á móti sr. Karli Sigurbjörnssyni. Sr. Sveinn Valgeirsson hefur verið settur sóknarprestur. Sr. Örn Bárður Jónsson, sóknarprestur í Nessókn sagði starfi sínu lausu við kirkjuna og hélt til starfa við norsku kirkjuna. Sr. Skúli Sigurður Ólafsson, prestur í Nessókn var skipaður sóknarprestur í sömu sókn. Sr. Steinunn Arnprúður Björnsdóttir, prestur í Hjallakirkju í Kópavogi var skipuð prestur í Nessókn. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir, sóknarprestur í Laugarnessókn hefur sagt starfi sínu lausu við kirkjuna frá 15. september 2016.

sr. Jón Dalbú Hróbjartsson, f.v. prófastur hefur sinnt afleysingaþjónustu í prófastsdæminu á starfsárinu, m.a. í Langholtskirkju, Hallgrímskirkju og Bústaðakirkju.

Hinn 2. apríl s.l. andaðist í Reykjavík Jón Stefánsson, organisti við Langholtskirkju sem þar hafði helgað líf sitt þjónustu við kirkjuna frá 17 ára aldri. Allur sá fjöldi barna, unglunga og fullorðins fólks sem Jón mótaði tónlistarlega og kirkjulega er undraverður og mikið þakkarefni fyrir kirkjuna. Við minnumst hans í virðingu og þökk.

## Starfsmannaviðtöl

S.l. haust tók ég upp starfsmannaviðtöl við presta prófastsdæmisins. Prestarnir eru 30 talsins þegar allir eru taldir saman, þ.e. prestar í sóknum og sérþjónustuprestar. Starfsmannaviðtölin hafa verið tvö í viku hverri á hvoru misseri um sig nema á háannatíma. Þessi viðtöl hafa orðið hálfgerð opinberun fyrir mig. Ég vissi fyrirfram að starfsmannaauður kirkjunnar er mikill en þegar prestar lýsa daglegum, vikulegum, mánaðarlegum störfum sínum og samfundum við sóknarbörn sín og aðra sem til þeirra leita verður maður nánast orðlaus – og hræður. Sú boðun sem hver prestur innir af hendi í hverri viku nær eyrum hundruða manna fyrir utan allt hið hljóða og yfirlætislausu boðunarstarf sem felst í nánd og nærveru og fáir vita um. Ég vil þakka fyrir allt þetta starf, þakka fyrir trúmennsku, úthald, samvisskusemi og hlýðni við heilaga köllun.

## Fundir og samverur

Fundur með formönnum sóknanna í prófastsdæminu var haldinn í nóvember s.l. Þar kynnti sr. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, drög að nýjum reglum um val og veitingu prestsembætta og farið var vítt og breitt yfir stöðu og starfsemi safnaðanna. Allar sóknir hafa þurft að gæta ýtrasta aðhalds s.l. misseri og ár vegna lægri tekna samfara fækkun í Þjóðkirkjunni. Þá hefur þurft að velja og hafna í ráðstöfun fjárins og ábyrgðin mikil hjá sóknarnefndunum. Sóknarnefndarfolk leggur á sig ómælda vinnu og fyrirhöfn í störfum fyrir söfnuðina í frítíma sínum þegar þeirra hefðbundna vinnutíma er lokið. Þar fara formennirnir fyrir sínu liði og augljóst að kirkjan byggir starf sitt á afar óeigingjörnu framlagi sjálfbóðaliða víðs vegar um borgina sem unna sinni kirkju. Fyrir allt hið fórnfúsa og metnaðarfulla starf eru hér færðar hugheilar þakkir.

Morgunsamverur presta og djákna hafa verið haldnar tvisvar á hvoru misseri á fimmtudagsmorgnum í Grensáskirkju. Þar höfum við notið einstakrar gestrisni og aðstöðu og samstarfs við þær þuríði Guðnadóttur, kirkjuvörð og Steinunni Sveinsdóttur. Ennfremur var haldinn vorfundur presta í Dómkirkjunni, haustfundur í Áskirkju, janúarfundur í Rúgbrauðsgerðinni og aftur vorfundur, í þetta sinn í Háteigskirkju. Á þessum fundum ráða prestarnir ráðum sínum, þetta raðir og styrkja vinaböndin og uppbyggjast í guðfræðilegum samræðum. Hafa allir þessir fundir verið vel sóttir af prestum og djáknum.

## Þétting byggðar

Héraðsnefnd skipaði þriggja manna starfshóp til að greina áhrif þéttingar byggðar á starf safnaðanna í prófastsdæminu út frá eftirfarandi spurningum:

1. Hvar í sóknum er verið að þetta byggð?
2. Hver er áætluð fjölgun íbúa og hvernig er þjóðfélagsgerð þeirra (aldur o.s.frv.)?
3. Hvenær fjölgar í sóknunum og hvenær er áætlað að þeirri fjölgun ljúki?
4. Hvaða áhrif hafa þessar breytingar á starf sóknanna/prófastsdæmisins?

Í starfshópnum eru eftirtaldir einstaklingar: Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir, sóknarnefndarformaður í Laugarnessókn, sr. Ólafur Jóhannsson, sóknarprestur í Grensássókn og Kári Allansson, organisti í Háteigskirkju. Mun málefnið um þéttingu byggðar verða aðalmál héraðsfundar 2016 í umfjöllun starfshópsins.

## Horft til framtíðar

Á næsta ári höldum við hátíðlegt 500 ára afmæli siðbótarinnar. Þá er stefnt að því ásamt mörgu öðru að gefa út nýja sálmbók fyrir Þjóðkirkjuna. Kynning fór fram á nýafstaðinni prestastefnu í Digraneskirkju um sálmbókarvinnuna en vonast er til að söfnuðirnir taki í notkun nýja sálmbók á siðbótardaginn, hinn 31. október 2017. Kirkjuping á eftir að ganga frá málinu en því vil ég minnst á þetta hér að ég tel upplagt að við öll notum þetta góða tækifæri sem siðbótarafmælið er og undirbúum okkur hugmyndafræðilega og fjárhagslega. Reynum að gera því skil á sem flestum sviðum okkar safnaðarstarfs hvað það er sem gerir okkur að evangelísk-lútherskri þjóðkirkju. Hver var Marteinn Lúther? Hvað einkenndi guðfræði hans? Er til lútherskur kirkjusöngur? Hvað er almennur prestsdómur? Eru lúthersk menningarsamfélög frábrugðin öðrum samfélögum af því að þau eru lúthersk?

## Niðurlag

Ég vil þakka biskupi Íslands, frú Agnesi M. Sigurðardóttur fyrir gott samstarf, leiðbeiningar og traust sem hún hafur sýnt mér á mínu fyrsta ári í starfi prófests. Ég þakka héraðsnefndarfulltrúum gott og vandað samstarf. Sömu leiðis samstarfsfólki í Háteigskirkju og sóknarnefndinni þar fyrir að taka vel á móti starfsemi prófestsdæmisins í kirkjuna. Sr. Eiríki Jóhannssyni, sr. Maríu Ágústsdóttur og síðast en ekki síst Birnu Birgisdóttur ritara fyrir frábært samstarf. Sóknarnefndarfólki, starfsfólki kirknanna, prestum og djáknum þakka ég störf þeirra sem einkennast af heilindum og metnaði fyrir kirkjunni. Ég þakka vinsemd og virðingu sem mér hefur verið sýnd. Tækifærin eru afar mörg í þessu starfi, óteljandi möguleikar til að styrkja starfsmennina og innviði kirkjunnar. Þar vil ég leggja allt mitt að mörkum. Við skulum hvert og eitt rækta með okkur í samskiptum anda jákvæðni, umhyggju og samhjálp, að sjá hið góða í hverjum manni og vænta hins góða, fagra og fullkomna í öllum samskiptum. Gerum bæn sr. Valdimars Briem að okkar bæn:

*Stýr minni tungu' að tala gott  
og tignar þinnar minnst,  
lát aldrei baktal, agg né spott  
í orðum mínum finnast.*

*Stýr mínum fæti' á friðar veg,  
svo fótspor þín ég reki  
og sáttt og eining semji ég,  
en sundrung aldrei vekki.*

# Vesturlandsprófastsdæmi

Sr. Þorbjörn Hlynur Árnason, prófastur

Héraðsfundur Vesturlandsprófastsdæmis 2016 var haldinn á Akranesi sunnudaginn 24. apríl. Fundurinn hófst með messu í Hjarðarholtskirkju, þar predikaði séra Þráinn Haraldsson prestur á Akranesi. Sóknarprestur, séra Eðvarð Ingólfsson þjónaði fyrir altari ásamt sóknarpresti.

Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf.

Í héraðsnefnd sitja auk prófasts sr. Gunnar Eiríkur Hauksson í Stykkishólmi og Indriði Valdimarsson á Akranesi. Varamenn eru sr. Elínborg Sturludóttir í Stafholti og Sigrún Baldursdóttir á Hellissandi. Kirkjuþingsmenn eru þeir séra Geir Waage og Guðlaugur Óskarsson.

Gestur héraðsfundarins var Margrét Bóasdóttir söngmálastjóri er fjallaði um kirkjutónlist og kórastarf. Áður hafði Margrét haft fundi með organistum og söngstjórum í prófastsdæminu, bæði á Akranesi og í Stykkishólmi.

Víst er að tónlistarlíf stendur með blóma víða í prófastsdæminu. Gott dæmi um það er dagskrá sem haldin var á kirkjudegi Borgarneskirkju, á uppstigningardag. Þar var minnst 50 ára afmælis Tónlistarfélag Borgarfjarðar. Tónlistarviðburðir voru allan daginn, flestir í Borgarneskirkju og þar sungin í samvinnu Reykholtskórsins og Kirkjukórs Borgarness Þýsk messa í þýðingu Jóns heitins Björnssonar organista í Borgarnesi um árabíl.

Samvinna af þessu tagi er kannski það sem koma skal – til að nýta betur fjármuni og mannauð kirkjunnar. Við erum enn mjög bundin við prestakallaskipanina, en samstarf yfir landamærin hefur stór aukist. Þannig er iðulega sameiginlegt helgihald Reykholt- og Hvanneyrar prestakalla í hinum veglega helgidómi í Reykholti.

Um hefðbundið kirkjustarf í prófastsdæminu er það að segja að þar er allt með svipuðum hætti og síðustu ár. Sóknirnar eru, líkt og víðast á landsbyggðinni ólíkar að stærð og burðum, en víða er þróttmikið æskulýðsstarf, auk hinnar hefðbundnu þjónustu. Prestar og starfsfólk í æskulýðsstarfi hafa verið dugleg að halda fermingarbarnasamverur innan samstarfssvæðanna. Samstarf höfum við prestar svo sem unnt er.

Séra Páll Ágúst Ólafsson á Staðastað sinnir jafnframt héraðsprestskyldum með embætti sínu. Það er nýmæli í okkar prófastsdæmi og lofar góðu.

Á héraðsfundi var mikið rætt um fjárhagsstöðu sókna. Eðlilega viðruðu fundarmenn áhyggjur sínar. Líkt og öllum er kunnugt hefur kirkjan fengið sinn skerf af þeim efnahags-erfiðleikum sem gengið hafa yfir þjóðina síðustu misseri og ár. Sóknargjöld, sem eru í raun félagsgjöld þjóðkirkjumanna hafa verið skert verulega. Það gildir einnig um sjóði kirkjunnar svo sem jöfnunarsjóð og kirkjumálasjóð. Vitaskuld hafa þessar skerðingar haft sín áhrif á fjárhagslega stöðu sóknanna í héraði, en sóknarnefndir hafa sýnt ábyrgð og varfærni og ekki farið fram úr sér varðandi framkvæmdir eða aðrar skuldbindingar, þannig að hvergi eru veruleg vandræði vegna lækkaðra sóknartekna, þótt vitaskuld purfi að taka skrefin varlega.

Nú er hins vegar svo komið, að söfnuðir munu vart þola frekari skerðingar án þess að það bitni á starfi þeirra og þjónustu við sóknarfólk. Þá þarf að sinna viðhaldi á mannvirkjum, sem hefur verið látið bíða eftir því sem kostur er. Á síðasta ári varð ljóst að skerðingar þessar eru farnar að bíta verulega, svo að til vandræða horfir varðandi nauðsynlegt viðhald. Þessi staða

eykur álag á sóknarnefndarfólk, sem nú, líkt og fyrrum vinnur mikið sjálfbóðaliðsstarf í kirkjum sínum. Þá eru víða orðið erfitt að kosta laun eða þóknun organista vegna fjárskorts.

Það er mér augljóst að það er mikil þreyta meðal kirkjufólks vegna þessara aðstæðna og langlundargeð á þrotum

Á síðasta ári urðu veruleg umskipti hvað varðar aðkomu héraðssjóðsins að kirkjustarfinu. Ég hafði á héraðsfundum síðustu árin lýst áhyggjum yfir því að sjóðurinn, sem hefur það hlutverk að styrkja kirkjulegt starf í prófstsdæminu væri að skila hagnaði og hef hvatt til þess að sótt verði í sjóðinn. Fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, sem og áranna 2014 og 2015 gerði ráð fyrir að gengið yrði á sjóðinn. Það gekk eftir á síðasta ári og eins og reikningar sína. Engu að síður voru í sjóði um síðustu áramót tæpar 6,4 milljónir. Þannig að enn er borð fyrir báru.

Staða héraðssjóðs er góð, líkt og reikningar sýna og hann prýðilega í stakk búinn til að styðja við starfið í sóknunum. Á þessu ári hafa verið veittir styrkir til barna- og æskulýðsstarfs og kóra- og tónlistarstarfs. Það er minn vilji að styðja svo sem kostur er við starfið í söfnuðunum sem flestir eru fjárvana og bæta þannig við sóknartekjurnar.

Fjárhagsáætlun þessa árs og sú er lögð var samþykkt var á héraðsfundi vegna næsta árs gerir ráð fyrir að gengið verði verulega á það sem í sjóði er, enda á að nota þessa fjármuni til góða fyrir starfið söfnuðina, sem eru meira og minna févana.

Á einhverju árabili verður þannig hægt að veita beinan stuðning til safnaðarstarfs. Það er fullmikið að eiga sex milljónir í sjóði, ein til tvær væru nær lagi.

Störf nefndar þeirrar er innanríkisráðherra skipaði til að kanna áhrif skerðinga á starfsemi sóknanna hafa hins vegar leitt í ljós að skerðingarnar, eða eignaupptakan er langt umfram það sem gefið var til kynna; alþingi virðist hafa verið blekk með villandi útreikningum frá fjármálaráðuneytinu, þar sem ekki var tekið tillit til verðlagsbreytinga milli ára. Því þarf verulega og skjóta hækkun á sóknargjöldum til að þau standi ámóta og tekjustofnar hliðstæðra stofnana. Kirkjan er ekki að heimta neitt umfram aðra, einvörðungu að stofnanir hennar sitji við sama borð og hliðstæðar stofnanir.

Nú er því brýnt að kirkjufólk, með biskup, kirkjuráð og kirkjuping grípi til varna sem duga svo ekki fari illa í kirkjustarfi. Það er brýnt að hvetja stjórnvöld til að axla sína ábyrgð. Rekstur sókna, uppbygging og brýnt viðhald er í uppnámi.

Víða er staðan mjög erfið. Svo ég taki nærtækt dæmi þá eru brýnar utanhússviðgerðir á Borgarneskirkju búnar bíða árum saman og ásigkomulag á klæðningu kirkjunnar ekki til sóma.

Framundan er tugmilljóna viðgerð á Stykkishólmskirkju. Þá þarf helgidómurinn í Ólafsvík nauðsynlega aðhlyningu. Mörg dæmi eru um dæmi eru um illa farna helgidóma, Hellnakirkja er í bágu ástandi, Síðumúlakirkja ekki messuhæg eftir vatnsskemmdir.

Miklum framkvæmdum er nú lokið við Borgarneskirkjugarð, loksins, og er mikil bót að og aðkoma allt önnur og betri en áður var. Þá standa yfir framkvæmdir við stækkun kirkjugarðsins á Borg. Og framundan er stórt verkefni varðandi stækkun kirkjugarðsins á Akranesi. Áfram er unnið að endurbótum á kirkjugarði og kirkju í Stafholti.

Árið 2011 byrjaði samstarf um pílagrímagöngur. Fyrst voru það prestarnir í Stafholts-Reykholts og Hvanneyrar prestaköllum hófu þetta starf, að frumkvæði séra Elínborgar Sturludóttur. Á síðar var vettvangurinn stækkaður og Borgar- og Saurbæjarprestaköll bættust við. Upp var sett heimasíða, pílagrímar.is, þar sem göngurnar voru kynntar og sú hugsun er þar liggur að baki. Áhugasömum er bent á að kynna sér efni síðunnar. Þetta er afar dýrmætt



samstarfsverkefni er hlotið hefur mjög góðar undirtektir, ekki aðeins meðal heimafólks, heldur hefur fólk komið um langan veg til að taka þátt. Héraðssjóður hefur stutt þetta framtak.

Að ganga í hópi frá einum helgistað til annars, fara götur og leiðir er farnar voru um aldir, er sérlega gefandi; gangan gefur andlega, trúarlega og líkamlega heilsubót, skapar ný kynni og eflir samkennd fólks og vináttu.

Leiðin austur um úr Borgarfirði að Skálholti hefur nú verið stikuð og merkt. .

Í byrjun september á síðasta ári fengum við heimsókn þriggja pílgrímapresta og fræðimanna norræna. Gengið frá Gilsbakka undusamlega leið að Stóra Ási. Þá einnig frá Bæ að Fitjum. Í kjölfarið var haldin vel sótt ráðstefna í Reykjavík um þessi efni, þar sem erlendu gestirnir höfðu fyrirlestra. Fjölsótt. Sr. Elínborg mun fara Jakobsveginn í sumar.

Séra Elínborg hefur verið í námsleyfi í vetur og hefur sr. Geir Waage í hennar stað þjónað Stafholtsprestakalli. Hún er nú aftur komin til starfa.

Séra Páll Ágúst tók við Staðastaðaprestakalli í árslok 2013. Það var ekki fyrr en á miðju sumri árið 2014 að hann gat tekið við staðnum og flutt ásamt fjölskyldu sinni. Staðurinn var tekinn út í hendur hans þann 13. október síðastliðinn. Það var úttekt með ýmsum fyrirvörum. Það er ekki heppilegt þegar fráfarandi prestur situr staðinn eftir að hann hefur verið tekinn út úr höndum hans. Þau álitamál er þar eru uppi varðandi aðkomu fasteignasviðs verða leyst. Alvarlegra er hins vegar hversu sótt hefur verið að staðnum, annars vegar af hálfu eiganda Traða, er áður voru hjáleiga frá Staðastað, hins vegar af hálfu eiganda Haga sem nú heimtar ómerkingu æðardúnsítaks Staðastaðar í Hagavatni. Bæði þessi mál munu fara fyrir dómstóla og hafa verið dómtekin í Héraðsdómi Vesturlands. Dómur í héraði féll kirkjunni, það er að segja fasteignasviði í óhag. Þetta er afleitt staða fyrir nýjan prest, að hlunnindi sem hafa fylgt staðnum ávalt, skuli nú í uppnámi, með tilheyrandi kjararýrnun. Málinu verður áfrýjað til Hæstaréttar. Þetta mun allt taka sinn tíma. Ég nefni þetta til að minna á hversu mikilvægt það er, að prestar er sitja lögbýli haldi vöku sinni um rétt þeirra, og ekki síður að aðkoma fasteignasviðs sé virk.

Og enn varðandi Staðastað. Í haust sem leið komu í ljós verulegar skemmdir á prestssetrinu – þar var raki, þar var mygla og fleira ógeðfellt. Sóknarprestur flutti úr húsinu, enda ekki forsvaranlegt að búa þar með börn og varð sér tímabundið út um húsnæði í Borgarnesi.

Í nóvember síðastliðnum átti ég ágætan fund með sóknarnefndum Snóksdals-Kvennabrekku- og Stóra Vatnshornssókna ásamt sóknarpresti og skoðaði einnig kirkjurnar.

Það eru margar fámennar sóknir í Dölum sem og víðar í okkar prófastsdæmi. Oft hvílir það á örfáum manneskjum að sinna helgidómunum og kirkjugörðum, og þegar einhver vill eða þarf að hætta þá getur orðið erfitt að finna einhvern í staðinn. Þökk sé þeim öllum sem af trúmennsku hafa vakað yfir helgidómunum og lagt ómælda vinnu og alúd í verk sín.

Fámennu sóknirnar og staða þeirra er áhyggjuefni sem að þarf að fara yfir. Sumar þeirra eru bærilega staddar fjárhagslega varðandi það sem kalla mætti minna viðhald, en allar afar veikburða ef kemur til stærri viðhaldsverkefna eða endurbóta.

Það sama gildir reyndar um stærri og tekjumeiri söfnuði; þeir eru mesta basli við að ná enda saman í rekstri, standa undir nauðsynlegri þjónustu við sóknarbörnin, og afar berskjaldaðir þegar upp koma meiri háttar viðhaldsverkefni.

Í Reykholti fer fram marghátuð starfsemi, á vegum kirkjumiðstöðvarinnar þar..

Mikið líf er í Snorrastofu og þar meðal annars boðað reglulega yfir veturinn til fyrirlestra um efni er tengjast sögu og menningu í Borgarfirði.

Þá halda borgfirskir prestar þar mót með fermingarbörnum sínum, en Snæfellingar og Dalamenn hafa fermingabarnamót sitt að Laugum í Sælingsdal.

Samráðsfundur presta í prófastsdæminu hafa verið all nokkrir, bæði innan starfssvæðanna, og sömuleiðis á prófastsdæmisvísu.

Enn er hin Evangelísk-Lútherska kirkja þjóðkirkja á Íslandi. Hópar sem kunna vel að láta í sér heyra og kunna að ná eyrum fólks hafa gagnrýnt það mjög. Ýmislegt hefur verið á borð borið og misgáfulegt. Meira að segja hefur mannréttindahugtakið verið gengisfellt með staðhæfinum um að þjóðkirkjufyrirkomulagið fari í bága við mannréttindi.

Í atkvæðagreiðslu um drög stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá haustið 2012, var spurt um vilja fólks gagnvart þjóðkirkjuákvæði. Niðurstaðan var einkar afgerandi og ánægjuleg. Þvert á spár margra reyndist taugin römm. Þannig reynum við prestar og kirkjufólk líka hug almennings hér um slóðir til kirkju sinnar.

Margt hefur verið kirkjunni mótdrægt síðustu árin.

Guð gefi okkur gæfu til að vera samstæð og sterk út á við – ekki þurfum við að hafa sömu skoðun á öllu, en ef ekki ríkir sæmileg sátt innan kirkjunnar, til dæmis um endurskoðun kirkjulaganna – þá verður heldur ekki sátt um hana í samfélaginu.

Mikið hefur gengið á á vettvangi kirkjupingisins síðustu árin og sviptingar nokkrar. Leikmenn – prestar. Ógæfulegt ef þar er að skiptast í fylkingar. Það er fráleitt að halda því fram að eitthvað sé til sem kallast annars vegar hagsmunir presta og hagsmunir leikmanna.

Kirkjan á að vera ein og óskipt og einvörðungu þannig getur hún sinnt köllun sinni og þjónustu

Leikmenn á kirkjupingi sem annars staðar verða að átta sig á því að það er auðsynlegt að fagleg og guðfræðileg sjónarmið séu höfð til grundvallar við vinnu á kirkjupingi, en ekki geðþótta eða skammtímalausnir. Hvað myndum við segja ef læknisfræðileg sjónarmið væru ekki lögð til grundvallar við rekstur heilsugæslu ?

Spurningin er líka hvað vill kirkjuping vera. Hvaða hugmyndafræði á þar að ríkja? Á að skipa kirkjunni eftir veraldlegu rekstrarmódeli eða byggja á hinu besta og nýtilegasta úr kirkjuhefð og hugsun og leiða saman með góðum stjórnsýsluháttum?

Það er ljóst að þjóðin vill áfram samleið kirkju og þjóðar og þakkar þjónustu og framlag kirkju til íslenkrar þjóðmenningar; það á að vera kirkjufólki öllu hvatning til góðra verka. Guð láti gott á vita.

# Vestfjarðaprófastsdæmi

Sr. Magnús Erlingsson, prófastur

## Kvöldverður á Heimsenda

Pegar krían kemur vestur þá kemur sumarið. Grasið tekur lit og snjórinn bráðnar. Og þá eftir langan vetur geta vestfirskir prestar hist. Í byrjun júní var haldinn prestafundur á Bíldudal. Fjórir prestar af norðanverðum Vestfjörðum fóru á jeppa prófastsins akandi suður heiðar, fyrst yfir Hrafnsýrarheiðina, sem hafði verið opnuð mánuði fyrr, og síðan yfir Dynjandisheiðina. Prestarnir tveir í Vesturbýggð fögnuðu félögum sínum en einnig mætti til fundarins Reykhólaklerkur. Varð prestunum skrafdjúgt í safnaðarheimilinu á Bíldudal. Að fundi loknum var haldið á Heimsenda, ágætan veitingastað á Patreksfirði og snæddur þar gómsætur kvöldverður.

Orðið heimsendi virðist stundum eiga við um Vestfirði. Það er eins og þessi landshluti sé á hjara veraldar. Yfir háveturinn er ekki fært milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar því að Vegagerðin moka ekki heiðarnir á þessum tíma. Þá er heldur ekki mokað frá Hólmavík norður í Trékyllisvík. Mun þetta einsdæmi á Íslandi og mætti halda að Vestfirðingar greiddu ekki skatta til jafns við aðra. Eða hvað þætti Austfirðingum ef vegurinn milli Egilsstaða og Hornafjarðar væri ekki opin yfir háveturinn!

Þetta júníkvöld festist jeppi prófastsins í brekkunni fyrir ofan Pennána á leiðinni upp á Dynjandisheiðina. Vind hafði hreyft yfir daginn og fór þá snjó að skafa yfir leiðina svo að veginn milli ruðninganna fyllti af snjó. Hvað var nú til ráða? Veðurspáin sagði að það myndi hvesa enn frekar næsta dag. Tóku nú prestarnir saman sín ráð og ákváðu að aka sem leið lá að Reykhólum. Urðu klerkar fegnir eftir þriggja tíma akstur að fá að gista á prestsetrinu á Hellisbraut. Næsta dag var svo ekið yfir Þröskulda til Hólmavíkur og síðan þaðan til Ísafjarðar og tók það rúmar þrjár klukkustundir.

## Berbrjósta konur í kirkjunni

Í júnímánuði kom vígslubiskupinn í Skálholti, sr. Kristján Valur Ingólfsson vestur á firði til að athuga hvað liði kristnilífi í þessu fjarlæga prófastsdæmi þar sem prófasturinn etur kæsta skötu með hnoðmör áður en hann semur jólaræðuna. Ekki hófst vísitasían vel. Fyrsti staðurinn, sem vígslubiskupinn og prófasturinn heimsóttu var bændakirkjan í Valþjófsdal við utanverðan Öndurfjörð. Þar búa tvær sálir. Formaður sóknarnefndar, Guðmundur Steinar Björgmundsson ræddi um það hvernig byggðin væri að hopa og fólkinu fækkaði. Jaðarinn er alltaf að hopa, sagði hann. Vígslubiskupinn og prófasturinn tóku til þess að Dalskirkja væri í góðu standi og henni væri vel við haldið. Þá væri kirkjugarðurinn vel hirtur. Inni í kirkjunni varð þeim nokkuð starsýnt á gamalt altarisklæði. Nú er í sjálfu sér ekkert óvanalegt að kirkjur eigi altarisklæði. Hitt mun þó fáséðara að slík klæði séu með berbrjósta konum og karli, sem strýkur upp fótlegginn á einni þeirra. Vígslubiskupinn setti hljóðan. Prófasturinn hló. Sóknarnefndarformaðurinn sagði að líklega hefði þetta verið sett í kirkjuna á sinni tíð til að auka messusókn hjá ungum körlum.



Hlutamynd af altarisklæðinu í Dalskirkju

Vígslubiskupinn veitti því athygli að þessa klæðis er ekki getið í biskupsvísitasíum. Líklega hafa hinir frómu biskupar ekki kunnað við að færa til bókar slíkt klæði. Prófastur reyndi að bera í bætifláka fyrir þetta og stakk upp á hvort ekki væri hægt að segja að klæðið væri ofið út frá textum í Ljóðaljóðunum en þar segir á einum stað: Brjóst mín eru eins og turnar, í augum hans varð ég sú, sem veitir frið.

Vísitasíur verða oft til góðs. Því að haustið eftir fékk bóndinn tvær listakonur til að mála og skreyta kirkjuna og þá var máluð fögur altaristafla, ein sú fegursta, sem prófasturinn hefur séð í íslenski kirkju.

## Skitið á vígslubiskupinn

Eftir að hafa vísitarað kirkjur við Djúp og skoðað kirkjugarða þá héldu vígslubiskupinn og prófasturinn yfir á Strandir. Prestshjónin í Hólmavík, þau sr. Sigríður Óladóttir og Gunnlaugur Bjarnason tóku vel á móti ferðalöngunum og gerðu þeim góðan beina. Virtist nú um sinn sem vísitasíunni væri borgið því vel hafði gengið eftir óvænta uppákomu í upphafi yfirreiðar.

Prófastur og vígslubiskup óku norður í Árnes. Þar eru 37 þjóðkirkjuþegnar. Þótt ekki teljist þetta fjölmenn sókn miðað við þær á suðvesturhorni landsins þá eru engu að síður tvær kirkjur í sókninni. Í fyrsta lagi er það hin gamla Árneskirkja, sem er friðað hús og ágætlega vel við haldið. En einnig hefur söfnuðurinn reist sér nútímalega kirkju. Þar tóku á móti okkur þau Gunnsteinn Gíslason, Oddný Snjólaug Þórðardóttir og Guðbjörg Þorsteinsdóttir, sem öll eru



Særa Kristján Valur tekur áskorun prófasts

í sóknarnefndinni. Árnescirkja hin nýja lítur vel út og er hljómburður í henni með ágætum. Settur hefur verið upp nýr prédikunarstóll í kirkjunni og er það steindrangi einn mikill. Útlit Árnescirkju er nútímalegt enda minnir lögun kirkjunnar á fjallið Reykjaneshyrnu, sem stendur við sunnanverða Trékyllisvíkina og gnæfir þar yfir. Í Árnesei bar það til tíðinda að vígslubiskupinn fór að lofa kríurnar, sem flugu yfir höfði hans. Ekki kunnu fuglarnir að meta hrósyrdi biskupsins því kríurnar skitu bæði á bak og brjóst Skálholtsbiskupi. Eftir það lyktaði ullarjakkinn hans eins og siginn fiskur. Þá hló prófastur hið annað sinnið en vígslubiskupinn þagði.

## Þefað af sveppum og gömlu víni

Það er merkilegt hvað finnst í svona vísitásiúm. Vígslubiskupinn það prófast iðulega um að fara upp á kirkjuloft og hringja bjöllumum. Stundum datt prófasturinn um rykuga kassa þarna í myrkinu á háaloftinu. Oftar en ekki voru þetta guðsorðabækur, jafnvel á einstaka kirkjulofti mátti finna þýskar guðfræðibækur. Grútarbiblía fannst á einum stað. Það nafn er til komið vegna þess að í þeirri útgáfu eru Harmljóðin í Gamla testamentinu kölluð Harmagrútur. Inni í einu altarinu fannst flaska af gömlu messuvíni frá því í þá gömlu góðu daga þegar Áfengisverslun ríkisins framleiddi sérstakt messuvín og lét í brennivinsflösku og setti svo á hvítan miða, sem á stóð skýrum rauðum stöfum Messuvín. Prófasturinn manaði vígslubiskupinn að þefa upp úr flöskunni. Var þeirri áskorun vel tekið enda Kristján Valur kjarkmaður. Þá hló prófasturinn hið þriðja sinnið. Var nú ferðin orðin nokkuð góð.

Þeir félagar gerðu þá líkt og Páll postili og stigu á skipsfjöl og sigldu út í Flatey. Með þeim í för var Reykhólaprestur. Var vel tekið á móti þeim í Flatey og þeim boðinn silungur og þeir síðan leystir út með gjöfum. Í Flatey er afar glæsileg kirkja og er bogadregið loft kirkjunnar málað af listmálaranum Baltasar og er það einstakt listaverk. Eins var ángæjulegt að sjá hversu vel kirkjugarðinum er haldið við í Flatey. Til dæmis hefur verið gert við gamla járnkrossa úr pottjárnri.



Þeir félagar heimsóttu einnig kirkjuna í Skálmanesmúla. Þangað er hrikalegur vegur, torfarin, sundurgrafinn og hangandi utan í brattri hlíð. Ók vígslubiskupinn bílum en prófasturinn fór með bæn í hljóði. Kirkjan í Skálmanesmúla er eitt af smærri guðshúsum Vestfjarða, þó ekki eins lítið og bænhúsið í Furufirði. Prófasturinn veitti athygli hvítum gróðri, sem óx upp úr gólfinu og var hann á því að þetta mundi vera einhvers konar sveppur. Náttúrufræðingur hefði líklega kveðið upp úr með að kirkjugólfið væri lífvænlegt. Sveppurinn var mjúkur viðkomu og lyktaði svolítið eins og Camembertostur.

Ferð sinni luku þeir á Ingjaldssandi. Þar búa tvær sálir í sveit, sem einu sinni var í blóma. Kirkjan á Sæbóli er í góðu standi. Hún stendur á sjávarkambinum og horfir mót hafinu. Um Jónsmessuna er frábært að vera á þessum stað og sjá sólina dífa tánni í hafið áður en hún klífur að nýju upp á himininn.



Prófasturinn mætur sig í prédikunarstólinn í Hrauskirkju í Keldudal.

## Valinn prestur

Sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir hefur verið sóknarprestur á Reykhólum undanfarin ár. Síðla árs 2015 sótti hún um Odda á Rangárvöllum og fékk hún það brauð. Var þá brugðið á það ráð að setja sr. Jóhönnu Sigmarsdóttur sem sóknarprest á Reykhólum svo að heimafólk fengi sínar jólamessur og aðra prestsþjónustu.

Reykhólaprestakall var auglýst laust til umsóknar en tiltekið var í auglýsingunni að presturinn skyldi einnig taka að sér ýmis sérverkefni, sem Biskupsstofa fæli honum. Margir góðir umsækjendur sóttu um brauðið og var nokkur vandi að velja á milli þeirra. Valnefndin varð að lokum einhuga um að leggja það til við biskup Íslands að Hildur Björk Hörpudóttir yrði skipaður næsti sóknarprestur á Reykhólum. Var hún vígð í Dómkirkjunni í Reykjavík þann 7. febrúar en sett inn í embætti við messu í Reykhóla kirkju þann 28. dag sama mánaðar.

# Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Sr. Dalla Þórðardóttir, prófastur

Í prófastsdæminu eru átta prestaköll, fjögur í Húnavatnssýslum og jafnmörg í Skagafirði, og þjóna sóknarprestarnir þeirra 40 sóknum. Þrír þessara presta hafa setið brauð sín í þrjátíu ár eða lengur, sem bendir til þess að þar sé gott að vera.

Helgihald og guðsþjónustur er með reglubundnum hætti. Prestafundir eru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði að vetrarlagi og er yfirleitt fundað á Blönduósi, þangað sem er sem næst miðsvegur fyrir fólk að sækja.

Héraðsfundur hefur undanfarin án verið haldinn fyrsta sunnudag eftir páska og var svo einnig í ár. Var hann ágætlega sóttur, sem var gleðiefni og er von til þess að héraðsfundur verði á ný sá vettvangur sem honum ber að vera og hann var áður en prófastsdæmin voru sameinuð, en eftir það dró mjög úr fundarsókn. Fundurinn var haldinn á Blönduósi og hófst með guðsþjónustu. Sóknarprestur, sr. Sveinbjörn R. Einarsson, þjónaði fyrir altari og prédikun flutti sr. Halla Rut Stefánsdóttir, sóknarprestur á Hofsósi og héraðsprestur.

Gestur fundarins og fyrirlesari var sr. Toshiaki Toma, prestur innflytjenda. Að loknu erindi hans urðu mjög góðar umræður í hópum á grundvelli spurninga sem hann hafði lagt fyrir.

Í skýrslu héraðsnefndar var stiklað á stóru í störfum hennar og þar með í starfinu og þar kom þetta m.a fram:

„Það hefur verið keppikefli héraðsnefndar að þeir fjármunir sem lagðir eru héraðssjóði til hverfi þaðan jafnharðan og endar rétt svo nái saman. Þannig var það á liðnu ári. Héraðssjóðurinn er rekinn sem næst á núlli. Héraðsnefndin er því nokkuð svo ánægð með frammistöðu sína. Með þessu má gjöra gleði hennar mikla. Þó má gjöra gleði hennar enn meiri, og vissulega væri unnt að koma enn frekari fjármunum til góðra verka.

Svo sem fyrr fer mestur hluti tekna héraðssjóðs til þess að styrkja fæðslu barna og ungmenna.

Árstekjur og styrkir þeir sem héraðsnefnd hafði til reiðu árið 2015 voru rúmlega 2.5 milljónir og til styrktar fermingarfræðslunni einni veitir sjóðurinn einni milljón króna og til barna og æskulýðsstarfs að auki nær 800 þús króna. Þetta er eins og vera ber því að auðvitað er ungmennastarfið vísir inn í framtíðina. Það er nauðsyn og mikil gleði að fá að vinna með börnunum, sjá þakklætið og gleðina, sem við getum gefið þeim með því að bjóða þeim til samfunda, þar sem kynnt er vináttan við frelsarann.

Og þar sem þessi málaflökkur er svo mikilvægur á hann stöðugt að vera til umræðu. Hvernig nýtum við tækifærið best, erum við að verja fjármuninum á sem skynsamlegastan hátt?

Héraðsnefnd hefur um margra ára skeið kosið að styðja við starfið sem tekur við af sunnudagaskólanum, enda fær hún flestar umsóknir eða beiðnir um fjárstuðning fyrir TTT og fermingarfræðsluna. Starf með börnum, oftast sunnudagaskóli, er enn á ábyrgð safnaðanna. En við vitum að margir sófnuðir eiga fullt í fangi með það að reka kirkjuhúsið og almennt safnaðarstarf. Þeir ráða ekki við það að kaupa það efni sem sérlega er samið og boðið fram til kennslu í sunnudagaskólanum eða kirkjuskóla, eftir atvikum. Það er umhugsunarefni hvort við getum sætt okkur við það að sum börn njóti ekki þess besta í uppfræðslu um Krist og í því





Fermingarbörn vinna verkefni

að vera hluti af kirkjunni um allan heim. Þarf að fara að styrkja það starf einnig? Við eigum að velta þessu fyrir okkur, innihaldinu og einnig kostnaðarhlíð. Það er engu að síður og sístætt viðfangsefni ef söfnuðurinn getur ekki veitt þeim sem nýskírð eru og að taka fyrstu skrefin á brautinni það aðhald og þá fræðslu sem þarf til. Þetta er áhyggja presta, fræðara og foreldra. Það sem ég er að auglýsa eftir er umræða um fræðslustarfið, hinna eldri og yngstu barnanna og stuðningur við það. Ef til vill er komið að því að héraðssjóður þyrfti að styðja það í peningum meira en hann hefur gert.

En börnin eldast og verða fullorðin. Fullorðið fólk þarf fræðslu og stuðning við trúarlífið.

Héraðssjóður hefur á stefnuskrá að styðja við það starf en þó að miklu minna marki en við hin yngri. Það er mikil ánægja að bjóða fram fræðslu um kristna trú og það sem ofarlega er á baugi og að styðja við hið reglubundna starf.

Í vetur var boðið upp á námskeið handa organistum og kirkjukórum í prófastsdæminu. Margrét Bóasdóttir, verkefnisstjóri söngmála, sem er í raun það sem fyrr hét embætti söngmálastjóra kom hingað norður í tvígang í þessu skyni. Ákveðið var að hafa námskeiðið í tvennu lagi, annars vegar í Húnavatnssýslum, og fór það fram í Hvammstangakirkju í október og hins vegar fyrir kóra í Skagafirði. Þeir komu saman á Löngumýri í febrúar. Margrét var kostuð af sínu embætti og héraðssjóður greiddi veitingar á stöðunum. Þátttaka var mjög góð á báðum stöðum og lauk fólk lofsorði á tiltækið. Það var stórkostlegt að eiga dagstund í þessum hópi við að syngja saman, læra nýja sálma og njóta hvatningar og uppörvunar.

Fundur héraðsnefndar frá því við hittumst síðast hafa verið þrír. Á milli funda hafa erindi verið afgreidd á símafundum eða í tölvu, til að liðka fyrir starfseminni.

Kjörnir fulltrúar í héraðsnefnd eru Jóhanna Magnúsdóttir í Ártúnum, formaður sóknarnefndar í Bólstaðarhlíð, og sr. Magnús Magnússon á Staðarbakka, sóknarprestur í Breiða-bólstaðarprestakalli.



Prestar á fundi

Frá því við hittumst síðast hefur sr. Halla Rut Stefánsdóttir verið vígð til þjónustu í prófastsdæminu. Hún er sóknarprestur í Hofsóss- og Hólaprestakalli og jafnframt héraðsprestur. Hún er sú fyrsta sem gegnir slíku enbætti hér í okkar sóknum í prófastsdæminu. Í vetur hefur sá þáttur þjónustunnar verið fólgin í þjónustu við spítalann og Sauðárkróksprestakall. Sr. Halla Rut er Skagfirðingur ættir fram .

Ég býð hana velkomna til starfa."

Fulltrúar prófastsdæmisins sóttu kirkjuþing unga fólksins, leikmannastefnu og aðalfund Hjalparstarfsins. Prófastur sótti prófastastefnu og tók þátt í kynnisferð prófata til Noregs og Danmerkur.

Einmunagott vor virðist boða blítt sumar. Því fylgja fastir liðir eins og kvöldmessur og messur á kirkjum utan alfaraleiða. Á sumum

þeirra er ekki messað nema þetta eina skipti ársins. Þarna eru samfundir fjölskyldna, í nánd við bústaði genginna ættliða og tilefni til að rækta tengslin, við samferðafólk, við söguna og við Guð.

## ***Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi***

**Sr. Jón Ármann Gíslason, prófastur**

Ýmislegt er það sem drifið hefur á dagana frá síðasta ári og skal hér vikið að hinu helsta.

Þann 1. desember gekk í gegn sú breyting að sóknirnar fjórar í Svarfaðardal sameinuðust í eina, það er Tjarnar-, Upsa-, Urða-, og Vallasónir. Sameinuð sókn heitir Dalvíkursókn. Von mín er sú að þessi breyting megi verða kirkjustarfinu til eflingar.

Vísitási biskups Íslands lauk með heimsókn í Lögmannshlíðarsókn á Akureyri og Miðgarðasókn í Grímsey í byrjun maí á síðasta ári. Var heimsókn hennar án efa til blessunar og uppörvunar fyrir söfnuðina.

Ekki hafa verið neinar afgerandi breytingar á skipan hóps hinna vígðu þjóna nýverið. Þess ber þó að sjálfsgöðu að geta að Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir djákni í Gleráarkirkju er nýbúin að ala þriðja barn sitt og er því komin í leyfi frá störfum. Eydis Ösp Eypórsdóttir djáknakandidat leysir hana af.

Sr. Brynhildur Óladóttir kom til starfa á ný síðastliðið haust og hefur annast aukþjónustu í Vopnafjarðarprestakalli í vetur. Nýr organisti kom til starfa á Húsavík og í Mývatnssveit síðastliðið haust, það er Þjóðverjinn Jörg Sondermann. Hann hefur leyst Judith György af í ársleyfi hennar, og verið sérlega ötull og áhugasamur í sínu starfi. Kórar viðkomandi sókna hafa

hist til tónleikahalds og æfinga og tekist vel til. Nú fyrir rúmri viku var haldin samkoma eða mót tíu kirkjukóra í Þingeyjarsýslu í Þorgeirskirkju sem var mjög ánægjuleg samvera. Margrét Bóasdóttir hélt utan um þetta ásamt organistum og staðarpresti. Margrét hefur einmitt verið mjög iðin við að heimsækja söfnuðina hér norðanlands og er hún sannarlega aufúsugestur með sínum jákvæða krafti.

Fjárhagur sókna hefur heldur verið að rétta við með hækkan sóknaargjalda, en þó er greinilegt að margar sóknir halda enn að sér höndum varðandi framkvæmdir. Fjölmargar sóknir eiga enn í verulegum fjárhagsörðugleikum, þar sem lítið má út af bera í rekstrinum. Þá er hagur fjölmargra kirkjugarða mjög bágur eftir skerðingar undangenginna ára. Á það ekki síst við um stærri garðana, sem verða að slá af kröfum um nauðsynlega umhirðu, á meðan hinir smærri eiga vart fyrir nauðsynlegum útgjöldum.

Viðast hvar stendur kirkjustarfið með allnokkrum blóma. Hér á Akureyri er ekki vafi á að starfið er mjög glæsilegt og ekki síst hvers kyns tónlistar- og kórastarf. Öll þau verk sem innt eru af hendi af sjálfboðaliðum eru ófá, bæði í stærri og smærri sóknum. Þau störf eru afar dýrmæt og verða seint fullþökkuð.

Talsvert mörg kirkjuafmæli voru haldin hátíðleg á síðasta ári. Þann 14. júní var 150 ára afmæli Grenjaðarstaðarkirkju haldið hátíðlegt með hátíðarguðsþjónustu og kaffisamsæti í Ýdölum á eftir. Þá var upp á 150 ára afmæli Laufáskirkju með mjög veglegum hætti, hátíðarguðsþjónustu og fleiri atburðum um verslunarmannahelgina. Einnig var gefinn út mjög veglegur bæklingur um kirkjuna í ritstjórn Björns Ingólfssonar. 100 ár voru á síðastliðnu ári liðin frá vígslu Ólafsfjarðarkirkju og var þess minnst með mörgum viðburðum. Haldin var hátíðarguðsþjónusta þann 18. október þar sem biskup Íslands prédikaði. Þá voru fjölmargir aðrir viðburðir á dagskrá í tilefni afmælisins. Hátíðarguðsþjónusta var í Akureyrarkirkju í nóvember síðastliðnum vegna 75 ára afmælis kirkjunnar og fjölbreytt dagskrá í tengslum við þau tímamót.

Ríkisútvarpið tók upp nokkrar guðsþjónustur í Eyjafirði síðastliðið vor, sem var síðan útvarpað sumarið 2015. Var þar um mjög gott og þakkarvert framtak að ræða hjá Ríkisútvarpinu, að horfa út fyrir höfuðborgarsvæðið á þennan hátt.

Fræðslustarfið hefur verið nokkuð öflugt í prófastsdæminu. Fræðslukvöld hafa verið haldin með hefðbundnu sniði í samstarfi við Gleráarkirkju. Á haustmisseri var yfirskriftin *Trú og list*. Dr. Gunnar Kristjánsson fjallaði um *Skáldin og trúin – Hvernig birtist trúararfleifð þjóðarinnar í verkum nútímaskálda?* Margrét Bóasdóttir, söngmálastjóri, fjallaði um *Kirkjutónlist og kirkjusöng – framtíðin og fjölbreyntin* með aðstoð kirkjukóra á svæðinu. Það námskeið var endurtekið á Dalvík í mars sl. fyrir kirkjukórana í útfirðinum. Guðmundur Oddur Magnússon fjallaði um myndlist og trú og prestarnir sr. Hannes Örn Blandon og sr. Oddur Bjarni Þorkelsson um tengsl trúar og leiklistar. Þá stóð sr. Jón Ómar Gunnarsson fyrir vel sóttu hjónanámskeiði í Gleráarkirkju. Ekki hefur enn tekist að halda námskeið fyrir fólk í sóknarnefndum, að hluta til vegna þess að eftirspurnin hefur ekki verið nægilega mikil. Fræðsunefnd prófastsdæmisins hefur verið endurvakin og hún starfað með mjög virkum hætti.

Talsverður uppgangur hefur verið í starfi ÆSKEY, sem er mjög ánægjulegt. Stórt unglíngamót var haldið á Svalbarðsströnd í febrúar síðastliðnum. Góður hópur ungmenna sótti landsmót æskulýðsfélaganna í október síðastliðnum. Þá stendur til að endurvekja *Farskóla leiðtogaefna* hér um slóðir. Barna- og æskulýðsstarf ætti alltaf að vera í forgangi á vettvangi safnaðanna. Landsmót Æskulýðsfélaganna árið 2016 verður síðan haldið á Akureyri í haust.

Talsvert hefur verið horft til þess að bæta nýtingu og rekstur hjá Kirkjumiðstöðinni við Vestmannsvatn. Þess vegna hefur stjórn sumarþúðanna verið í sambandi við bændur í Fagneskoti, sem sýnt hafa áhuga á að leigja staðinn undir ferðapjónustu, en það fólk er líka miklir velunnarar staðarins. Þótt af þessum áformum verði hafa söfnuðir þó möguleika til notkunar á staðnum yfir haust og vetur eftir samkomulagi. Stefnir í að staðurinn verði leigður út til nokkurra ára, og vonandi með þeim árangri að það verði staðnum til bóta og eflingar. En endurbætur á húsakosti eru sem kunnugt er orðnar mjög brýnar.

Gömul borðbæn hljóðar eitthvað á þessa leið : „Þakka þér Drottinn fyrir gjafir þínar. Náð þín er mikil. Brauð þitt er er eitt. Og þegar því er skipt með sanngjörnum hætti nægir það handa öllum.“

Brauðið er tákni fyrir vinnu mannsins og erfiði. Þegar við þiggjum lítinn brauðbita erum við líka að þiggja vinnu og tíma sem annað fólk jafnvel í fjarlægum löndum hefur innt af hendi. Frá sáningu korns til uppskeru, frá vinnslu til baksturs og alls kyns flutninga langar leiðir. Brauðið minnir okkur þannig á, að líf okkar er samofið líf hvert annars, að við erum öll háð hvert öðru á einhvern hátt. Að brauðið sé eitt gefur til kynna og bendir á enn mikilvægara atriði. Ef við deilum jarðarinnar brauði með sanngjörnum hætti dugur það handa öllum.

Brauðið ber okkur líka nærveru Jesú Krists. Jesús lifði hér á jörðinni gekk um kring og gjörði gott og helgaði allt hið skapaða, hann afmáði skilin milli hins jarðneska og himneska. Hann gjörðist jarðneskur svo að við gætum orðið himnesk eins og hann. Hann sagði eitt sinn: Ég er lífsins brauð. eða sem gæti útlagst: ég er hið sanna líf, ég gef því merkingu, ég hef þá næringu sem dugur til eilífs lífs. Um brauðið við heilaga kvöldmáltíð sagði hann: takið og etið, þetta er líkami minn, sem fyrir yður er gefinn. Jesús er að gefa okkur sjálfan sig við borð heilagrar kvöldmáltíðar. Hann gjörðist fátækur okkar vegna þótt auðugur væri til þess að við auðguðumst af fátækt hans. Okkar er að þiggja þetta fagnaðarerindi og miðla því áfram. Það er verkefni okkar allra sem í kirkjunni störfum. Til þess mikilvæga verkefnis megum við ganga með gleði og von í hjarta.

Í svona skýrslu er aldrei hægt að fjalla um hlutina nema með því að stikla á stóru. Ég þakka kirkjufólki öllu gott samstarf og bið Guð um að blessa og vaka yfir starfinu í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

## *Austurlandsprófastsdæmi*

**Sr. Davíð Baldursson, prófastur**

### **Kirkjan**

Eitt af einkennum samtímans er virðingarleysi fyrir stofnunum, embættum og hugmynda-kerfum en jafnframt, - horft eftir fólki, sem lifir það, - sem það boðar.

Að minni hyggju hefur kirkjan svarað þeirri þróun, með því að sinna sinni mikilvægu þjónustu af kostgæfni og reynt að vanda til verka. Í því efni markvisst unnið að því, hér um slóðir, að hlúa vel að allri aðstöðu og halda reglu á helgihaldi, efla fólk og sér í lagi æskuna til þátttöku í framvarðasveit kirkjunnar.

Það, að treysta fólki til að vera fulltrúar Guðs og meta framlegð þess, – leggur að mínu mati samfélögunum til þá kjölfestu sem stenst best ágjafir.

Þegar uppúr því er lagt, að byggja upp sjálfstraust fólks með þeim hætti, segir reynsla mín, að það vekir það upp til vitundar um, að það búi yfir dýrmætum hæfileikum og gerir það að ómetanlegum verkfærum öðrum til blessunar.

Afrakstur slíks, er ríkur tilgangur og innri gleði.

Kirkjan er með margvíslegum hætti að vinna einmitt að þessu og öllum sem leggjast á áramnar í þeim efnum færðar alúðarþakkir fyrir framlag, alúð og eindrægni í þjónustu allri.

## Starfsmannahald

Breytingar, í prófastsdæminu varðandi skipan presta hafa orðið óverulegar.

Sr. Stefán Gunnlaugsson sóknarprestur í Vopnafjarðarprestakalli hefur frá því í haust verið í námsleyfi og hefur sr. Brynhildur sóknarprestur á Skeggjastöðum leyst hann af með helgihald og athafnir.

Matthildur Óskarsdóttir formaður Æska hefur hins vegar séð um barna- og unglिंगastarf á Vopnafirði.

Sr. Davíð Þór héraðsprestur tók sér feðraorlof frá 1. febrúar, en kemur væntanlega aftur til starfa þann 1. ágúst nk.

Erla Björk Jónsdóttir guðfræðingur hefur leyst hann af og rennur starfstímabil hennar út þann 1. september nk.

Héraðsnefnd prófastsdæmisins hélt einn fund frá síðasta héraðsfundi. Ársreikningur yfirfarinn af skoðunarmönnum og undirritaður af héraðsnefnd. Héraðssjóður skilar á síðasta ári lítilsháttar afgangi.

Þannig háttar, að Klyppsstaðakirkja í Loðmundarfirði er munaðarlaus, ef svo má að orði komast; þ.e.a.s. hefur ekki lengur neinn söfnuð, sem að henni stendur. Því hefur héraðssjóður, að mínu undirlagi, hlupið undir bagga og greitt brunatryggingu kirkjunnar. Messað hefur verið árlega í Klyppsstaðakirkju. Þá hefur Þórhallur Pálsson á Eiðastað sýnt Klyppsstaðakirkju mikinn áhuga varðandi viðhald og er það þakkarvert. Þórhallur lætur sér eins og fleirum sig margt varða, sem að kirkjunni lýtur og mikil verðmæti fölgín í slíkum áhuga og frumkvæði.

Sóknargjöld hafa krónutölulega aðeins þokast upp á við en að margra mati, allt of lítið. Hins vegar stóð kirkjuþing í fæturna og spornaði við frekari afslætti á greiðslum ríkisins vegna Kirkjujarðasamkomulagsins. Gefur það vonandi tóninn þegar fram í sækir við lagfærinu á fjárhag sóknanna.

Áhersluþungi prófastsdæmisins á barna- og unglिंगastarf hefur sýnt sig, skila miklum árangri enda vel að því staðið.

Farskóli leiðtogaefna hefur eins og undanfarin ár verið starfræktur og milli 20 til 30 nemendur sótt hann og margir sem útskrifast á þessu vori. Hafa flestir leiðtoga sem útskrifast hafa gengið til liðs við kirkjuna í barna- og æskulýðsstarfi.

Sunnudagaskólamótið var að vanda í Eskifjarðarkirkju þann 3. apríl sl. og var fjölmennt og gott að sjá þátttöku frá Héraði sem ekki hefur alltaf verið.





Voruppskeruhátíða leikskólanna í Austurlandsprófastdæmi, börn frá Reyðarfirði sýna atriði úr guðspjalli dagsins.

## Kirkjumiðstöð Austurlands

Rekstur Kirkjumiðstöðvar Austurlands gekk vel á síðasta ári, en blása verður til enn frekri sóknar varðandi uppbyggingu sérstaklega er snertir viðhald byggingar og aðstöðu fyrir börn sumarbúðanna. Er ástæða til að þakka biskupi og kirkjuráði fyrir skilning á þessu brýna máli, en sumarbúðirnar á Eiðum eru einu starfandi sumarbúðir á vegum Þjóðkirkjunnar sem enn eru við lýði.

Nú eru tímamót í auglýsingu. Kirkjumiðstöðin, hefur lengi verið táknmynd þeirrar áherslu sem kirkjan á Austurlandi hefur lagt á barna- og æskulýðsstarf. Nú í sumar verða liðin 25 ár frá vísu miðstöðvarinnar og stefnt að því að minnast þess með viðeigandi hætti.

## 12 spora starf

